GIANLUCA VINCENTINI

*Rasskinnin í mörgum myndaalbúmum*

matur • tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS






HOLA Í HÖGGI

*Nýjan golfvöll þyrfti á hverju ári*

Sérblað um golf

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG











# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. febrúar 2007 — 39. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Leyndarmál Spears



Söngkonan Britney Spears er sögð hafa átt í ástarsamböndum við tugi kvenna.

FÓLK 45

### Ísland – best í heimi



Hannes Smárason, Kata í Lýsi og Geir H. Haarde léku saman í grínauglýsingu á Viðskiptaþingi.

FÓLK 54

### Ginningarfífl

„Þorvaldur og Stefán hafa rangt fyrir sér. Ástæðan er einföld. Í tölum þeim um Gini-stuðla, sem þeir notuðu fyrir Ísland, var söluhagnaður af hlutabréfum tekinn með,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 26

### Missti allt sitt



Íbúar Reykjanesbæjar safna þessa dagana fyrir körfuboltamanninn Magnús Þór Gunnarsson sem missti allt sitt í húsbruna í síðustu viku. Sérstakur styrktarleikur fer fram í kvöld.

ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG




**MILDARA VEÐUR -** Í dag verður austan 10-15 m/s á syðstu annesjum, annars yfirleitt hægur vindur. Víða bjart með köflum en skýjaðra með suður- og austurströndinni og sums staðar él eða slydduél. Frostlaust syðra, annars frost 0-7 stig.

VEÐUR 4

# Hafa þegar hagnast um níu milljarða

**Exista keypti 15 prósenta hlut í stærsta tryggingafélagi Norðurlanda, Sampo, fyrir 170 milljarða króna. Þetta eru stærstu fyrirtækjakaup Íslandssögunnar.**

**VIÐSKIPTI** Gengishagnaður Exista af fimmtán prósenta hlut í finnsku fjármálasamsteypunni Sampo, stærsta vátryggingafélagi Norðurlanda og í Eystrasaltsríkjunum, nemur níu milljörðum króna, miðað við gengi Sampo í gær.

Exista er þar með stærsti hluthafinn í Sampo. Sampo-bréfin eru metin á 170 milljarða króna. Þetta eru stærstu fyrirtækjakaup íslensks félags frá upphafi.

Fjármálamaðurinn Robert Tchenguiz fer fyrir félagi sem seldi 9,5 prósenta hlut en auk þess átti Exista bréf fyrir og keypti til viðbótar. Tchenguiz fær að hluta greitt í hlutabréfum og tekur sæti í stjórn Exista.

„Við sjáum þessa eign sem langtímaeign. Sampo er fyrirtæki sem er alveg eins og Exista, það selur tryggingar og fjárfestir,“ segir Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista. Iðgjöld Sampo í gegnum tryggingarekstur nema 360 milljörðum króna á ári. Þá nema eignir í fjárfestingu tæpum 1.800 milljörðum króna.

Lýður bendir á að Sampo hafi nýlega selt bankastarfsemi sína og sitji á digrum sjóðum. „Við höldum að það sé hægt að nota þetta reiðufé til góðra verka í fjármálageiranum á Norðurlöndunum.“ Lýður hefur rætt við Björn Wahlroos, forstjórann og einn stærsta hluthafann, og ætlar að hitta hann til skrafs og ráðagerða.

Exista hefur sótt um leyfi til að gera reikninga félagsins upp í evrum með það í huga að draga úr gengisáhrifum. Þá verður sótt um heimild til hluthafafundar að færa hlutaféð í evrur þótt ekki hafi verið tekin ákvörðun um að nýta þá heimild.

„Reikningar okkar breytast mikið við kaupin á Sampo. Við viljum hafa alla möguleika opna í því að breyta hlutafénu okkar og uppgjörsmyntinni í evrur ef okkur býður við svo að horfa,“ segir Lýður.

- eþa / sjá síðu 24



**GEIR ÞORSTEINSSON** Næsti formaður Knattspyrnusambands Íslands?

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Könnun Fréttablaðsins:

## Geir með yfirburðastöðu

**SKOÐANAKÖNNUN Geir Þorsteinsson hlýtur yfirburðakosningu í formannskjöri KSÍ á ársþingi sambandsins samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins.**

**Haft var samband við 112 af 116 þingfulltrúum ársþingsins og var svarhlutfall því 96,6 prósent. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 81,5 prósent ætla að kjósa Geir sem næsta formann KSÍ. Mótframbjóðendur hans, Jafet Ólafsson og Halla Gunnarsdóttir, eiga því á brattann að sækja. Jafet nýtur 13,8 prósenta fylgis og Halla 4,6 prósenta fylgis.**

**Af þeim sem tóku þátt í könnuninni vildu 23,5 prósent ekki svara og 19,5 prósent voru ekki búin að gera upp hug sinn.**

**- esá**



**ELDUR Í GAMLA SKÁTAHEIMILINU VIÐ HRAUNBERG** Allt tiltækt slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað á staðinn um níuleytið í gærkvöld og barðist við eldinn fram eftir kvöldi. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var slökkvistarf á góðri leið að sögn fulltrúa slökkviliðsins, en mikill reykur var á svæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Örvænting á Nýja-Sjálandi:

## Beit hund og var sjálfur bitinn

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Maður beit hund á Nýja-Sjálandi í gær, og fékk hundsbit að launum. Lögregluhundurinn Edge hafði króað af tvo menn grunaða um að hafa framið rán í matvörubúð þegar annar þeirra stökk á hundinn og beit hann.

Edge lét þetta ekki á sig fá og sýndi manninum hvernig á að bíta almennilega. Þegar lögreglumenn færðu manninn í handjárn var hann með tvö djúp bitsár eftir hundinn.

Í júní 2006 var Edge stunginn með hníf og gekkst undir aðgerð, en náði sér að fullu.

- sþs

Núverandi ábúendum í Breiðavík hefur verið hótað ofbeldi:

## Finna til með fórnarlömbunum

**FÉLAGSMÁL** „Okkur hefur verið hótað og fólk segist vilja koma og rústa okkur, meiða okkur,“ segir Birna Mjöll Atladóttir sem rekur gistiheimili og ferðaþjónustu á Breiðavík ásamt eiginmanni sínum, Keran Stueland Ólason. „Aðrir hafa sakað okkur um að þetta sé bara einhver auglýsingabrella til að kynna staðinn,“ segir hún. „Hingað hafa hringt ættingjar og vinir og allir fjölmiðlar landsins vilja koma og tala við okkur,“ bætir Birna við. „Við höfum bara setið hvort í sínu herberginu til að anna öllum þeim fyrirspurnum sem okkur hafa borist.“

Birna og Keran eru alin upp í nágrenni Breiðavíkur, Birna á Patreksfirði en Keran á býli skammt frá. Þau segjast aldrei hafa orðið vör við umræðu um illa meðferð á drengjum og þykir líklegast að málið hafi hreinlega verið þaggað niður í sveitinni.

Í samtali við Fréttablaðið segir Birna að fjöldi þeirra sem vistaðir voru á heimilinu hafi komið á gistiheimilið síðan það var opnað árið 1999. Þar hafi þeir deilt reynslu sinni með þeim Birnu og Keran.

„Ég hef átt margar mjög tilfinningaríkar stundir með þeim hérna, þeir hafa grátið.“

Birna leggur áherslu á að atburðirnir í Breiðavík falli ekki í gleymsku. „Við megum aldrei gleyma um hvað málið snýst. Þetta er ekki stríð á milli fréttamiðla heldur mannlegur harmleikur sem aldrei má gleymast.“

- fgg/ sjá síður 6 og 54










## SPURNING DAGSINS



*Ósk, var Framtíðarlandið semsagt á undan sinni samtíð?*

Framtíðarlandið er hér og nú, ef þú þorir.

Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarkona situr í stjórn Framtíðarlandsins. Á miðvikudagskvöldið felldi félagsfundur tillögu um að Framtíðarlandið myndi bjóða fram í alþingiskosningum.

Dómsmálaráðherra svaraði fyrirspurnum um hleranir:

# Hleraðir fá ekki bætur

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að þeir sem voru hleraðir á árunum 1949 til 1968 fái ekki greiddar bætur eins og gert var í Noregi þegar upp komst um svipað mál. Þetta kom fram í svari ráðherrans við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar, þingmanns Vinstri grænna, á Alþingi í gær.

Björn segir ráðuneytið hafa kynnt sér hvernig staðið var að málum í Noregi og telji atvik þar annars eðlis en hér á landi. Í svari hans kom ekki fram með hvaða hætti málinu voru ólík.

Steingrímur spurði einnig hvort dómsmálaráðuneytið hygðist upplýsa þá einstaklinga eða eftirlifandi aðstandendur þeirra sem hefðu sætt símhlerunum eða öðrum persónunjósnum um hve lengi þær hefðu staðið yfir. Björn sagði engin áform uppi um það.



**BJÖRN BJARNASON** Segir engin áform um að upplýsa þá sem sættu símhlerunum um hve lengi þær stóðu yfir.

Björn segir allar beiðnir um símhleranir byggðar á gildandi lögum hvers tíma. Allar beiðnir hefðu verið lagðar fyrir dómara en þeir, embættismenn, lögreglumenn og símamenn sem komu að því að afla gögnum samkvæmt lögmæltum heimildum hefðu haft vitneskju um starfsemina. Alls segir Björn að óskað hafi verið eftir heimildum til að hlera 93 síma á þessum árum. Ekki hafi fengist staðfest hvenær og hvort leyniþjónustumenn hafi starfað í bandaríska sendiráðinu eða hvort njósnadeild hafi verið á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. **- kdk**

Samtökin Sól í Straumi:

# Segja Capacent ekki óháð

**STÓRIÐJA Samtökin Sól í straumi skora á bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að endurskoða ákvörðun sína að hafa valið Capacent Gallup sem kynningaraðila í aðdraganda kosninga um stækkun álversins í Straumsvík.**

**Í tilkynningu kemur fram að Capacent Gallup hafi undanfarna mánuði unnið skoðanakannanir og markhópagreiningar fyrir Alcan vegna fyrirhugaðrar stækkunar. Capacent Gallup hafi þannig veitt Alcan ráðgjöf og unnið að því markmiði með fyrirtækinu að fá stækkun álversins samþykkta hjá bæjarbúum; þess vegna sé fyrirtækið ekki óháður aðili. - ifv**

Kristinn kveður Framsókn:

# Farinn í Frjálslynda flokkinn

**STJÓRNMÁL** Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði sig úr flokknum í gær og gekk í Frjálslynda flokkinn.

Í tilkynningu frá honum kemur fram að hann segi sig úr flokknum vegna þess að hann sé ósáttur við stefnu Framsóknarflokksins sem hann lýsir þannig að manngildið hafi þokað fyrir auðgildinu. Hann segir að ríkisfyrirtæki hafi verið einkavædd án þess að tryggja samkeppni eða viðunandi þjónustu og víðtækar skattalækkanir hafi aukið misrétti í samfélaginu.

Hann segir að með úrsögninni láti hann af stuðningi við ríkisstjórnina. **- ifv**

Samgönguáætlun til 2018:

# Landlægt mat umhverfisáhrifa

**UMHVERFI Ísland er meðal fyrstu landa í Evrópu sem meta umhverfisáhrif samgönguáætlunar á landsvísu. Umhverfismat samgönguáætlunar fram til ársins 2018 fylgir áætluninni í fyrsta sinn, í samræmi við ný lög frá Alþingi.**

**Í fréttatilkynningu frá samgönguráðuneytinu segir að með umhverfismatinu sé stuðlað að því að taka mið af umhverfissjónarmiðum við gerð tillögu að samgönguáætlun. Áætlunin sé í samræmi við aðrar áætlanir, lög og alþjóðlega samninga. - sþs**

## DALVÍK

### Dalvíkingar framleiða snjó

Dalvíkingar hafa brugðist við snjóleysi á skíðasvæðum sínum með því að framleiða snjóinn sjálfir. Án snjóframleiðslunnar hefði svæðið verið að mestu lokað.

# Grunaður um að hafa svívirt barn

**Einn af Kompásníðingunum svokölluðu liggur undir rökstuddum grun um að hafa tælt unglingsstúlku til að hafa munnmök við sig. Jafnframt er rannsakað hvort hann hafði samfarir við stúlkubarn. Myndbrot í vörslu hans sýndu þetta.**

**DÓMSMÁL** Rökstuddur grunur leikur á um að maður sem nú situr í gæsluvarðhaldi hafi tælt unglingsstúlku til þess að hafa munnmök við sig. Þetta sést á myndbroti sem lögregla hefur rannsakað. Annað myndbrot í vörslu mannsins sýnir fullorðinn mann hafa samfarir við stúlkubarn. Í greinargerð segir lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins rökstuddan grun leika á því að maðurinn hafi brotið gegn stúlkunum sem sýndar eru á myndbrotunum. Þá virðast bæði myndbrotin vera tekin á mjög líkan hátt, það er af manni sem hefur kynferðismök við stúlkurnar.

Um er að ræða einn fimmmenninganna sem fóru inn í kjallaraíbúð þar sem þeir töldu sig vera að hitta 13 ára stúlku, en þáttagerðarmenn Kompáss á Stöð 2 höfðu sett tálbeitu á netspjallið MSN.

Í byrjun febrúar var tölva mannsins skoðuð, að því er fram kemur í greinargerð lögreglustjórans. Við skoðun fundust 13 ljósmyndir er teljast barnaklám að mati lögreglu auk þriggja myndbanda er teljast barnaklám, þar af eitt tvítekið. Þá fundust 3.782 skrár er innihalda log-samskipti úr spjallforritum. Ljósmyndirnar urðu til á tímabilinu frá 29. ágúst 2005 til 21. janúar 2007. Þá varð annað myndbandið, það sem var tvítekið, til þann 17. desember 2005 en hitt myndbandið 4. júlí 2006. Log-skrárnar urðu til á tímabilinu frá 12. júní 2005 til 31. janúar 2007.

Í kjölfar þessarar rannsóknar var maðurinn handtekinn.

Við skýrslutöku af manninum var honum sýnt annað þeirra myndbanda er lögregla fann í tölvu hans er sýnir stúlku eiga munnmök við mann. Kvaðst hann kannast við andlitið á þeirri stúlku, sagði stúlkuna hafa sent honum myndskeiðið árið 2006 en þau hafi spjallað saman á MSN. Er honum voru sýndar 13 ljósmyndir, barnaklám er lögregla fann í tölvu hans, kvaðst hann hafa fengið þær allar í gegnum netið, án þess að vita hvaðan þær komu. Hann kvaðst ekki þekkja stúlkurnar. Þá sagði hann aðspurður um myndskeið er sýndi barn hafa samfarir við fullorðinn mann að hann gæti ekki mótmælt því sem væri í tölvunni en hann hefði ekki vísvitandi vistað efni sem flokkaðist undir barnaklám.

Lögregla telur sig vita hver stúlkan á öðru myndbrotinu er, en hún mun vera fædd árið 1989.

Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms þess efnis að maðurinn skyldi sitja í gæsluvarðhaldi til 13. febrúar. **jss@frettabladid.is**








**MEINTUR BARNANÍÐINGUR** Á myndunum má sjá myndskeið úr fréttaskýringaþættinum Kompási þar sem maðurinn er um ræðir í fréttinni er að fara inn í kjallaraíbúð þar sem hann telur sig vera að hitta þrettán ára stúlkubarn. MYNDIR/STÖÐ 2



**DANADROTTNING** Gekkst undir aðgerð í gær.

Margrét Þórhildur drottning:

# Skipt um hægri hnjálið í aðgerð

**DANMÖRK, AP Margrét Þórhildur Danadrottning gekkst í gær undir uppskurð vegna slitgigtar í hné. Á sjúkrahúsinu í Árósum var settur nýr gervihnjáliður í hægra hné hennar, að því er hirðin upplýsti.**

**„Hennar hátign finnur ekki til neins sársauka og hlakkar til að hefja endurhæfinguna," segir í fréttatilkynningu. Vegna slitgigtarinnar hefur verið skipt um báða hnjáliði drottningar, sem er nú 66 ára að aldri, og nokkrar skurðaðgerðir gerðar á síðustu fimmtán árum. - aa**

## TYRKLAND

### Þjóðarmorð vekur deilur

Abdullah Gul, utanríkisráðherra Tyrklands, var í heimsókn í Bandaríkjunum í vikunni og sagði Tyrki engan veginn geta sætt sig við að Bandaríkjaþing samþykki þingsályktun þar sem þjóðarmorð Tyrkja á Armenum verði fordæmt. Slík ályktun myndi valda erfiðleikum í samskiptum þjóðanna.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók full á ljósastaur og flúði

17 ára stúlka keyrði ölvuð á ljósastaur við Hafnargötu í Vogunum um tíuleytið á miðvikudagskvöldið og stakk svo af. Stúlkan var handtekin á heimili sínu skömmu síðar sem og 16 ára stúlka sem var farþegi í bílnum. Þær gistu fangageymslur lögreglunnar aðfaranótt miðvikudagsins.


BÍLL DAGSINS

TOYOTA RAV4 2WD

Nýskr. 03.03 - Beinskiptur - Ekinn 53 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Starfshópur þriggja ráðuneyta um málefni langt leiddra fíkniefnaneytenda:

# Landlæknir verður ekki með í stefnumótun

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið á ekki fulltrúa í starfshópi sem settur hefur verið saman á vegum þriggja ráðuneyta til að fjalla um málefni langt leiddra fíkniefnaneytenda. Þetta staðfesti Matthías Halldórsson landlæknir spurður um hvort rétt væri. Það eru ráðuneyti heilbrigðismála, dómsmála og félagsmála sem skipað hafa hópinn.

Í afsökunarbréfi sem Matthías hefur sent Pétri Haukssyni geðlækni, vegna þess að embættið svaraði ekki bréfi hans frá árinu 2002 þar sem vakin var athygli á málefnum skjólstæðinga Byrgisins, kveður landlæknir embættið gjarnan vilja taka þátt í umræðu um hvernig málum fólksins skuli hagað í framtíðinni.

„Mikilvægast er að fólk dragi þann lærdóm af því sem gerðist að meiri kröfur séu gerðar til þeirra aðila sem koma að málum þeirra sem eiga við fíknivanda að stríða," segir landlæknir. Hann kveðst hafa átt viðræður við þá sem málið varðar, einkum neytendurna sjálfa. Mikilvægt sé að hafa þá með í ráðum þegar ákveðið sé hvað gera skuli.

„Hins vegar er lögð áhersla á að landlæknisembættið er einungis ráðgjafar- og eftirlitsaðili í málum sem þessum, en það er stjórnmálamanna að taka ákvarðanir," segir landlæknir. „Því miður hafa þær ákvarðanir oft verið án samráðs við landlæknisembættið og því verið haldið fram að þessi mál séu utan verksviðs þess." Landlæknir telur að þótt einstakar stofnanir á vegum félagsmálaráðuneytisins séu utan eftirlitshlutverks landlæknisembættisins eigi embættið almennt að láta sig varða mál fólks sem er haldið þessum sjúkdómi. **- jss**



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON** Hefur sent Pétri Haukssyni geðlækni afsökunarbréf vegna þess að embættið svaraði ekki bréfi hans um málefni Byrgisins árið 2002.

*Fjölskyldan hjá SPRON*

# Allt að

# 68.672 kr.

## endurgreiðsla á einstakling



### *Vilt þú slást í hópinn og eiga kost á endurgreiðslu að ári?*

Skilvísir viðskiptavinir fjölskylduþjónustu SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2006. Endurgreiðslan nam allt að 68.672 krónum á einstakling í fjölskylduþjónustunni.

Þetta er aðeins hluti af ávinningnum af því að vera í fjölskylduþjónustu SPRON – og það besta er að þjónustan kostar ekkert.

**Endurgreiðsla ársins 2006 samanstendur af:**

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu

Skráðu fjölskylduna á **spron.is**
og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.

spron

**Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is**

ARGUS 07-0060

**GENGIÐ 08.02.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 67,77 | 68,09 |
| Sterlingspund | 133,44 | 134,08 |
| Evra | 88,01 | 88,51 |
| Dönsk króna | 11,807 | 11,877 |
| Norsk króna | 10,872 | 10,936 |
| Sænsk króna | 9,659 | 9,715 |
| Japanskt jen | 0,5589 | 0,5621 |
| SDR | 101,21 | 101,81 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,2176

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríki eftirbátar í baráttu gegn netglæpum að sögn framkvæmdastjóra Evrópuráðs:

# Glæpamenn oft skrefi á undan

**STRASSBORG** Stjórnvöld ríkja gera ekki nóg til að hafa uppi á barnaníðingum á internetinu að mati Terry Davis, framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

Davis segir að óska beri austurrískum yfirvöldum til hamingju með að hafa flett ofan af risavöxnum alþjóðlegum barnaklámhring sem meira en tvö þúsund einstaklingar í 77 löndum tengdust, en slík tilvik gerist of sjaldan.

Aðeins 18 af 46 löndum í Evrópu hafa staðfest sáttmála Evrópuráðsins um netglæpi sem er alþjóðlegt tæki til að taka á glæpum sem framdir eru á netinu.

„Staðreyndin er sú að á meðan glæpamenn hafa verið fljótir að nýta sér tækifærin sem netið býður upp á hafa yfirvöld – stjórnvöld, löggjafar og lögregla – setið eftir. Í netheimum eru engin landamæri og ríkisstjórnir okkar þurfa annaðhvort að bæta alþjóðlega samvinnu, eða sætta sig við að vera ávallt einu skrefi á eftir glæpamönnunum.“ Davis bendir enn fremur á að sáttmálinn fylli í mörg þau göt sem eru til staðar og lagalegar gloppur.

Af Norðurlöndunum hafa Ísland, Danmörk og Noregur staðfest sáttmálann. Þjóðir utan Evrópu mega einnig gerast aðilar að sáttmálanum og hafa Kína, Japan, Suður-Afríka og Bandaríkin staðfest sáttmálann. - sdg


**TERRY DAVIS, FRAMKVÆMDASTJÓRI EVRÓPURÁÐSINS** Rúmlega þriðjungur Evrópuþjóða hefur staðfest sáttmála sem sérstaklega er ætlað að taka á netglæpum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gæsluvarðhald staðfest:

## Grunaður um aðild 16 brotum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Norðurlands eystra yfir manni sem grunaður er um brot gegn hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Verjandi mannsins kærði úrskurðinn til Hæstaréttar.

Maðurinn hefur játað á sig tvö rán og tilraun til ráns. Talið er að maðurinn tengist sextán málum alls sem eru til rannsóknar hjá sýslumanni. Í dómi Héraðsdóms kom fram að mat lögreglu væri að hann héldi áfram að brjóta af sér ef hann yrði látinn laus. Samkvæmt úrskurðinum skal maðurinn sæta gæsluvarðhaldi til 2. mars. - ifv

Rússland og NATO:

## Rússland hótar samningsslitum

**MOSKVA, AP** Rússar hóta því að segja upp samingi við NATO um hefðbundinn herafla í Evrópu vegna þess að NATO hefur ekki viljað staðfesta breytingar á samningnum, sem gerðar voru árið 1999 til að laga hann að aðstæðum eftir hrun Sovétríkjanna.


**VLADIMÍR PÚTÍN**

NATO-ríkin vilja hins vegar ekki staðfesta samninginn fyrr en Rússar hafa dregið herlið sitt frá Transnistríu, héraði í Moldóvu, sem er eitt af fyrrverandi Sovétlýðveldunum.

Rússar segja ekkert kveðið á um í samningnum að þeir þurfi að hverfa með her sinn á brott frá Transnistríu. - gb

Íslenskur blaðaúrgangur:

## Dugar í 36 milljón klósettrúllur

**UMHVERFISMÁL** Í Reykjavík voru dagblöð, tímarit og auglýsingapóstur árið 2006 27 prósent af heimilissorpinu.

„Góðu fréttirnar eru að árið 2006 sendi Sorpa 8.400 tonn af dagblöðum og tímaritapappír til endurvinnslu í Svíþjóð og ætti sá pappír að duga til að framleiða 36 milljónir af klósettrúllum, segir Gyða Björnsdóttir, fræðslufulltrúi SORPU. Umbúðir úr sléttum pappa, til dæmis fernur og morgunkornspakkar, fara líka til endurvinnslu í Svíþjóð.

„Íslendingar nota um 4 milljónir pítsukassa á ári. Væri þeim staflað myndu þeir ná 240 kílómetra hæð,“ segir Gyða. Um 2.640 tonn af bylgjupappa fóru til Svíþjóðar í endurvinnslu árið 2006. - gar

# Segir þörf á lögum um iðnaðarnjósnir

**Kári Stefánsson segir að þau lög sem ná yfir iðnaðarnjósnir séu ónýt. Dómur yfir starfsmanni ÍE varpar ljósi á þörfina á lagabreytingu segir Kári. Lögmaður ÍE telur að herða þurfi lögin því að Íslendingar vilji byggja upp þekkingariðnað.**

**DÓMSMÁL** Kári Stefánsson, stjórnarformaður og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), segir að setja þurfi ný lög um iðnaðarnjósnir á Íslandi.

Þetta segir Kári aðspurður um dóminn sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudaginn yfir fyrrverandi starfsmanni ÍE, Jesus Sainz, sem var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot á höfundarlögum, en hann afritaði 29 skrár af netþjóni ÍE í heimildaleysi. Gögnin eru talin vera tuga, ef ekki hundraða milljóna dala virði. Þetta var í fyrsta skipti í íslenskri réttarsögu sem sakfellt var fyrir brot af þessu tagi og í fyrsta skipti að íslenskur maður er dæmdur til fangelsisvistar fyrir brot á höfundalögum.

Lögmaður Sainz, Erla Svanhvít Árnadóttir, segir að dómnum verði áfrýjað.

Kári segir að lögin um iðnaðarnjósnir á Íslandi séu gersamlega ónýt. „Sainz var sakfelldur á grundvelli laga um höfundarrétt, en það sem hann gerði voru iðnaðarnjósnir. Eitt af því sem þetta mál leiðir í ljós er að við getum ekki tekist á við svona lagað. Við þurfum að setja ný lög sem ná utan um þetta. Það er mjög mikilvægt í samfélagi sem reynir að byggja upp þekkingariðnað, til þess þurfum við að hafa einhverja leið til að verja hugverk manna,“ segir Kári.

Þórir Haraldsson, lögmaður ÍE, segir að íslensk löggjöf sé ófullkomin að því leyti að eina ákvæðið sem verndi upplýsingar fyrirtækja sem einstaklingar hafa aðgang að í starfi sé höfundarlög. Hann segir að í öðru ákvæði, sem er í lögum um eftirlit með ólöglegum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, verði sá sem stelur gögnum að hafa afhent samkeppnisaðila upplýsingarnar. „Samkvæmt þeim lögum er tilraun eða hlutdeild í þessa átt ekki refsiverð, en Sainz hafði ekki afhent öðru fyrirtæki gögnin. Þess vegna gat dómurinn ekki vísað í þetta ákvæði,“ segir Þórir. Íslensk lög eru takmörkuð að mati Þóris af því að verndun slíkra upplýsinga er ábótavant. Að mati Þóris gengur þetta ekki í landi þar sem reynt er að byggja upp þekkingariðnað.

Hann telur að setja þurfi sérstök lög sem kveði á um að sá sem stelur gögnum hafi ekki þurft að afhenda þau til samkeppnisaðila til að brot hans teljist refsivert.

ingifreyr@frettabladid.is


**ÍSLENSK ERFÐAGREINING** Forstjóri og lögmaður ÍE telja að nýuppkveðinn dómur yfir fyrrverandi starfsmanni ÍE sýni að setja þurfi strangari lög sem verja upplýsingar í eigu fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Sainz var sakfelldur á grundvelli laga um höfundarrétt, en það sem hann gerði voru iðnaðarnjósnir. Eitt af því sem þetta mál leiðir í ljós að við getum ekki tekist á við svona lagað.“
>
> **KÁRI STEFÁNSSON**
> FORSTJÓRI ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR


**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Samfylkingin og stóriðjan:

## Frekari álverum verði frestað

**STJÓRNMÁL Samfylkingin vill að beðið verði með að byggja álver í Helguvík og stækka Straumsvíkurver þar til lokið er rammaáætlun um náttúruvernd.**

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, upplýsti þetta þegar hún mælti fyrir tillögu flokksins til þingsályktunar um að ráðist yrði í gerð slíkrar áætlunar. Í henni komi fram tillögur um skipulag verndarsvæða og áætlun um virka verndun þeirra og nýtingu sem samrýmist náttúruvernd. Er áætluninni ætlað að skapa samstöðu og sátt um náttúruvernd.** - bþs

Reyndi að flytja inn amfetamín:

## Sex ára fangelsi fyrir smygl

**DÓMSMÁL** Tryggvi Lárusson, sem er á þrítugsaldri, var í gær dæmdur í Hæstarétti í sex ára fangelsi fyrir stórfelldan innflutning á amfetamíni. Tryggvi var ákærður ásamt fjórum öðrum fyrir að hafa staðið að innflutningi á hátt í átta kílóum af amfetamíni í júní og júlí 2004 en efnin voru flutt inn frá Hollandi.

Tryggva var gefið að sök að hafa lagt á ráðin um innflutninginn, annast kaup á efninu og hafa ætlað að taka á móti þeim á Íslandi. Fíkniefnin fundust við leit tollvarða í Sundahöfn í Reykjavík. Dómur Hæstaréttar er samhljóða dómi Héraðsdóms. - jss






## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MILDARA VEÐUR**
Nú er að sjá að hlýja loftið suður af landinu ætli að ná nokkrum árangri í að komast inn á landið. Í dag má búast við frostlausu veðri á láglendi sunnan til. Norðan til og austan verður víðast áfram frost en þó minnkandi. Sú þróun verður svo um helgina að vindur vex og úrkoman verður eindregnari. Horfur eru á á rigningu eðs slyddu sunnan og suðaustan til á morgun en hvítara verður það austan til á landinu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Austan 5-8 m/s og bjart með köflum. Hiti um eða rétt yfir frostmarki.




um hádegi »

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 2°C snjóél | London | 6°C léttskýjað | Alicante | 15°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 5°C hálfskýjað | París | 8°C hálfskýjað | Mallorca | 15°C skúrir |
| Osló | -6°C snjókoma | Frankfurt | 6°C skúrir | Algarve | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | -5°C heiðskírt | Friedrichshafen | 5°C léttskýjað | Krít | 15°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 0°C hálfskýjað | Berlín | 5°C skúrir | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# LAMBALÆRI MEÐ DÖÐLUM OG SHIITAKE SVEPPUM

### að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 stk. lambalæri
10 stk. döðlur
1 búnt rósmarín
2 box shiitake sveppir

2 stk. hvítlauksgeirar
1 dl ólífuolía
salt og svartur pipar
steikarpoki

Snyrtið lambalærið. Afhýðið hvítlauk og maukið í morteli ásamt rósmaríni. Nuddið blöndunni vel á lambalærið og kryddið með salti og pipar. Skerið shiitake sveppi í sneiðar og raðið á lærið. Fletjið döðlurnar út og raðið á lærið. Setjið lambalærið í steikarpoka og lokið fyrir. Eldið í 1 1/2 klst. við 160°C. Uppskriftin miðast við sex manns.

Kjöt & fisktorgið



**Lambalæri**
ferskt úr kjötborði

**TILBOÐ**
**998** kr/kg
Verð áður 1.485,-



**40%** afsláttur við kassa

Reyktar
**svínakótilettur**

**TILBOÐ**
**1.079** kr/kg
Merkt verð 1.798,-



**35%** afsláttur við kassa

Danskur
**hamborgarhryggur**

**TILBOÐ**
**1.299** kr/kg
Merkt verð 1.998,-

ÍTALÍA

*ferskt pasta*
*beint frá Ítalíu*












**TILBOÐ**
**2.999** kr/stk
Verð áður 3.990,-

**KYNNING**
Laugardag í Kringlu kl. 12-16
Sunnudag í Smáralind kl. 14-17

**Classico pastasósur**
- matarmiklar amerískar pastasósur

**Taco Bell**
- nú fáanlegt í Hagkaupum

**Framandi & freistandi**
- skemmtileg matreiðslubók

Gildir til 11. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Eru fébætur við hæfi í Breiðavíkurmálinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 77% |
| Nei | 23% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér rétt að Reykjavíkurborg selji Fríkirkjuveg 11?*

Fleiri staðir en Breiðavík þar sem beitt hefur verið harðræði:

# Aðgerðir kynntar ríkisstjórn

**FÉLAGSMÁL** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynnir áætlun um hvernig rannsókn á meðferðarheimilum fyrir börn á ríkisstjórnarfundi í dag. Hann segir nauðsynlegt að fleiri staðir verði kannaðir en Breiðavík, sem mjög hefur verið í umræðunni að undanförnu. Ekki sé enn ljóst hvaða tímabil verði rannsakað. Litið verði til þess sem gert hefur verið í svipuðum málum í Noregi en þar var farið yfir fimmta til níunda áratug síðustu aldar.

„Ég tel að stjórnvöld beri ábyrgð á þessu ástandi og því rétt að þau láti rannsaka þessi mál," segir Magnús. Hann segist hvorki vita um þann fjölda heimila sem þurfi að rannsaka né heldur þann fjölda sem sakaður hefur verið um harðræði í gegnum tíðina en fleiri staði en Breiðavík hafi hann heyrt nefnda.



**MAGNÚS STEFÁNSSON** Félagsmálaráðherra telur stjórnvöld bera ábyrgð á meðferð þeirra barna sem sættu harðræði á meðferðarheimilum á síðustu öld. Því sé rétt að þau rannsaki málið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verði upplýst um að brot hafi átt sér stað gegn börnum sé ekki ljóst hvort farið verði fram á refsingu gagnvart gerendum. Hann telur þó afar mikilvægt að komið verði til móts við þá sem sættu ofbeldi sem börn á heimilum á vegum ríkisins þótt ekki liggi enn fyrir með hvaða hætti það verður gert.

Þær upplýsingar fengust hjá velferðarsviði, sem er meðal þeirra aðila sem nú eru að safna gögnum um heimilin, að fundað yrði um málið í næstu viku. - kdk

Rán framið í Sandgerði:

## Ræningi ógnaði afgreiðslustúlku

**LÖGREGLUMÁL** Rán var framið í versluninni Samkaup í Sandgerði um klukkan sjö í gærkvöld. Maður um tvítugt kom inn í verslunina og skipaði afgreiðslustúlku að opna peningakassann. Hún hlýddi og maðurinn hvarf á brott með peningana.

Að sögn fulltrúa lögreglunnar á Suðurnesjum er ekki vitað með vissu hversu miklum peningum var stolið úr peningakassa verslunarinnar, en maðurinn komst undan á hlaupum.

Lögregla fékk greinargóða lýsingu á honum og leitar að honum, meðal annars í bílum sem eru á leið frá svæðinu. - sþs



**ÖLFUSÁ** Vaxandi bílaumferð þrengir að gangandi fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjö alþingismenn:

## Vilja göngubrú yfir Ölfusá

**SAMGÖNGUR** Lögð hefur verið fram á Alþingi tillaga um að samgönguráðherra láti meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og kostnað við framkvæmdina. „Með síaukinni umferð um Ölfusárbrú, ekki hvað síst þungaflutningum, er ljóst að þrengt hefur verið að gangandi umferð á brúnni. Því miður hafa oftsinnis orðið óhöpp við handrið sem aðskilur gangandi vegfarendur og ökutæki á Ölfusárbrú en hingað til hafa ekki orðið slys á fólki í þessum óhöppum," segir í greinargerð með tillögunni. Hún er nú lögð fram öðru sinni af sjö þingmönnum Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Frjálslynda flokksins. - gar

# Björgólfur Thor reisir safn á Fríkirkjuvegi 11

**Fríkirkjuvegur 11 verður seldur Björgólfi Thor Björgólfssyni á 600 milljónir króna. Þar verður safn um Thor Jensen, langafa Björgólfs, sem reisti húsið á sínum tíma. „Ekki alls kostar sáttur við söluna," segir fulltrúi Vinstri grænna í borgarráði.**

**STJÓRNSÝSLA** Borgarráð Reykjavíkur samþykkti í gær að taka tilboði í húsið Fríkirkjuveg 11 í Reykjavík. Kaupandinn er Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, og kaupverðið er 600 milljónir króna. Þrjú önnur tilboð bárust í húsið, en leynd hvílir yfir þeim þrátt fyrir að húsið sé í opinberri eigu.

Samkvæmt tilboði Novators verður húsinu og lóðinni komið í upprunalegt horf og þar sett á fót safn um Thor Jensen, langafa Björgólfs, sem reisti húsið á sínum tíma. Þegar tilboð voru metin var tekið tillit til fyrirætlana um notkun hússins.

Auk kaupverðsins kemur til greina að Björgólfur greiði allt að 200 milljónir króna til viðbótar vegna framkvæmda við húsið og lóðina. Húsið verður afhent ekki seinna en 1. september.

Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, segir tilboð Novators hafa verið afgerandi best og talsvert hærra en hin tilboðin. Varðandi það hvers vegna leynd hvíli yfir tilboðunum sem hafnað var segir Björn að ákveðið hafi verið um það í upphaflegum skilmálum.



**FRÍKIRKJUVEGUR 11** Á fyrstu hæð verður móttökusalur og fundarherbergi, en á annarri hæðinni verður gestaíbúð fyrir opinbera gesti borgarinnar sem og gesti í boði eiganda hússins.

Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, greiddi einn atkvæði gegn tillögu um að samþykkja tilboð Novators í borgarráði í gær. Því verður málið endanlega afgreitt á fundi borgarstjórnar eftir um tvær vikur.

„Ég er ekki alls kostar sáttur við hvernig þetta fór," segir Árni Þór. „Þó ég sé ekki andvígur því að hús í eigu borgarinnar séu seld þá er þetta mjög sérstakt hús á einstökum stað, og ég tel að sala til einkaaðila hljóti að rýra gildi Hallargarðsins, sem húsið stendur í."

Í tilboðinu sem samþykkt var segir að safnið eigi að vera sniðið að börnum þannig að þau hafi gagn og gaman af sýningunni sem á að vera gagnvirk og sett upp með nýjustu tækni.

Á fyrstu hæð verði móttökusalur, fundarherbergi og framleiðslueldhús, og á annarri hæð verði gestaíbúð fyrir opinbera gesti borgarinnar sem og gesti eiganda.

salvar@frettabladid.is

Húsið við Fríkirkjuveg 11:

## Hundrað ára gamalt

Athafnamaðurinn Thor Jensen lét reisa húsið á Fríkirkjuvegi 11 á árunum 1907 til 1908. Hann fékk arkitektinn Einar Erlendsson til að aðstoða sig við hönnun hússins, og var það byggt á fyrirmyndum ítalskrar villuhefðar með klassísku skreyti.

Thor bjó í húsinu ásamt fjölskyldu sinni og hafði skrifstofu þar. Árið 1939 eignaðist Góðtemplarareglan húsið en seldi Reykjavíkurborg það árið 1963. Nokkrum sinnum átti að rífa það, til dæmis þegar reisa átti nýtt Seðlabankahús á lóðinni á áttunda áratugnum. Mikil andstaða var meðal borgarbúa og var hætt við það.

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur og forverar þess hafa haft aðsetur í húsinu síðan Reykjavíkurborg eignaðist það.



**KOSNINGAR** Háskólastúdent greiðir atkvæði í Odda. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Þrjár fylkingar buðu fram:

## Kosningar til Stúdentaráðs

**MENNTUN Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands fóru fram í gær. Einnig var kosið um hverjir sitja Háskólafund næsta árið.**

**Þrjár fylkingar buðu fram að þessu sinni: H-listinn, Röskva og Vaka. Í kosningunum var notuð miðlæg kjörskrá og stúdentar gátu því valið sér kjördeildir á háskólasvæðinu eftir hentugleika.**

**Opið var í kjördeildum til klukkan 18. Úrslitin í kosningunum lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.** - ifv

Fannst meðvitundarlaus:

## Anna Nicole Smith látin

**FLORIDA, AP** Bandaríska fyrirsætan og leikkonan Anna Nicole Smith lést í Flórídafylki í gærkvöldi. Hún var 39 ára. Lögfræðingur hennar segir að komið hafi verið að henni meðvitundarlausri á hótelherbergi sínu, hún hafi því næst verið flutt á sjúkrahús. Dánarorsök hennar væri ekki kunn.

Á síðasta ári eignaðist Anna dóttur með Howard K. Stern, sambýlismanni og lögfræðingi. Skömmu síðar lést tvítugur sonur hennar. Anna var þekktust fyrir hjónaband sitt við milljarðamæringinn J. Howard Marshall en hann var 63 árum eldri en hún. Þegar hann lést hófust miklar deilur um erfðamál en fjölskylda Marshalls hélt því fram að hún hefði aðeins gifst honum vegna peninganna. Því neitaði hún staðfastlega. - kdk

**TÆKNI**

### Frumsýndu bíl í tölvuleik

Toyota frumsýndi í gær tvær útgáfur af Scion-bifreið sinni, annars vegar í raunveruleikanum og hins vegar í sýndarheiminum „Second Life". Meira en milljónir manna eiga sér persónu í sýndarheiminum, og geta þær keypt bílinn og keyrt um á honum þar.

### Vill banna tónlist á götum

Öldungadeildarþingmaður í New York hefur stungið upp á því að bannað verði að ganga yfir götu og hlusta á tónlist með heyrnartólum á meðan. Hann segir allt of mörg slys orsakist af gáleysi fólks sem fer yfir götur með iPod-heyrnartól í eyrunum.






Hæstiréttur staðfestir dóm héraðsdóms um að sýkna framkvæmdastjóra:

# Bar ekki ábyrgð á auglýsingu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um að sýkna framkvæmdastjóra heildsölufyrirtækis fyrir að láta birta auglýsingar á áfengum bjór í tveimur dagblöðum í desember árið 2004.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að auglýsingarnar væru brot á áfengislögum þar sem varan sem var auglýst hefði meira áfengismagn en 2,25 prósent. Talið var að birting auglýsinganna bryti í bága við bann áfengislaga við áfengisauglýsingum.

Þrátt fyrir að birting auglýsinganna væri brot á áfengislögum komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að framkvæmdastjóri heildsölufyrirtækisins bæri ekki refsiábyrgð á auglýsingunum því á þeim kæmi hvorki fram nafn hans né auglýsandans. Eina nafnið sem kæmi fram í auglýsingunum væri nafn bjórframleiðandans og að það eina sem framkvæmdastjórinn hefði gert hefði verið að kaupa auglýsingarnar sem umboðsaðili bjórsins. Engin auðkenni í auglýsingunum vísuðu beint eða óbeint til hans eða fyrirtækis hans.



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Hæstiréttur staðfesti í gær sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manni sem var ákærður fyrir að hafa brotið áfengislög með því að auglýsa bjór sem hann var umboðsaðili fyrir.

Þess vegna staðfesti Hæstiréttur sýknudóminn og kvað á um að áfrýjunarkostnaður málsins, tæpar 500 þúsund krónur, skyldu greiðast úr ríkissjóði. - ifv



Ódýrt og gott
40% afsláttur
349 kr. pk.
Kjúklingamánar pepperoni, skinka & ostur
1578 kr. kg.
Móa kjúklingabringur
Þín lágvöruverðsverslun
598 kr. kg.
Borgarnes lambabógur frosinn
Napoli NEW
hefur þú smakkað?
Freschetta pizza 300 g
289 kr./stk.
Krónubrauð stórt & gróft
2 fyrir 1
Krónu súkkulaðikex
269 kr./pk.
100% safi
happy day
100% ávaxtasafi 2 ltr
269 kr./stk.
RIVO KAFFE
Gott kaffi
Rivo kaffi 400 g
199 kr./pk.
papco
6
Dúnmjúkar
Papco salernisrúllur 6 stk í pk.
339 kr./pk.
lífrænt
10% afsláttur
Lífrænn barnamatur
98 kr./stk.
KRÓNAN KRÓNAN KRÓNAN

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver er rektor Háskólans á Hólum?*

2 *Hverjir eru stýrivextir Seðlabankans?*

3 *Í hvaða flokk gekk Kristinn H. Gunnarsson í gær?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Formaður Blaðamannafélagsins sendir Halldóri Ásgrímssyni bréf:

# Kvartar undan ráðherranum

**FJÖLMIÐLAR** Í bréfi sem Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, BÍ, sendi í gær til Halldórs Ásgrímssonar, framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar, er reifuð deila BÍ við menntamálaráðherra.

Þar kemur fram að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sé eini ráðherrann á Norðurlöndunum sem kjósi að starfa ekki með fagfélagi blaðamanna síns lands að málefnum Norræna blaðamannaskólans, NJC, í Árósum.

„BÍ lítur því svo á að ekki sé lengur í þess verkahring að auglýsa námskeið skólans. Auk þess hlýtur að koma til álita að beina endurmenntunarstyrkjum blaðamanna einnig til annarra skóla en NJC," segir Arna.



**ARNA SCHRAM** Sendi framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar bréf um deilu Blaðamannafélagsins við menntamálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

NJC er verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar og Arna segir ákvörðun menntamálaráðherra stríða gegn grunngildum skólans. „Þess vegna upplýsi ég framkvæmdastjórann um þetta," segir hún. Arna bætir við að ákvörðun Þorgerðar hafi vakið athygli hinna norrænu blaðamannafélaganna.

Blaðamannasamtökin tilnefndu þau Birgi Guðmundsson lektor og Svanborgu Sigmarsdóttur blaðamann Fréttablaðsins.

Ráðherra skipaði hins vegar þau Ólaf Þ. Stephensen aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins og Elfu Ýr Gylfadóttur, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu. - kóþ

Þróunarsamvinnustofnunin:

## Samstarf við Sandínista

**ORKUMÁL Þróunarsamvinnustofnun Íslands, ÞSSÍ, og stjórnvöld í Níkaragva hefja brátt viðræður um samvinnu á sviði orkumála. Stjórn Sandínista hefur lýst yfir áhuga á að hraða þróun jarðhitamála í samvinnu við íslensk fyrirtæki. Að sögn Gísla Pálssonar, umdæmisstjóra ÞSSÍ í landinu, mun stofnunin koma þessu á framfæri við þau. Mikill ónýttur jarðhiti sé í Níkarakva.**

**Gísli segir einnig að ný Sandínistastjórn Daniels Ortega líti sérstaklega til Íslands í orkumálum.**

**Níkaragva er eitt fátækasta ríki vesturhvels jarðar.** - kóþ



**BIFRÖST** Flestir ljúka námi í viðskiptalögfræði.

Bifröst útskrifar á morgun:

## Tæpir fimmtíu útskriftarnemar

**MENNTUN** Háskólinn á Bifröst útskrifar 46 kandídata á morgun. 34 þeirra eru í grunnnámi en tólf útskrifast með meistarapróf Þetta er fyrsta útskrift Ágústs Einarssonar, nýs rektors skólans.

Af þeim sem útskrifast í grunnnámi eru fimmtán í viðskiptafræði og nítján í viðskiptalögfræði. Með meistarapróf útskrifast einn í hagnýtum hagvísindum, þrír í menningarstjórnun, sex í lögfræði og tveir í viðskiptafræði. Viðskiptadeild, lagadeild og félagsvísindadeild eru við háskólann. - sþs

Dómi Héraðsdóms snúið við:

## Sýknaður af frelsissviptingu

**DÓMSMÁL Hæstiréttur sýknaði í gær karlmann sem Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í þrjátíu daga fangelsi fyrir frelsissviptingu. Maðurinn var ákærður fyrir að hafa haldið starfsmanni Orkuveitu Reykjavíkur nauðugum á skrifstofu í hálfa klukkustund fyrir ári.**

**Starfsmaðurinn lokaði fyrir rafmagn á skrifstofu ákærða. Ákærði vildi að starfsmaðurinn væri viðstaddur meðan hann hringdi í Orkuveituna til að fá skýringar á lokuninni því hann hefði greitt rafmagnsreikninginn.**

**Hæstiréttur taldi sannað að starfsmaðurinn hefði farið sjálfviljugur inn á skrifstofuna. Eins var talið ósannað að starfsmaður Orkuveitunnar hefði reynt að komast út og maðurinn hefði varnað honum útgöngu.** - ifv



**VIÐRÆÐUR Í GANGI** Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, og Khaled Mashaal, leiðtogi Fatah, og Ismail Hanieh, leiðtogar Hamas, unnu ásamt sendinefndum að samkomulagi til að binda enda á átök fylkinganna. NORDICPHOTOS/AFP

# Þjóðstjórn Hamas og Fatah í Palestínu

**Leiðtogar Fatah og Hamas skrifuðu í gærkvöldi undir samkomulag um þjóðstjórn í Palestínu í Mekka. Nýja þjóðstjórnin mun virða fyrri friðarsamninga við Ísrael. Umdeilt embætti innanríkisráðherra skipað eftir samkomulagi.**

**SÁDI-ARABÍA, AP** Leiðtogar hinna stríðandi palestínsku fylkinga Fatah og Hamas skrifuðu í gærkvöld undir samkomulag um þjóðstjórn í Palestínu eftir tveggja daga stífar viðræður í Mekka.

Tilgangur viðræðnanna var tvíþættur. Annars vegar að ná samkomulagi um þjóðstjórn sem báðar fylkingar eiga aðild að og hins vegar að þjóðstjórnin viðurkenni fyrri friðarsamninga sem Frelsissamtök Palestínu, sem Fatah tilheyrir, gerðu við Ísrael.

Samið var um skipan í ráðherrastöður í gær en sérstaklega hefur verið deilt um embætti innanríkisráðherra þar sem því embætti fylgir stjórn á öryggissveitum. Sæst var á að Hamas myndi leggja fram lista með nöfnum frambjóðenda og að Abbas samþykkti einn af þeim.

Hamas, sem vann stórsigur í kosningum fyrir rúmu ári síðan, hefur neitað að viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis og þar af leiðandi neitað að viðurkenna friðarsamninga við Ísrael þar sem í því fælist viðurkenning á tilverurétti þess. Í samkomulaginu sem leiðtogarnir undirrituðu í gær sagði að þjóðstjórnin myndi „virða" fyrri friðarsamninga við Ísrael. Fulltrúar Hamas höfðu fyrr um daginn sagt að slíkt orðalag þýddi ekki að Hamas viðurkenndi tilverurétt Ísraels.

Stjórnvöld í Ísrael og Bandaríkjunum krefjast þess að Hamas viðurkenni tilverurétt Ísraelsríkis og hafni ofbeldi með öllu. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt er óvíst að Bandaríkin aflétti alþjóðlegu viðskiptabanni á palestínsku stjórnina.

Einnig er það óvíst að ísraelsk stjórnvöld muni hefja friðarviðræður við nýja palestínska stjórn en til stendur að Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, og Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fundi með Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, 19. febrúar næstkomandi í Jerúsalem til að reyna að blása lífi í friðarviðræður. sdg@frettabladid.is

**Hádegisfundarröð ReykjavíkurAkademíunnar um lýðræði og samfélag hefst mánudaginn 12. febrúar, kl. 12.15**

Fullrár stjórnmálaflokka auk Jóns Ólafssonar heimspekings ræða um lýðræði í íslensku samfélagi.

REYKJAVÍKUR AKADEMÍAN
Hringbraut 112.

**Sölusýning**

Opið hús laugardag og sunnudag
frá klukkan 10:00 til 17:00



Tjarnabakki 12. Reykjanesbæ.

Sýnum um helgina fullbúnar íbúðir í Tjarnabakka. Íbúðirnar eru 120m2 og eru selar með öllum rafmafnstækjum. Opið hús 10 til 17 laugardag og sunnudag.
ATH 90% lán - engin þinglýsingar eða lántökugjöld

**Beykidalur**
Erum að byrjað selja litlar íbúðir í Beykidal sem verða tilbúnar í ársbyrjun 2008.

Nánari upplýsingar á www.nesbyggd.is og hjá fasteignasölum í Reykjanesbæ

Nesbyggð

Nesbyggð ehf. | Stapabraut 5 | 260 Reykjanesbær | Sími: 421 2700 | Fax: 421 2765

Óprúttnir safna í nafni Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur:

# Varað við fölskum fjársöfnunum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu varar fólk við óprúttnum aðilum sem hringja í nafni líknar- og góðgerðarsamtaka og segjast vera að safna fé. Borið hefur á því undanfarið að hringt sé í fólk í nafni Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og það beðið um að láta í té greiðslukortanúmer sín og gildistíma. Með því að gefa þær upplýsingar er hægt að taka út umtalsverðar fjárhæðir án þess þó að þær renni til góðgerðarmála. Lögregla tekur fram að Mæðrastyrksnefnd standi ekki fyrir þeirri söfnun sem hér var lýst að framan.



**ÓMAR SMÁRI ÁRMANNSSON** Falssafnanir eiga sér stað af og til.

Strangar reglur gilda um slíkar fjársafnanir og ekki á færi allra að stunda þannig starfsemi. Ágæt regla er að hafa samband við viðkomandi líknar- eða góðgerðarsamtök og spyrja hvort verið sé að safna fé í þeirra nafni. Þetta ber að gera áður en gefnar eru upplýsingar um greiðslukorta- eða reikningsnúmer. Með því má staðreyna hvort um er að ræða raunverulega söfnun eða fjársvikastarfsemi.

Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn kveðst ekki vita til þess að fólk hafi tapað peningum vegna þessarar fölsku söfnunar nú. Atvik af þessu tagi verði alltaf af og til. Til standi að birta á heimsíðu lögreglu höfuðborgarsvæðisins nöfn allra þeirra sem hafa leyfi til fjársafnana, þannig að fólk geti varað sig á falssöfnunum. - jss

# Viðskiptablaðið

# Nú fimm sinnum í viku

Alla útgáfudaga beinum við kastljósinu að ákveðnum þáttum viðskiptalífsins með ýtarlegum fréttum og fréttaskýringum.




Á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum höfum við sérstakar þemasíður, en sérblöð á miðvikudögum. Vikunni lokum við síðan með glæsilegu helgarblaði þar sem áherslan verður á viðtöl, fréttaskýringar, lífsstíl, hönnun, listir og menningu.

**Tryggðu þér áskrift!**

**Áskriftarsími 511 6622**



**API OG GEIT** Í Ningbo í Kína mátti sjá þennan apa sitja á baki geitar sem sýndi listir sínar á æfingu fyrir heljarmikil skemmtiatriði, sem verða á dagskrá þegar nýju ári verður fagnað þar í landi síðar í mánuðinum. NORDICPHOTOS/AFP

Viðræður um kjarnorkuáform Norður-Kóreu fóru vel af stað:

# Vilji til að taka fyrstu skrefin

**BEIJING, AP** Norður-Kórea féllst í gær á að taka fyrstu skrefin í áttina að því að hætta allri kjarnorkuvinnslu, náist um það samkomulag á fundum ríkjanna sex sem hófust á ný í Kína í gær eftir langt hlé.

Öll áhersla er lögð á að ná samkomulagi um þessi fyrstu skref á fundunum, en Kim Kye Gwan, fulltrúi Norður-Kóreu, sagðist þó hvorki vera bjartsýnn né svartsýnn vegna þess að enn eigi eftir að leysa mörg deiluatriði. Niðurstaða viðræðnanna fari mjög eftir því hver afstaða Bandaríkjanna verði.

„Fyrsti dagur viðræðnanna var góður," sagði hins vegar Christopher Hill, fulltrúi Bandaríkjamanna á fundunum. „Við vonumst til þess að geta sent frá okkur einhvers konar sameiginlega yfirlýsingu hérna."

Hann sagði viðræðurnar hafa gengið betur en síðast, en tók þó fram að fyrsta skrefið í ferðalagi væri oft erfiðasta skrefið.



**MÁLIN RÆDD** Wu Dawei, aðstoðarutanríkisráðherra Kína, og Sergei Razov, sendiherra Rússa í Kína, ræða kjarnorkuáform Norður-Kóreu áður en fundurinn hófst í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þátttakendur í viðræðunum eru fulltrúar frá Norður- og Suður-Kóreu, Japan, Kína, Rússlandi og Bandaríkjunum. Viðræður sex-ríkjahópsins hafa staðið yfir með hléum frá árinu 2003 en borið lítinn árangur. Markmið þeirra er að fá Norður-Kóreumenn til þess að hætta við kjarnorkuvinnslu nema undir alþjóðlegu eftirliti. - gb

Alþjóðleg verðlaun:

# Icelandair með besta vefinn

**NEYTENDUR** Icelandair vann alþjóðlegu Technology For Marketing (TFM) verðlaunin fyrir best hannaða vefsvæði ársins. Verðlaunin voru afhent við athöfn í London á þriðjudagskvöld. TFM er stærsta og virtasta alþjóðasýningin í Bretlandi á sviði markaðs-, sölu- og auglýsingatækni og hefur frá upphafi verið leiðandi á sínu sviði.

„Vefurinn gegnir lykilhlutverki í öllu sölu- og markaðsstarfi Icelandair. Þessi verðlaun staðfesta að endurnýjaður vefur okkar og öflug markaðssetning á netinu hefur vakið verðskuldaða athygli," segir Gunnar Már Sigurfinnsson framkvæmdastjóri. - ifv




Laugardaginn 10. febrúar

Veisla & Vísindi í HA

- Í anddyri Borga

Kl. 11.00 Þorsteinn Gunnarsson rektor flytur opnunarávarp
Fræðimannasúpa -súpa, brauð og fræðimannafyrirlestur:
Kl. 13.00 Þóroddur Bjarnason: Ástir og ofbeldi í íslenskum grunnskólum
Kl. 13.30 Finnur Friðriksson: Slettur, slangur og íslenskt dægurmál
Kl. 14.00 Edward Huijbens: Akureyri sem ferðamannabær - framtíð snigilsins staðfasta
Kl. 14.30 Nicola Whitehead: Welcome to Akureyri. These shops have special offers... how ubiquitous computing can help travellers and local businesses (flutt á ensku)

Námskynningar nemenda í básum á Borgum og Sólborg allan daginn

- Borgir
Hverastrýtur við Eyjafjörð
Gerðu tilraun! (ungir vísindamenn velkomnir til starfa)
Lífríki hafs í fiskabúri!
Rannsóknir frá A-Ö: Opið hús hjá RHA á 3. hæð
Tölvuleikir í stofu 311
Opið hús hjá Náttúrufræðistofnun Íslands á 4. hæð

- Sólborg
Segðu það engum: ljósmyndasýning nemenda á bókasafni
Gagn gagnasafnanna: fáðu ráðgjöf hjá brosmildum starfsmönnum bókasafnsins
Komdu í bíó! Stuttmyndasýning, popp og kók í boði fjölmiðlafræðinema
Blóðþrýstingsmæling og kraftmæling
Stúdentar sprella!
Falin Íslandsklukka í Sólborg! Fundarlaun!

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Léttar veitingar og tónlist í mötuneyti á Sólborg allan daginn
Takið daginn frá fyrir öðruvísi laugardag
Við hlökkum til að sjá ykkur




**BÍLASTÆÐIÐ VIÐ SKAUTAHÖLLINA Í LAUGARDAL** 16 ára maður stakk mann í bakið með hnífi í nóvember síðastliðinn og særði hann lífshættulegu sári. Hann kvaðst hafa stungið manninn því að hann hafi langað til að stinga mann og drepa. HRÖNN/FRÉTTABLAÐIÐ

# Langaði að drepa mann

**Sextán ára maður dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir manndrápstilraun. Stakk mann í bakið. Sá dæmdi er á jaðri þess að vera andlega fatlaður.**

**DÓMSMÁL** Sextán ára maður hefur verið dæmdur í fjögurra ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa reynt að drepa mann í nóvember síðastliðinum. Hann stakk mann í bakið með hnífi á bílastæði við Skautahöllina í Laugardal í Reykjavík. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn í gær.

Við yfirheyrslur kom í ljós að maðurinn hefði farið inn á spjallsíðu á internetinu til að kynnast einhverjum til að drepa. Hann sagði að hann hefði langað til að vita hvernig það væri að stinga mann og drepa og fórnarlambið hefði verið sá fyrsti sem hann kynntist á netinu.

Maðurinn hitti fórnarlambið þrisvar sinnum. Í þriðja skiptið sem þeir hittust fóru þeir á rúntinn á bíl fórnarlambsins og stoppuðu við Skautahöllina í Laugardalnum þar sem árásarmaðurinn fór út að reykja á meðan maðurinn kastaði af sér vatni. Árásarmaðurinn læddist aftan að fórnarlambinu þar sem hann stóð og pissaði, stakk hann í bakið með hnífi og hljóp í burtu.

Maðurinn hélt fyrst að árásarmaðurinn hefði kýlt sig og fór aftur inn í bifreiðina. Þá fann hann fyrir sárinu á bakinu á sér. Hann hringdi í vin sinn sem fór með honum á slysadeild. Læknir á slysadeildinni taldi að áverkarnir á baki mannsins væru lífshættulegir og að hann hefði sloppið ótrúlega vel.

Við rannsókn hjá sérfræðingi kom fram að árásarmaðurinn hefði ekki sýnt nein merki iðrunar því sökum greindarskorts væri hann ófær um að skilja hvað fælist í því. Þegar hann gekkst undir greindarpróf kom í ljós að greind hans er 73 stig sem er á jaðri þess að vera fötlun vegna greindarskerðingar. Maðurinn gat ekki staðfest að hann myndi ekki reyna að drepa aftur. Mati sérfræðingsins er að hugsun árásarmannsins sé eins og hjá litlu barni en að hann sé ekki geðveikur. Sérfræðingurinn taldi að taka ætti tillit til vanþroska mannsins þegar dómur yrði kveðinn upp í málinu.

Við ákvörðun dómsins var litið til þess hversu ungur maðurinn er og vanþroskaður, að hann hefði ekki áður hlotið dóm og að hann hefði játað brot sitt og sagt hreinskilningslega frá atvikum. Hins vegar þótti dómnum að manndrápstilraun hans hefði verið fólskuleg. Auk fjögurra ára fangelsisdómsins var manninum gert að greiða fórnarlambinu 600 þúsund krónur í skaðabætur sem og tæpar 2,4 milljónir í málskostnað.

ingifreyr@frettabladid.is


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Kristrún Heimisdóttir lögmaður og varaþingmaður:

# Fjölmiðlar fjalli um prófkjör

**FJÖLMIÐLAR** Skylda á ríkisfjölmiðla til að fjalla um prófkjör stjórnmálaflokka, segir Kristrún Heimisdóttir, lögmaður og varaþingmaður Samfylkingar.

Kristrún reifaði þessa hugmynd á umræðufundi í Háskóla Íslands á miðvikudag, þar sem rædd voru lög um fjármál stjórnmálaflokka.



**KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR** Reifaði hugmynd sína á umræðufundi.

Þetta væri ein möguleg leið til að takmarka áhrif auglýsinga og greiða leið nýliða til áhrifa, segir Kristrún, en henni finnst þetta umhugsunarvert í ljósi þess að í prófkjörum eigi almenningur mest tækifæri til beinna áhrifa á stjórnmál. - kóþ

Uppgjör ársins 2006:

# Síminn tapaði 3,6 milljörðum

**VIÐSKIPTI** Síminn hagnaðist um 2,8 milljarða króna á síðari hluta ársins 2006.

Tap ársins í heild nemur 3,6 milljörðum króna. Hluti skulda Símans er í erlendri mynt og olli gengislækkun krónunnar gengistapi upp á 5,8 milljarða króna.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) jókst um 33,9 prósent á síðari helmingi ársins og nam 2,64 milljörðum króna. Fyrir árið í heild nam hann 4,6 milljörðum.

Sala Símans á árinu nam rúmum 25 milljörðum króna. Var það aukning á milli ára um 15,7 prósent. - hhs

Fyrrverandi rússneski auðjöfurinn Mikhaíl Khodorkovskí:

# Sakar ráðamenn um samsæri

**RÚSSLAND, AP** Mikhaíl Khodorkovskí, fyrrverandi auðjöfur í Rússlandi, hefur sakað ráðamenn í Kreml um samsæri um að halda sér bak við lás og slá eftir að saksóknarar birtu nýjar ákærur gegn honum. Hann sagðist á miðvikudag ekki gera sér grillur um neitt annað en að verða sakfelldur.

Khodorkovskí, sem þar til fyrir fjórum árum var aðaleigandi og forstjóri olíufyrirtækisins Yukos sem nú hefur verið ríkisvætt, er talinn hafa troðið Vladimír Pútín um tær með afskiptum af stjórnmálum og var dæmdur í átta ára fangelsi fyrir skattalagabrot.

Síðar á árinu yrði hann búinn að afplána helming dómsins í fangabúðum í Síberíu, en ætti þá að eiga möguleika á reynslulausn. Að nýju ákærurnar skuli koma fram nú – þingkosningar fara fram síðar á árinu og forsetakosningar á því næsta – vekur grunsemdir um að ráðamenn vilji halda Khodorkovskí bak við lás og slá til að halda honum frá virkri stjórnmálaþátttöku. - aa



**BAK VIÐ LÁS OG SLÁ** Mikhaíl Khodorkovskí og meðsakborningur hans, Platon Lebedev. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ferðakaupstefna Icelandair:

# Fjölmargir þátttakendur í ár

**FERÐAÞJÓNUSTA** Á fimmta hundrað þátttakendur frá sautján löndum sitja ferðakaupstefnuna Mid-Atlantic í ár.

Á þessari árlegu kaupstefnu Icelandair eru leiddir saman kaupendur og seljendur ferðaþjónustu í Evrópu og Bandaríkjunum.

Tilgangurinn með kaupstefnunni er að halda við og auka ferðamannastraum til Íslands.

Í tilkynningu Icelandair er heitið lífi og fjöri og litríkum sýningarbásum í anddyri Laugardalshallarinnar.

Kaupstefnan stendur fram til 11. febrúar. - kóþ

Verkalýðsfélagið Hlíf:

# Skattleysi við lágmarkslaun

**KJARAMÁL** Stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar skorar á Alþingi að samþykkja að skattleysismörk tekjuskatts verði aldrei lægri en umsamin lágmarkslaun sem nú eru 125 þúsund krónur. Skattleysismörkin eru 90 þúsund krónur. Hlíf segir að hefðu skattleysismörk fylgt launaþróun frá 1988 væru þau nú ekki undir 140 þúsund krónum á mánuði. Eftir skatt væru tæplega 112.500 krónur eftir af 125 þúsund króna mánaðarlaunum. „Slík laun eru það lág að þau duga ekki einstaklingi til eðlilegrar framfærslu og þess vegna eiga þau að vera tekjuskattlaus,“ segir stjórn Hlífar. - gar



KOLBEINN GUNNARSSON



**SKÆÐADRÍFA** Þessir Lundúnabúar gerðu það besta úr ofankomunni og tókust á í snjókasti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimm flugvöllum lokað í gær:

# Snjór hamlaði flugi í Bretlandi

**BRETLAND, AP** Loka þurfti fimm flugvöllum og nokkrum lestarleiðum milli Englands og Wales í gær vegna mikillar snjókomu sem gekk yfir Bretlandseyjar.

Fella þurfti 90 flug niður á Heathrow-flugvelli en ekki kom til lokunar.

Flugvellirnir fimm í Luton, Stansted, Bristol, Birmingham og Cardiff voru opnaðir um miðjan dag eftir að flugbrautir höfðu verið ruddar.

Breska veðurstofan varaði við mikilli snjókomu í Englandi, Wales og á Norður-Írlandi. - sdg

## SVÍÞJÓÐ

### Kjarnorkuversstjóri hættir

Yfirmaður Forsmark-kjarnorkuversins í Svíþjóð sagði af sér í gær, fáeinum dögum eftir að slökkt var á tveimur af þremur kjarnaofnum versins af öryggisástæðum. Ítrekaðar truflanir hafa orðið á rekstri kjarnaofnanna.

## NOREGUR

### Olíustofnun sektuð

Efnahagsbrotadeild norsku ríkislögreglunnar hefur upplýst að hún hafi ákært fyrrverandi forstjóra olíurannsóknastofnunarinnar Sintef Petroleum Research AS fyrir alvarlega spillingu og sektaði stofnunina fyrir samning sem hún gerði í Íran. Að sögn lögreglu beitti stofnunin mútum til að verða sér úti um verkefni í Íran.







Sony Ericsson Z530i
Verð aðeins:
14.900 kr.

**Kauptu þér glæsilegan Z530i farsíma eða skráðu þig í 0 kr. innan fjölskyldunnar og þú gætir átt lúxussalinn!**
Einn heppinn viðskiptavinur verður dreginn út og getur unnið forsýningu í lúxussal fyrir allt að 28 manns á hina frábæru gamanmynd **Music and Lyrics** með Hugh Grant og Drew Barrymore. Dregið verður 15. febrúar.
Nánari upplýsingar á **siminn.is**.

Hægt er að kaupa símann í verslunum Símans eða á vefversluninni á **siminn.is**



**SAFNAÐ Í ELDINN** Fatema, níu ára stúlka í Kabúl, gengur með fullt fangið af rusli sem væntanlega á að nota sem eldsneyti. NORDICPHOTOS/AFP

Á bilinu 90 til 98 prósent 16 ára ungmenna skrá sig til náms í framhaldsskóla:

# Mest brottfall á Suðurnesjum

**MENNTUN** Mjög hátt hlutfall íslenskra ungmenna skráir sig í framhaldsskóla við 16 ára aldur, á bilinu 90 til 98 prósent þegar hlutfallið er skoðað eftir landshlutum. Tveir af hverjum níu nemendum sem byrja í framhaldsskóla eru hættir við 19 ára aldur víðast hvar á landinu, en Suðurnesin skera sig úr, þar hætta fjórir af hverjum níu fyrir 19 ára aldurinn.

Þessar tölur koma fram í nýju vefriti menntamálaráðuneytisins, þar sem finna má upplýsingar um skólasókn í framhaldsskólum eftir landshlutum og kyni nemenda.

Við 19 ára aldur er rétt tæpur helmingur karla á Suðurnesjunum í framhaldsskóla, og 55 prósent kvenna. Annars staðar á landinu eru á bilinu 63 til 70 prósent karla í skóla, og frá 68 og allt upp í 83 prósent kvenna.

Á landinu öllu voru konur líklegri til að stunda nám í framhaldsskóla við 19 ára aldur en karlar, og munar gjarnan fimm til tíu prósentustigum. Munurinn er þó áberandi mestur á Vestfjörðum, þar sem 83 prósent 19 ára kvenna eru í framhaldsskóla, en aðeins 63 prósent karla, og munar því 20 prósentustigum á kynjunum. - bj



**LEIKUR AÐ LÆRA** Hærra hlutfall 19 ára kvenna en karlkyns jafnaldra þeirra stundar nám í framhaldsskólum, og er munurinn mestur á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Samið um rekstur athvarfs:

## Athvarfið áfram rekið á Akureyri

**FÉLAGSMÁL Dagsathvarf fyrir fólk sem á við geðraskanir að stríða verður rekið áfram á Akureyri. Athvarfið er nú í Þingvallastræti 32 en verður flutt í Brekkugötu 34 í vor. Akureyrardeild Rauða kross Íslands, Geðverndarfélag Akureyrar og Akureyrarbær gerðu með sér samning þess efnis í gær.**

**Samningurinn gildir til ársins 2009. Akureyrardeild Rauða krossins mun annast daglegan rekstur en Geðverndarfélag Akureyrar sér um fræðslu og þjálfun starfsfólks. Rekstraráætlun athvarfsins er um fimmtán milljónir króna á ári. - sþs**

Málaferli í Frakklandi:

## Verja réttinn til að hæðast að trúarbrögðum

**PARÍS, AP Lögmenn franska háðsádeilu-vikublaðsins Charlie-Hebdo verja rétt blaðsins til að hæða íslamstrú og önnur trúarbrögð í máli sem hefur verið höfðað gegn því fyrir að birta skopmyndir af Múhameð spámanni.**

**Franskir stjórnmálamenn, þar á meðal innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy, hafa komið blaðinu til varnar frá því að réttarhöldin hófust. Blaðið og ritstjóri þess eru ákærð fyrir að „opinberlega rægja hóp fólks vegna trúar þess“ og getur refsing verið allt að sex ára fangelsi. - sdg**

**AKRANES**

### Ritun bæjarsögu á áætlun

Kristján Kristjánsson bókaútgefandi hefur gengið á fund ritnefndar um sögu Akraness og kynnt hugmyndir sínar um útgáfu sögunnar. Engar ákvarðanir hafa verið teknar en verkið sagt vera í eðlilegum farvegi.



**ÁNÆGÐIR** Kalin Rogachev og Nikos Stefanou ánægðir með samninginn.

Samið um olíuleiðslu:

## Ný útflutningsleið Rússaolíu

**BÚLGARÍA, AP** Ráðherrar frá Búlgaríu, Grikklandi og Rússlandi undirrituðu á miðvikudag samning um lagningu nýrrar olíuleiðslu frá búlgörsku Svartahafsborginni Burgos til grísku hafnarborgarinnar Alexandroupolis. Með nýju leiðslunni opnast ný og greiðari útflutningsleið fyrir rússneska olíu, framhjá Bosporussundi í Tyrklandi sem skiptaflutningar ganga mjög hægt um vegna hinnar gríðarlegu miklu umferðar um það.

Leiðslan verður um 280 km að lengd og er þess vænst að kostnaðurinn við smíðina nemi sem svarar á bilinu 50-70 milljörðum króna. - aa

# Handþvottur getur bjargað mannslífi

**Öryggi sjúklinga í íslensku heilbrigðiskerfi má helst auka með vitundarvakningu heilbrigðisstétta og sjúklinga. Ísland stendur vel í alþjóðlegum samanburði í öryggi sjúklinga. Sýkingar eru eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál heimsins.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Öryggi sjúklinga í íslensku og alþjóðlegu heilbrigðiskerfi verður best aukið með vitundarvakningu heilbrigðisstétta og sjúklinga. Handþvottur er mikilvægasti einstaki þátturinn sem hægt er að draga fram til að sporna við sýkingarhættu á sjúkrahúsum og gæti sparað þjóðfélaginu háar upphæðir. Þetta á við hreinlæti um heilbrigðisstarfsfólks á sjúkrahúsum jafnt sem í daglegu lífi fólks. Þetta var meðal niðurstaðna málþings um öryggi sjúklinga sem haldið var á vegum landlæknisembættisins í gær þar sem Sir Liam Donaldson, landlæknir Breta, var aðalfyrirlesari.

„Á síðustu tíu árum hefur komið upp á yfirborðið sú staðreynd að öryggi í heilbrigðisgeiranum hefur ekki fengið næga athygli. Rannsóknir sýna að mistök, alvarleg og minniháttar, eru algengari en áður var almennt talið. Það er ekki til komið vegna skeytingarleysis heldur er umhverfið sem heilbrigðisstarfsfólk vinnur í þess eðlis að hættan er sífellt fyrir hendi,“ segir Donaldson. Hann segir heilbrigðisstéttir hafa horft mikið til tæknilegra þátta við starf sitt en til þurfi að koma ný hugsun í öryggismálum. „Það verður best gert með því að gera öryggi sjúklinga hærra undir höfði í námi heilbrigðisstétta og bæta samskipti við sjúklinga.“

Ólafur Guðlaugsson, yfirlæknir sýkingavarnadeildar Landspítalans, fjallaði um sýkingavarnir á sjúkrahúsum og sagði handþvott grunnatriði í að uppræta sýkingar. Hann sagði kostnað um allan heim gífurlegan en hafa bæri í huga að baki tölfræðinni væri fólk sem þyrfti að líða þjáningar og jafnvel léti lífið vegna sýkinga.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra undirritaði samkomulag um þátttöku Íslands í verkefninu „Hreinlæti og örugg heilbrigðisþjónusta haldast í hendur“ eftir málþingið, sem er hluti af alþjóðlegu átaki er snýr að öryggi sjúklinga. Alls hafa heilbrigðisráðherrar 50 landa undirritað samkomulagið. Siv segir samninginn mikilvægan vegna þess að yfirvöld undirgangist skyldur sem bæta öryggi sjúklinga. „Eitt það mikilvægasta eru tíðari handþvottar til að fyrirbyggja sýkingar. Við vitum að sjúklingar fá sýkingar inni á sjúkrastofnunum en ekki er síður mikilvægt að undirstrika mikilvægi handþvotta hjá almenningi.“ Siv bendir á að einfalt atriði eins og handþvottur geti aukið lýðheilsu og í leiðinni felist mikill sparnaður fyrir samfélagið.

svavar@frettabladid.is



**FRÁ MÁLÞINGINU** Sir Liam Donaldson, landlæknir Breta, og Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra eftir undirritun samnings um þátttöku Íslands í verkefni um öryggi sjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**HANDÞVOTTUR** Getur sparað þjóðfélaginu háar fjárhæðir.

Umdeild þjóðaratkvæðagreiðsla í Portúgal á sunnudaginn:

# Kosið um rétt til fóstureyðinga

**PORTÚGAL, AP** Portúgalar munu ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudag um lagasetningu sem gerir fóstureyðingar leyfilegar fram á tíundu viku meðgöngu.

Í Portúgal, þar sem 90 prósent landsmanna eru kaþólikkar, eru við lýði ein ströngustu lög um fóstureyðingar af öllum Evrópusambandsþjóðunum ásamt Póllandi, Írlandi og Möltu.

Vinstri-miðjuflokkur sósíalista, sem komst til valda eftir stórsigur fyrir tveimur árum með kosningaloforðum um umbætur og nútímavæðingu, boðaði til þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Leiðtogi flokksins og forsætisráðherrann, Jose Socrates, segir nauðsynlegt að Portúgal losi sig við úrelt viðhorf og bendir á að 23 Evrópusambandsþjóðir leyfi fóstureyðingar. Í dag eru fóstureyðingar leyfðar fyrstu tólf vikurnar en aðeins ef um er að ræða nauðgun, vanskapað fóstur eða ef heilsa móðurinnar er í hættu. Slík lög færa fóstureyðingar í neðanjarðarstarfsemi þar sem heilsu kvennanna er hætta búin að sögn Sókratesar sem segir að um 10.000 konur séu lagðar inn á sjúkrahús árlega í kjölfar mistaka við fóstureyðingar.

Samkvæmt nýjustu könnun ætla rétt rúmlega 50 prósent landsmanna að kjósa „já“ á sunnudaginn og ljóst að mjótt verður á mununum. - sdg



**MÓTMÆLAGANGA** Þúsundir gengu um götur Lissabon, höfuðborgar Portúgal, með kröfuspjöld til að mótmæla fóstureyðingum. NORDICPHOTOS/AFP


International Studies in Denmark?

– Information meeting, 14 February at 17.00



Computer Science (2¼ years)
Systems designer, Programmer, IT consultant, Project manager, Systems administrator.

Marketing Management (2 years)
Marketing coordinator, Advertising consultant, Account manager, Purchasing assistant.

Multimedia Design and Communication (2 years)
Web designer, Web developer, Multimedia consultant, Media planner, Event manager.

Higher education academy programmes. Direct qualifications for employment or 1-1½ years top-up to become a bachelor.

Information meeting, 14 February at 17.00
Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavik

www.aabc.dk/english

THE BUSINESS ACADEMY
Aarhus Business College
Phone +45 8936 3535, E-mail eak@aabc.dk

AARHUS BUSINESS COLLEGE


TIL
HAMINGJU!
Nú eru 320 milljónir króna á leiðinni til um 20 þúsund viðskiptavina okkar í Stofni. Þannig verðlaunum við þá fyrir tjónlaust ár. Komdu í hópinn!
SJÓVÁ
Þú tryggir ekki eftir á!
GOTT FÓLK McCANN

Þú sparar 1.125 kr/kg

42% afsláttur




**1.554** kr/kg. áður 2.679 kr/kg.

Íslandsfugl Kjúklingabringur - ferskar

Þú sparar 584 kr/kg

30% afsláttur




**1.362** kr/kg. áður 1.945 kr/kg.

Borgarnes lambalæri sítrónukryddað




**599** kr/pk.

Ostafylltar ýsurúllur

20% afsláttur




**290** kr/kg. áður 362 kr/kg.

Goði brauðskinka - Ódýr

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 9. febrúar til 11. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

25% afsláttur




**25% afsláttur** við kassa af öllum
Casa fiesta vörum




**399** kr/stk. áður 499 kr/stk.
Freschetta Brickoven pizzur



**67** kr/kg.
Vatnsmelóna


netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi



**KALDUR KARL** Hann lét sig ekki muna um að bregða sér í kalt bað í ánni Nevu í Pétursborg í gær, þessi maður sem þarna sést gera léttar leikfimiæfingar að baðinu loknu. Að baki sést í Vetrarhöllina og Ísaksdómkirkjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mögulegt fylgistap vinstriflokka helsta ástæðan fyrir höfnun Framtíðarlandsins:

# Býður ekki fram til Alþingis

**STJÓRNMÁL** Samtökin Framtíðarlandið munu ekki að bjóða fram til Alþingis í vor. Haldin var atkvæðagreiðsla um framboðið á félagsfundi samtakanna á Hótel Loftleiðum á miðvikudagskvöld. 96 greiddu atkvæði gegn því að samtökin bjóði fram og 92 með því. Til að samþykkja framboðið hefðu 2/3 hlutar félagsmanna þurft að vera fylgjandi framboðinu.

Ósk Vilhjálmsdóttir, varaformaður Framtíðarlandsins, telur tvær meginástæður vera fyrir því að félagar Framtíðarlandsins höfnuðu tillögunni um framboð. „Fólk var hrætt um að aðrir stjórnmálaflokkar í stjórnarandstöðu hefðu tapað fylgi ef Framtíðarlandið hefði boðið fram. Hin ástæðan er sú að margir eru á þeirri skoðun að Framtíðarlandið eigi að vera þrýstiafl sem rúmi fólk úr öllum flokkum,“ segir Ósk. Varaformaðurinn telur að á þessu stigi sé útilokað að Framtíðarlandið bjóði einhvern tíma fram í kosningum.



**FRÁ FUNDI FRAMTÍÐARLANDSINS** Hjálmar Sveinsson, Ósk Vilhjálmsdóttir, varaformaður Framtíðarlandsins, Birkir Björnsson formaður og María Ellingsen.

María Ellingsen, sem situr í stjórn Framtíðarlandsins, segir að þó að Framtíðarlandið ætli ekki að bjóða fram undir sínu nafni þá muni það skýrast í þessum mánuði hvort einhverjir meðlimir samtakanna bjóði fram í þingkosningunum í vor. „Það eru háværar raddir um að það þurfi grænt framboð í kosningunum, jafnvel hægri grænt. Allir sem vilja grænt framboð tala nú saman um möguleikann á framboði,“ segir María. - ifv

Félag kúabænda á Suðurlandi:

# Vilja fella niður kjarnfóðurtolla

**LANDBÚNAÐUR** Félag kúabænda á Suðurlandi skorar á Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra að fella nú þegar niður alla tolla á innfluttar kjarnfóðurblöndur. Verð kjarnfóðurs til mjólkurframleiðslu hafi áhrif á verðmyndun afurða og þar með matvælaverð.

Þetta var samþykkt á aðalfundi félagsins sem haldinn var á dögunum. Félagið vill einnig beina því til afurðastöðva í landbúnaði að skoða hvort hagkvæmt sé að byggja sameiginlega dreifingarmiðstöð fyrir landbúnaðarafurðir á höfuðborgarsvæðinu. - sþs

Tilraunastarfsemi í Noregi:

# Nota lýsi sem eldsneyti á bíla

**NOREGUR** Lítið flutningafyrirtæki í Noregi hefur gert tilraunir með að nota lýsi sem eldsneyti á flutningabíla fyrirtækisins. Frá þessu er skýrt á fréttavefjum norsku dagblaðanna Verdens Gang og Telemarksavisa í gær.

Lýsið hefur verið notað á sumrin í stað olíu á um það bil helminginn af fimmtán bifreiðum fyrirtækisins Hannevold Transport, en þetta eru ósköp venjulegir og óbreyttir olíuknúnir bílar. Ekki er hægt að nota lýsið á veturna því það frýs.

Lýsið er umhverfisvænt eldsneyti því ekki gefur það neinn koltvísýring frá sér. Á hinn bóginn leggur sterka fiskilykt af bílum fyrirtækisins. - gb




**Á VETTVANGI** Sjö manns voru myrtir á veitingahúsinu.

Veitingahússmorð í Þýskalandi:

# Tveir grunaðir handteknir

**ÞÝSKALAND, AP Lögregla í Þýskalandi hefur handtekið tvo víetnamska menn, sem grunaðir eru um að hafa framið morð á sjö manns á kínverskum veitingastað í bænum Sittensen suður af Hamborg á sunnudagskvöld.**

**Sex fórnarlambanna, þrjár konur og þrír karlar, fundust látin í blóði sínu, sum bundin og kefluð, um miðnætti á sunnudagskvöld. Sjöundi maðurinn sem hafði einnig verið skotinn fannst með lífsmarki en lést af sárum sínum á sjúkrahúsi skömmu síðar.**

**Kókaín fannst í fórum hinna handteknu.** - aa

# Neita alfarið að afhenda fundargerðir

**Stjórnir Félags fasteignasala og Samtaka fjármálafyrirtækja neita að oinbera fundargerðir. „Hvað er verið að fela?“ spyr formaður Neytendasamtakanna. Samkeppnisyfirvöldum velkomið að skoða okkar gögn, segir Guðjón Rúnarsson.**

**NEYTENDUR** Stjórnir Samtaka fjármálafyrirtækja og Félags fasteignasala hafa formlega neitað að afhenda Fréttablaðinu fundargerðir sínar en þær hafa ekki verið gerðar opinberar.

Blaðamaður óskaði eftir fundargerðunum til þess að fá úr því skorið hvort málefni sem gætu talist til samkeppnismála hefðu komið til umræðu á stjórnarfundum og hvaða málefni það væru sem fjallað væri um á stjórnarfundum.

Í formlegum svörum stjórnanna bera þær því báðar við að þær hafi lagalegan rétt til þess að neita að afhenda gögnin. Engar frekari útskýringar eru færðar fyrir neituninni nema hvað stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja segir ekki „hefð fyrir því að fundargerðir hagsmunasamtaka séu opinber gögn“.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir það öllum til hagsbóta að hafa fundargerðir upp á borðinu, ekki síst hjá samtökum sem fjalla um málefni sem við koma fjölmörgum neytendum líkt og stjórnir Félags fasteignasala og Samtaka fjármálafyrirtækja gera. „Þó samkeppnisyfirvöld geti óskað eftir öllum þeim upplýsingum sem þau þurfa, til þess að skoða hvort samkeppnismálefni hafi komið til umræðu, þá finnst mér eðlilegast og farsælast að hafa þessar upplýsingar upp á borðinu. Hvað er verið að fela?“

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, segir samtökin ekki hafa neitt að fela. „Samkeppnisyfirvöld geta alltaf fengið að skoða okkar gögn ef þau telja rök standa til þess að samkeppnismálefni séu rædd á þessum vettvangi. Þau hafa ekki óskað eftir því að skoða okkar gögn enda er alveg klárt að samkeppnismálefni hafa aldrei komið til umræðu innan stjórnarinnar.“

Í stjórn Félags fasteignasala sitja Björn Þorri Viktorsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Einar Páll Kjærnested og Viðar Böðvarsson.

Í stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja sitja níu menn. Þeir eru Hreiðar Már Sigurðsson, Bjarni Ármannsson, sem jafnframt er stjórnarformaður, Ásgeir Baldurs, Halldór J. Kristjánsson, Guðmundur Hauksson, Helgi Bjarnason, Valgeir Pálsson, Friðrik Jóhannsson og Sævar Helgason. Í varastjórn eru einnig níu, þar af ein kona, Þóra Hallgrímsdóttir.

magnush@frettabladid.is



**MÁLIN RÆDD** Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings og stjórnarmaður í Samtökum fjármálafyrirtækja, og Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri samtakanna, sjást hér ræða málin við gest á ráðstefnu á vegum Samtaka fjármálafyrirtækja fyrir nokkru síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**JÓHANNES GUNNARSSON** Eðlilegt að hafa allt uppi á borði segir Jóhannes. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÍSLENSK FLUGFÉLÖG** FÍB segir samráð flugfélaga meira en var hjá olíufélögunum. MYND/HARI

FÍB ásakar enn flugfélögin:

# Sláandi samráð viðskiptafélaga

**NEYTENDUR FÍB sakar íslensku flugfélögin enn um að hafa samráð um verðlagningu á öllu frá fargjöldum og skattheimtu til veitinga um borð. Þessi þróun sé greinileg frá þeim tíma að nýir meirihlutaeigendur komu að Iceland Express í ársbyrjun 2005. Eigendur Iceland Express og eigendur Icelandair hafi margvísleg viðskipta- og eignatengsl. Samstilltar verðhækkanir félaganna séu sláandi: „Þær hafa enn sterkara yfirbragð samráðs heldur en nokkru sinni í tilfelli olíufélaganna – og er þá mikið sagt,“ segir í nýjasta tölublaði tímarits FÍB sem biðlar til Samkeppniseftirlitsins um að grípa í taumana.** - gar

Þriðja dagblaðið:

# Viðskiptablaðið orðið dagblað

**FJÖLMIÐLAR** Íslensk dagblöð urðu þrjú talsins í gær þegar Viðskiptablaðið kom út í fyrsta skipti sem dagblað. Blaðið kemur hér eftir út frá þriðjudegi til laugardags eða fimm sinnum í viku. Viðskiptablaðið hóf útgáfu sem vikublað fyrir þrettán árum. Starfsmenn Viðskiptablaðsins fögnuðu tímamótunum á Hótel Borg og afhenti Óli Björn Kárason ritstjóri þess Höllu Tómasdóttur, framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, fyrsta eintakið. Halla sagðist fagna framtakinu og þótt henni þætti hugmyndin „dálítið klikkuð“ eins og hún orðaði það, sagðist hún sannfærð um að grundvöllur væri fyrir útgáfunni. - kdk




FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is



Blómaval og Dýraríkið
halda glæsilega sýningu á páfagaukum og ýmsum öðrum fuglategundum í Blómavali Skútuvogi.
Fuglar í ótal stærðum og gerðum
Dýralæknir verður á staðnum til skrafs og ráðagerða.
Milli kl. 13.00-15.00 laugard. og sunnud.
DÝRARÍKIÐ
9-11 febrúar
Fuglasýning
í Blómavali Skútuvogi
Föstud. kl. 16.00 - 20.00
Laugard. og sunnud. kl. 11.00 - 18.00
Ís á 10kr
Gildir í Skútuvogi
Kaffi Garður
Heitt súkkulaði með rjóma og kökusneið
490.kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## „ORÐRÉTT“

*Lög um fæðingarorlofssjóð*

**„Mér hefur verið sagt að ég stýri barneignum hér á landi.“**

MAGNÚS STEFÁNSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA HEFUR MEIRI VÖLD EN MARGIR HALDA.

**Fréttablaðið 8. febrúar.**

*Bensínhákana burt*

**„Það þýðir ekki að segja eins og Bubbi í viðlaginu forðum: „Ekki benda á mig“. Allir verða að leggja sitt af mörkum. Bensínhákana burt!“**

ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR HEFUR ÁHYGGJUR AF LOFTSLAGSBREYTINGUM OG MENGUN.

**Blaðið 8. febrúar.**

*nær og fjær*

**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? EGGERT PÉTURSSON MYNDLISTARMAÐUR

# Margar sýningar í bígerð

„Það er allt gott að frétta hjá mér og nóg að gera,“ segir Eggert Pétursson myndlistarmaður. „Ég er að sýna með Indigo-hópnum í Gerðarsafni en það er síðasta sýningarhelgi þar núna. Svo verður verk eftir mig á sýningu í Stokkhólmi síðar í mánuðinum. Þetta er sýning um blóm í myndlist á National Museet í Stokkhólmi,“ segir Eggert sem er einmitt einna þekktastur fyrir blómamyndir sínar.

„Þessi sýning er haldin vegna 300 ára afmælis Carls Von Linné grasafræðings sem bjó til flokkunarkerfi flórunnar sem við notumst við. Ég ætla að fara á sýninguna sjálfur enda er þetta viðfangsefni sem höfðar til mín. Þarna verða líka verk eftir heimsþekkta listamenn eins og Manet, Monet og Andy Warhol. Þetta er mjög stór sýning og ég verð bara með eitt verk þarna,“ segir Eggert.

„Í september opna ég svo yfirlitssýningu á Kjarvalsstöðum sem er í undirbúningi núna og á sama tíma verð ég með sýningu í galleri i8 þar sem ég sýni ný verk. Ég hef því mikið að gera núna og geri fátt annað en að vinna,“ segir Eggert sem gefur sér þó tíma til að vinna í húsnu sínu. „Það var verið að setja nýtt eldhús hjá mér og baðherbergi en það telst nú varla til stórfrétta,“ segir Eggert.



## PÍTSAN

### EKKI ÍTÖLSK

Ólíkt því sem flestir halda kom pítsan ekki upprunalega frá Ítalíu. Heimildir eru til um einhvers konar pítsu, þ.e. bakað brauð með áleggi, frá Forngrikkjum. Talið er að pítsan hafi borist til Ítalíu á 18. öld og þar náði hún svo sannarlega að festa sig í sessi. Árið 1889 ferðaðist Margherita, drottning Ítala, vítt og breitt um landið og kynntist þar þessu bragðgóða flatbrauði hjá bændum. Henni þótti maturinn ákaflega bragðgóður sem ýmsum þótti hneyklanlegt enda ekki drottningarmatur. Pítsan Margaríta, sem enn í dag er ein vinsælasta pítsuuppskrift veraldar, varð til á þessum tíma, drottningunni til heiðurs.



## SJÓNARHÓLL

ÁKVÖRÐUN FRAMTÍÐARLANDSINS AÐ BJÓÐA EKKI FRAM

# Áhrif á vinstriflokkana



GUNNAR HELGI KRISTINSSON Stjórnmálafræðingur

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur telur að sú ákvörðun Framtíðarlandsins að bjóða ekki fram til Alþingis sé góð fyrir stjórnarandstöðuna, þrátt fyrir að hann telji að Framtíðarlandið hefði ekki fengið mikið fylgi. „Framtíðarlandið hefði tekið mest fylgi af Vg. Þetta er þægilegra fyrir stjórnarandstöðuna. Því minna sem hún þarf að keppa við af minni framboðum þeim mun auðveldara er fyrir hana að safna utan um sig óánægðu fólki sem er gagnrýnið á ríkisstjórnina. En ég held líka að Framtíðarlandið hefði tekið fylgi frá öðrum flokkum, hugsanlega Sjálfstæðisflokknum. Samtökin virðast vera blanda af fólki sem hægrisinnuðu og vinstrisinnuðu fólki. Umhverfismálin eru ekkert sérstaklega hagsmunamál vinstri flokkanna, því það eru líka til hægri grænir.“

# Loksins líf í bögglageymsluna

**Hin svokallaða Bögglageymsla KEA hefur staðið í niðurníðslu í Grófargilinu á Akureyri undanfarin ár. Nú hefur listakokkurinn Friðrik V. fengið inni í húsinu sem verður gert upp og fært í upprunalegt horf.**

Á undanförnum árum hefur annað slagið komið upp sú umræða hvort ekki eigi að blása lífi í gömlu bögglageymsluna sem staðið hefur auð í 36 ár. Húsið er fallegt og ýmsar hugmyndir hafa verið bornar á borð fyrir KEA-menn sem nú hafa tekið ákvörðun um framtíð hússins. Vetingastaðurinn Friðrik V. flytur í húsið og þenur út starfsemi sína.

„Við hjónin höfum horft á þetta hús í nokkur ár og alltaf verið svolítið skotin í því,“ segir kokkurinn Friðrik V. Karlsson sem undanfarin ár hefur rekið veitingastaðinn Friðrik V. Brasserie í litlu húsi við Strandgötuna.

Friðrik og eiginkona hans, Arnrún Magnúsdóttir, hafa lagt áherslu á hráefni af Eyjafjarðarsvæðinu og það verkefni verður þanið út þegar í Bögglageymsluna er komið. „Við ætlum að hnoða utan um starfsemina. Við verðum með aðeins stærri veitingastað en við höfum núna. Í kjallaranum þar sem kjötbúðin var forðum verðum við með sælkeraverslun þar sem fólk getur keypt ýmislegt góðgæti úr héraðinu, fisk, kjöt, osta og mjólkurvörur. Þá verðum við líka með stóra koníaksstofu og rúmgóðan fjölnota sal þar sem hægt verður að halda veislur, fundi, tónleika og aðrar uppákomur.

Áhersla á hráefni úr héraði fer vel saman við sögu hússins sem þjónaði ýmsum hlutverkum fyrir Kaupfélagið á síðustu öld. „Húsið er byggt árið 1907 og verður því 100 ára á þessu ári. Það var byggt sem sláturhús fyrir KEA en síðar var þar einnig kaffibrennsla, kjötbúð, gosdrykkja- og sælgætisgerð auk þess sem Mjólkursamlagið var með starfsemi þar. Það fylgir því viss ábyrgð að fara inn í þetta merkilega hús og viðhalda sögu þess en við erum ákaflega stolt af því að fá það hlutverk,“ segir Friðrik og bætir við að bæjarbúar séu spenntir fyrir verkefninu og hafi verið duglegir að koma með ábendingar. „Einhverjir vilja að við köllum nýja staðinn Sláturhúsið. Mér finnst það ekki alveg við hæfi og ætla að halda mínu nafni enda hefur það fest sig í sessi,“ segir Friðrik sem stefnir á að flytja í Bögglageymsluna í sumar. „Það er ekki komin nein föst dagsetning en við ætlum að reyna að ná sumartraffíkinni. Svo er ég búinn að bóka nokkrar brúðkaupsveislur á nýja staðnum í haust svo það er pressa að klára þetta,“ segir Friðrik.



**FRIÐRIK OG ARNRÚN** Hjónin höfðu lengi haft augastað á bögglageymslunni enda hrifin af gömlum húsum með sál. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



**GAMLA BÖGGLAGEYMSLAN** Húsið verður fært í upprunalegt horf að utan. Arkitektinn Fanney Hauksdóttir sér um að hanna innvolsið ásamt leirlistakonunni Margréti Jónsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS






Bílalest með þyrlu í eftirför ekur um höfuðborgina næsta sunnudag:

# Störf sjálfboðaliða kynnt á 112-daginn

Sjálfboðaliðar Landsbjargar og Rauða krossins kynna starf sitt um allt land á sunnudaginn, en þá er 112-dagurinn haldinn hátíðlegur. Dagurinn er helgaður margvíslegum störfum sjálfboðaliða að forvörnum, leit og björgun, almannavörnum og neyðaraðstoð.

Í fréttatilkynningu frá 112 segir að mörg þúsund sjálfboðaliðar um allt land hafi fengið undirbúning og þjálfun til að gegna ýmsum mikilvægum verkefnum vegna slysa og náttúruhamfara. Þeir sinni leit og björgun og veiti neyðaraðstoð, skyndihjálp og sálrænan stuðning. Starf þeirra verði kynnt á 112-daginn.

Dagskráin á höfuðborgarsvæðinu hefst þegar 112-lestin, bílar lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og fleiri, leggur af stað frá Skógarhlíð 14 og ekur með blikkandi ljósum um höfuðborgarsvæðið. Þyrla Landhelgisgæslunnar fylgir lestinni eftir úr lofti. Lestin fer síðan á bílastæðið við Smárabíó þar sem björgunartæki verða til sýnis fram eftir degi.

Auk þess verður efnt til hátíðardagskrár á Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Húsavík, Akureyri, Vopnafirði, Egilsstöðum, Fáskrúðsfirði, Hornafirði og Selfossi. - sþs




**MERKI 112-DAGSINS** Einnig verður haldið upp á daginn á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og Selfossi auk fleiri staða.



**BJÖRGUNARSVEITIR AÐ STÖRFUM** 112-lestin stöðvar á bílastæðinu fyrir utan Smárabíó þar sem björgunartæki verða til sýnis.


10.–26. maí
Listahátíð
í Reykjavík 2007
KAUPÞING FÆRIR
ÞÉR LISTAHÁTÍÐ
KAUPÞING
Hugsum lengra
ENNEMM / SÍA / NM25835


-og hér kemur
EKKERT BRUÐL
1 lítri trönuberjasafi
198 KR.
Florida
BÓNUS kaffi
500 GRÖMM
500g
198 KR.
Bónuskaffi
Ferskir bitar
Ferskir blandaðir bitar
kílóverð nú:
291 KR.
Merkt verð 530 KR.
45% afsláttur
við kassann
Holta-kjúklingur
Frosin KS lambasvið
kílóverð nú:
299 KR
Merkt verð 399 KR.
310g
198
SALTTÖFLUR PINQUIN
...fyrir góðan dag!
Frosin KS lambasvið
25% afsláttur
við kassann
4 grillborgarar
4 hamborgarabrauð
298 KR.
6 pítubuff og pítusósa
498 KR.
Pitusósa
KJÖTBANKINN
30% afsláttur
við kassann
UNGNAUTAHAKK
kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1398 KR.
Ferskt ungnautahakk 8-12% fita
EKKERT BRUÐL
2 lítrar
98 KR.
KRISTALL/7up FREE
Kristall
Marineruð síld
BÓNUS
600g
198 KR.
Bónussíld
250g
198 KR.
Bónusfeti
Feti
Nýtt og enn betra bragð!
...fyrir góðan dag!
Súpukjöt I. flokkur
LAMBASÚPUKJÖT
I. fl. kílóverð nú:
499 KR.
Bónus býður betur!
BÓNUS



Bónustilboð í 6. viku 2007
Bónusopnan!
1200g pitsutilboð
699 KR.
2+1 FRESCHETTUR
2 teg.
3 FOR 2
1 PIZZA GRATIS FOR FREE
FRESCHETTA
PIZZA ROMA
SALAME
SS hakkbollur og hrísgrjón
499 KR.
í súrsætri sósu (tilboðspakkning)
Uncle Ben's EXPRESS
Long Grain Rice
HAKKBOLLUR
Grísasteik, beinlaus með sósu
30% afsláttur við kassann
ÍSLANDS GRÍS
Íslandsgrís grísasteik kílóverð nú:
1189 KR.
Merkt verð 1698KR.
30% afsláttur
Ferskar Ali svínakótelettur
30% afsláttur við kassann
Ferskar svínakótelettur kílóverð nú:
1101 KR.
Merkt verð 1573KR.
30% afsláttur
Einiberja lambalæri
40% afsláttur við kassann
Einiberjakryddað LÚXUS LAMBALÆRI
Einiberja lambalæri kílóverð nú:
1139 KR.
Merkt verð 1898KR.
40% afsláttur
12 lítrar
899 KR.
6x 2ja lítra kippa
Coca-Cola
Kipputilboð!
6x2 lítrar
Ferskar bringur
Holta-kjúklingur
FERSKAR BRINGUR kílóverð nú:
1599 KR.
Merkt verð 2565KR.
37,5% afsláttur við kassann
www.bonus.is
BÓNUS

## Svona erum við

> Fjöldi tonna af útfluttum söltuðum sjávarafurðum frá 1997 til 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SKATTAR

# *Óvinsæl og umdeild nauðsyn*

Skattamál eru oftar í samfélagsumræðunni en flest annað. Skattar snerta hvert einasta mannsbarn á einn eða annan hátt og skiptar skoðanir eru um framkvæmd þeirra mála.

**Hver fer með framkvæmd skattamála?**
Fjármálaráðherra fer með yfirstjórn skattamála og er landinu skipt í níu skattumdæmi, sem hvert hefur sinn skattstjóra. Skattstjórar annast álagningu opinberra gjalda og þjónustu við skattgreiðendur. Ríkisskattstjóraembættið hefur umsjón og eftirlit með álagningu skatta og gegnir samræmingarhlutverki í skattframkvæmd. Skattrannsóknarstjóri ríkisins annast rannsókn á skattalagabrotum. Yfirskattanefnd kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skatta. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumannsembættin, að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík annast innheimtu opinberra gjalda.



**Hverjir eru algengustu skattarnir?**
Árið 2005 voru skattatekjur ríkissjóðs 335,2 milljarðar króna. Þær tekjur komu frá ýmsum skattstofnum og þar eru virðisauka- og tekjuskattur veigamestir. Árið 2005 runnu í ríkissjóð rúmir 114 milljarðar króna frá innheimtu virðisaukaskatts og tekjuskattur skilaði tæplega 74 milljörðum króna. Vöru- og tryggingagjöld eru mikilvægur gjaldstofn og skiluðu ríkissjóði 71 milljarði króna árið 2005. Ýmis gjöld önnur, eins og bifreiða- og stimpilgjöld, leyfis- og eftirlitsgjöld auk tolla og fjármagnstekjuskatts eru einnig mikilvægir skattstofnar.

**Hverjir telja fram rafrænt?**
Skattlagning á tekjur og eignir fer fram á grundvelli framtals þar sem öll fyrirtæki og allir einstaklingar sem orðnir eru 16 ára gera grein fyrir tekjum sínum og eignum. Nú orðið telja flestir fram á netinu. Árið 2004 töldu 86 prósent allra einstaklinga fram rafrænt, árið 2005 var hlutfallið komið í 88,3 prósent og árið 2006 fór hlutfall þeirra sem telja fram rafrænt í rúm 90 prósent eða yfir 205 þúsund framtöl. Árið 2005 töldu nær allir lögaðilar fram rafrænt.

## SPURT & SVARAÐ
LADDI



**ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON**
Leikari

### *Verð seint vellauðugur*

Vegna mikils áhuga er stöðugt bætt við aukasýningum á afmælissýninguna Laddi 6 tugur í Borgarleikhúsinu þar sem listamaðurinn kemur fram ásamt gestum á borð við Halla bróður, Eggert Þorleifsson og Stein Ármann Magnússon.

**Áttir þú von á þessu?**
Nei, alls ekki.

**Þannig að þetta kom kannski þægilega á óvart?**
Það má segja að þetta hafi komið mjög skemmtilega á óvart?

**Er þetta fjölskyldusýning?**
Þetta er fyrst og fremst fyrir fullorðna og eiginlega ekki við hæfi barna.

**Verður ekki vellauðgur af þessu öllu saman?**
Nei, það held ég að verði seint.

**Hversu lengi verður þú tiltækur í aukasýningar?**
Ég er í sjálfu sér alveg tiltækur en það er meiri spurning hvort húsið er laust.

**Er mikið af nýju gríni?**
Þetta er svona brot af því besta í gegnum tíðina en svo er líka talsvert af nýju efni líka.

SALA VARNARLIÐSEIGNA
ÚTRÝMINGARSALA
ALLT Á AÐ SELJAST


Gestarúm kr. 6.500- stærð 100x192 cm


Sjónvarpsskápur lokaður kr. 9.000-


Rúmgaflar br.153cm kr. 8,000-

SKÁPAR, SÓFABORÐ, SÓFAR, STÓLAR OG FL.

Opið föstudag kl. 13-18 og laugardag 10-16
Innbú ehf. • Smiðjuvellir 3 • 230 Keflavík • s: 421-4490

# Lífrænar heimildir mygla hjá RÚV

**Í áratugi hafa menningarverðmæti sem geymast í safni RÚV verið vanrækt. Einn maður í hálfu starfi hefur unnið að því að bjarga hluta safnsins. Ekkert í lögum hefur sagt til um hvað skyldi gert við þetta efni. Nýr samningur vekur þó vonir um breytta forgangsröðun.**

Á fyrstu árum Ríkisútvarpsins var stór hluti efnis sem var sent út í beinni útsendingu ekki tekinn upp á band. Það efni sem tekið var upp var gjarnan tekið yfir síðar til að endurnýta myndböndin, því RÚV skorti fé. Mikið efni er sagt hafa verið sent á haugana til að spara pláss. Mörg dæmi eru um löngu glatað efni, sem engum dytti í hug annað en setja á safn nú til dags.

Þrátt fyrir þessa forsögu er gríðarmikið efni í safni RÚV sem hefur varðveist, en er lítt aðgengilegt almenningi og fræðimönnum.

**Ónothæfar lakkplötur**
Skal þar fyrst telja lakkplötusafn RÚV. Í því eru allt að 6.000 plötur frá árunum 1935 til sjöunda áratugarins. Ekki er hægt að spila þessar lakkplötur til útsendingar, efni þeirra er viðkvæmt og mjúkt og þolir einungis nokkrar spilanir. Til að þær nýtist þarf því að koma þeim á annað form.



**RÍKISÚTVARPIÐ** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sem dæmi um söguleg verðmæti sem hafa fundist í þessu safni má nefna elstu plötuna, frá árinu 1935. Á þeirri plötu eru brot úr viðtali Vilhjálms Þ. Gíslasonar við Jóhannes Kjarval, sem þá var að kynna sýningu sína í Listamannaskálanum.

Plöturnar geyma annars fjölbreytilegt efni; viðtöl, tónlist, barnatíma, smásögur og fleira. Mikill hluti þessa efnis er illa skráður og á sumum platnanna er ekki vitað hverjir koma fram.

Einnig eru dæmi um tónverk og viðtöl sem eru á einni eða fleiri plötum og vantar því starfskraft sem menntaður er í sagnfræði og sérstaklega í íslenskri tónlistarsögu, bæði til að bera kennsl á verkin og til að koma aðskildum plötum saman.

Aukinheldur þarf að skrásetja innihald platnanna. Á sumar vantar allar upplýsingar, jafnvel dagsetningu.

**Einn í eilífðarmálunum**
Magnús Hjálmarsson útvarpsvirki hefur starfað í tæp 54 ár hjá RÚV. Fyrir tilstuðlan Markúsar Arnar Antonssonar, fyrrverandi útvarpsstjóra, var hann fenginn til starfa í safnadeild RÚV við lakkplöturnar árið 1997. „Það var búið að ræða þetta í mörg ár, en enginn peningur fannst. Markús tók af skarið þarna, þótt peningastaðan hefði ekkert breyst,“ segir Magnús, sem hefur verið í hálfu starfi við þetta síðan. Hann metur starfið framundan sem feiknarmikla vinnu og tímafreka.

Lakkplöturnar eru úr lífrænu efni, unnu úr húðum af nautgripum og sumar þeirra eru farnar að mygla. Þarf því að þvo þær og þrífa með sérstökum efnum. Síðan þarf að taka hljóðið upp á stafrænt form og loks að margyfirfara þá upptöku, hreinsa hana af smellum, brestum, suði og fleira.

Að þeirri vinnu lokinni, segir Magnús, eru hljómgæðin nokkuð góð. Plöturnar séu í misjöfnum gæðum sem slíkar, en langmest af efninu sem þær geyma sé útsendingarhæft.



**MAGNÚS HJÁLMARSSON** Hefur starfað í áratug við að bjarga lakkplötum í RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gamla segulbandasafnið hjá RÚV er betur skrásett. Það geymir upptökur frá því um 1950 og fram yfir 1960. Segulböndin eru farin að skemmast. Magnús kveður sum segulböndin stökk orðin af elli, svo þau hrökkvi í sundur við óvarkára snertingu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins starfar enginn við að koma þessu safni til bjargar.

**Opnum gullkistuna**
Í september síðastliðnum var kynntur samningur menntamálaráðuneytisins við RÚV um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Svo segir í þriðju grein hans:

„RÚV skal gera áætlun um að koma eldra efni, t.d. á plötum, segulböndum og filmum, yfir á aðgengilegt form til geymslu og til framtíðarnotkunar á efninu. Skal RÚV birta þá áætlun eigi síðar en 31. desember 2007.“

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir að áætlunin sé ófrágengin, en stefnt sé á að ljúka henni á næstu tveimur, þremur mánuðum. Hann kallar þetta að „opna gullkistuna“.



**PÁLL MAGNÚSSON ÚTVARPSSTJÓRI**
Segir áætlun til bjargar safni RÚV verða tilbúna innan þriggja mánaða. Framkvæmdin muni taka lengri tíma.

„Það þarf að forða frá skemmdum ómældum menningarverðmætum sem eru þarna inni. [...] Margt af því hrópar á að verða aðgengilegt,“ segir Páll og tekur sem dæmi upplestur Halldórs Laxness á eigin verkum. „Þessu ætti fólk að geta hlaðið inn á iPodana sína.“

Það er ljóst að mikið starf er fyrir höndum, en verðmætamat hefur breyst mikið frá því gamlar upptökur RÚV voru flokkaðar undir óþarfa og jafnvel fargað. Á næstu árum kann svo að fara að menningarverðmætum RÚV verði loksins sýndur sómi.

### LAGARAMMINN

**Úr lögum um skylduskil til safna:**
10. gr. Útvarpsefni.
Útsendar dagskrár Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps – skal afhenda í einu eintaki. [...]
Kvikmyndasafn Íslands skal varðveita dagskrár samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

**Úr lögum um Ríkisútvarpið ohf.**
**(Um hlutverk og skyldur):**
Úr 3. gr. Að varðveita til frambúðar frumflutt efni, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.
4. gr. Önnur starfsemi.
Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

# Nýjar vörur

## Úrval af nýjum sófasettum á frábæru verði

### Öll sófasett fást með vaxtalausum greiðslum

*Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri*

ÞÚ SPARAR 60.000kr

TILBOÐ 169.900kr

Listaverð 229.900,-



**Leðursófasett** 2323

TILBOÐ 93.600kr
Listaverð 124.900,-
ÞÚ SPARAR 31.300kr



ÞÚ SPARAR 15.700kr
TILBOÐ 47.200kr
Listaverð 62.900,-



TILBOÐ 111.800kr
Listaverð 149.000,-
ÞÚ SPARAR 37.200kr



ÞÚ SPARAR 21.200kr
TILBOÐ 63.700kr
Listaverð 84.900,-



ÞÚ SPARAR 21.200kr
TILBOÐ 63.700kr
Listaverð 84.900,-



**Hægindasófi** 2213 **Hægindastóll** 2213 **Hægindasófi** 2322 **Hægindastóll** 2322 **Hægindastóll** 2324

ÞÚ SPARAR 67.400kr
TILBOÐ 202.500kr
Listaverð 269.900,-



Hægindasófi
- fæst með 2 eða 4 hallandi stólum
- fáanlegur með leður eða tau áklæði

ÞÚ SPARAR 34.900kr
TILBOÐ 105.000kr
Listaverð 139.900,-



**Leður hægindasófi** 2322 (með 4 hallandi stólum) **Leðursófasett** m/tungu 2213T



Gott verð 3.990kr

**40% AFSLÁTTUR AF IMPERIAL RÚMUM**

| Rúmstærð | Verð nú | Verð áður | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|
| 120X200 | 49.600kr | ~~82.680kr~~ | 33.080kr |
| 150X200 | 58.900kr | ~~98.280kr~~ | 39.380kr |
| 180X200 | 71.900kr | ~~119.880kr~~ | 47.980kr |

AFSLÁTTUR 40%



**Púðar** **Imperial rúm**

Gildir til 15. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.172 **+1,02%** **Fjöldi viðskipta:** 692 **Velta:** 13.647 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Exista** | +6,28% | **Teymi** | -1,66% |
| **Glitnir** | +2,76% | **Eimskipafélagið** | -0,97% |
| **Kaupþing** | +1,36% | **Flaga** | -0,83% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,08 -0,73% ... Actavis 69,90 +0,00% ... Alfesca 4,85 +0,41% ... Atlantic Petroleum 590,00 +0,00% ... Atorka 6,55 -0,76% ... Bakkavör 65,70 +0,00% ... Eimskipafélagið 30,50 -0,97% ... FL Group 29,90 +1,01% ... Glitnir 26,10 +2,76% ... Kaupþing 969,00 +1,36% ... Landsbankinn 31,10 +0,97% ... Marel 73,50 -0,14% ... Mosaic Fashions 14,40 +0,35% ... Straumur-Burðarás 19,10 -0,52% ... Össur 108,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Hvað vill Sampo?**
Björn Wahlroos, forstjóri Sampo Group, hefur sagt að Sampo muni gera sig gildandi við þá samþjöppun sem spáð er að verði á norrænum fjármálamarkaði eins og annars staðar í Evrópu. Exista er nú orðinn stærsti hluthafinn í Sampo eins og kemur fram annars staðar á síðunni. Björn hefur lýst því yfir að félagið hafi áhuga á að eignast fimmtungshlut sænska ríkisins í Noreda, stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, sem kann að verða seldur þegar á þessu ári. Sampo er nú þegar meðal tíu stærstu hluthafa í Noreda eftir umtalsverð kaup fyrir áramótin.



Liður í því að styrkja Sampo Group undir landvinninga var að selja bankahluta samsteypunnar í Finnlandi til Danske Bank fyrir hátt yfirverð, um 350 milljarða króna.
Björn er ekki einvörðungu áhrifamikill forstjóri því hann er einnig meðal stærstu eigenda í Sampo.

**Wallenberg áhugasamur**
Fleiri en Sampo horfa girndaraugum til hlutar sænska ríkisins í Nordea. Þannig hefur Jakob Wallenberg, stjórnarformaður Investor, fjárfestingararms Wallenberg-fjölskyldunnar, lýst yfir áhuga á að kaupa hlutinn. Investor er stærsti hluthafinn í Skandinaviska Enskilda Banken (SEB) og horfir til þess að sameina Nordea og SEB og bregðast þannig við útþenslustefnu Danske Bank á Norðurlöndunum.

Stjórnendur Nordea hafa lýst yfir áhuga sínum að sameinast samkeppnisaðilanum í SEB.

**Leiðrétting** Nafnaruglingur átti sér stað í Peningaskáp gærdagsins og er beðist velvirðingar á því. Katrín í Lýsi er að sjálfsögðu Pétursdóttir. Katrín Andrésdóttir er héraðsdýralæknir á Selfossi.

## MARKAÐSPUNKTAR

Evrópski seðlabankinn ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 3,5 prósentum. Greinendur segjast hafa greint af orðfæri Jean-Claude Trichet, bankastjóra, sem sagði að bankinn myndi fylgjast grannt með verðbólguþróun á evrusvæðinu, að von sé á hækkun í næsta mánuði.

Englandsbanki ákvað sömuleiðis að halda stýrivöxtum óbreyttum í gær en það er í samræmi við spár greinenda. Stýrivextirnir standa í 5,25 prósentum. Verðbólga mælist 3 prósent í Bretlandi og hefur hún ekki verið hærri í 11 ár.

Vöruskipti í Þýskalandi voru jákvæð um 893,6 milljarða evra, jafnvirði rúmlega 79.200 milljarða króna, í fyrra. Mestu munar um 14 prósenta aukningu í útflutningi á árinu.

# Versni horfur hækka vextir

Seðlabankinn víkur sér ekki undan því að hækka stýrivexti enn frekar versni verðbólguhorfur, að sögn Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra. Bankastjórnin kynnti í gær ákvörðun sína um að stýrivextir skuli vera óbreyttir í 14,25 prósentum enn um sinn.

„Verðbólga hefur hjaðnað og verðbólguhorfur til skamms tíma batnað og eru nú betri en gert var ráð fyrir í síðustu spá bankans. Verðbólga er þó enn sem fyrr langt yfir verðbólgumarkmiði bankans," segir Davíð og telur núverandi vexti kunna að duga til þess að verðbólgumarkmiði verði náð á ásættanlegum tíma.

Davíð segir enga ákvörðun hafa verið tekna um hversu hratt stýrivextir verði lækkaðir þegar efnahagslegar forsendur heimili slíkar aðgerðir. „Bankinn hefur ekki tekið neina ákvörðun um að vaxtalækkunarferill sé hafinn heldur horfir til þess að enn er víða undirliggjandi þrýstingur og ójafnvægi í þjóðarbúskapnum," segir hann. Helst er horft til þess að gríðarlegur viðskiptahalli feli í sér að stöðugleiki krónunnar sé háður vilja alþjóðlegra fjárfesta og lánardrottna til að fjármagna hann. „Reynslan sýnir að jafnvel hófleg- ar breytingar á alþjóðlegum fjármálaskilyrðum geta valdið verulegum sveiflum á gengi gjaldmiðla.



**BANKASTJÓRN SEÐLABANKANS** Við mat á verðbólguhorfum horfir Seðlabankinn fram hjá áhrifum lækkunar virðisaukaskatts í mars sem ekki draga úr undirliggjandi verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leiddu slíkar breytingar til lækkunar á gengi krónunnar myndu verðbólguhorfur versna á ný."

Þá telur Davíð ekki hægt að leggja mál upp með þeim hætti að bankinn óttist að fara inn í næstu uppsveiflu með hátt stýrivaxtastig. „Bankinn vill auðvitað gjarnan hafa náð markmiðum sínum þegar og ef til nýrrar uppsveiflu kemur," segir hann, en bendir á að fyrst og fremst sé bankinn að fást við horfurnar eins og þær blasi við nú. Þannig er til dæmis ekki tekið tillit til stækkunar álversins í Straumsvík, enda eiga Hafnfirðingar enn eftir að kjósa um hana. „Það gæti hins vegar verið hagfellt fyrir efnahagslífið okkar að næsta uppsveifla kæmi á hóflegum hraða," segir Davíð.

Seðlabankinn birtir næstu ákvörðun um stýrivexti 29. mars, samhliða birtingu þjóðhags- og verðbólguspár í Peningamálum, efnahagsriti bankans. - óká





Aðalfundur Össurar hf. verður haldinn á Grand Hótel við Sigtún, Reykjavík, föstudaginn 23. febrúar 2007 og hefst hann kl. 8:30.

Á DAGSKRÁ FUNDARINS VERÐA:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.02 í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild til stjórnar til að auka hlutafé félagsins um allt að 200.000.000 hluti, án forgangsréttar hlutahafa.
3. Tillaga um að heimila stjórn að kaupa eigin bréf félagsins.
4. Tillaga að starfskjarastefnu skv. 79.gr.a. hlutafélagalaga.
5. Önnur mál.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda, mun vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Grjóthálsi 5, Reykjavík, viku fyrir aðalfund. Reikningar og önnur gögn verða einnig birt á heimasíðu félagsins sem er www.ossur.com.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 8:15. Hluthafar eru hvattir til að mæta tímanlega til að taka við fundargögnum. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:30.

Reykjavík 9. febrúar 2007
Stjórn Össurar hf.

ÖSSUR
*Við hjálpum fólki að njóta sín til fulls*

TUNGLIÐ


# Exista stærst í Sampo Group

### Exista fjárfestir í Sampo, stærsta tryggingafélagi Norðurlanda, fyrir 170 milljarða króna. Þetta eru stærstu kaup íslenskra fyrirtækja erlendis. Robert Tchenguiz tekur sæti í stjórn Existu í vor.

Fjármálaþjónustufyrirtækið Exista er orðið stærsti hluthafinn í Sampo Group, stærsta fjármálafyrirtæki Finnlands og stærsta tryggingafélagi Norðurlanda. Virði 15,48 prósenta hlutar er metið á tæpa 170 milljarða króna (1,9 milljarðar evra). Þetta eru stærstu kaup Íslendinga á erlendum vettvangi. Fyrir kaupin átti finnska ríkið stærstan hlut í Sampo, alls 13,6 prósent.

Ætla má að gengishagnaður Existu sé þegar orðinn um níu milljarðar króna, miðað við lokagengi Sampo í Kauphöllinni í Helsinki í gær. Exista hækkaði um 6,3 prósent í viðskiptum gærdagsins og jókst markaðsvirði félagsins um 17,3 milljarða króna.

Að sögn Lýðs Guðmundssonar, stjórnarformanns félagsins, hefur engin ákvörðun verið tekin um frekari kaup í Sampo.

„Við sjáum þessa eign sem langtímaeign. Sampo er fyrirtæki sem er alveg eins og Exista, það selur tryggingar og fjárfestir." Sampo Group er með 360 milljarða króna í árleg iðgjöld af vátrygginga- og líftryggingastarfsemi. Sampo stendur annars vegar af IF, stærsta vátryggingafélagi á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, og Sampo Life sem starfar á sviði líftrygginga og lífeyrissparnaðar. Þá á félagið 1.800 milljarða króna í fjárfestingaeignum.

Exista keypti 9,5 prósent af Exafin BV, dótturfélagi í óbeinni eigu Tchenguiz Family Trust. Fer bresk/íranski kaupsýslumaðurinn Robert Tchenguiz fyrir félögunum en hann hefur verið í miklum viðskiptum við Kaupþing á síðustu misserum.



**STJÓRNENDUR EXISTU** Kaupin í Sampo eru hugsuð sem langtímafjárfesting. Sampo fellur vel að kjarnastarfsemi félagsins, á sviði trygginga og fjárfestinga.

Exista fjármagnar kaupin með lánsfé, reiðufé, eigin hlutabréfum og útgáfu nýs hlutafjár. Tchenguiz Family Trust eignast þannig tæplega fimm prósenta hlut í Existu gangi kaupin eftir, sem eru háð blessun fjármálayfirvalda í Finnlandi og á Íslandi. Robert Tchenguiz tekur sæti í stjórn Existu í vor.

Lýður Guðmundsson stjórnarformaður fagnar aðkomu Tchenguiz að félaginu, enda sé þarna um reyndan fjármálamann að ræða. „Mikil og verðmæt þekking færist inn í stjórn félagsins," segir Lýður.

Fyrir kaupin áttu dótturfélög Existu 4,3 prósent í Sampo og þá keypti félagið 1,6 prósent til viðbótar.

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar verður um fjörutíu prósent eftir kaupin en við árslok nam eiginfjárhlutfall 46 prósentum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Exista verið að hlaða byssurnar að undanförnu með lántökum og öflun nýrra lánalína. eggert@frettabladid.is

# Langt umfram spár

### Exista leysir upp 4,5 milljarða skattaskuldbindingu og tekjufærir hana.

Exista hagnaðist um 37,4 milljarða króna á síðasta ári og dróst hagnaður félagsins saman um rúman fjórðung milli ára. Á síðasta ársfjórðungi skilaði félagið 13,1 milljarði króna í hagnað sem var meira en tvöfalt betri niðurstaða en greiningardeildir Glitnis og Landsbankans höfðu reiknað með.

Fjárfestingastarfsemi Exista skilaði 23,5 milljörðum króna í hagnað á árinu en rekstrarstarfsemin 13,9 milljörðum. Arðsemi eigin fjár var rúm 27 prósent á síðasta ári.

Síðasta ár var viðburðaríkt en félagið var skráð á markað og óx gríðarlega með kaupum á VÍS eignarhaldsfélagi.

Í árslok voru eignir félagsins 416 milljarðar króna og höfðu vaxið um 157 prósent á árinu. Eignarhlutur félagsins í Kaupþingi, Bakkavör og Flögu stóð í 195,4 milljörðum í árslok. Eigið fé var 179 milljarðar sem var 87 prósenta aukning. Eiginfjárhlutfall var því um 43 prósent í lok árs.

Exista hefur óskað eftir leyfi til ársreikningaskrár að gera reikninga félagsins upp í evrum. Þá ætlar stjórn félagsins að óska eftir heimild til aðalfundar að sækja um skráningu á hlutabréfum félagsins í evrum. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um nýtingu heimildar verði hún veitt.

Að sögn stjórnenda Exista er útlitið bjart fyrir þetta ár. Félagið hefur ákveðið að bakfæra skattskuldbindingu upp á tæpa 4,5 milljarða króna og tekjufæra hana á fyrsta ársfjórðungi. - eþa


SÉR-
TILBOÐ!
ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!
Verð frá
32.900
ÖRYGGISGLER
Verð frá
23.900
Verð kr
44.900
hvítt háglans
Verð kr
38.900
hvítt háglans
INNBYGGÐ WC
Innifalið í verði: Innbyggður WC kassi, WC skál með setu, sturtuspjald, affallsrör (beint eða bogið), barki fyrir vatnsinntak og festingar að ofan og neðan
STURTUHORN í boga
Stærðir: 75 x 75 sm
80 x 80 sm
90 x 90 sm
BAÐINNRÉTTING 75 sm
Innifalið í verði: Handlaug, undirskápar, spegill, ljóskappi með ljósi, efriskápar og sökkulfætur.
BAÐINNRÉTTING 55 sm
Innifalið í verði: Handlaug, undirskápar, spegill, ljóskappi með ljósi, efri skápur og sökkull.
A002
A-001
A-105
A-163
A-155
B-C06
B14
SCC 004
30 x 30 sm
CAESAR
CINDYS
Verð frá
10.900
HANDLAUGAR
SCC-002 32 x 32 sm
SCC-003 26,5 x 26,5 sm
SCC-001 32 x 28,5 sm
TINA 40 sm
Mikið úrval blöndunartækja og innréttinga
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Drjúg velmegun gefur flokkunum kost á að setja umhverfismálin í forgang.

## Keppt um konur

JÓN KALDAL SKRIFAR

Stóraukin meðvitund þjóðarinnar um umhverfismál er ánægjuleg þróun. Sérstaklega þegar haft er í huga að ástæða þess að Ísland er enn tiltölulega óspillt og ómengað liggur fremur í fámenni þjóðarinnar og stærð landsins en því að landsmenn hafi umgengist náttúruna af virðingu og snyrtimennsku hingað til.

Öllum vísbendingum um breytt hugarfar ber því að fagna; það er aldrei of seint að bæta ráð sitt.

Hitt er ekki síður fagnaðarefni að við Íslendingar skulum yfirhöfuð vera í þeirri aðstöðu að geta látið okkur annt um umhverfið. Án þess að á nokkurn hátt sé gert lítið úr mikilvægi umhverfismála, þá leikur enginn sérstakur vafi á því að önnur mál en náttúruvernd væru nú á oddinum á Íslandi ef Íslendingar byggju ekki við drjúga velmegun; hugsanlega þá mestu í sögu þjóðarinnar.

Líkur hafa áður verið leiddar að því á þessum vettvangi að úrslit kosninganna í vor muni að stórum hluta velta á því hvernig stjórnmálaflokkunum tekst að setja fram stefnumál sín við þessar góðu efnahaglegu aðstæður, þegar kjósendur eru tilbúnari en ella að fylkja sér um mál á borð við umhverfisvernd. Af skoðanakönnunum að dæma njóta vinstri-græn einmitt um þessar mundir áherslu flokksins í þeim efnum.

Uppskerutíminn er þó ekki fyrr en í vor og margt getur breyst á þeim mánuðum sem eru fram undan. Nýjustu skoðanakannanir sýna að margir kjósendur eru enn óákveðnir, Sérstaklega virðast fjölmargar konur óvissar um hvernig þær ætla að ráðstafa atkvæði sínu. Þar eru því augsýnilega sóknarfærin fyrir flokkana.

Samfylkingin þykist örugglega eiga stóran hlut í óákveðna kvennahópnum því ef eitthvað er að marka söguna halla konur sér frekar til vinstri og að flokkum þar sem kynsystur þeirra eru áberandi í forystuhlutverkum.

Sú niðursveifla sem má sjá í skoðanakönnunum á fylgi Samfylkingarinnar meðal kvenna hefur ekki verið útskýrð. Ef til vill spilar þar inn í óvenju afdráttarlausar yfirlýsingar formannsins um evru og aðild að Evrópusambandinu. Sama hvort þær hugmyndir þykja raunhæfar eða ekki, þá hljómar það örugglega undarlega í röðum ýmissa jafnaðarmanna af báðum kynjum að fyrir utan Samfylkinguna hefur Evrópuumræðan verið hvað háværust meðal helstu kapítalista landsins, innan atvinnulífsins og stórfyrirtækjanna.

Hitt er svo ekki ólíklegri skýring að þar sem konur eru búnar eðlismeiri varkárni og ígrundun en karlar eru þær síður tilbúnar til að lýsa yfir stuðningi við ákveðin framboð í könnunum, sérstaklega þar sem enn er ekki ljóst hvaða valkostir munu liggja fyrir í vor.

Í fyrrakvöld var einn möguleikinn strikaður út þegar Framtíðarlandið ákvað að bjóða ekki fram í eigin nafni og gaf þar með umhverfissinnum í öllum flokkum aukið svigrúm til að sýna hvað í þeim býr. Hvernig þar tekst til mun örugglega skipta máli þegar talið verður upp úr kössunum í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þriggja manna maki

Endalausar vangaveltur hafa verið um það undanfarna daga í hvaða flokk Kristinn H. Gunnarsson ætli að skipa sér eftir að hafa sagt skilið við Framsóknarflokkinn. Í gær sagði hann í yfirlýsingu að hann ætlaði að ganga til liðs við Frjálslynda flokkinn og ræða við forystumenn þar. Kristinn er ekki óreyndur í pólitík. Árin 1991 til 2003 var hann þingmaður Alþýðubandalagsins, síðar sat hann á þingi utan flokka þangað til hann gekk í Framsóknarflokkinn. Þar hefur hann haldið til þangað til nú, þegar hann sest við hlið þingmanna Frjálslynda flokksins.



### Kvennablogg

„Það hefur sýnt sig að frjósemi þjóða eykst við betri fæðingarorlofslöggjöf. Góðar fréttir fyrir þjóð sem telur litlar 300.000 hræður. Við þurfum sannarlega að fjölga í landsliðinu,“ skrifar Rósa Þórðardóttir á nýtt kvennablogg, truno.blog.is. „Á kostnað annarra,“ var það eina sem vantaði. Á Trúnó skrifa fjölmargar vinstri sinnaðar konur og má líta á vefinn sem andsvar við tikin.is þar sem frekar hægri sinnaðar konur skrifa. Greinileg mikil gróska í pólitískum skrifum kvenna.

### Leyndótilboð

„Borgarráðsfulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fagna því metnaðarfulla tilboði sem borgarráð hefur nú samþykkt,“ segir í bókun sem fulltrúar þessara flokka lögðu fram í borgarráði í gær. Tilefnið var sala á Fríkirkjuvegi 11 til Björgólfs Thors Björgólfssonar. Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, er ánægður með þessa afgreiðslu. En eiga borgarbúar að vera ánægðir? Hvernig veit almenningur að þetta var metnaðarfyllsta tilboðið? Hin tilboðin eru leyndó! Sala eigna hins opinbera á að vera gagnsæ, eins og tíðkast nú hjá ríkisvaldinu. Annað elur á tortryggni.



bjorgvin@frettabladid.is

# Ginningarfífl



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Ójöfnuður

Prófessorarnir Þorvaldur Gylfason og Stefán Ólafsson hafa klifað á því síðustu mánuði, að ójöfnuður hafi hér stóraukist. Stjórnarandstæðingar hafa tekið hressilega undir með þeim. Til marks um aukinn ójöfnuð nefna þeir Þorvaldur og Stefán svonefndan Gini-stuðul, sem er mælikvarði á tekjuskiptingu. Þar sem tekjuskiptingin er jöfn, er stuðullinn 0, en þar sem hún er eins ójöfn og framast má verða (einn maður hefur allar tekjurnar), er stuðullinn 1.

Hinn 10. ágúst 2006 birti Þorvaldur Gylfason grein í Fréttablaðinu undir fyrirsögninni „Hernaður gegn jöfnuði“. Þar kvað hann ríkisskattstjóraembættið hafa reiknað út fyrir sig Gini-stuðla fyrir Ísland tólf ár aftur í tímann. (Það er aukaatriði, að enginn hjá embættinu kannast við að hafa gert þetta.) Samkvæmt tölum Þorvalds var Gini-stuðull fyrir Ísland árið 2005 0,36 og hafði hækkað árlega að meðaltali um rösk 0,1 stig. Þorvaldur kvað sögulegt, að tekjuskiptingin á Íslandi væri orðin eins ójöfn og í Bretlandi.

Hinn 31. ágúst 2006 birti Stefán Ólafsson grein í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni „Aukning ójafnaðar á Íslandi“. Þar gerði hann tölur Þorvalds að sínum, enda væru þær, sagði Stefán, í góðu samræmi við lífskjarakönnun, sem Evrópusambandið vinnur að í samstarfi við hagstofur aðildarríkjanna auk Sviss, Noregs og Íslands. Stefán birti með greininni línurit um, að Gini-stuðullinn fyrir Ísland hefði farið úr 0,25 árið 1995 í 0,35 árið 2004. Þetta væri miklu ójafnari tekjuskipting en annars staðar á Norðurlöndum.

Stefán bætti um betur í viðtali við Fréttablaðið 30. október 2006. Þar sagði hann, að ójöfnuður hefði aukist hraðar á Íslandi síðustu tíu árin en í Chile á valdadögum herforingjastjórnar Pinochets. Þessi ummæli þóttu sæta slíkum tíðindum, að Fréttastofa útvarpsins birti sama dag sérstaka frétt um þau. Greinarnar og viðtölin má sjá á heimasíðum Þorvalds, Stefáns, Fréttablaðsins og Morgunblaðsins á Netinu.

Ég benti á það opinberlega fyrir skömmu, að þeir Þorvaldur og Stefán hafa rangt fyrir sér. Ástæðan er einföld. Í tölum þeim um Gini-stuðla, sem þeir notuðu fyrir Ísland, var söluhagnaður af hlutabréfum tekinn með. Hann veldur mestu um, hversu ójöfn tekjuskiptingin mælist á Íslandi, því að hann skiptist fremur ójafnt. Í tölum þeim um Gini-stuðla, sem Þorvaldur og Stefán notuðu fyrir önnur lönd, er söluhagnaður af hlutabréfum hins vegar ekki tekinn með, enda er það ekki venja, þar eð þetta eru óreglulegar fjármagnstekjur.

*Þorvaldur og Stefán hafa rangt fyrir sér. Ástæðan er einföld. Í tölum þeim um Gini-stuðla, sem þeir notuðu fyrir Ísland, var söluhagnaður af hlutabréfum tekinn með*

Hvorki Þorvaldur né Stefán hafa leiðrétt tölur sínar opinberlega, en Stefán lætur þessa atriðis stuttlega getið í nýlegri ritgerð í vefriti Stofnunar stjórnsýslu og stjórnmála. Um eitt hundrað manns lesa það rit, þúsund sinnum færri en sáu ummæli Stefáns í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu.

Nú er nýkomin út skýrsla Hagstofu Íslands, Lágtekjumörk og tekjudreifing 2003-2004. Þar er stuðst við þá lífskjarakönnun Evrópusambandsins, sem Stefán vitnaði í. Margt kemur þar merkilegt fram. Árið 2004 reyndist fátækt (samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins) til dæmis vera einna minnst á Íslandi af öllum Evrópulöndum. Hún var aðeins minni í einu landi, Svíþjóð, en meiri í 28 löndum, þar á meðal Noregi, Danmörku og Finnlandi.

Ekki var síður athyglisvert, að tekjuskipting á Íslandi var samkvæmt skýrslunni jafnari en í langflestum öðrum löndum Evrópu. Gini-stuðull árið 2004 fyrir Ísland var 0,25. Hann var aðeins lægri í þremur löndum, Slóveníu, Svíþjóð og Danmörku, og munar þó litlu. Gini-stuðull var hærri (tekjuskipting ójafnari) í 28 löndum. Hann var 0,26 fyrir Finnland og 0,28 fyrir Noreg.

Þessar tölur eru reiknaðar út eins í öllum Evrópulöndum, án söluhagnaðar af hlutabréfum. Þær sýna, að ójafnaðartal þeirra Þorvalds og Stefáns var út í bláinn. Tölur þeirra um Gini-stuðla fyrir Ísland voru rangar eða að minnsta kosti ósambærilegar við tölur frá öðrum löndum. Stjórnarandstæðingar urðu ginningarfífl þeirra.

# Athugasemd saksóknara

UMRÆÐAN

Baugsmálið



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

Hreinn Loftsson hrl., stjórnarformaður Baugs Group, sendi f.h. félagsins yfirlýsingu til fjölmiðla 7. febrúar sl. Að því tilefni vill Ríkislögreglustjórinn taka eftirfarandi fram.

Umræða í fjölmiðlum síðustu daga hófst að frumkvæði fréttamanna sem fengið höfðu afhent afrit af bréfaskriftum milli embætta Ríkislögreglustjórans og Skattrannsóknarstjóra ríkisins. Þessi gögn voru ekki afhent af embættinu, sem hafði hafnað beiðni um slíkt. Líklegt er að annar tveggja af 9 mönnum sem getið hefur verið í umræðunni og höfðu fengið umrædd gögn afhent hjá Skattrannsóknarstjóra, á grundvelli stjórnsýslulaga, hafi afhent gögnin. Vegna þeirrar fjölmiðlaumræðu sem hófst mánudaginn 5. febrúar sl. sá embættið sig tilknúið að senda frá sér fréttatilkynningu 6. febrúar sl.

Hreinn fullyrðir að enn á ný hafi Ríkislögreglustjórinn lekið upplýsingum til fjölmiðla, það er þó ekki með nokkrum hætti rökstutt með hvaða hætti það á að hafa gerst eða hvaða upplýsingar það eru. Verður ekki séð að Hreinn sé að vísa til fréttatilkynningar embættisins enda verður hún vart flokkuð sem leki heldur bein upplýsingagjöf til almennings. Ríkislögreglustjórinn getur ekki tekið ábyrgð á umfjöllun fjölmiðla um einstök mál né stjórnað umfjöllun þeirra um gögn sem þeir hafa fengið í hendur.

Ríkislögreglustjórinn hefur engan hag af, né vilja til, að koma höggi á nokkurn starfsmann Baugs Group hvorki fyrrverandi né núverandi. Nöfn einstaklinga hafa fréttamenn tekið upp úr gögnum sem þeir hafa undir höndum en ekki fréttatilkynningu embættisins frá 6. febrúar.

Í yfirlýsingu sinni vísar Hreinn til umfjöllunar í fréttum RÚV og að fjárhæðir séu þar slitnar úr samhengi. Ríkislögreglustjórinn veitti fréttamönnum RÚV þær upplýsingar sem fram koma í fréttatilkynningunni frá 6. febrúar, aðrar ekki.

Í yfirlýsingu sinni segir Hreinn Loftsson að svo virðist sem „tilgangur nýjasta lekans“ sé að hafa áhrif á aðalmeðferð í eftirstöðvum Baugsmálsins sem er að hefjast, án þess að rökstyðja það frekar. Óljóst er hvaða áhrif þetta á að hafa í umræddu máli. Ríkislögreglustjórinn vill árétta að sú umræða sem farið hefur fram í fjölmiðlum og var tilefni yfirlýsingar Hreins hófst án þess að Ríkislögreglustjórinn gæti þar nokkru um ráðið hvort og hvenær hún fór fram. Ríkissaksóknari hefur rannsakað slíkar ávirðingar áður og komist að þeirri niðurstöðu að enginn fótur væri fyrir slíkum áburði.

*Höfundur er saksóknari efnahagsbrota.*



MAX
LágMAX verð
Nýr DVD diskur
THE WILD
1.949 kr.
KILL BILL VOL.2
KILL BILL
PULP FICTION
Úrval DVD diska á aðeins
899 kr.
EDDIE MURPHY
DADDY DAY CARE
THE CABLE GUY
Bubbi Byggir
UNFORGIVEN
TOM CRUISE
LAST SAMURAI
Goodfellas
AVIATOR
STAR WARS
Úrval CD diska á aðeins
799 kr.
BUBBI
Bláir
BUBBI
Kona
STUÐMENN
CORTES
GUNS N' ROSES
H.C. ANDERSEN
BUBBI 06.06.06
LÍNA LANGSOKKUR
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
MAX
RAFTÆKI
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Áttu von á gestum?





GALLERÍ KJÖT

Í NAUTI ERUM VIÐ BESTIR

GRENSÁSVEGI 48 • SÍMI 553 1600

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# *Friðargæslan er fólkið sem í henni starfar*

**UMRÆÐAN**
Friðargæsla



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Verkefni íslensku friðargæslunnar hafa í gegn um árin spannað breitt svið. Friðargæsluliðar hafa starfað við að tryggja flugsamgöngur, vinna að jafnréttismálum, vopnahléseftirliti, skipulagi matvælaflutninga og ýmis önnur störf.

Við höfum aukið þátttöku okkar á undanförnum árum og fjölgað friðargæsluliðum við störf. Með því höfum við tekið að okkur aukna ábyrgð á alþjóðavettvangi og reynt að velja verkefni og samstarfsaðila þannig að við gætum sem best nýtt þann hóp fólks sem tilbúið er til að fara til slíkra starfa.

**Aðstoð við uppbygginguna**

Það er vaxandi krafa frá alþjóðasamfélaginu að friður verði að haldast í hendur við endurreisn og uppbyggingu. Hún þurfi að vera sýnileg og skila sér til heimamanna, annars sé hættan sú að átök brjótist út að nýju innan fárra ára. Krafan um uppbyggingar- og endurreisnarstarf hefur verið í brennidepli á þeim ráðherrafundum sem ég hef sótt undanfarið, nú síðast með ráðherrum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í síðustu viku, þar sem málefni Afganistan og Kosovo voru fundarefnið. Þörfin er brýn fyrir uppbyggingarstarf í Afganistan, um það er alþjóðasamfélagið sammála. Stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankinn og ýmis hjálparsamtök vinna að þessu markmiði og eiga ágætt samstarf við sveitir alþjóðaliðsins í Afganistan. Ísland tekur þátt í því endurreisnarstarfi og mun leggja uppbyggingunni lið bæði með mannskap og fjármagni. Við getum lagt til ýmislegt sem aðrar þjóðir sinna síður með sínum herdeildum, svo sem sérfræðinga í uppbyggingar- og endurreisnarstarfi sem geta starfað bæði með stjórnsýslu, stutt við innri skipulagsmál, löggæslu, heilsugæslu og menntageirann. Til að styðja starf slíkra sérfræðinga ætlum við líka að beina fjármunum til uppbyggingarstarfsins. Þannig getum við haft beina umsjón og eftirlit með því að fjármagnið nýtist í uppbyggingunni og stöðvist ekki á leiðinni í flóknum kerfum.

Íslenskir friðargæsluliðar eru nú um þriðjungur eftirlitsmanna á Sri Lanka. Þó ástand hafi þar farið versnandi er enn von um að takist að halda friðinn og vopnahléseftirlitið er eina færa leiðin til að tryggja það. Ný verkefni bíða friðargæslunnar líka, samstarf með UNICEF og aukið samstarf með UNIFEM, auk þess sem þátttaka í uppbyggingarverkefnum á Balkanskaga, t.d. lögregluþjálfun, hefur verið mikilvægur þáttur í gegn um tíðina og áframhald verður þar á. Sprengjuhreinsun í Líbanon er tímabundið verkefni sem nú er í gangi og ég vonast til þess að framhald geti orðið á slíkum verkefnum á næstu árum.

**Nýjar áherslur**

Með þeirri stefnumörkun sem íslensku friðargæslunni var sett í haust verður markið sett á fjölbreytt og krefjandi verkefni sem gefa okkur færi á að leggja okkar af mörkum til alþjóðasamfélagsins og stuðla að varanlegum friði og endurreisn. Það er mikilvægt að þessi verkefni séu þess eðlis að bæði kynin sækist eftir að starfa við þau og taka þátt í friðargæslustörfum erlendis. Konur hafa því miður verið of lítill hluti íslenskra friðargæsluliða undanfarin ár, en þátttaka þeirra hefur aukist og mun vonandi aukast enn meira á næstu árum. Ég hef einnig sett af stað vinnu við aðgerðaráætlun til að fylgja eftir ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325/2000 um konur, stríð og frið og vonast til að þeirri vinnu ljúki nú á vordögum.

Friðargæslan er fólkið sem í henni starfar. Við viljum að fólkið okkar starfi þar sem þeirra sérhæfing, þekking og reynsla getur notið sín best. Þannig leggjum við okkar af mörkum í samstarfi á alþjóðavettvangi.

*Höfundur er utanríkisráðherra.*

# Eignarnámið í Vatnsenda

**UMRÆÐAN**
Skipulagsmál



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Nýlega samþykkti meirihluti framsóknar- og sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Kópavogs að taka 860 ha Vatnsendajarðarinnar eignarnámi. Eignarnámið deila menn ekki um – heldur fyrirkomulag eignarnámsins, hina svokölluðu sátt sem ber með sér kvaðir sem ekki er hægt að sætta sig við.

Eignarnámssátt á sér enga heimild í lögum. Í raun er sá háttur hafður á, einungis í Kópavogi. Með þessari svokölluðu sátt hafa landeigandi og bæjaryfirvöld gert með sér samkomulag sem er svo lagt fyrir Matsnefnd eignarnámsbóta þegar heimild ráðherra til eignarnáms liggur fyrir. Í rauninni er þetta samkomulag ekkert annað en samningur milli seljanda og kaupanda undir yfirskini eignarnáms þar sem Vatnsenda má ekki selja skv. erfðaskrá frá árinu 1938.

**Eignarnámssáttin**

Eignarnámssáttin kveður á um að landeiganda Vatnsenda skulu greiddar 2,25 milljarðar. Skipulagðar verði sem fyrst minnst 300 lóðir undir sérbýli skulu lóðirnar verða seldar á leigu af landeiganda. Kópavogsbær greiðir kostnað við gatnagerð, veitur, opin svæði og stíga, fullklárar og viðheldur landeiganda að kostnaðarlausu, né greiðir hann önnur gjöld er til falla. Landeigandi fær auk þess 11% af öllum lóðum fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði sem úthlutað verður á hinu eignarnumda landi. Einnig þar greiðir landeigandi ekki gatnagerðar- og yfirtökugjöld eða önnur tengd gjöld til Kópavogsbæjar vegna þessara lóða. Nú er ekki ljóst hversu mörgum lóðum þessi 11% munu skila landeiganda en 200 lóðir mun vera varlega áætlað. Fyrir þær 300 lóðir sem landeigandi hyggst byggja á eigin landi má ætla að hann fái 6 milljarða sé miðað við markaðsverð lóða á svæðinu og aðra 4 milljarða fyrir þær 200 lóðir sem hann fær frá Kópavogsbæ. Þannig má ætla verðmæti samningsins fyrir landeigenda að minnsta kosti 12 milljarða og jafnvel mun meira ef lóðaverð lækkar ekki á næstu árum.

**Hvers vegna greiddi Samfylkingin atkvæði gegn samningnum?**

Eins og sjá má af ofangreindu er hér ekki um hefðbundið eignarnám að ræða heldur langtíma samning milli bæjarins og landeiganda. Hér er Kópavogsbær að missa ákveðið forræði á skipulagsvaldi sínu því í samninginn er þegar búið að binda skipulagslegar forsendur. Skv. lögum ber þó yfirvöldum að kynna allar skipulagstillögur fyrir bæjarbúum og nágrannasveitarfélögum svo hagsmunaaðilar fái tækifæri til að hafa áhrif á væntanlegar skipulagsbreytingar. Ef sú staða kæmi upp að háværar mótmæli yrðu vegna væntanlegrar uppbyggingar á Vatnsenda geta bæjaryfirvöld ekki tekið tillit til þess þar sem það gæti kostað samningsbrot við landeiganda.

Það gera sér kannski ekki margir grein fyrir því að fjölmargir íbúar Vatnsenda eru leiguliðar á landi í einkaeign og greiða leigugjald til Vatnsendabóndans. Samningar þeirra við landeiganda eru illa tryggðir gegn uppsögnum og þannig geta þeir átt von á uppsögn leigu án nokkurra sérstakra skýringa og virðist það einmitt vera staða þeirra í dag en fjölmargir íbúar Vatnsenda hafa nú í kjölfar samningsins við Kópavogsbæ fengið uppsögn leigu og búa því við óvissu um framtíð sína.

**Hvers vegna vildi Samfylkingin taka allan Vatnsenda eignarnámi?**

Við bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar vildum taka allan Vatnsenda eignarnámi skv. hefðbundinni leið. Við vildum láta á það reyna hversu miklar bætur Kópavogsbær yrði dæmdur til að greiða. Þannig hefði bærinn náð fullu forræði á landinu án nokkurra kvaða eða skilyrða og hæglega hægt að sýna fram á fjárhagslegan ávinning af slíku fyrir bæjarsjóð. Svæðið í kring um Elliðavatn er mikil náttúruperla og ásamt því að skipuleggja hluta landsins sem íbúabyggð vill Samfylkingin skipuleggja þarna útivistarsvæði þar sem Kópavogsbúar munu eiga griðastað í framtíðinni.

**En hvers vegna kýs meirihlutinn þessa afarkosti?**

Hefði Kópavogsbær ákveðið að taka Vatnsenda allan eignarnámi án þessarar svokölluðu sáttar við landeiganda hefði það tekið nokkra mánuði. Tíminn skiptir hér miklu máli því með flumbruganginum síðasta vor var rokið til samninga vegna Glaðheimalandsins þ.e. þegar fjárplógsmennirnir margræddu voru leystir úr snöru sinni. Þá var samið við Garðabæ að gefa eftir vatnsból sín og kaupa þess í stað vatn af vatnsveitu Kópavogs á niðurgreiddu verði um mitt þetta ár og hestamönnum í Gusti var lofað landi undir nýja hesthúsabyggð í apríl á þessu ári, landi sem þá tilheyrði jörðinni Vatnsenda.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarráði reyndu eftir megni að hafa áhrif á þessa ákvörðun löngu fyrir jól. Við vorum tilbúin að standa með meirihlutanum og leita leiða til að fresta flutningi hestamannafélagsins á Kjóavelli. Við hefðum sætt okkur við að kaupa áfram vatn af Reykjavík og niðurgreiða til Garðabæjar næsta árið – þar til fullt eignarnám væri til lykta leitt, enda það miklir hagsmunir í húfi að það hefði vel verið verjandi.

En það var eins og að berja hausnum við steininn – því það er bara sjónarmið eins manns er ræður ferðinni í Kópavogi.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs.*



## VERSTU KAUPIN

Ginaluca Vincentini keypti buxur á Ítalíu sem rifnuðu fljótlega, án þess að hann yrði þess var. Luca segir buxurnar sín verstu kaup.

TILBOÐ 5

## SKÓLANESTI

Börnin geta orðið leið á því að fá alltaf eins nesti, því er um að gera að hafa nestið fjölbreytt. Að sjálfsögðu skiptir mestu að nestið sé hollt en útlitið getur líka skipt sköpum.

MATUR 2





## ALLT HITT

**[ MATUR TILBOÐ ]**

**Kjúklingabringur** frá Íslandsfugli eru á hagstæðu verði í Nettó um helgina. Kílóið á 1.554 kr. í stað 2.679 áður. Það gerir 42% afslátt og það munar um minna.



**Snyrtivöruverslunin** Glæsibæ fellir virðisaukann af öllum vörum verslunarinnar í dag og á morgun. Það er til hagsbóta fyrir þær eða þá sem vilja kaupa töskur, slæður og skart, svo og ilmvötn og snyrtivörur frá helstu merkjum heims. Ráðgjafi frá Helenu Rubenstein verður í versluninni.

**Bykó** er með ýmis rafmagnstæki og verkfæri á afslætti. Einnig hirslur undir slík amboð. Meðal þess sem býðst á hálfvirði er 14,4v borvél sem gengur fyrir rafhlöðum. Hún er nú á 2.590 krónur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 9. febrúar, 40. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.44 | 13.42 | 17.41 |
| Akureyri | 9.38 | 13.27 | 17.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Þóra Karitas Árnadóttir, Þráinn Karlsson og Páll Sigmar Pálsson gæða sér á gulrótarkökunni góðu.

FRETTABLADID/HEIDA.IS

# Kaka í dekurlaun

***Þóra Karitas Árnadóttir fær góða dóma fyrir leik sinn í Svörtum ketti. Hún slær líka í gegn hjá samleikurum sínum þegar hún býður upp á gulrótarköku.***

„Sambýlismennirnir slógu upp lambakjötsveislu þegar ég kom að sunnan um síðustu helgi. Því er komið að mér að launa þeim dekrið og skella í köku handa körlunum. Auðvitað bauð ég svo líka meistaranum Þráni Karlssyni,“ segir Þóra Karitas hlæjandi.

Hún hefur að mestu dvalið á Akureyri frá áramótum og sinnt leiklistargyðjunni. Þar sem hún er eina kvenpersónan í Svörtum ketti deilir hún íbúð með eintómum strákum.

Eftir því sem hún segir hafa þeir miklu að miðla í matargerðinni en hæfileikana í gulrótarkökubakstri hefur hún erft frá mömmu sinni enda uppskriftin frá henni komin.

Spurð út í Svartan kött segir Þóra það ögrandi verk með sótsvörtum húmor. „Það virðist höfða vel til kvikmyndakynslóðarinnar enda byssu- og spennuleikrit sem sækir efniviðinn í IRA-samtökin.

Ég leik hugrakka og herskáa stelpu sem vill berjast fyrir frelsun Írlands en af því að hún er stelpa vilja strákarnir ekki hleypa henni inn í klofningssamtök IRA. Hún gerir því eins og margar frægar konur hafa gert, klippir af sér hárið og reynir að sanna með framgöngu sinni að hún sé karl í krapinu. Það truflar hana samt svolítið að hún er skotin í leiðtoga samtakanna og því smellir hún á sig rauðum varalit og smeygir sér í kjól um leið og hún er samþykkt í hópinn.“

Hvort slík skot eru eitthvað að trufla Þóru í sambúðinni sem hún er í á Akureyri fáum við ekki að vita. Hitt er alveg ljóst að matarástin er til staðar í leikhópnum.

*gun@frettabladid.is*







the illusion of
perfection

Draumurinn um fullkomnun ...
silkimjúk og hrukkulaus húð á augabragði

**Velkomin á kynningu í Hygeu Kringlunni**
**í dag föstudag frá kl 13-17**

la prairie
SWITZERLAND

www.laprairie.com

TAX-FREE
dagar

HYGEA
Kringlan • Sími 533 4533

**Matseðill** fyrir heimilið getur verið góð lausn. Þá er matseðill ákveðinn til dæmis um helgina, þar sem allir fá einn uppáhaldsrétt yfir vikuna og keypt inn samtímis. Getur sparað tíma í hversdagsleikanum og síðan er líka svo gaman að allir fái að ráða svolitlu.



Fjöruborðið
Og hafið sagði ok.
Við Fjöruborðið
Eyrarbraut 3 • 825 Stokkseyri • S. 483 1550
www.fjorubordid.is • INFO@FJORUBORDID.IS

Hrein lífræn jógúrt!


Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

# Skólanestið getur verið svo gott

***Skólanestið slær ekki alltaf í gegn hjá krökkunum enda að mörgu að huga. Nestið þarf að vera hollt og fjölbreytt en líka skemmtilegt.***



Nesti sem er spennandi er miklu líklegra til að slá í gegn hjá krökkunum.

Nestið þarf að vera hollt og næringarríkt, en matur þarf líka að vera fjölbreyttur og spennandi til að börnin njóti þess að borða nestið sitt.

Það er ágætis regla að setja alltaf grænmeti eða ávexti í nestið ásamt brauðmat eða mjólkurmat.

Það er hægt að blanda saman eplum og papriku einn daginn, blómkál og jarðarber þann næsta og eða peru og gulrætur.

Brauðið ætti að vera gróft og fjölkorna og stundum er gaman að fá með rúgbrauð og eða grófa pönnuköku. Sem álegg er hægt að nota grænmeti, heimatilbúna berjasultu án sykurs, kjúkling og fisk eða kotasælu, skinku og ost. Stundum er gaman að fá áleggið í sér boxi og litla skeið með. Einnig er hægt að senda með gróft pasta, kjötbollur eða lítið salat til að gera eitthvað nýtt. Lykillinn er oft að skammtarnir séu litlir og viðráðanlegir og að maturinn sé fjölbreyttur.

Það er alltaf gaman að opna nestisboxið með mynd af brosandi karli á brauðinu þar sem munnurinn er úr papriku, augun úr gúrku og hárið úr osti og skinku. Eða fá miða frá mömmu eða pabba sem standa á leynileg skilaboð. Vatn er best til drykkjar og það ber að varast sykraða drykki. Drykkjarflaskan þarf að halda köldu og gott ráð er að frysta vatn í hálfri flösku og setja síðan vatn út í að morgni.



Avókadó er vítamínríkur ávöxtur sem mörgum börnum finnst góður.

Sumar skólatöskur eru með kælihólf að framan sem er mjög gott. Bestu nestisboxin þola vel uppþvottavél og leka ekki. Einnig er kjörið að fá með sér ævintýralegar servíettur og litrík hnífapör til að gera máltíðina að skemmtilegri upplifun.

Börnin hafa oft gaman af því að baka og matreiða nesti með foreldrum sínum. Þau eru oft stolt af því að koma með nesti sem þau hafa bakað eða gert sjálf. Síðast en ekki síst þarf að senda með stóran skammt af kærleika í nestisboxi því þaðan kemur besta bragð-



Leynileg skilaboð frá mömmu eða pabba um sundferð eftir skóla er skemmtilegur glaðningur í nestisboxinu.






SAMLOKUBAKKI | TORTILLABAKKI | BLANDAÐUR BAKKI
ÞÚ GETUR PANTAÐ GIRNILEGA VEISLUBAKKA FRÁ OKKUR MEÐ LITLUM FYRIRVARA

# Gulrótarkaka Þóru Karitasar



Þóra Karitas skellti í köku. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

**3 bollar rifnar gulrætur**
**2 bollar sykur**
**2 tsk. matarsódi**
**1 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. kanill**
**4 egg**
**1,5 bolli matarolía**
**1 tsk. vanilludropar**
**2 bollar hveiti**

**Bakist í miðjum ofni við 175 gáðu hita**

**Krem**
**Sett á þegar kakan hefur kólnað.**

**300 g rjómaostur**
**150 g flórsykur**
**100 g smjör**
**1 tsk. sítrónudropar eða ferskur sítrónusafi**
**1 bolli brytjaðar hnetur**


**Valentínusar og konu dags tilboð 9. til 19. febrúar!!**

*Hvernig væri að elda fyrir þína heitt elskuðu á Valentínusar daginn eða konu daginn án þess að þurfa að undirbúa eða ganga frá? Við á Galbi bjóðum uppá ferskt og vel valið hráefni sem þú grillar síðan á ekta kóreskri grill pönnu, flutt inn sérstaklega fyrir okkur.*

**Þú velur á milli tveggja forrétta**
Parma skinka með minari mari sósu og muchae salat
eða Volgt gler núðlu salat (chap che)

**Aðalréttir: Kóreskt úrval**
Þú færð eftirfarandi:
Steinbítur í myntu sósu, grísa kjöt í bulgogi sósu, marineraðir nautastrimlar í ekta kóreskri bbq sósu, sneitt lambafille marinerað í ferskum hvítlauk, rótar grænmeti í sojasósu og wasabi piparrót. Hrísgrjón, grænmeti og sósur fylgja með.

*Við gerum hráefnið í aðalréttinn klárt og hjálpum ykkur af stað!*

**Desert:**
Hvað er betra en að bjóða þinni heitt elskuðu upp á súkkulaði hjúpuð jarðaber og freyðivíns glas í lokin?

**Allt þetta fyrir aðeins 4.500 kr. á mann!!**




GALBI RESTAURANT
KOREAN BARBEQUE
Barónstígur 2-4, Reykjavík
**Pöntunarsími 867 4448**
**galbi@galb.is • www.galbi.is**


# Eine kleine

***Kleinur eru ekki séríslenskt fyrirbæri þó að okkur þyki það hið þjóðlegasta bakkelsi.***

Kleinur hafa verið steiktar á Íslandi frá því á 19. öld, að því er sagnir herma en þær eru þó taldar eiga uppruna sinn í Þýskalandi. Þjóðsaga segir að fyrsta kleinan hafi orðið til fyrir slysni er strákur hafi misst deigbita ofan í feitipott í eldhúsi þýsks herragarðs. Kokkurinn hafi veitt bitann upp og orðið svo hrifinn að hann hafi ákveðið að búa til meira og bera fyrir hefðarfólkið. Spurður hvað góðgætið héti lenti hann í vandræðum og stamaði „eine kleine“ sem þýðir einfaldlega lítil.

Kleinur eru þekktar um öll Norðurlönd. Á dönsku heita þær klejne, á sænsku klenäter en fattigmenn á norsku. Þær eru líka búnar til í Rússlandi og heita þar tsjvorost, í Póllandi faworki.

## Kleinur

**1 kg hveiti**
**300 g sykur**
**3 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. hjartarsalt**
**3 egg**
**100 g brætt smjör eða 1 peli súr rjómi**
**kardemommur**
**mjólk eftir þörfum.**

**Deigið hnoðað, flatt út og mótaðar kleinur sem steiktar eru í vel heitri feiti.**



Orðið kleinur er þekkt á Íslandi síðan á 19. öld.

HEIMILD/MATARÁST

# Rúgbrauð

***Þar sem þorrinn stendur sem hæst er ekki úr vegi að baka rúgbrauð til að bera á borð með öðru íslensku kjarnmeti. Uppskriftin er frá Gerðu á Bárugötunni á Dalvík.***



**15 bollar rúgmjöl (ca 2 kg)**
**5 bollar hveiti (eða 2 bollar hveiti og 3 bollar heilhveiti eftir smekk)**
**500 gr. dökkur púðursykur**
**2 tsk. salt**
**2 bréf ger**
**2 l mjólk (rúmlega)**

**Mjólk, salt og sykur hrært saman, geri og mjöli bætt út í. Sett í þrjá 2ja lítra mjólkurfernur. Bakað í 12 klst. við 100°C.**





ALLT Í STEIK

*4. janúar - 28. febrúar*



4ra rétta matseðill ásamt sértilboði á vínum

*Verð frá* **3.990 kr.**

Hægt er að panta nautalund Bourguinonne, lambahrygg, kjúklingabringu eða
**– í fyrsta sinn á Íslandi –**
**Pétursfisk (*John Dory*).**

*Borðapantanir í síma 562 0200*



**Food&Fun**
*21. - 26. febrúar*
Hin árlega Food&Fun matreiðsluhátíð er spennandi tími í Perlunni! Fylgist með á vef Perlunnar: www.perlan.is.
**5.900 kr.**

**Sjávarrétta-hlaðborð**
*8.-11. mars*
Sjávarréttahlaðborð Perlunnar er einstakt tækifæri til að upplifa nýjungar í matargerð ólíklegustu skelfisk og fisktegunda. Margverðlaunaðir matreiðslumeistarar Perlunnar útbúa yfir 30 tegundir heitra og kaldra fiskrétta – og auðvitað **Pétursfiskinn vinsæla** (*John Dory*).
**4.890 kr.**

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - S: 562 0200 - Fax: 562 0207 - Netfang: perlan@perlan.is - Heimasíða: www.perlan.is

Lambhagi Globus ISEN PERLUKAUP Kjötsmiðjan KJÖTVINNSLA VÍKING ora LINDSAY Egils

**50%** Krónan skorar hæst í afslætti þessa vikuna með grófu Krónubrauði sem er 770 g að þyngd. Það lækkar úr 129 krónum í 65.


SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK

Allir á skauta

Skautaholl.is

Opið frá kl. 13 00 allar helgar



Vor 2007 komið!



oilily

PS. Útsöluhorn

ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 • s: 552 2201



Nú líður að útsölulokum allar haust- og vetrarvörur

3 fyrir 1

Erum einnig komnar með nýjar barna -og meðgöngu-vörur úr vor/ sumar 2007



tvö líf

Holtasmári 1• s. 571 8500

www.tvolif.is

Opið 11-18 virka daga

11-16 á laugardögum



ELBA eldunartæki og uppþvottavélar

Nettoline innréttingar

Snaigé kæliskápar

Opið: Mán. - fös. kl. 9-18 Laugardaga 10-15

Fríform þar sem þú færð meira fyrir peningana

ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM

Fríform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500


**Þín verslun** — Tilboðin gilda til 14. feb.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Franskt paté í dós | 369 | 460 | 2.300 | 20 |
| Dönsk grísabógssteik | 779 | 973 | 779 | 20 |
| Un hamborgarar 4 st. með brauði | 469 | 588 | 117 | 20 |
| Saclá ORIGINALE NAPOLITANA 6x420 g | 279 | 393 | 664 | 30 |
| Saclá ORIGINALE BOLOGNE 6x420 g | 279 | 393 | 664 | 30 |
| Saclá ORIGINALE ARRABIATA 6x420 g | 279 | 393 | 664 | 30 |
| DeCecco Rigatoni Nap.12x500 g | 169 | 215 | 338 | 20 |
| Mills Kavíar 190 g | 219 | 299 | 1.153 | 25 |
| Mills Kavíar og ostur 170 g | 219 | 309 | 1.288 | 30 |
| Keebler Townhouse 453 g | 189 | 266 | 417 | 30 |
| Daloon Kínarúllur ofn 720 g | 399 | 539 | 554 | 25 |
| Daloon Shoo Van ofn 720 g | 399 | 539 | 554 | 25 |
| Daloon vorrúllur ofn 720 g | 399 | 539 | 554 | 25 |

**Nóatún** — Tilboðin gilda til 11. feb.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| SS rauðvínslegin helgarsteik | 1.394 | 1.858 | 1.394 | 25 |
| Lamba ribeye Kjötmeistarans | 2.998 | 3.298 | 2.998 | 10 |
| Lambalæri Rio Grande | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Lambageiri m/sælkerafyllingu | 2.498 | 3.198 | 2.498 | 20 |
| Ungnauta Rib Eye | 2.998 | 3.698 | 2.998 | 20 |
| Laxaflök beinhreinsuð | 998 | 1.498 | 998 | 35 |
| Laxafiðrildi | 1.198 | 1.598 | 1.198 | 25 |
| Líf safi appelsínu/epla 1 | 93 | 139 | 93 | 35 |
| BD Egg Noodles 250 | 167 | 209 | 668 | 20 |
| BD núðlur blandaðar tegundir 85 g | 60 | 75 | 705 | 20 |

**Krónan** — Tilboðin gilda til 11. feb.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Gourmet rauðvíns lambalæri | 1.297 | 1.874 | 1.297 | 30 |
| Kjúklingamánar m/pipar, m/skinku og ost 300 g | 349 | 499 | 1.163 | 30 |
| Matgrís grísa Cordon Bleu 320 g | 349 | 499 | 1.091 | 30 |
| Matfiskur fiskimánar pipar/hvítlauk 320 g | 349 | 499 | 1.091 | 30 |
| Ungnautahakk | 997 | 1.449 | 997 | 30 |
| Luxus hamborgarar 2 stk. | 449 | 598 | 225 | 25 |
| Krónubrauð stórt og gróft 770 g | 65 | 129 | 84 | 50 |
| Goða kæfa 4 tegundir 150 g | 149 | 198 | 993 | 25 |
| Krónuís 1 l 3 tegundir | 149 | 185 | 149 | 20 |
| HD 100% safi epla/appelsínu/blandaður 2 l | 269 | 319 | 135 | 15 |

**Fjarðarkaup** (ekki bara verð!) — Tilboðin gilda til 10. feb.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautahakk 2,5 kg | 2.495 | 3.120 | 998 | 20 |
| Nautagúllas | 1.398 | 1.698 | 1.398 | 20 |
| Nautapiparsteik | 2.298 | 2.998 | 2.298 | 25 |
| Ali reyktar svínakótelettur | 1.337 | 1.798 | 1.337 | 25 |
| FK lamba ofnsteik | 1.189 | 1.798 | 1.189 | 35 |
| Matfulgl kjúklingur læri/leggur | 389 | 649 | 389 | 40 |
| Frechetta pizza & 2 l coke | 398 | 498 | 398 | 20 |
| Klementínur | 129 | 179 | 129 | 30 |
| Baby gulrætur 454 g | 298 | 398 | 656 | 25 |
| Tómatar erlendir | 179 | 219 | 179 | 20 |

**Bónus** — Tilboðin gilda til 11. feb.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus fljótandi þvottaefni 1,5 l | 398 | Nýtt | 265 | |
| Bónus hreingerningalögur 1,5 | 259 | Nýtt | 173 | |
| Bónus uppþvottavéladuft 75 þvottar | 298 | Nýtt | 4 | |
| Bónus oxy blettahreinsir 750 ml | 259 | Nýtt | | |
| Bónus oxy hreingerningalögur 750 ml | 259 | Nýtt | 345 | |
| Bónus fituleysir 750 ml | 259 | Nýtt | 345 | |
| Bónus scrubstone m/svampi 400 g | 298 | Nýtt | 745 | |
| Bónus leðuráburður 200 g | 398 | Nýtt | 1.990 | |
| Bónus wc hreinsir 750 ml | 98 | Nýtt | 130 | |

**Hagkaup** (Skemmtilegast að versla) — Tilboðin gilda til 11. feb.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri úr kjötborði | 998 | 1.485 | 998 | 35 |
| Bláberjalegið lambasirloin úr kjötborði | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Íslandslamb helgarsteik | 1.798 | 2.398 | 1.798 | 25 |
| Íslandsgrís reyktar kótelettur | 1.079 | 1.798 | 1.079 | 40 |
| Danskur hamborgarhryggur | 1.299 | 1.998 | 1.299 | 35 |
| Nautalundir frosnar | 2.799 | 3.998 | 2.799 | 30 |
| Ananas | 129 | 219 | 129 | 40 |
| Melónur cantaloupe | 199 | 279 | 199 | 30 |

# Þvottadagar

***Ormsson er með þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar á tilboðsverði.***

Þeir sem eru í þvottavélahugleiðingum eða vantar uppþvottavél ættu að kíkja við í Ormsson. Þar standa yfir þvottadagar sem þýðir að þvottavélar, uppþvottavélar og þurrkarar seljast á lækkuðu verði. Merkin eru Samsung og AEG sem þekkt eru að gæðum.

Meðal þess sem er á tilboði í Ormsson eru AEG Lavamat þvottavél og AEG Lavatherm þurrkari sem seljast saman. Hvort tveggja er með íslensku stjórnborði. Parið kostaði áður 213.900 en nú 175.000. Nefna má einnig að 1200 snúninga AEG þvottavél sem tekur sex kíló og er með íslensku stjórnborði kostar nú 69.900 en var áður á 85.914.

Þess má geta að Ormsson er með ítök víða um land, auk þess að vera í Lágmúla, Radíónausti og Smáralind.



AEG þvottavél.



Panasonic flatskjáir fást nú á lækkuðu verði hjá Svar tækni í Síðumúla.

# Lækkað verð á plasmaskjám

***Níunda kynslóð plasmaskjáa frá Panasonic á ríflegum afslætti.***

Þessa dagana býður verslunin Svar tækni í Síðumúla 37 upp á góðan afslátt á plasmaskjám. Sem dæmi um verðlækkanir má nefna 42“ PV600 plasmaskjá á 299.900 krónur en áður kostaði sama tæki hundrað þúsund krónum meira, eða 399.900 krónur. Ef keypt er 32“ LCD 32LX60 tæki fæst 50.000 króna afsláttur, en tækið sem kostaði áður 209.900 kostar núna 159.900 krónur.

Fyrir fólk sem vill ekki missa af góðum bíómyndum eða öðru sem sýnt er í sjónvarpi gæti líka verið þjóðráð að fjárfesta í DVD upptökutæki, en nýtt tæki af slíkri gerð kostar nú 59.900 hjá Svar tækni. *- mhg*

# Rasskinnin blasti við

***Gianluca Vincentini gekk eitt sinn um Feneyjar með hægri rasskinnina bera. Buxurnar, sem mistókst að hylja hana, eru verstu kaup hans.***

Gianluca, eða Luca eins og hann er kallaður, er ballettdansari og æfingastjóri Íslenska dansflokksins. Hann hefur ferðast víða vegna vinnu sinnar og til að skrásetja ævintýri sín keypti hann sér upptökuvél. „Áður en ég fór til Japans að dansa með dansflokki þar keypti ég vélina. Með henni get ég tekið vídeó og ljósmyndir og fest allar minningarnar á filmu,“ segir Luca.

Myndavélin hefur ferðast víða með Luca. Meðal áfangastaða eru Taívan, Frakkland og auðvitað Ísland. „Ég verð að segja að myndavélin er bestu kaupin sem ég hef nokkurn tímann gert,“ segir Luca.

Verstu kaupin hans Luca eru ekki svo slæm þegar á heildina er litið. Þau eru alla vega efni í góða sögu. „Ég var kominn til Feneyja í frí með besta vini mínum og þetta var á fyrsta deginum. Það var mjög heitt og mig langaði að kaupa léttar og þægilegar buxur svo ég gæti gengið um borgina í hitanum og látið mér líða vel og litið ágætlega út,“ segir Luca og byrjar að glotta. „Ég settist á bekk og borðaði nesti og þegar ég stóð upp rifnuðu buxurnar. Ég tók ekki eftir því og í marga klukkutíma voru nærbuxurnar og hægri rasskinnin mín fyrir allra augum.“


Luca er afar ánægður með myndavélina sína sem hann keypti áður en hann fór til Japans að dansa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Luca uppgötvaði gatið loksins og þurfti að skipta yfir í gallabuxurnar í hitanum. Án efa hefur rasskinnin, á þeim tíma sem hún fékk að njóta sólarljóssins, vakið ómælda kátínu hjá ferðamönnum sem eru fjölmargir í Feneyjum. Einhverjir hafa smellt mynd af honum svo rasskinnin er eflaust í fjölmörgum myndaalbúmum úti um allan heim.

Luca segist ekki vera mjög sparsamur. „Ég reyni samt að spara svolítið fyrir ferðum í sumarfríum og svo hef ég reynt að spara mér fyrir íbúð. Ég er einmitt að fara í kvöld að skoða eina því ég ætla að kaupa mér eina slíka hérlendis,“ segir Luca. „Ég er búinn að vera hérna í ár og verð örugglega ár í viðbót hjá Dansflokknum og vonandi lengur, því hér líkar mér að vera.“

tryggvi@frettabladid.is




# Flott merki á góðu verði í Herralagernum

***Mikill afsláttur er af öllum vörum í Herralagernum á Suðurlandsbraut.***

Í Herralagernum er hægt að fá herrafatnað frá ýmsum framleiðendum og allar vörur eru nú seldar með fimmtíu prósenta afslætti. Meðal þeirra vörumerkja sem hægt er að finna í Herralagernum eru Hugo Boss, Armani Jeans, Lloyd, Redgreen og Sand.

Herralagerinn er opinn alla virka daga frá 12.00 til 18.00 og laugardaga frá 11.00 til 17.00, auk þess sem opið verður á sunnudaginn næsta frá 13.00 til 17.00.


Hugo Boss er meðal þeirra vörumerkja sem fást í Herralagernum.



# Þurrkublöð á hálfvirði

OLÍS BÝÐUR VIÐSKIPTAVINUM SÍNUM UPP Á HELMINGS AFSLÁTT AF CHAMPION-ÞURRKUBLÖÐUM EF BÍLLINN ER FYLLTUR AF ELDSNEYTI HJÁ ÞEIM.

Tilboðið er í gangi á öllum Olísstöðvum landsins þar sem starfsmenn aðstoða við að mæla og skipta um þurrkublöð eftir dælingu.

Það er nauðsynlegt að sjá vel út um framrúðuna. Ónýt þurrkublöð geta í versta falli stuðlað að slysi og þess vegna nauðsynlegt að vera með ný blöð og rúðuúða á tankinum. Tilboðið varir á meðan birgðir endast.



# sirkus

9. febrúar 2007



**Á leið til London** X-faktor-kynnirinn Halla Vilhjálmsdóttir hyggst bregða búi á nætu mánuðum og flytja til London til að freista gæfunnar. **Bls. 14**



**Steingrímur og Þórhallur** Þáttastjórnendurnir, sem berjast um hylli sjónvarpsáhorfenda á hverju kvöldi, halda báðir með Liverpool í ensku úrvalsdeildinni. **Bls. 10**



SIRKUSMYND/VALLI

Kórstjórinn Óskar Einarsson hugsar vel um heilsuna

# 14 ARMBEYGJUR Á ANNARRI HENDI





Kreditheimild* með **0% vöxtum** og engum kostnaði í DMK!

**Nýttu þér þessi einstöku kjör.**
**Sæktu um *DMK* á spron.is**

** skv. útlánareglum SPRON*

spron

# fréttir

## Heyrst hefur



### Leigja tómt hús á 1,8 milljónir



Forsvarsmenn **Ölgerðarinnar** virðast ekki þurfa að horfa í aurinn. Fyrirtækið leigir nefnilega tæplega 800 fermetra húsnæði í Tryggvagötu, sem áður hýsti Gauk á Stöng, fyrir 1,8 milljónir á mánuði. Sem væri svo sem ekki í frásögur færandi nema af því að það er tómt og skilar því engum tekjum fyrir **Andra Þór Guðmundsson**, forstjóra og aðra eigendur fyrirtækisins.

### Heimir til Icelandair



**Heimir Jónasson**, fyrrverandi dagskrárstjóri Stöðvar 2, var ekki lengi án vinnu en hann hætti sem kunnugt er hjá Stöð 2 um áramótin. Heimir hefur þegar hafið störf hjá Icelandair þar sem hann tók við atburðastjórnun fyrir fyrirtækið. Hans hlutverk er að þróa og móta stefnu fyrir framtíðina.

### Fimmta inn í Nylon



Þetta vita ekki allir, en önnur systranna í söngflokknum **Hara**, sem tekur þátt í X-faktor, var nálægt því að komast inn í Nylon-flokk Einars Bárðarsonar á sínum tíma. Yngri systirin Hildur var næst í röðinni á eftir þeim Klöru, Emilíu, Steinunni Camillu og Ölmu og því hársbreidd frá frægð og frama víðar en á Íslandi.

### Dreymir um flugfreyjuna



Og meira af Nylon, því þrátt fyrir mikið annríki ákvað **Klara Elíasdóttir**, söngkona ársins 2006 í Hlustendaverðlaunakeppni FM 957, að sækja um sem flugfreyja hjá Icelandair skömmu fyrir jól. Hana hefur dreymt um að verða flugfreyja frá unga aldri en þurfti að draga umsókn sína til baka að þessu sinni vegna skuldbindinga Nylon-flokksins. Hún útilokar þó ekki að sækja um á nýjan leik þegar um hægist.



**Í GÓÐU FORMI** Óskar gæti ekki hugsað sér lífið án hreyfingar og guðs. SIRKUSMYND/VALGARÐ

ÓSKAR EINARSSON KÓRSTJÓRI HEFUR ALDREI VERIÐ Í BETRA FORMI.

# ÞAKKA GUÐI FYRIR HEILSUNA

Líkamlegt form skiptir gríðarlegu máli þegar árin færast yfir," segir Óskar Einarsson kórstjóri en Óskar hefur líklega aldrei verið í jafn góðu líkamlegu formi og einmitt í dag. „Biblían segir okkur að fara vel með líkamann,"segir Óskar sem hefur verið mjög trúaður frá blautu barnsbeini. „Ég var alltaf í fótbolta og handbolta þegar ég var yngri og spila reglulega badminton. Síðustu tvö árin hef ég svo stundað líkamsræktina markvisst. Ég var kannski með meira hlaupaþol þegar ég yngri og var í boltanum en í dag er ég í alhliða góðu formi og líklega því besta sem ég hef komist í," segir Óskar sem verður fertugur í vor. Óskar starfar sem kórstjóri Gospelkórs Fíladelfíu og kennir í FÍH auk þess sem hann spilar með Gospelkór Reykjavíkur en sveitina stofnaði hann í félagi við aðra fyrir Kristnihátíðina á Þingvöllum árið 2000. Hljómsveitin hefur bæði spilað með Sálinni og Stuðmönnum og þótt Óskar segir þá reynslu hafa verið skemmtilega tilbreytingu finnst honum mest gaman að spila gospeltónlist með trúuðu fólki. „Það er ekkert skemmtilegra en að vera með góðri hljómsveit sem syngur af tilfinningu og meinar það sem hún syngur og syngur jafnvel af eigin reynslu."

Kona Óskars, hin norska Bente, er einnig á fullu í ræktinni. „Lífið er mun léttara þegar maður er í góðu formi og konan mín er í þessu á fullu líka. Við höfum bæði æft íþróttir síðan við vorum krakkar. Þetta er okkar lífsstíll, rétt eins og trúin er okkar lífsstíll. Ég vil halda sálinni hreinni og líkamanum í góðu formi," segir Óskar brosandi og bætir við að honum líði mun betur andlega og líkamlega þegar líkaminn sé í góðu formi. Óskar hefur keppt í keppninni Þrekmeistaranum. Hann keppti þó ekki síðast en stefnir ótrauður á að taka þátt næsta vor. „Þetta eru tíu þrautir þar sem keppt er við klukkuna og þetta er það erfiðasta sem ég hef gert og ég skora á alla þá sem halda að þetta sé ekkert mál að prófa," segir hann og bætir aðspurður við að hann sé líklega bestur í róðrinum og armbeygjunum en hann getur tekið tíu til fjórtán armbeygjur á annarri hendinni. „Ég er bestur í því sem þarfnast snerpu en þarf að bæta mig í axlarpressu og hlaupinu." Aðspurður um fitness-keppnir segist hann ekki hafa áhuga á þeim. „Fitness er ekki fyrir mig. Að mínu mati snýst það of mikið um að upphefja líkamann og því hef ég ekki áhuga á þótt ég hafi enga fordóma gagnvart þeim sem það velja. Ég gæti ekki hugsað mér lífið án hreyfingar, ekkert frekar en án guðs og ég þakka fyrir að hafa heilsuna til að geta hreyft mig því það eru alls ekki allir svo heppnir."

*indiana@frettabladid.is*






G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007
Full búð af nýjum vörum.
Opið föstudaga til kl.18.30
RAW DEFENDER
marc newson
g-star.com


# Jónsi verður flugfreyja

Tónlistarmaðurinn Jón Jósep Sæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi, mun ef að líkum lætur starfa sem flugþjónn í vélum Icelandair í sumar. Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum sótti Jónsi um starf flugþjóns fyrir jól þegar það var auglýst. Hann komst í gegnum inntökuprófin, skriflegt og munnlegt, og mun sækja fimm vikna langt námskeið ásamt 50 öðrum til að öðlast réttindi sem flugþjónn.

Jónsi sagði í samtali við Sirkus að þetta þýddi ekki að hann væri hættur að syngja. „Ég á nú reyndar enn eftir að fá þessa vinnu. Ég þarf að standast þetta námskeið til að komast í gegn. Ég mun síðan sinna tónlistinni meðfram þessari vinnu ef allt gengur upp. Annars vil ég sem minnst um þetta ræða af virðingu við vinnuveitendur mína," sagði Jónsi sem óttast að þetta nýja starf hans hleypi af stað einhverjum fjölmiðlasirkus.

„Ég sótti um þetta á mínum forsendum og vona að ég hafi verið tekinn inn á jafnréttisgrundvelli," segir Jónsi.



**TEKIÐ Á LOFT** Jónsi mun án efa skila sínu hlutverki með sóma í vélum Icelandair í sumar. SIRKUSMYND/STEFÁN


Taktu myndir
Því enginn dagur er eins
Þú færð frelsiskort og startpakka frá Vodafone hjá okkur
Gríptu augnablikið og lifðu núna.
vodafone
SAMSUNG DIGIMAX S600
Tvíburatilboð
myndavél og GSM sími
TILBOÐ Kr. 26.900,-
SAMSUNG X-160
6,1 M.pixlar
5x stafræn aðdráttur
Stór 2,4" LCD-skjár
1/1,25 CCD-sensor
5 forstillingar
VGA-vídeóupptaka
9 innbyggðir myndarammar
16 MB innra minni
65 þús lita UFB skjár
Titrari
Handfrjáls hátalari
Diktafónn
Fjölradda pólýtónar
Aðgerðalistar
Dagatal
Dual-Band GSM 900/1800
Ending rafhlöðu allt að 3 klst. í tali og 210 klst. í bið
Innbyggt 1.2 MB minni
SMS/EMS/MMS skilaboð
100-240v hleðslutæki og
Handfrjáls búnaður fylgir með
WAP, Java netstuðningur
GPRS gagnaflutningur
Ending rafhlöðu allt að 3 klst. í tali og 210 klst. í bið
Þyngd 77 grömm
NOKIA 5500 sport
2 mp myndavél
MMS
EDGE
Bluetooth
FM útvarp
MP3 spilari
103 gr
Kr. 3.390,- 12 mán
Kr. 34.900,-
NOKIA 6233
2 mp myndavél
FM útvarp
EDGE
Bluetooth
Allt að 340 klst biðtími
FM útvarp
MP3 spilari
110 gr
Kr. 3.390,- 12 mán
Kr. 34.900,-
NOKIA N93
3,2 mp myndavél
3 x optískur aðdrætti
50 mb innbyggt minni
Tekur allt að
2 GB Mini SD minniskort
EDGE
WLAN
Bluetooth
FM útvarp
MP3 spilari
180 gr
Kr. 3.204,- 24 mán
Kr. 76.900,-
NOKIA N80
3,0 mp myndavél
MMS
EDGE
Bluetooth
FM útvarp
MP3 spilari
134 gr
Kr. 3.005,- 24 mán
Kr. 56.900,-
NOKIA N73
3,2 mp myndavél
MMS
EDGE
IBluetooth
FM útvarp
MP3 spilari
116 gr
Kr. 2.805,- 24 mán
Kr. 52.900,-
NOKIA 7370
1,3 mp myndavél
MMS
EDGE
Bluetooth
FM útvarp
MP3 spilari
104 gr
Kr. 2.926,- 12 mán
Kr. 29.900,-
Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar
BUGATTI farsímatöskur
Tvær stærðir
Leðurtöskur fyrir flesta GSM síma
Eru með festingu í belti og klemmu
Kr. 1.990,-
NOKIA
Handfrjáls búnaður
Bluetooth
250 klst biðtími
10 klst taltími
18 gr að þyngd
Kr. 6.990,-
NOKIA
Handfrjáls búnaður
Kr. 2.290,-
Kingston TECHNOLOGY
COMMITTED TO MEMORY
Minniskort fyrir GSM síma
Micro SD. Frá 256 mb
Verð frá 4.190 kr
Mini SD. Frá 256 mb
Verð frá 3.140 kr
100 ára
HANS PETERSEN
1907–2007
VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR
MasterCard
Vefverslun Hans Petersen er á
www.hanspetersen.is/verslun
12 mán 24 mán
Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða
Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind

# fréttir



## 5 SEM ER ÖRUGGLEGA EKKI BOÐIÐ Í FIMMTUGSAFMÆLI JÓNÍNU BEN Í LOK MARS



**1. Jóhannes Jónsson** Gömul kynni gleymast ei.



**2. Ágústa Johnson** Af hverju er hún alltaf svona mjó?



**3. Arnþrúður Karlsdóttir** Það þýðir ekki að bjóða upp á lyga-Sögu.



**4. Sigríður Dögg Auðunsdóttir** Hinn kvenlegi „kölski“ er varla aufúsugestur.



**5. Trausti Valdimarsson** Vill varla vera með í stólpípuleiknum.

## STEINUNN JÓNSDÓTTIR SELDI LÚXUSVILLU SÍNA Í BLIKANESI Á ARNARNESINU



**SELDI DRAUMAHÚSIÐ** Steinunn Jónsdóttir seldi draumahús sitt í Blikanesi.

**DÝRT ER DROTTINS HÚSIÐ** Blikanes 9 kostaði 130 milljónir. SIRKUSMYND/RÓSA

**GOTT GENGI Á VALHÖLL** Bárður Tryggvason, annar eigenda fasteignasölunnar Valhallar, lét sig ekki muna um að borga fúlgur fjár fyrir Blikanes 9.

# FASTEIGNASALI KEYPTI VILLU BYKO-ERFINGJA Á 130 MILLJÓNIR

Bárður Hreinn Tryggvason, annar eigenda fasteignasölunnar Valhallar, hefur fest kaup á 422 fermetra glæsivillu Steinunnar Jónsdóttur í Blikanesi 9 fyrir 130 milljónir króna. Bárður Hreinn og eiginkona hans búa nú í rúmlega 200 fermetra einbýlishúsi í Skógarhæð í Garðabænum.

Steinunn er dóttir athafnamannsins Jóns Helga Guðmundssonar, sem oft er kenndur við Byko, en hún keypti þetta hús með fyrrverandi eiginmanni sínum, Hannesi Smárasyni, forstjóra og aðaleiganda FL Group, árið 1999. Saman gerðu þau upp húsið af fáheyrðum fagurleik.

Eftir skilnað þeirra árið 2004 flutti Hannes út og Steinunn bjó áfram í húsinu ásamt tveimur börnum þeirra. Hún hóf síðan sambúð með Finni Reyr Stefánssyni, forstöðumanni rekstrarsviðs hjá Glitni, og eignaðist son með honum í október á síðasta ári. Steinunn er ekki ókunnug Glitni en hún sat í stjórn bankans um nokkurra mánaða skeið árið 2004 þegar hún átti hlutabréf í honum að verðmæti nokkurra milljarða.

Seint á síðasta ári fóru Steinunn og Finnur Reyr á stúfana og keyptu nýbyggt 325 fermetra einbýlishús í Brekkuási 11 af samstarfsmanni Finns hjá Glitni, lögfræðingnum Einari Páli Tamimi. Það hús komst í fréttirnar þegar Einar Páll byggði það vegna þess hversu hátt nýtingarhlutfall lóðarinnar var og grjóthnullungar úr byggingunni féllu niður í garð nágranna hans í götunni fyrir neðan við litlar undirtektir íbúa. Það virðist þó ekki hafa komið í veg fyrir að Steinunn og Finnur Reyr keyptu húsið.

Einar Páll fór ekki langt því hann fékk rúmlega 200 fermetra parhús Finns Reyrs í Lerkiási í staðinn fyrir Brekkuásinn enda óþarfi fyrir Steinunni og Finn að halda tvö heimili.

Það er því óhætt að segja að þótt fasteignamarkaðurinn sé víða rólegur þá er hann fjörugur í Garðabænum þar sem glæsivillur ganga kaupum, sölum og skiptum.



**FLUTTI ÚT** Hannes Smárason flutti út úr Blikanesi 9 þegar leiðir hans og Steinunnar Jónsdóttur skildi árið 2004.

**FARINN ÚR BREKKUÁSNUM** Einar Páll Tamimi seldi húsið umdeilda í Brekkuásnum.



**SKIPTI** Einar Páll Tamimi fékk Lerkiás 12 í skiptum fyrir Brekkuásinn. SIRKUSMYND/RÓSA



**UMDEILT HÚS** Það er óhætt að segja að nýtt heimili Steinunnar Jónsdóttur og Finns Reyrs Stefánssonar í Brekkuási 11 hafi verið umdeilt. SIRKUSMYND/RÓSA





**HLÉBARÐI** Dorrit Moussaieff klæddist hlébarðaskóm við afhendingu Íslensku bókmenntaverðlaunanna á föstudaginn.
SIRKUSMYND/RÓSA



# Dorrit elskar hlébarðaskóna sína

Forsetafrúin Dorrit Moussaieff vekur ávallt athygli hvar sem hún er fyrir glæsileika. Engin undantekning var þar á þegar Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent á Bessastöðum á föstudaginn fyrir viku. Dorrit var reyndar frekar látlaus í klæðaburði en bar samt af eins og demantur í grjóti.

Blaðamaður Sirkuss tók eftir því að hún klæddist hlébarðaskóm frá Dolce & Gabbana með opinni tá en svo virðist sem hún sé afar hrifin af þessum skóm. Hún klæddist þeim einnig þegar hún tók við verðlaunum sem Kona ársins 2006 hjá tímaritinu Nýju lífi um miðjan desember þar sem hún sveif um sali Iðu á hlébarðanum. Sirkus kvartar ekki. Skórnir eru fallegir og það er Dorrit líka.

**ÞÆGILEGIR** Dorrit virðist vera afar hrifin af skónum enda mætir hún í þeim á mörg mannamót. Hér er hún í veislu Nýs lífs þar sem hún var kjörin Kona ársins 2006.
SIRKUSMYND/VILHELM



## Hverjir voru hvar



Það var mikið um dýrðir á árshátíð Icelandair í Laugardalshöllinni á laugardagskvöldið. Fallega fólkið skartaði sínu fegursta og þar mátti meðal annars sjá flugfreyjuna **Brynju Nordqvist** og mann hennar, **Þórhall Gunnarsson**, ritstjóra Kastljóss. Pálmi Gestsson úr Spaugstofunni mætti einnig með eiginkonu sinni, Sigurlaugu Halldórsdóttur.


# Foreldrar undrandi yfir SKO-æðinu

**„Ég er ekki viss um að það sé hollt að tala svona mikið í símann, þó að það sé ókeypis“**

Foreldrar SKO-ungmenna eiga oft erfitt með að skilja hvað vakir fyrir þeim. Einkum vekja grunsamlega lágir símreikningar ungmennanna furðu, enda á fólk ekki að venjast þessum upphæðum. „Þetta er ekki einleikið,“ sagði áhyggjufullur móðir við blaðamann í gær. „Dóttir mín virðist alltaf getað talað við vini sína, en samt er símreikningurinn hennar ekkert hærri en áður. Hún segir að það sé vegna þess að það sé ókeypis að hringja í aðra SKO-síma, en hvernig getur það staðist? Ókeypis að hringja?“ segir móðirin og hlær.



## Strámaður ársins 2006

Þrjátíu og átta ára gamall Hafnfirðingur, Sigurgeir Björgvinsson, var í gær kosinn Strámaður ársins 2006. Á fimmta þúsund kjósenda greiddi atkvæði í símakosningu að þessu sinni og hlaut Sigurgeir yfirburðakosningu en alls voru yfir 100 manns tilnefndir. Sigurgeir hefur verið ötull strásafnari um árabil og vann hann hug og hjörtu þjóðarinnar þegar hann safnaði ríflega hálfum kassa af stráum á síðasta ári. Stráin verða geymd í sérstöku strásafni sem hann hefur komið sér upp á heimili sínu í Smárahverfinu. Sigurgeir var hinn kátasti þegar fréttamaður heimsótti hann í gær. „Þetta er mikil hvatning fyrir mig til að halda áfram strásöfnuninni. Þetta er vissulega mikil vinna en mjög gefandi,“ sagði Sigurgeir.



„Ég er alsæl,“ segir ung námsmær í Reykjavík.

# „Þetta er allt annað líf“

## Ung stúlka í Reykjavík segir líf sitt hafa breyst eftir að hún fékk sér SKO.

„Ég get til dæmis farið oftar á kaffihús og í bíó. Ég get einfaldlega leyft mér svo miklu meira,“ segir hún. Alls hafa um 5.000 Íslendingar skráð sig í þjónustu SKO síðan í apríl á síðasta ári og ekkert lát virðist vera á æðinu.

# Tala meira. Borga minna.

**0,00 kr./mín.**
Hringt í SKO GSM-síma

**14,90 kr./mín.**
Hringt í aðra GSM- og heimasíma

**SMS 4,90 kr.**
í alla GSM-síma á Íslandi



SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ
www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM-þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM-símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 7596






SIRKUS FYLGDIST MEÐ ÆFINGUM KEPPENDANNA TÍU Í X-FAKTOR

# Gæsahúð með stóru G-i

Ég var mættur rétt fyrir klukkan þrjú á miðvikudag upp á Krókháls, nánar tiltekið í Saga Film, framleiðanda sjónvarpsþáttanna X-faktor, til að fylgjast með æfingu keppendanna tíu sem eftir eru. Ég ætlaði að vera fluga á vegg og skyggnast á bak við tjöld þáttanna.

Allir keppendurnir tíu fengu 20 mínútur hver til að æfa sitt atriði. Alan Jones, sem þurfti að glíma við systkinin í Já um hvort dytti út síðastliðið föstudagskvöld, byrjaði ballið og var ekki að sjá á honum að sjálfstraustið hefði minnkað neitt eftir síðasta þátt. Gamli Earth, Wind and Fire-slagarinn September hljómaði vel úr barka kappans. Og hann fór hátt upp í viðlaginu. Einar Bárðarson, þjálfari hans, kom sér fyrir í leikstjórastólnum og gaf Alan góð ráð á milli þess sem hann sendi SMS-skilaboð, upptekinn maðurinn sem hann er. „Yeah! Alan er kúl," sagði Kristjana raddþjálfari eftir fjórða rennsli og Alan kvaddi sáttur.

## Gæsahúð og nostalgía

„Fer Siggi norður?" spurði Kristjana og átti þar við norðlenska látúnsbarkann Sigga sem steig næstur á svið. Siggi tók lagið Kyrie með Mr. Mister og rúllaði því upp. „Tæknilega wonderful," sagði Kristjana og ekki var laust við að ég fengi gæsahúð og netta nostalgíu þegar Siggi kyrjaði „Kyrie Eleison, down the road that I must travel" eins og að drekka vatn.

Hún er ekki með jafnstór brjóst og nei, hún er ekki ljóshærð en Inga seldi mér alveg Dolly Parton-lagið „Just when I needed most". Ég trúði hverju orði um að ég hefði yfirgefið hana þegar hún þarfnaðist mín mest. „Þetta var rosalega flott," sagði Idol-Heiða, sem var mætt í bakraddirnar, og smellti kossi á kinn Ingu eftir flutninginn.

## Út með magann

Færeyski hjartaknúsarinn Jógvan steig næst á svið og var ekki í sínu besta formi. „Ertu lasinn?" spurði Kristjana en Jógvan svaraði um hæl: „Nei, ég er bara svona lélegur söngvari."

Dancing in the Moonlight virkaði ekki vel á Kristjönu sem vildi fá meira frá sínum manni. „Byrja út með magann og svo Daaaaancing," sagði Kristjana um áherslur í viðlaginu en ekki var að sjá að Jógvan skildi hvað hún var að fara. Þór Freysson, framleiðandi þáttanna, trúði mér fyrir því að Færeyingar væru æstir í að sjá þáttinn vegna Jógvans og því ekki loku fyrir það skotið að landvinningar íslenska X-faktorsins séu á næsta leiti.

**á bak við tjöldin**

Eftir þetta kvöddu Einar Bárðar og co. og héldu niður á Nordica þar sem Einar bauð sínu fólki í mat af sönnum höfðingsskap.

## Þarf Páll Óskar orkudrykk?

Inn kom Páll Óskar og hóparnir hans. „Þarf þessi maður á orkudrykk að halda?" hugsaði ég þegar Páll Óskar skellti í sig einum orkudrykk af tegundinni Cult. „Er hann ekki nógu orkuríkur fyrir eða eru það orkudrykkirnir sem knýja hann áfram?" hugsaði ég með mér og var kominn inn í hálft lag hjá stelpunum í Fjórfléttunni áður en ég vissi af. Lagið Sway hljómaði vel í röddun þeirra og ekki var verra cha-cha-cha atriðið sem boðið verður upp á í kvöld. Þokkafullt var það en ekki vel æft. Vonandi var gærdagurinn vel nýttur í dansatriðið. „Þið verðið að koma með alla stælana," sagði Hera Björk raddþjálfari en fyrir mér var söngurinn fínn en eina spurningin er dansinn sem getur orðið þeirra helsta tromp eða versta martröð.

## Þakið af stúdíóinu

„Vá, vá, vá. Þvílík rödd," hugsaði ég þegar dúettinn GÍS, sem samanstendur af Írisi og Guðnýju, hóf að syngja lagið Alone með Heart. „Getur þessi litla stúlka framkvæmt þessi hljóð?," spurði ég sjálfan mig þegar Guðný reif næstum því þakið af stúdóinu í viðlaginu. „Till now I always got by on my own. I never really cared until I met you. And now it chills me to the bone. How do I get you alone," söng Guðný og ég fékk gæsahúð með stóru G-i. Eina vandamál stelpnanna var að Páll Óskar vildi að þær dyttu dauðar í gólfið í lok lagsins. „Þið gerið þetta bara svona," sagði Palli og hrundi með tilþrifum. Stelpurnar voru ekki jafn vissar en féllu þó eftir nokkrar tilraunir án þess að vera jafn sannfærandi og þjálfarinn.

„Hvernig ætlið þið að koma inn á sviðið?" spurði framleiðandinn Þór þegar Hveragerðissysturnar Rakel og Hildur í Hara mættu til leiks. „Við verðum í tröppunum algjörlega geggjaðar," gall í Hildi og allir viðstaddir hlógu. Það þarf ekki að kenna þeim systrum neitt um fjör en mesta athygli mína vakti Hera sem keyrði son sinn á skrifborðsstól enda á milli á meðan systurnar kyrjuðu Queen-slagarann Don't stop Me now. Ég var ekki sannfærður en þær eru skemmtilegar – það verður ekki tekið af þeim.

## Alltof flatt

Og út fór Palli og inn kom Ellý með Gylfa. Það var ekki laust við að ég vorkenndi honum því ekki barasta var honum líkt við ungan og stóran Dustin Hoffman heldur þurfti hann að syngja Hollies-lagið The Air that I breath með Ellý við annað eyrað. „Það er óþægilegt að hafa þig við eyrað á meðan ég er að syngja," sagði Gylfi við Ellý í miðjum klíðum. „Þú verður að gefa betur í. Þetta er alltof flatt," gall í Ellý á móti. Gylfi gaf lítið í og sagðist vera veikur. Hann uppskar hina mögnuðu klisju um að það væri engin afsökun og ekki spurt að því á tónleikum. Ég held að Gylfi detti út nema að unglingsstúlkur landsins flykkist um þennan „sykursnúð" eins og Ellý kallar hann

## Stjarna með attitjúd

Hún er lítil, pínulítil. Hún er yngst, langyngst. En samt er Guðbjörg stórkostleg. Hún átti svæðið um leið og hún kom og stjórnaði öllu eins og herforingi. Ellý átti varla roð í hana og allt var gert eftir hennar höfði. „Ég nenni ekki að syngja þetta aftur," sagði hún eftir þriðju keyrslu á laginu Passenger sem Iggy Pop gerði vinsælt hér í den. „Hún er bara með attitjúd. Orðin stjarna strax," heyrðist í einum hljómsveitarmeðlimanna og sennilega er það rétt. Hún er orðin stjarna.

Jóhanna var síðust og þrátt fyrir að hún væri með hálsbólgu átti hún ekki í vandræðum með hið vinsæla lag, Wonderful World, með James Morrison. „Þetta er ógeðslega flott," sagði Ellý ánægð með sína stúlku.

Eftir fimm tíma setu var ballið búið. Allir búnir að syngja og spennan farin að magnast fyrir kvöldið í kvöld. Hver dettur út? Ég leyfi mér að tippa á Gylfa, eftir bráðabana við Alan.

*oskar@frettabladid.is*



**ÚTI AÐ BORÐA** Einar Bárðarson bauð hópnum sínum út að borða á Vox á Nordica hóteli á miðvikudagskvöldið. SIRKUSMYND/VILHELM







## KNUD HOLSCHER/d line

PRÓFESSOR, ARKITEKT

Hann lauk námi í Arkitektaskóla Listaakademíunnar og varð prófessor þar 1968. Hann varð síðar meðeigandi í Arkitektastofunni KHR A/S arkitektar. Stofnaði síðan eigið fyrirtæki 1995, Knud Holscher Indstriel Design (Iðnhönnun).

Hann hefur fengið mörg verðlaun og viðurkenningar í gegn um tíðina – nú síðast ID verðlaunin fyrir d line snyrtiþilin fyrir almenningssalerni, ásamt ID verðlaunin fyrir klassíska hönnun 1999.



d line

Heimsklassa hönnun

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600

aseta@aseta.is www.aseta.is





HEIÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR OG FREYJA SIGURÐARDÓTTIR ERU TVÆR AF FREMSTU FITNESS-KONUM LANDSINS. HEIÐRÚN OG FREYJA SKERA SIG ÚR KVENNAHÓPI ENDA STÆRRI OG STERKARI EN AÐRAR KONUR. STELPURNAR ERU SAMMÁLA UM AÐ FITNESS SÉ FRÁBÆR LÍFSSTÍLL OG ÞÆR VILJA FLEIRI STELPUR Í ÍÞRÓTTINA.

# „HVAÐ TEKUR ÞÚ Í BEKK?“ ER ALGENG PICK-UP LÍNA

Auðvitað fær maður athygli út á þetta enda skerum við okkur úr fjöldanum. Við erum stærri og sterkari en aðrar konur,“ segir Freyja Sigurðardóttir en hún og Heiðrún Sigurðardóttir eru tvær af fremstu fitness konum landsins. Báðar eru þær glæsilegar ungar konur sem setja markið hátt og oft keppa þær sín á milli. Freyja segir algengt að fá spurningar eins og „hvað tekurðu mikið í bekkpressu“ frá karlmönnum og segist geta orðið leið á slíkum athugasemdum. Heiðrún tekur undir og segir slíkar athugasemdir algengar pick-up línur. „Maður fær að heyra ótrúlegstu setningar. Ég er spurð hvað ég taki í bekk og svo kemur fyrir að manni er boðið í sjómann. Strákarnir finna alls konar leiðir til að nálgast mann sem er betra en að þeir hræðist mann,“ segir Heiðrún hlæjandi en Heiðrún er á lausu.

## Byrjuðu ungar í íþróttum

„Ég hef alltaf verið sportleg og byrjaði í fimleikum þegar ég var lítil og byggði þannig upp líkamann. Að mínu mati eru fimleikarnir besta íþrótt í heimi,“ segir Freyja. Heiðrún byrjaði sinn feril aftur á móti í frjálsum íþróttum en hún hefur eins og Freyja stundað íþróttir frá því hún var lítil. „Ég fékk góðan grunn í frjálsum og fór þaðan yfir í að lyfta. Ég hef aldrei getað stundað hópíþróttir því ég vil ekki þurfa að bera ábyrgð á velgengni annarra. Hjarta mitt myndi einfaldlega brotna ef ég myndi klúðra fyrir hinum og þess

**viðtal**



„MAÐUR FÆR AÐ HEYRA ÓTRÚLEGSTU SETNINGAR. ÉG ER SPURÐ HVAÐ ÉG TAKI Í BEKK OG SVO KEMUR FYRIR AÐ MANNI ER BOÐIÐ Í SJÓMANN.“

**HEIÐRÚN „Ef ég á að velja á milli tækifæris til að keppa á heimsmeistaramóti eða fá mér pitsu þá fórna ég pitsunni.“**



**BÓNORÐ UM ÁRAMÓTIN „Við ætlum að hafa þetta lítið brúðkaup og aðeins bjóða okkar nánustu en athöfnin fer fram í Keflavíkurkirkju 8. desember.“**

vegna á fitness mjög vel við mig, í því hugsa ég um mig eina og engan annan,“ segir Heiðrún

Þrátt fyrir að keppa báðar í fitness keppa Freyja og Heiðrún ekki alltaf saman þar sem tvö fitness-sambönd eru starfrækt hér á landi, IFBB og Icefitness. „Ég hef mun meira gaman af Icefitness en þar er meira sport. Við verðum að gera armbeygjur, keppa í tímaþraut auk þess að koma fram á bikiníi. IFBB er meira eins og fegurðarsamkeppni,“ segir Freyja sem keppir þó af og til í IFBB líka. Heiðrún tekur ekki undir orð Freyju að um einhvers konar fegurðarsamkeppni sé að ræða. „IFBB og Icefitness er voðalega svipað nema við gerum ekki armbeygjur í IFBB enda er ég ekki góð í þeim,“ segir Heiðrún og bætir við að hún myndi ekki tíma að færa sig yfir þar sem hún hafi mikla möguleika á að keppa erlendis í IFBB.



**Á LAUSU „Ég er spurð hvað ég taki í bekk og svo kemur fyrir að manni er boðið í sjómann. Strákarnir finna alls konar leiðir til að nálgast mann sem er betra en að þeir hræðist mann,“ segir Heiðrún hlæjandi en Heiðrún er á lausu.**

## Gifta sig í desember

Freyja býr ásamt kærasta sínum og barni í Álasundi í Noregi þar sem Hafliði unnusti hennar er atvinnumaður í fótbolta. Hann skrifaði nýlega undir nýjan þriggja ára samning svo fjölskyldan er ekki á leiðinni heim í bráð. „Við vorum að kaupa okkur hús þarna úti og okkur líkar mjög vel. Sonurinn er á leikskóla og ég er að þjálfa svo við erum búin að koma okkur vel fyrir,“ segir Freyja en þau Hafliði ætla að gifta sig á Íslandi í desember. „Hann bað mín á gamlárskvöld,“ segir Freyja brosandi og bætir við að kvöldið hafi ekki alveg farið eins og hann hafi ætlað. „Við eyddum mestum partinum á sjúkrahúsi en sem betur fer var hann þá búinn að biðja mín. Þegar við ætluðum að sýna hvernig Íslendingar kveðja gamla árið sprakk stór kaka í höndunum á honum og sauma þurfti 27 spor. Þetta var allavega mjög eftirminnilegt kvöld,“ segir Freyja og bætir við að hún sé mjög spennt fyrir brúðkaupinu. „Við ætlum að hafa þetta lítið brúðkaup og aðeins að bjóða okkar nánustu en athöfnin fer fram í Keflavíkurkirkju 8. desember.“

## Fórna pitsu fyrir HM

Næsta mót á dagskrá hjá Heiðrúnu er Íslandsmeistaramót IFBB um páskana. Þessa dagana fer mestur tími hennar í undirbúning en Heiðrún segir að þar sem fitness sé lífsstíllinn sem hún hafi tileinkað sér þyki henni undirbúningurinn lítið mál. „Ég hef aldrei reykt eða drukkið áfengi svo ég get alveg leyft mér að fara út að djamma með vinkonum mínum þar sem ég verð ekkert þunn. Ég reyni að halda áfram með líf mitt þrátt fyrir keppnir og held sambandinu við vinkonurnar þótt ég sé í strangri þjálfun. Ströng þjálfun þýðir líka að maður getur leyft sér mun meira, en þegar nær dregur mótum verður mataræðið strangara og aðeins einn nammidagur í viku. Mánuði fyrir mót sleppi ég svo öllu óhollu. Þetta er orðið að vana og þegar nær dregur keppnum hætti ég að svindla því ég veit hvað er í húfi. Ef ég á að velja á milli tækifæris til að keppa á heimsmeistaramóti eða fá mér pitsu þá fórna ég pitsunni. Þegar mótin eru búin get ég borðað að vild en oftast langar mig þá ekki í neitt óhollt.“

## Lifi lífinu þrátt fyrir fitness

Freyja ætlar að taka því rólega næstu mánuðina og ætlar ekki að keppa um páskana. „Ég held að ég hvíli mig þangað til í október. Það tekur góða þrjá mánuði að skera sig niður og mig langar að hvíla mig fyrir næsta mót og ætla að nota tímann og koma mér og fjölskyldunni almennilega fyrir. Ég vil forgangsraða rétt í lífinu, ekki bara æfa og æfa,“ segir Freyja og bætir við að hún haldi áfram að lifa lífinu þrátt fyrir strangan lífsstíl í kringum mót. „Ég fer reglulega út að skemmta mér með vinum mínum og fæ mér nammi og svona. Mér finnst nammi líka svo gott og gæti aldrei sleppt því alveg. Frekar myndi ég æfa aðeins meira,“ segir hún brosandi.



**FREYJA SIGURÐARDÓTTIR FITNESS-GELLA „Ég fer reglulega út að skemmta mér með vinum mínum og fæ mér nammi og svona. Mér finnst nammi líka svo gott og gæti aldrei sleppt því alveg. Frekar myndi ég æfa aðeins meira,“ segir Freyja.**

## Stefna alltaf að sigri

Stelpurnar eru sammála um að fitness sé frábær íþrótt og hvetja fleiri stelpur og konur að prófa. „Alveg tvímælalaust mæli ég með þessu fyrir sem flestar konur. Þetta er svo gaman og stemningin í kringum þetta er frábær,“ segir Heiðrún. „Við Heiðrún erum fínar vinkonur enda finnst mér nauðsynlegt að geta átt eðlileg samskipti við keppinautana. Við ræðum saman, gefum hvor annarri ráð og lærum þannig alltaf eitthvað nýtt,“ segir Freyja og Heiðrún tekur undir. „Okkur kemur vel saman sem betur fer enda er gott að geta haft samband við einhvern sem maður keppir við, fengið ráð og gefið ráð til baka.“ Stelpurnar missa þó aldrei sjónar á sigrinum og stefna báðar á fyrsta sætið þegar þær keppa. „Að sjálfsögðu stefnir maður alltaf á sigur. Við vitum hvernig er að sigra og maður leggur þetta ekki á sig nema maður ætli að vinna.“

*indiana@frettabladid.is*

# hola í höggi

FÖSTUDAGUR 9. FEBRÚAR 2007

## Til Svíþjóðar

**Kylfingurinn Heiðar Davíð Bragason flytur til Svíðþjóðar með vorinu**

BLS. 6





FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Bíldshöfða 16 | Sími 567 2330
Bílasmiðurinn hf



Í Gilsbúð má finna golfhermi sem er meðal þeirra bestu í heiminum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bjóða upp á námskeið fyrir alla

**Pro Golf ehf. er nýtt fyrirtæki sem hóf starfsemi sína fyrir stuttu. Fyrirtækið hefur aðstöðu í Gilsbúð í Garðabæ og hefur einn fullkomnasta tækjabúnað sem þekkist í dag. Þá hefur Pro Golf tekið við rekstri Bása. Pro Golf sérhæfir sig í golfkennslu á mjög víðtækan hátt.**

„Við byrjuðum með þessa inniaðstöðu í Garðabæ en vildum stækka þetta frekar. Þá ákváðum við að grípa tækifærið með Bása, stærstu og bestu æfingaaðstöðu landsins, og leigjum þá aðstöðu af Golfklúbbi Reykjavíkur. Nú í febrúar vorum við að opna golfskóla þar sem kennslan fer fram á báðum stöðum. Við erum með kennslu fyrir alla, allt frá byrjendum upp í afrekskennslu og svo erum við með alla hópakennslu,“ segir Ólafur Már Sigurðsson, sem er skólastjóri Golfskólans.

Pro Golf spratt upp úr hugmyndaflæði þriggja golfáhugamanna sem fannst þörf á inniaðstöðu og tæknilegum aðbúnaði svo fólk gæti eflt tækni sína og hæfni í golfi. Þessi hugmynd þeirra varð síðan að veruleika og í apríl í fyrra var Pro Golf golfskólinn stofnaður af þeim Bynjari Eldon Geirssyni, Gunnari Gunnarssyni og Ingimundi Helgasyni. Nokkru síðar bættist síðan Ólafur Már við.

Skólinn er starfræktur í Gilsbúð 7 í Garðabæ og voru fest kaup á vönduðum tækjabúnaði. „Við höfum m.a. einn besta golfhermi í heiminum. Við reynum að veita okkar viðskiptavinum eins góða þjónustu og hægt er,“ segir Ólafur Már.

Í Gilsbúð er hægt að fara í sveiflu- og púttgreiningu í þartilgerðum tækjum og þar má finna tæki sem byggt er upp á laser- og radartækni í fremstu röð. Þar er púttflöt lögð með gervigrasi sem hefur eiginleika náttúrulegs grass. Fyrir utan púttflötinn er hærra gras þar sem hægt er að æfa vipp.

Margir af bestu kylfingum landsins nýta sér þessa aðstöðu Pro Golf reglulega en þar á meðal er Birgir Leifur Hafþórsson.

Golfæfingasvæðið Básar í Grafarholti hefur slegið í gegn hjá kylfingum landsins. Þar er boðið upp á golfæfingasvæði á þremur hæðum og er aðstaðan flóðlýst. Þá eru hitalampar á fyrstu tveimur hæðunum. Einnig má finna sérstakt einkarými til golfkennslu.

„Fyrsta byrjendanámskeiðið í ár hefst einmitt núna á sunnudag. Þannig að ef fólk er að spá í að byrja í golfi þá er bara um að gera að kýla á það strax,“ segir Ólafur Már.

Auk hans sjá þeir Ástráður Sigurðsson og David Barnwell um kennsluna en hjá fyrirtækinu starfa einnig tveir golfleiðbeinendur, Jóhann K. Hjaltason og Hlynur Þór Haraldsson.

Allar upplýsingar um námskeiðin sem skólinn býður upp á má finna á heimasíðunni www.progolf.is. Þegar golfvellirnir fara að opna munu síðan fleiri námskeið bætast við. *- egm*



Púttflötin er lögð með gervigrasi sem hefur alla þá eiginlega sem náttúrulegt gras hefur.



www.expressferdir.is/golf

# ÚT Á VÖLL!

## BÓKAÐU GOLFFERÐINA Á EXPRESSFERDIR.IS/GOLF

Express Ferðir bjóða pakkaferðir við allra hæfi á frábæra golfvelli á Englandi, Spáni og í Danmörku. Aðstaðan er eins og best verður á kosið, fyrsta flokks hótel og iðagrænir 18 holu vellir. Vallaraðstæður eru frábærar: Skógar allt um kring sem skapa aðstæður sem reyna á hæfni hvers og eins og gildir þá einu hvort golfarinn er byrjandi eða þaulreyndur. Fuglar eru eftirsóknarverðir, ernir sjaldséðir og albatrossar nánast útilokaðir. Skelltu þér á **www.expressferdir.is/golf** og kynntu þér kostina!



### MARRIOTT HANBURY MANOR

**Verð frá 68.900 kr.**

Flug, skattar, gisting í 2 nætur, morgunverður og 2 golfhringir
Verð pr. einstakling í tveggja manna herbergi.

Glæsilegt og margverðlaunað fimm stjörnu golfhótel í London. Rúmgóð herbergi, frábærir veitingastaðir, sundlaug, tennisvellir, æfingaaðstaða, spa og nudd. Þá er völlurinn ekki af verri endanum: 18 holu, par 72, PGA-völlur sem hefur verið völlur Opna enska meistaramótsins.

### COMWELL HÓTELIN

**Verð frá 59.900 kr.**

Flug, skattar, gisting og golfpassi í 3 daga. Verð miðast við að tveir séu saman í herbergi. Frjálsar ferðadagsetningar.

Víðs vegar um Danmörku eru frábærir golfvellir, enda loftslagið afar ákjósanlegt fyrir golfara. Comwell-hótelin er að finna á 13 stöðum í Danmörku og eru hótelin í nánu samstarfi við 38 golfvelli, hver öðrum skemmtilegri. Hver einasti golfari finnur völl við hæfi, enda af nógu að taka. Sendu okkur línu á info@expressferdir.is eða hringdu í okkur í síma 5 900 100 og við setjum saman fyrir þig stórskemmtilega golfferð, spölkorn að heiman.

### BONALBA

**Verð frá 79.000 kr.**

Flug með Iceland Express til Alicante með sköttum, gisting í íbúð eða húsi á Bonalba og 4 golfhringir. Verð pr. einstakling m.v. að 2 séu saman í herbergi.

Bonalba er stórskemmtilegt svæði rétt utan við Alicante á Spáni. Gist er í sumarhúsum og því ýmsir möguleikar í boði, allt frá tveimur í íbúð og upp í heilar fjölskyldur í stórum einbýlishúsum. Öllum sumarhúsunum fylgir aðgangur að sundlaugum og með stærri húsunum fylgir einkasundlaug. Fullkomin líkamsræktaraðstaða með heilsulind. Golfvöllurinn er einstakur 18 holu, par 72. Á honum var leikið til úrslita í spænsku atvinnumannaröðinni '97 og '98 og Costa Blanca áskorendamótið og áskorendamót Evrópu fóru einnig fram á þessum frábæra velli.



Fiton/SÍA

**» Nánar á www.expressferdir.is/golf eða í síma 5 900 100**

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

## ● VISSIR ÞÚ

... að kylfingurinn frægi **Ben Hogan** svaraði þegar hann var spurður hvernig hægt væri að bæta sig í golfi: „Slá kúluna nær holunni“
... að margir **japanskir kylfingar** kaupa sér tryggingu fyrir „holu í höggi“? Það er vegna þess að í Japan tíðkast að gefa vinum sínum gjafir til að samfagna mikilli gæfu. Algengt er að slík „heppni“ geti kostað mann allt að 650.000 krónur.
... að metið í **hraðasta hring í golfi** liða (18 holur) var sett á Tatnuck-golfvellinum í Worcester hinn 9. september árið 1996? Hringurinn tók 9 mínútur og 28 sekúndur.
... að **stærsta sandgryfja heims** er á sjöundu holu Pine Valley-golfvallarins? Hann var lagður árið 1912 og er af mörgum talinn erfiðasti golfvöllur heims.
... að eini maðurinn sem spilað hefur **golf á tunglinu** er Alan Shepard? Kúlan hefur aldrei fundist.
... að **þrjár golfkúlur** eru á tunglinu?
... að **Rudyard Kipling** fann upp snjógolf þegar hann bjó í Vermont í Bandaríkjunum á síðasta áratug 19. aldar? Hann málaði golfkúlurnar sínar rauðar svo hann fyndi þær í snjónum.
... að **Arnold Schwarzenegger** borgaði 772.500 dollara fyrir golfkylfur John F. Kennedys á uppboði árið 1996?
... að **kjarninn í golfkúlu** er fylltur með hunangi sem er einnig notað í frostlög?
... að **Bandaríkjamenn** eyða 630 milljón dölum árlega í golfkúlur?
.. að búnar eru til **tólf nýjar golfholur** á degi hverjum?
... að fram til ársins **1850** voru golfkúlur úr leðri og troðnar fiðri?
... að **Wayne Levi** er eini atvinnukylfingurinn sem unnið hefur golfmót með litaðri (appelsínugulri) kúlu? Það afrek vann hann á opna hawaiíska meistaramótinu.
... að **kínverska golfsambandið** heldur því fram að golf eigi uppruna sinn í Kína á annarri eða þriðju öld f. Kr?













Síðasta sumar voru kynntar þær hugmyndir að reisa golfvöll í Viðey. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Þyrfti nýjan golfvöll á hverju ári

**Jón Ásgeir Eyjólfsson, forseti Golfsambands Íslands, segir að miklar framkvæmdir standi yfir á golfvöllum víða um land. Verið er að bæta og breyta, fjölga brautum og byggja nýja velli.**



Marga golfvelli er verið að stækka úr níu holum og upp í átján. Þá bætast nokkrir golfvellir við í ár, sérstaklega úti á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Til stendur að leggja niður einn golfvöll í Hafnarfirði þar sem byggja á í Setberginu.

„Til að fullnægja eftirspurninni þarf fleiri golfvelli. Það er verið að fjölga golfvöllum og aðra er verið að stækka. Við þyrftum að bæta við einum golfvelli á hverju ári til að halda í við þróunina. Tíundi hver Íslendingur iðkar golf með einum eða öðrum hætti, helmingurinn af þeim hópi er í golfklúbbum en aðrir stunda golf nokkrum sinnum á ári,“ segir Jón Ásgeir Eyjólfsson, forseti GSÍ.

„Margir klúbbar eru með langa biðlista en síðan eru laus pláss á öðrum golfvöllum sem liggja aðeins fyrir utan þéttbýlið. Æ fleiri eru farnir að leggja á sig smá keyrslu til að losna við langar raðir og biðlista. Það hefur aðeins náð að létta af klúbbunum á Reykjavíkursvæðinu, það er nefnilega ekki langt að sækja golfið,“ segir Jón Ásgeir.

Það er ljóst að verið er að vinna í því eftir fremsta megni að fjölga golfvöllum á landinu og er greinilega mikið í gangi í þeim efnum. Fréttablaðið fékk Jón Ásgeir til að renna yfir það helsta sem er að gerast.

„Það á að stækka níu holu golfvöll sem er í Öndverðarnesi í átján holur. Það er verið að vinna í því og stefnt að því að þar verði hægt að spila sumarið 2008. Í Grímsnesinu er verið að vinna við golfvöll á Minni-Borg sem er einkaframtak. Þar er verið að byggja sumarbústaði og meiningin er að selja hlutabréf í þessum pakka, bæði í golfvellinum og gistiaðstöðu. Það á að vera komið á kortið 2009,“ segir Jón Ásgeir.

„Það er verið að stækka völlinn í Mosfellsbæ upp í átján holur. Það er ekki alveg vitað hvenær það klárast en það tafðist eitthvað í kerfinu. Strax í maí verður tekinn í notkun nýr völlur í Borgarnesi. Það var verið að stækka hann úr tólf holum upp í átján holur og í vor verður hægt að spila hann í fullri stærð,“ segir Jón Ásgeir.

Síðan er verið að leggja niður golfvöll í Hafnarfirði þar sem það stendur til að fara að byggja á Setberginu. Golfklúbburinn þar ætlar sér að byggja nýjan golfvöll en ekki er enn komin endanleg staðsetning á hann,“ segir Jón. Endurbætur standa yfir á Norðurlandinu. „Á Akureyrarvelli eru heilmiklar endurbætur í gangi. Þar er verið að byggja upp nýjar flatir og markvisst verið að vinna í því að laga þann völl. Ég held að þeim lagfæringum eigi að vera lokið eftir eitt og hálft ár.“

Á Seltjarnarnesinu er verið að finna leiðir til að stækka völlinn þar úr níu holum upp í átján. „Það er komið vilyrði frá bæjarstjórninni fyrir því og reikna má með því að vinna sé að fara í gang þar. Ég vonast til þess að það verkefni fari í gang síðar á þessu ári eða á því næsta. Það er oft erfitt að setja upp tímaáætlun hvað varðar svona framkvæmdir því við búum náttúrulega við ákveðið veðurfar og hitastig hér á landi,“ segir Jón Ásgeir.

„Það hafa verið umræður um að byggja golfvöll í Viðey. Í fyrrasumar voru hugmyndir varðandi það kynntar en eins og með marga aðra hluti þá gerist það hægt. Það hefur einnig verið rætt um að byggja golfvöll í Kollafirði og verður spennandi að sjá hvað þar gerist,“ segir Jón Ásgeir.

„Tveir nýir golfvellir voru teknir í gagnið á síðasta ári. Það var völlur í Borgarfirði sem heitir Glanni, níu holu völlur sem er rétt hjá Bifröst. Síðan var golfklúbburinn Geysir sem er í Haukadal að opna níu holu völl hjá sér,“ segir Jón Ásgeir Eyjólfsson og greinilegt er að nóg er að gerast í golfheiminum.

*- egm*

## Viking



Verð frá 398.000

## Emerald



Verð frá 698.000





NUDDSTÚTAR FRÁ 18-113




Stjórnkerfi
fyrir heita potta



Hús á potta
fyrir veturinn

RÖÐ AÐGERÐA POTTUR RÆSTUR
AÐGERÐ 1 - 2 - 3

RÖÐ AÐGERÐA POTTUR SLÖKKTUR OG TÆMDUR
AÐGERÐ 3 - 1




## PDC





Verð frá 515.000



NÁTTÚRULEGT HREINSIEFNI FYRIR HEITA POTTA




Kjörorka Selásbraut 98 Reykjavík
Sími: 487-8000
Heimasíða www.kjororka.com

# Flytur til Svíþjóðar með vorinu

**Heiðar Davíð Bragason er einn af okkar fremstu kylfingum. Á mánudaginn heldur hann til Portúgals þar sem hann mun taka þátt í þremur mótum. Í apríl stefnir hann síðan á að flytjast til Svíþjóðar.**

„Maður er sífellt að reyna að lengja golftímabilið hjá sér og Ísland býður ekki upp á það. Því ætla ég að flytjast með fjölskylduna til Svíþjóðar en við stefnum á að vera komin út í byrjun apríl," segir Heiðar Davíð Bragason, kylfingur úr Kili í Mosfellsbæ. Heiðar heldur á mánudag út til Portúgals ásamt Ottó Sigurðssyni.

„Við keppum í þremur mótum þarna, verðum í mánuð og komum aftur 12. mars," segir Heiðar en það má segja að undirbúningstímabilið sé í gangi hjá honum. „Ég tók mér smá frí í nóvember og tók þann mánuð bara í að lyfta. Í desember og janúar hef ég síðan verið á fullu í golfi og lyft með því. Ég er að æfa fjóra og hálfan tíma til sjö tíma á dag virka daga en aðeins minna um helgar. Svo byrjar tímabilið af fullum krafti í apríl," segir Heiðar og er þá að tala um sænsku mótaröðina sem hann tekur þátt í.



Heiðar og Ottó Sigurðsson við æfingar hjá Pro Golfi í Garðabænum.

„Við kíkjum kannski til Svíþjóðar um helgina til að skoða íbúðir og athuga hvaða golfvellir eru á besta svæðinu. Þegar ég er búinn að flytja get ég keyrt á flestöll mótin en þarf ekki sífellt að vera að fljúga. Þá eru allar aðstæður betri en hér heima, það er hlýrra yfir allt árið. Maður getur nánast æft alla tólf mánuðina í suðurhluta Svíþjóðar."

Heiðar Davíð segist hafa sett sér markmið fyrir næstu þrjú árin. „Ég geri það með tölfræðilegum hætti. Ég stefni á ákveðin meðalskor og að hitta ákveðið margar brautir og flatir. Ég er búinn að vinna í þessum markmiðum og þau eru öll komin á blað hjá mér. Í gegnum tíðina hafa þessi markmið hjá mér þróast smátt og smátt. Maður er hættur að setja sér það markmið að lenda í einhverju sérstöku sæti á mótum því oftast er það ekkert undir manni sjálfum komið," segir Heiðar.

„Ég fer í Evrópuúrtökuna næsta haust og sé svo til hvað ég fer langt á henni. Ég stefni á að komast upp úr golfinu í Skandinavíu og komast að í betri mótaröðum. Það gæti vel verið að maður reyni fyrir sér í fleiri deildum og aldrei að vita nema maður athugi mótaröðina í Asíu eða Suður-Afríku. Það fer samt náttúrlega eftir því hvernig maður er staddur fjárhagslega," segir Heiðar en peningamálin standa vel hjá honum núna.

„Landsbankinn er minn aðalstyrktaraðili og ég er ánægður með þann samning. Svo er hópur af fyrirtækjum bakvið mig og klúbburinn stendur einnig vel við bakið á mér.



Heiðar Davíð Bragason hefur sett sér persónuleg markmið fyrir næstu þrjú árin.

Maður er allavega kominn með fjármagn fyrir næstu tvö til þrjú ár," segir Heiðar.

Að lokum biður blaðamaður hann um að velja sína uppáhaldsgolfvelli hér á landi. „Það er náttúrlega heimavöllurinn, hann reynir á alla þætti og býður upp á skemmtileg högg. Svo nefni ég einnig Suðurnesin og Vestmannaeyjar. Annars er bara yfirleitt gaman að spila á þeim völlum þar sem manni hefur gengið vel. Það verða að vera góðar minningar bakvið þá til að þeir séu í uppáhaldi," segir Heiðar Davíð Bragason. *- egm*



Hafnarfjörður 2006
FULLMÓTAÐU
PERSÓNULEIKA
HEIMILISINS
HEIMILIÐ Í HEILD
HÖNNUN - RÁÐGJÖF - ÞJÓNUSTA
HANÁK INNRÉTTINGAR
Síðumúla 35 | 108 Reykjavík | Sími 517 0200 | heild@heild.is | www.heild.is


# Smitaðist gjörsamlega af golfinu

Davíð Gunnlaugsson er ungur kylfingur hjá Kili í Mosfellsbæ sem er smitaður af golfbakteríunni. Hann smitaðist á golfnámskeiði sem móðir hans sendi hann á fyrir sex árum.

„Ég hef verið í golfinu í um sex ár. Þetta byrjaði þannig að ég fór með vinum mínum á golfnámskeið hérna hjá Kili í Mosfellsbæ þar sem ég bý. Mæður okkar sendu okkur á þetta námskeið og þar féll ég eiginlega algjörlega fyrir golfinu," segir Davíð Gunnlaugsson, efnilegur kylfingur á nítjánda aldursári sem stundar nám í Verslunarskóla Íslands.

„Ég er bara fjórar mínútur að labba niður á golfvöll frá heimili mínu. Ég hef verið sjálfur með golfnámskeið yfir sumartímann og því verið á golfvellinum frá átta á morgnana til tíu á kvöldin. Á sumrin fer ég í golf alla daga vikunnar," segir Davíð og telur að dágóður hópur á hans aldri sé í golfinu.

„Ég er í vinahópi í Mosfellsbæ sem er mikið í golfinu, í honum erum við svona sjö sem erum allir á svipuðum aldri."

Þótt Davíð eyði miklum tíma á golfvellinum segist hann ekki fylgjast mikið með golfmótum erlendis. „Ég horfi á golfmót í sjónvarpinu öðru hvoru en þá aðallega þegar



Það tekur Davíð Gunnlaugsson aðeins fjórar mínútur að labba út á golfvöll heiman frá sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

stórmót eru í gangi, eins og t. d. Ryders, Masters eða British Open," segir Davíð sem er sjálfur með 3,4 í forgjöf.

Hann æfir golf tvisvar í viku yfir vetrartímann og fer síðan oft á æfingasvæðið. Þá hefur hann nokkrum sinnum farið utan í golfferðir. „Um jólin var ég á Kanaríeyjum og fór aðeins í golf þar. Svo mun ég í næsta mánuði fara til Spánar og spila golf þar," segir Davíð Gunnlaugsson, hinn efnilegi kylfingur.

*- egm*

# Eistnesk einingahús





Höfum til sölu 5 herbergja 192m$^2$ einbýlishús í Garðinum, sem mun skilast fullbúið að utan og rúmlega fokhelt að innan í febrúar 2007

***Völundarhús.is*** bjóða uppá vönduð eistnesk einingahús á mjög sanngjörnu verði með nánast endalausa möguleika.
Bjóðum uppá einbýlishús, parhús, sumarhús, smáhýsi og grillhús.

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.volundarhus.is
eða póstfanginu info@volundarhus.is

völundarhús.is

*Vel valið fyrir húsið þitt*

VH.ehf. - www.volundarhus.is - volundarhus@volundarhus.is - s: 864 2400 - Heiðarbraut 3 - 250 Garður



Calvin Green-jakki frá Nevada Bob. Jakkinn er úr Gore-tex efni og er því vatnsheldur með öndunareiginleika. Jakkinn kostar 26.900 kr.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



Regnjakki fyrir konur frá Proquip. Léttur og góður á golfvöllinn. Þessi fæst í Markinu og kostar 17.900 kr.



Vind- og vatnsheldur jakki frá breska framleiðandanum Proquip. Jakkinn er fisléttur af tegundinni Silk Touch og fæst í Markinu í Ármúla. Verð: 13.900 kr.



Lynx driver fyrir lengra komna. Driverinn er léttur, nákvæmur og með góða stjórnun. Fæst í Markinu, Ármúla og kostar 16.900 kr.



Gore-tex, vatns- og vindheldar buxur með góðri öndun, frá Nevada Bob á Bíldshöfða. Buxurnar eru frá Calvin Green og kosta 20.900 kr.

# Hlýtt og gott í golfið

Margir stunda golfíþróttina allan ársins hring og þá er gott að vera vel búinn á vellinum. Golffatnaður þarf að vera léttur og þægilegur til að hann trufli ekki sveifluna hjá golfurum.

Margs konar hlífðarfatnaður er í boði fyrir golfíþróttamenn og má hér sjá eitthvað af því helsta sem finna má í golfverslunum.

*- sig*



Hippo-hlífar fyrir kylfuhausana eru merktar með númerum fyrir hverja kylfu. Þessar hlífar fást í Markinu og kosta 1.700 kr., þrjár saman í pakka.



Vetrarhanskar í golfið frá Jaxx. Hanskarnir eru með vindvörn og góðu gripi, auk þess sem þeir eru með góða öndun. Þessir fást í Markinu í Ármúla og kosta 1.800 kr parið.



Silk Touch-buxur frá Proquip fást í Markinu og kosta 9.800 kr. Buxurnar eru léttar og vatnsheldar en þessa línu frá Proquip notaði evrópska liðið í Ryder-bikarnum á síðasta ári.



Kvenskór frá Callaway Golf. Skórnir eru vatnsheldir og þægilegir. Þeir fást í Nevada Bob og kosta 9.900 kr.

**Nýjar vörur**



**Stærðir 36 - 48**

bianca

*gæði og glæsileiki*

**Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533**

Opið virka daga 10-18 Laugardaga 10-16

# Golfið verður tekið föstum tökum eftir fótboltaferilinn

**Arnar Gunnlaugsson, fótboltamaður í FH, spilar golf í frítíma sínum. Hann segist spila mikið yfir sumartímann en kylfurnar séu að mestu hvíldar yfir veturinn.**



Arnar B. Gunnlaugsson er mikill golfáhugamaður.

„Ég byrjaði í golfi af einhverju viti fyrir fjórum árum. Þegar ég var úti var ég síðan eitthvað að dúlla mér milli æfinga," segir Arnar Gunnlaugsson fótboltamaður sem er nú í herbúðum Íslandsmeistara FH. Þegar hann var í atvinnumennskunni erlendis byrjaði hann fyrst að leika sér í golfi. Hann hefur leikið fótbolta í Hollandi, Þýskalandi, Frakklandi og á Bretlandseyjum en það var á síðastnefnda staðnum sem hann kynntist golfinu fyrir alvöru.

„Strákarnir sem ég var með í liði á Bretlandi voru alveg óðir í þetta. Maður átti eiginlega ekki annarra kosta völ," segir Arnar sem féll fyrir golfinu eins og virðist vera mjög algengt með fótboltamenn. „Ég á að vera orðinn miklu betri en ég er. Þetta er yndislega pirrandi íþrótt," segir Arnar sem er með 11,7 í forgjöf.

Bjarki, tvíburabróðir Arnars, er einnig í golfinu og spila þeir tveir oft saman. „Hann getur ekki neitt, er með 12,8 í forgjöf þannig að ég er alveg skrefinu á undan. Þannig ætla ég líka að halda þessu," segir Arnar. „Ég stunda þetta frekar mikið yfir sumartímann og svo reynir maður að komast út í einhverjar ferðir yfir vetrarmánuðina, allavega tvær til þrjár ferðir. Það eru þá bara stuttar ferðir, engar skipulagðar æfingar eða neitt þannig. Það er annars leiðinlegt hvað maður nær að slá lítið yfir vetrartímann. Þetta verður tekið föstum tökum þegar maður hættir í fótboltanum. Maður sættir sig ekki við svona kjaftæði, maður verður að ná núll í forgjöf einhvern tímann."

Arnar og Bjarki eru í GR og Keili og spila alla þá velli en eru þó oftast í Grafarholtinu. „Svo er alltaf mjög gaman að fara upp á Skaga, það er frábær völlur þar," segir Arnar sem er frá Akranesi og því á heimavelli á Skaganum.

*- egm*

## Murcia - La Manga - Costa Calida - Dona Pepa II - Rojales - Los Alcazares





*Fjárfestingar á Spáni*

Njóttu lífsins og sparaðu um leið...

# Þér er boðið á sýningu

**að Skúlagötu 32 - 34**

**laugard. 10. feb. og sunnud. 11. feb. kl. 11-17**




## Íbúðir - raðhús og einbýlishús

Nú getur þú látið drauminn rætast um fallegt hús á Spáni, gott loftslag, hreina strönd, glæsilega golfvelli og hagstætt verðlag. Mikið úrval vandaðra eigna á góðum stöðum. Traust og góð þjónusta er í boði við val á eignum og frágangi mála. Auðveld fjármögnun, hagkvæmir vextir og engin verðtrygging.

**Ókeypis skoðunarferðir fyrir viðskiptavini.**

Við erum stolt af því að Euromarina hefur hlotið alþjóðlegan ISO staðal sem staðfestir gæði þjónustunnar og vönduð vinnubrögð.
Auk annarra alþjóðlegra viðurkenninga.

EIGNAUMBOÐIÐ EHF
FASTEIGNASALA
Skúlagata 32-34

euromarina
Höfum byggt frá 1972



Leó E. Löve hrl. og lögg. fasteignasali

Kristinn viðskiptafr. og lögg. fasteignas.

Aðalheiður lögg. fasteignas.

Geli Hernandes De Blas framkvæmdastjóri Euromarina verður á staðnum

*Veldu gæði og góða þjónustu !*

**Sími 580 4600**

**www.spanareignir.is**

KORTER.IS



SIMPLICITY REYKJAVÍK
DEMANT SKARTGRIPIR



HERMANN JÓNSSON
VIÐ INGÓLFSTORG
S. 551 3014

BJÓÐUM UPP Á VISA LÁN -
12 MÁNAÐA VAXTARLAUSAR GREIÐSLUR.

# Stuttar golfferðir vinsælar

**GB ferðir á Stórhöfða bjóða upp á golfferðir allt árið um kring. Jóhann Pétur Guðjónsson hjá fyrirtækinu segir að Foxhills, Surrey, sé það vinsælasta hjá þeim en ferðir þangað hafa slegið í gegn.**

„Við seljum Íslendingum mikið af ferðum, aðallega á vorin og haustin en þó er tímabilið farið að lengjast. Það verður sífellt meira um að fólk fari erlendis í golfferðir yfir sumartímann," segir Jóhann Pétur Guðjónsson hjá GB ferðum. Vinsælustu ferðirnir sem fyrirtækið býður upp á eru til Foxhills í Englandi enda ótrúlega margir kostir sem fylgja ferð þangað.

„Það er sífellt að verða vinsælla hjá fólki hér á landi að fara í styttri ferðir, mikil aukning í sölu á tveggja til fjögurra daga ferðum. Við seljum mest til Bretlandseyja enda er ferðatíminn þangað ekki langur. Það er 90 mínútna flug til Skotlands og einhverjir tveir tímar til Englands þannig að þú getur spilað bæði daginn sem þú kemur og daginn sem þú ferð heim. Við erum með sjö golfhótel í Englandi og um fimm í Skotlandi. Þetta eru góð hótel og golfvöllur alveg við hótelið þannig að það fer enginn tími í að ferðast á völlinn," segir Jóhann.

Íslendingar sem fara í golfferðir skipta þúsundum en á síðasta ári voru það alls 800 Íslendingar sem fóru til Foxhills. „Það er aðeins tuttugu mínútna akstur frá Heathrowflugvellinum og boðið upp á fjögurra stjörnu hótel. Þá eru tveir átján holu golfvellir og einn níu holu. Þar geta menn farið yfir eina helgi og samt spilað mikið. Það er tekið á móti fólki á flugvellinum og áður en þú veist af ertu kominn út á golfvöll," segir Jóhann Pétur.

„Fólk vill oft nota tímann í svona ferðum til að kíkja eitthvað í bæinn. Fólk vill skoða verslanir, kíkja í leikhús, fara á fótboltaleiki eða bara skoða sig um. Lundúnasvæðið er því vinsælast en einnig Manchester þar sem hægt er að nota ferðina til að kíkja á fótboltaleiki," segir Jóhann.

Báðir 18 holu vellirnir á Foxhills eru skógarvellir. Þeir eru töluvert ólíkir í hönnun og það gerir kylfingum færi á að spila á tveimur ólíkum völlum á sama svæði. Hótelið er mjög gott og öll aðstaða til fyrirmyndar. Þess má geta að í mars í fyrra var tekin í notkun ný álma með 30 herbergjum.

Foxhills er góður kostur ef þú vilt ná að nýta tímann sem best.

*- egm*



Aðalbyggingin er stórglæsileg.



Glæsileg aðstaða er fyrir kylfinga á Foxhills.



# Birgir Leifur á Opna Indónesíumótið





**Birgir Leifur Hafþórsson tekur þátt í fyrsta mótinu sínu í Evrópumótaröðinni í næstu viku.**

Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, hefur unnið sér inn keppnisrétt á Opna Indónesíumótinu sem fram fer á Damai Indah-vellinum í Jakarta í næstu viku. Þetta verður fyrsta mót hans á Evrópumótaröðinni í ár.

Birgir Leifur hefur verið við æfingar á Matalascanas á Spáni í vikunni. Hann flýgur heim til Lúxemborgar um helgina en heldur þaðan til Indónesíu á mánudag.

Margir góðir kylfingar verða með á mótinu. Frægastur þeirra er líklega Daninn Thomas Björn. Heildarverðlaun á mótinu eru um 70 milljónir króna en enski kylfingurinn Simon Dyson sigraði á Indónesíumótinu í fyrra.

*www.golf.is*



**Sýningin Golf á Íslandi 2007 verður haldin sameiginlega með Ferðasýningunni 2007 og Sumar 2007 í Fífunni í Kópavogi.**

**● GOLFSÝNING Í FÍFUNNI** Í undirbúningi er sýningin Golf á Íslandi 2007 sem haldin verður í Fífunni í Kópavogi 20. til 22. apríl næstkomandi.

Á síðasta ári sýndu yfir 30 fyrirtæki og 3.500 gestir mættu til að skoða það sem til er af útbúnaði og græjum fyrir kylfinga auk þess sem kynning var á ýmiss konar þjónustu sem í boði er fyrir kylfinga.

Sýningin í ár verður enn stærri og verður haldin sameiginlega með Ferðasýningunni 2007 og sýningunni Sumar 2007. Samstarfsaðilar sýninganna eru Ferðamálasamtök Íslands, Golfsamband Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar og mun Golfsambandið skipuleggja fyrirlestra, kennslu og möguleika til golfiðkunar á Íslandi.

*www.golf.is*



**Mynd frá Íslandsmótinu í höggleik í Vestmannaeyjum. 2003.**

**● VOLCANO OPEN** Opnað hefur verið fyrir skráningu í Icelandair Volcano Open sem fram fer í Vestmannaeyjum 5. til 8. júlí í sumar. Mótið hefur stækkað ár frá ári og var uppselt á það í fyrra.

Keppt verður í tveimur forgjafaflokkum, 14,4 og undir og síðan 14,5 til 28. Glæsileg verðlaun eru í boði, m.a. ferðaverðlaun frá Icelandair. Nándarverðlaun eru í boði á öllum par 3 brautum seinni daginn og 50 Evrópuferðir fyrir þann eða þá sem fara holu í höggi á 17. holu.

Kvennamót verður haldið samhliða aðalmóti á laugardeginum.

Skráning fer fram á golf.is og golf@eyjar.is





## GOLFFERÐ TIL HALIFAX Í NOVA SCOTIA 17. – 21. MAÍ

**VERÐ FRÁ 79.000 KR.* Á MANN Í TVÍBÝLI**

Fjölmargir spennandi golfvellir eru í grennd við Halifax og út með ströndinni og þátttakendum gefst tækifæri til að leika á þremur af þessum völlum. Gist verður á hinu glæsilega hóteli Lord Nelson, fjögurra stjörnu hóteli miðsvæðis í Halifax. Sjá nánar um ferðina á www.icelandairgolfers.is Íslensk fararstjórn: Logi Bergmann Eiðsson.

**ICELANDAIR GOLFERS**

Icelandair Golfers er klúbbur sem auðveldar kylfingum að leggja stund á íþrótt sína á völlum erlendis. Félagar í klúbbnum geta ferðast ótakmarkað með Icelandair án þess að greiða sérstakt gjald fyrir golfsettið.

+ Nánari upplýsingar og skráning í Icelandair Golfers er á heimasíðu klúbbsins, www.icelandairgolfers.is

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 4 nætur, 3 golfhringir og íslensk fararstjórn.

ICELANDAIR Golfers

# Sýning á morgun, laugardag, opið frá kl. 12.00 - 16.00

Sýnum um helgina fjölbreytt úrval af vélunum okkar, s.s. nýjustu vélarnar frá Hydrema, Rollsanum í vinnuvélum, Yuchai, Venieri, Hyster og McCormick. Gæði á góðu verði.




HYDREMA
Rollsinn í vinnuvélum.
Snörp, sterk og stöðug.
Gæði á góðu verði.














**VÉLAR & ÞJÓNUSTA**

Járnhálsi 2, 110 Reykjavík - sími: 580 0200 - www.velar.is



# ÁRSHÁTÍÐ Á BESTA STAÐ

Veislukompaníið er alhliða veisluþjónusta sem sérhæfir sig í árshátíðum, stórum sem smáum. Þú gengur að fyrsta flokks húsnæði með öllum tæknibúnaði, frábærum veitingum og hágæða þjónustu. Haltu þína árshátíð á besta stað í miðbænum.

## IÐUSALIR

Fullkomin staðsetning Iðusala, í hjarta miðborgarinnar, fallegar innréttingar og hár staðall á þjónustu og veitingum, gerir þessa tvo sali sem um ræðir að einum vinsælustu veislusölum borgarinnar. Salirnir rúma allt að 250 manns í sæti eða 400 manns í standandi boði.



## LÍDÓ

Lídó er glæsilegur veislusalur á horni Ingólfsstrætis og Hallveigarstígs. Aðstaða er fyrir allt að 400 manns í sæti og yfir 600 manns í standandi boð. Lídó hentar vel fyrir hvaða veislu eða mannfögnuð sem er.



## VEISLUÞJÓNUSTA

Veisluþjónustan okkar er rómuð fyrir fjölbreyttar og spennandi veitingar, útbúnar af snjöllustu fagmönnum. Við sjáum til þess að veislan verði eins og þú vilt hafa hana, enda eru kjörorð okkar: Ykkar ánægja er okkar markmið.



Kynntu þér þjónustu okkar og skoðaðu matseðla á www.veislukompaniid.is eða hringdu í síma 517 5020 og veislan er í höfn!

*Með kveðju,*
*Hafsteinn Egilsson*

VEISLUKOMPANÍIÐ
IÐUSALIR · LÍDÓ · VEISLUÞJÓNUSTA

Lækjargötu 2a 101 Reykjavík s 517 5020 www.veislukompaniid.is

Fiton/SÍA

FYRSTI ÞÁTTUR ÍSLANDS Í DAG UNDIR RITSTJÓRN STEINGRÍMS SÆVARRS ÓLAFSSONAR VAR SÝNDUR Í GÆR. KOLLEGI HANS ÞÓRHALLUR GUNNARSSON HEFUR RITSTÝRT KASTLJÓSI SJÓNVARPSINS VIÐ AFAR GÓÐAR UNDIRTEKTIR. SIRKUS DRÓ UPP NÆRMYND AF ÞESSUM TVEIMUR MÖNNUM SEM BERJAST MUNU Á ÖLDUM LJÓSVAKANS Á NÆSTU MISSERUM.

# EINVÍGIÐ HAFIÐ

Steingrímur Sævarr Ólafsson, eða Denni eins og hann er jafnan kallaður, gekk í Langholtsskóla og Verzlunarskóla Íslands þar sem hann ritstýrði m.a. Verzlunarskólablaðinu. Árið 1985 hóf hann störf sem blaðamaður á Degi á Akureyri og ári seinna réði hann sig á Tímann. Árið 1988 hóf hann störf á fréttastofu Bylgjunnar en ári seinna hélt hann til Noregs og gekk í Blaðamannaháskólann í Osló. Þegar heim var komið starfaði Steingrímur á Stöð 2 til ársins 2000 en næstu ár þar á eftir einkenndust af ráðgjöf í markaðs- og kynningarverkefnum þar sem hann starfaði meðal annars sem talsmaður nokkurra stærstu fyrirtækja landsins og sem PR-maður áberandi stjórnmálamanna og þar á meðal forsætisráðherra.

## Vinur vina sinna

Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari er einn besti vinur Steingríms. „Við vorum báðir mjög áberandi í Verzló og líklega mun vinsælli á meðal nemendanna en kennaranna enda vorum við miklir gárungar. Við höfum alltaf haft svipuð áhugamál og skoðanir þótt við séum ekki á sama stað í pólitík," segir Gunnar og bætir við að Steingrímur standi sig vel í öllu sem hann taki sér fyrir hendur.

Annar góður vinur Steingríms er Þór Jónsson, fyrrverandi fréttastjóri. Þór og Gunnar eru sammála um að betri vinur sé ekki auðfundinn en að Denni sé alls ekki allra. „Hann er vinur vina sinna og það er virkilega hægt að treysta á hann," segir Gunnar og Þór tekur undir þau orð og bætir við að Steingrímur sé hress og kátur. „Hann hefur gott skopskyn en á það til að taka sjálfan sig heldur hátíðlega og hann er snyrtipinni fram í fingurgóma," segir Þór. Gunnar segir Steingrím ekki leiðast athygli og telur að bloggfærslur hans hafi svalað þeirri þörf á meðan hann var fjarri kastljósi fjölmiðlanna. „Hann er hrókur alls fagnaðar hvar sem hann kemur og þarf eins og ég alltaf að trana sér fram." Þór segir Steingrím afar drífandi einstakling. „Hann er hugmyndaríkur og greiðvikinn og hörkuduglegur í vinnu. Hann situr ekki á skoðunum sínum og því veit maður hvar maður hefur hann. Við höfum ekki alltaf verið sammála í gegnum tíðina en við þolum það báðir."

## Fjölskyldumaður þrátt fyrir annríki

Steingrímur Sævarr er þrátt fyrir annríki mikill fjölskyldumaður en hann og kona hans, Kristjana Sif Bjarnadóttir, eiga þrjú börn. Áhugamál hans, utan fjölskyldunnar, eru lestur, stangaveiði, vinnan og svo bloggið en Steingrímur hefur látið gamminn geisa um menn og málefni og hefur bloggsíða hans verið ein sú vinsælasta í áraraðir.

Eftir nokkurra ára fjarveru úr fjölmiðlum er Steingrímur Sævarr kominn aftur í sviðljósið. Vinir hans telja að hann eigi eftir að standa sig vel enda eigi hann vel heima í forgrunninum. „Ég held að hann sé hárréttur maður í þetta. Hann er góður stjórnandi og hefur metnað fyrir þessu verkefni. Eins og menn hafa séð á vefsíðu hans þá er hann vel tengdur og Ísland í dag á án vafa eftir að njóta þess á næstunni. Blaðamannastéttin má vera ánægð með að hafa endurheimt Denna í sínar raðir," segir Þór Jónsson um vin sinn.

*indiana@frettabladid.is*



**STEINGRÍMUR SÆVARR**
**„Hann hefur gott skopskyn en á það til að taka sjálfan sig heldur hátíðlega og hann er snyrtipinni fram í fingurgóma," segir einn félaga Steingríms um hann.**

Þórhallur Gunnarsson ólst upp í Kópavogi og gekk í Digranesskóla og Víghólaskóla. Næst lá leið hans í íþróttadeild héraðsskólans á Laugarvatni og þaðan í Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Eftir stutt stopp á atvinnumarkaðinum eftir stúdentspróf ákvað Þórhallur að skella sér í leiklistarnám en Þórhallur starfaði hjá Leikfélagi Akureyrar og var fastráðinn leikari við Borgarleikhúsið frá 1996-2000. Árið 1998 steig Þórhallur sín fyrstu skref í útvarpi með vini sínum Fjalari Sigurðarsyni í þættinum Glataðir snillingar á Rás 2. Eftir þá frumraun lá leið hans ásamt Súsönnu Svavarsdóttur í sjónvarpsþáttinn Titring og þaðan í Innlit/Útlit ásamt Völu Matt. Þórhallur starfaði sem leikari meðfram fjölmiðlunum en þegar samningi hans við Borgarleikhúsið lauk lagði hann land undir fót og skellti sér til Bretlands á skólabekk. Þegar hann kom heim aftur með mastersgráðu í sjónvarpsfréttamennsku frá Goldsmiths College-háskólanum í London hóf Þórhallur störf í Íslandi í bítið á Stöð 2 og þaðan lá leiðin yfir í Ísland í dag þangað til honum bauðst að ritstýra dægurmálaþættinum Kastljósi.

## Hrókur alls fagnaðar

Þeir sem þekkja Þórhall best segja að hann sé gífurlega ákveðinn og fylginn sér og að þeir gerist ekki þrjóskari. Allir sem blaðið talaði við voru þó sammála um að félagsskapur Þórhalls væri eftirsóknarverður enda ávallt hrókur alls fagnaðar. Þórhallur hafi verið vinamargur sem barn og unglingur og tekist að halda sambandi við gömlu vinina í gegnum árin. „Maður hefur hlegið mikið í kringum Þórhall enda ótrúlegt hvað hann getur geiflað sig og grett þannig að hann verður óþekkjanlegur," segir Vilborg, systir Þórhalls, og bætir við að leiðin sem Þórhallur hafi valið sér í lífinu hafi ekki komið henni mikið á óvart. „Hann á auðvelt með að heilla fólk og er með góðan talanda. Hann hefur hæfileika á þessu sviði."

## Hamingjusamur með Brynju

Áhugamál Þórhalls eru leiklist, golf, lestur góðra bóka og matur. Hann er giftur Brynju Nordquist flugfreyju og saman mynda þau flott par sem lendir oft á síðum glanstímaritanna enda með glæsilegasta fólki landsins. Þau Brynja eiga ekki barn saman en Þórhallur á eina dóttur frá fyrra hjónabandi. Þeir sem eru honum næstir segja að Þórhallur sé í rauninni heimakær fjölskyldumaður. Svava Johansen, kennd við Sautján, er góð vinkona Þórhalls og Brynju og Svava ber Þórhalli góða söguna. „Það er alltaf gaman að vera í kringum Þórhall. Hann er mjög opinn karakter, skemmtilegur og vel inni í öllum málum þótt hann sé oft svona dreyminn og glottandi á svipinn sem gerir hann bara sjarmerandi. Hann er vel gefinn, duglegur, mikill húmoristi og hefur endalaust gaman af samræðum sem er ein ástæða þess hvers vegna hann blómstrar í starfi sínu," segir Svava og bætir við að Þórhallur sé heppin með konu. Sjálf er Brynja ánægð með sinn mann. „Okkur hefur liðið afskaplega vel saman þessi 13 ár sem við höfum búið saman. Mér líður vel með honum og er hamingjusöm kona," segir Brynja.

## Getur virkað stífur

Reynir Traustason ritstjóri er vinur Þórhalls og segir gott að vinna með honum. Þórhallur sé afar ákveðinn en skemmtilegur. „Hann er atvinnumaður sem vinnur skipulega og nýtir tímann vel. Hann getur samt virkað stífur en sem betur fer er hægt að ná til hans með rökum. Þótt við höfum starfað saman vinnum við meira hvor í sínu lagi og oftar en ekki leita ég ráða hjá honum ef ég vil heyra álit sem ég tek mark á."

*indiana@frettabladid.is*



**ÞÓRHALLUR GUNNARSSON**
**Þeir sem þekkja Þórhall best segja að hann sé gífurlega ákveðinn og fylginn sér og að þeir gerist ekki þrjóskari.**

## ÞETTA EIGA ÞEIR SAMEIGINLEGT:

Það er margt líkt með þeim Steingrími Sævari og Þórhalli Gunnarssyni. Báðir eru þeir eldklárir og myndarlegir ungir menn auk þess sem þeir eru báðir í sporðdrekamerkinu og blóðheitir stuðningsmenn Liverpool. Vinir þeirra segja þá báða hafsjó fróðleiks og að þeir séu vinir vina sinna. Það er ljóst að Ísland í dag og Kastljósið hafa yfir tveimur af bestu fjölmiðlamönnum landsins að ráða og öruggt að samkeppnin milli þáttanna verður hörð enda Þórhallur og Steingrímur metnaðarfullir menn.




# Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

KORTER

JKE DESIGN

*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1  108 Reykjavík
sími  515 0700   www.jke-design.is

# Hollywood Hanna

## Klúður á Ofurskálinni!





Það sást ekki í neina geirvörtu, enda var Janet Jackson fjarri góðu gamni. En nokkur tískuslys áttu sér á stærsta íþróttaviðburði Bandaríkjanna sem haldinn var að þessu sinni í Miami.

Hinn girnilegi leikari Taye Diggs hefði átt að velja sér eitthvað aðeins þægilegra til að vera í á þessum stóra viðburði. Drengurinn var kappklæddur. Vissi hann ekki að leikurinn var í Miami? Það er heitt þar, mjög heitt.

Fyrrverandi skautadrottningin Oksana Baiul klæddist þessum fáránlegu korselett-buxum og brjóstahaldara. Madonna komst upp með það á sviði á sínum tíma, en þetta eru ekkert nema hamfarir af mannavöldum.

Kid Rock tók sig vel út á ströndinni í gallasmekkbuxunum. Hann vantar bara hrífu og þá er dressið fullkomnað.

Nei, því miður. Þetta er eiginkona Nas. Söngkonan Kelis er komin með aflitað, stutt hár og minnir einna helst á Rocky-leikkonuna Brigitte Nielsen.



## Gangi ykkur vel!

Aumingja gaurarnir að festa sig með Kate Moss í bílnum. Stúlkan gerði það sem allir myndu gera, kom út úr bílnum og byjaði að ýta. Halda þessir gaurar virkilega að Kate Moss geri eitthvað gagn? Já, það væri gaman að fá að fylgjast með þessari atburðarás til enda.

# Hvað eru þau að fela?

Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen sagði fyrir nokkru að henni fyndist NFL-leikmaðurinn Tom Brady „alls ekki slæmur. Hann er mjög sætur. Ekta amerískur strákur. Það lýsir honum vel." Jæja, henni hlýtur að hafa litist mjög vel á hann því



**HAMINGJUSÖM Stundum eru Gisele Bündchen og Tom Brady hamingjusöm og skammast sín ekkert.**

aðeins nokkrum mánuðum eftir að Tom Brady og leikkonan Bridget Moynahan hættu saman eftir tveggja ára samband var hún komin á deit með kappanum. Skil ekki alveg af hverju þau eru að fela andlit sín fyrir ljósmyndurum. Við sjáum að þetta eruð þið!



**Leikkonan Bridget Moynahan þarf að horfa upp á fyrrverandi kærasta sinn í örmum brasilísku ofurfyrirsætunnar.**

# HOLLYWOOD-STJÖRNURNAR EKKI EINS FALLEGAR ÁN FARÐA

# ENGINN GLAMÚR HÉRNA!



**VIÐ ÞEKKJUM ÞESSA EKKI! Þetta er ekki rokkeiginkonan Sharon Osbourne sem við þekkjum svo vel.**



**ER ÞETTA HRYLLINGSMYND? Ahhh, maður verður hræddur að horfa á þessa mynd af Díönu Ross.**



**FRÁHRINDANDI Aðþrengda eiginkonan Nicolette Sheridan fengi enga karla svona.**



**ALLTAF SÆT Ekki svo slæm án farða. Alicia Silverstone er alltaf sæt.**



**ÞRÚTIN OG ÞREYTT Courtney Love án farða.**



**ENGIN DÍVA HÉR Á FERÐ Jennifer Lopez skartar ekki sínu fegursta hér.**



**SVO ER HÚN BARA SÆT Þvílíkur léttir að sjá Pamelu Anderson án farða. Meira af þessu Pam!**



**ÚPPS! Rosanne Arquette gleymdi að fela alla húðblettina.**



**KJÚT Prince Michael I er mjög sætur krakki, en einnig var faðir hans það sem barn.**



**SÆT SYSTKINI Prince Michael I og Paris að skoða sig um í verslanaklasa.**

# JACKO-WACKO BÖRNIN ALVEG EÐLILEG

Eins furðulegur og Michael Jackson er þá eru börnin hans tvö afar eðlileg og bara mjög sæt. Það sást til þeirra í verslunarmiðstöð þar sem reynt var að vernda þau með því að setja á þau hárkollu. Börnin þrjú heita Prince Michael I, Paris Jackson og Prince Michael II, sem oftast er kallaður Blanket.



**ÖÐRUVÍSI MÉR ÁÐUR BRÁ Það er augljóst hvaðan sonur Michaels Jackson hefur skringilegheitin.**



**MEÐ HÁRKOLLU Blanket, eða Prince Michael II með hárkollu í klasanum.**



**GAMAN SAMAN Það má ljóst vera að það örlar ekki á afbrýðisemi hjá Bruce Willis.**

# Moore-Willis-Kutcher-fjölskyldan

**Vá, talandi um flókið fjölskyldumynstur. Demi Moore og Bruce Willis voru gift í 13 ár og eignuðust þrjú börn saman. Nokkrum árum seinna kynntist hún ungstirninu Ashton Kutcher og þau giftu sig fyrir tveimur árum. Ashton er aðeins 10 árum eldri en elsta dóttir Demi og Bruce og öll eru þau svaka góðir vinir. Það er mikil ást og umburðarlyndi í þessari fjölskyldu. Þessi stóra fjölskylda mætti öll á Superbowl-keppnina í Miami og skemmti sér stórfenglega. Ef Demi og Ashton eignast barn saman, ætli Bruce yrði guðfaðir?**

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZ

# Bættu líf barnanna
# Notaðu ABC-kortið



# ABC-vikan

**ABC-barnahjálp í samvinnu við Netbankann efnir til sérstakrar ABC-kynningarviku 12.–18. febrúar næstkomandi.**

Í ABC-vikunni munu fulltrúar ABC-barnahjálpar verða með kynningu á starfseminni í verslunum samstarfsfyrirtækjanna. Fyrirtækin munu bjóða korthöfum veglegan afslátt af völdum vörum til viðbótar þeim fasta afslætti sem ABC-korthafar njóta.

## Notaðu ABC-kortið og nýttu þér frábær tilboð í ABC-vikunni

| | |
|---|---|
| **66°N** | 15% aukaafsláttur af öllum ungbarnafatnaði út febrúar. |
| **Pizza Hut** | Tvær miðstærðir af pizzum með tveimur áleggstegundum og ostafylltar brauðstangir á 3300 kr. (listaverð: 5800 kr.). Gildir út febrúar. |
| **Hans Petersen** | Allt að 30% aukaafsláttur af völdum stafrænum myndavélum í ABC-vikunni. |
| **Lyfja** | Frí beinþéttni- og blóðsykursmæling hjá Lyfju í Lágmúla og á Smáratorgi. 2 fyrir 1 tilboð á Eucerin-varasalva í öllum verslunum Lyfju. |
| **Kaffitár** | Frábært tilboð á Kenía-kaffipökkum á öllum kaffihúsum Kaffitárs. Einnig renna 400 kr. af hverri seldri Kenía-bók til ABC-barnahjálpar. |



**Veldu ABC-kortið í viðskiptum – og njóttu fríðinda í leiðinni**
**Þú getur sótt um ABC-kort hjá Netbankanum í síma 550 1800 og á www.nb.is**

abc BARNAHJÁLP

Netbankinn

Himinn og haf / SÍA

# helgin

## Við mælum með



„Ég mæli eindregið með nuddi. Það er þvílík heilun á líkama og sál og eitt það fallegasta sem maður getur gert fyrir fólk. Sjálf er ég alveg nuddsjúk. Eins mæli ég með tónlist Bobs Marley sem mér finnst hafa mikil heilunaráhrif.“

**Sessý söngkona**



„Ég mæli með leikritinu **Elíf hamingja** sem sýnt er í Borgarleikhúsinu. Þetta er millistéttardrama en er alveg sprenghlægilegt, kómískt og skemmtilegt og leikararnir fara á kostum. Ég hló allavega mikið og væri til í að fara aftur.“

**Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona**



„Ég mæli með bókinni **Spámanninum**. Þessi bók klikkar aldrei og ég glugga reglulega í hana en ég hef átt hana örugglega í tíu ár. Spámaðurinn er ein af þessum bókum sem er alltaf hugljúf og falleg og á alltaf vel við.“

**Védís Hervör Árnadóttir söngkona**



„Ég mæli með tónlistarkonunni **Elínu Eyþórsdóttur**. Ég fór á tónleika Pick Nick þar sem Elín hitaði upp og varð alveg heilluð af þessari ungu stelpu. Það er hægt að kíkja á hana á myspace.com/elineyj.“

**Margrét Kristín Sigurðardóttir söngkona**

sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

## Hvað á að gera um helgina?



„Það er bara ekkert spennandi að gerast um helgina. Um síðustu helgi fór ég á árshátíð og í kveðjupartí svo ég held ég taki því bara rólega núna. Ætli maður sitji ekki bara uppi í sófa og lesi skólabækurnar, svo ég horfi fram á rólega og notalega helgi. Eða það vona ég.“

**Sigrún Bender, fyrrverandi fegurðardrottning**

„Ætli ég noti ekki helgina til að tæma vinnuherbergi svo hægt verði að koma yngsta afspreninginu fyrir í sínu eigin herbergi. Þetta hefur nú staðið til í nokkra mánuði en hefur ekki komist til framkvæmda. En nú verð ég að kýla á þetta, úr því að þetta er komið í blöðin.“

**Sigrún Elsa Smáradóttir pólitíkus**



„Ég verð örugglega bara að læra um helgina og kíki kannski á kaffihús. Ég er í Menntaskólanum í Hamrahlíð og það er svolítið mikið að gera svo helgin verður örugglega bara róleg.“

**Anna Katrín Guðbrandsdóttir söngkona**



„Ég fer í partí á föstudagskvöldið en svo er sýning á Sælueyjunni á laugardagskvöldið. Á sunnudaginn ætla ég að fá mér eitthvað gott að borða og fara í göngutúr með manninum mínum og slaka á og njóta dagsins en sunnudagar eru í uppáhaldi hjá mér.“

**Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona**

X-FAKTOR-KYNNIRINN HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR SÖÐLAR UM:

# ÆTLAR AÐ FREISTA GÆFUNNAR Í LONDON



**KOMIN MEÐ ENSKAN UMBOÐSMANN Halla Vilhjálmsdóttir segist ekki hafa getað sleppt tækifærinu fyrst hún fékk enskan umboðsmann.**

Já, ég get staðfest það að ég ætla að flytja til London,“ segir leik- og söngkonan Halla Vilhjálmsdóttir, í samtali við Sirkus. Halla, sem er kynnir í X-Faktor-þáttunum á Stöð 2, mun halda af landi brott um leið og þáttunum lýkur og hyggur á landvinninga á breskri grund.

„Ég er ævintýragjörn ung stelpa og það væri hreinlega heimskulegt af mér að nýta ekki þetta tækifæri sem mér býðst,“ segir Halla en hún er ekki ókunnug London. Þar dvaldi hún um fjögurra ára skeið, 2001 til 2005, fyrst í þriggja ára leiklistarnámi og síðan við vinnu.



**LONDON KALLAR Halla ætlar að freista gæfunnar í stórborginni.**

„Ég er með umboðsmann og upptökustjóra og er gríðarlega heppin að hafa náð í slíka menn. Það fá fæstir umboðsmenn til að starfa fyrir sig þarna úti þannig að möguleikar mínir á að komast að aukast verulega. Það er hins vegar ekkert í hendi og ég býst við að þurfa að berjast í bökkum fyrst um sinn og harka,“ segir Halla og hlær.

Aðspurð sagðist Halla fyrst og fremst ætla að einbeita sér að því að syngja og leika en útilokaði ekki áframhaldandi feril í sjónvarpi. „Ég vann hjá BBC og ITV áður en ég kom heim og það er ekki útilokað að ég heyri í þeim aftur,“ segir Halla sem ætlar þó ekki að loka neinum dyrum á Íslandi. „Ég verð með annan fótinn á Íslandi þótt ég flytji út. Möguleikarnir eru bara meiri ef ég er með bækistöð úti.“

## Guðbjörg er á meðal þeirra bestu



Þessi stelpa hefur mikið talent,“ segir Sigríður Beinteinsdóttir söngkona um hina 16 ára Guðbjörgu í X-Factor. Sigga hefur horft á þáttinn með öðru auganu og segir að Guðbjörg sé án efa á meðal bestu keppendanna. „Hún á eftir að verða enn betri, þessi stelpa er rétt að byrja. Hún hefur greinilega sungið mikið, er lagviss og músíkölsk og það er greinilegt að hún hefur fengið flotta guðsgjöf,“ segir Sigga og bætir við að henni lítist einnig vel á systurnar frá Hveragerði. „Þær eru þrusu hressar og svo er færeyski strákurinn og Alan mjög góðir líka. Ég held að Alan sé líka bara rétt að byrja líkt og Guðbjörg.“ Aðspurð hvort hún telji að Guðbjörg standist álagið sem þættinum fylgi segist Sigga trúa því. „Keppninni fylgir töluvert álag en ég trúi að Guðbjörg höndli það þótt hún sé aðeins 16 ára.“

Siggu líst vel á þáttinn, segir umgjörðina og sviðið glæsilegt. Hins vegar sakni hún þess ekki að sitja í dómarasætinu. „Það er margt líkt með þessum þætti og Idol-inu en það er margt ólíkt líka. Ég sakna ekki dómarasætisins enda hafði ég gert þetta í þrjú ár og fannst tími kominn að breyta til. Hins vegar er ég ekkert allt of sátt við þá sem tók við af mér.“

*indiana@frettabladid.is*

**SIGGA BEINTEINS, SÖNGKONA**
**„Ég sakna ekki dómarasætisins enda hafði ég gert þetta í þrjú ár og fannst tími kominn að breyta til. Hins vegar er ég ekkert allt of sátt við þá sem tók við af mér.“**



**GUÐBJÖRG HILMARSDÓTTIR „Hún á eftir að verða enn betri, þessi stelpa er rétt að byrja. Hún hefur greinilega sungið mikið, er lagviss og músíkölsk og það er greinilegt að hún hefur fengið flotta guðsgjöf,“ segir Sigga Beinteinsdóttir um Guðbjörgu.**



NÝTT Á DVD
ÓVENJULEG SKOÐUNARFERÐ UM STÓRBORGINA
NEW YORK OR BUST
THE WILD
Walt Disney
PICTURES KYNNIR
ÓBYGGÐIRNAR
KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.
SAM MYNDIR


klinktilboð
Lítill franskar
130-
i’m lovin’ it
Salsa
kjúklingaborgari
350-
Bacon Junior
300-
Stór Shake
250-
Coca-Cola

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Viltu nudd ? Hafðu samband í síma 869 6914.

## Snyrting




## Gefins

Dýravinir. Yndislegur svartur Pommeranian (hundur) fæst gefins vegna veikinda eigandans. Uppl. í s. 553 4050 e. hádegi.

## Blóm og plöntur

Eins árs læða, síamsblönduð (seal point), fæst gefins á gott heimili. Uppl. í s. 587 2535.

## Dýrahald

Yndislegir Sarpei hvolpar til sölu. Ættbók frá HRFI. Uppl. í s. 893 3912.

## Ferðalög



Til leigu góð neðri hæð í nýlegu raðhúsi í Torrevieja Evrópuhverfið. Göngufæri í allt, góð sundlaug, útvega akstur til/frá flugvelli, get útvegað fleiri íbúðir í sama húsi. vidirh@isl.is & s. 825 7237, Víðir.

## Gisting



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

## Húsnæði í boði

Lítil 2ja herb. íbúð til leigu á Framnesvegi 42 frá og með 15. feb. Verð 75 þ. Uppl. í s. 891 8667.

60 fm2. íbúð í Hveragerði losnar 1.mars. Ísskápur,uppþvottavél og þvottavél fylgir. S. 869 9982.

Room for rent in 101, furniture, internet, kitchen and wc. Available now. Tel. 692 1681.

3 herb. íb. til leigu, í nágrenni Rvk. 20mín keyrsla til Rvk. S. 869 5212.

4 herb. íb. í innri Njarðvík - Reykjanesbæ til leigu. Laus strax. Uppl. í s. 847 7113 & 487 6563.

Herbergi í Vesturbæ Rvík með aðgangi að snyrtingu. Leiga 18 þús. á mán. Reglulsemi áskilin. Uppl. í s. 868 4110.

## Húsnæði óskast

S.O.S. Systkyni vantar 2-3h íbúð í Rvk. Greiðslug. 90þús. Öruggar greiðslur í gegnum greiðsluþj. Erum með gæludýr. Uppl. í s. 664 0307, eftir kl 12.

Góður leigjandi, 60 ára reglusamur maður óskar eftir íbúð í 101 eða107 til lengri tíma. Góð umgengni og öruggar greiðslur, allt að 80-90.000 á mánuði m/öllu. Hef meðmæli og get greitt fyrirfram sé þess óskað. Uppl. í síma 820 6595.

Óska eftir að leigja einbýli/raðhús m/bílskúr á Þorlákshöfn. S. 849 7344.

Hjón með unglingsstúlku óska eftir ca.4ra herb.íbúð eða rað/parhús,til leigu frá apríl í ca.2ár - helst í Kópavogi. Öruggar greiðslur og mjög góðri umgengni heitið. Jökull s. 867 7716.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Til leigu eða sölu ca. 700 fm húsnæði á jarðhæð við Dalshraun í Hfj. Möguleiki á að skipta húsnæðinu í minni einingar. Laust strax. Uppl. í s. 891 6768.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Atvinna í boði

**Kökuhornið**
**Óskum eftir að ráða hressan og duglegan starfskraft í verslun okkar að Bæjarlind 1-3.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Kranaþjónusta MEST ehf.**
**Vegna aukina verkefna vantar okkur 2 til 3 laghenta starfsmenn í kranaþjónustu MEST sem sér um viðhald og þjónustu við byggingakrana. Við leitum að góðum mannskap og kostur ef umsækjendur eru með rafvirkja eða vélstjóramenntun.**
**Nánari upplýsingar veitir Árni Már, deildarstjóri þjónustuvers MEST í síma 825 0722.**
**Umsóknum skal skilað á netfangið umsoknir@mest.is eða í pósti stílað á MEST ehf. Fornubúðum 5, 220 Hafnarfirði.**

**Starfsfólk óskast!**
**Kornið Hjallarbrekku 2. 200 Kópavogi óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu í bakaríinu. Vinnutími frá 07.00 - 13.00. Hentar mjög vel eldra fólki.**
**- Borgartúni vantar helgarstarfsfólk.**
**Nánari uppl. í s. 864 1585. Dagbjartur.**

**Veitingahúsið Nings Suðurkandsbraut**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Einnig óskum við eftir dagmanneskju í hlutastarf.**
**Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8835 eða á www.nings.is**

Vanan mann vantar á 10 tonna bát sem rær á línu frá Suðurnesjum. uppl í síma 660-4280

Starfskraftur óskast á fasteignasölu á Spáni. Skilyrði að viðkomandi tali spænsku, ensku og eitt norðurlandatungumál. Frekari uppl. í s. 496 0210.

**Cafe Conditori Copenhagen**
**Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf á kaffihús okkar á Suðurlandsbraut og Kringlunni. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð.**
**Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 897 3068.**

**Kringlukráin.**
**Leitum að vönum starfsmanni í þjónustu. Fullt starf. Þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt. Rótgróið fyrirtæki. Lámarksaldur er 20 ár.**
**Umsóknir á staðnum og á www. kringlukrain.is**
**Upplýsingar um starfið veitir Shopus s. 893 2323.**

**Hárgreiðslufólk ath !!**
**Flott stofa í miðbæ Reykjavíkur er með stóla til leigu. Óskum eftir sveini/meistara. Góð staðsetning. Vinnum einungis með Aveda vörur.**
**Uppl. í síma 899 9964 Hildur & 847 7690 Tóta.**

**Pítan Skipholti**
**Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf. Unnið er á reglulegum vöktum í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur.**
**Umsóknir á www.pitan.is**

**American Style**
**Vantar þig góða vinnu hjá traustu fyrirtæki í föstu vaktavinnukerfi? Lausar stöður á grilli og sal á American Style í Hafnarfirði og í sal á Bíldshöfða.**
**Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is.**

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
**Óska eftir starfsmönnum í steinsteypusögun og kjarnaborun.**
**Upplýsingar í s. 893 3236**

**Hrafnista Reykjavík Umönnun**
**Starfsfólk óskast í aðhlynningu á morgun-kvöld og helgarvaktir. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.**
**Upplýsingar gefur Magnea í 585-9529. Netfang magnea@hrafnista.is**

Björnsbakarí óskar eftir að ráða starfskraft. Vinnutími er frá kl: 13-18.30 daglega. Helga veitir frekari upplýsingar í síma: 699-5423

Fyritæki sem sérhæfir sig í lagningu iðnaðargólfa óskar eftir að ráða starfsmenn. Æskilegt er að viðkomandi hafi flísa múr eða málningar kunnáttu. Upplýsingar um viðkomandi sendist á golf@golflagnir.is

Óska eftir einyrkja í trésmíðavinnu. Uppl. í s. 847 3200 eða naglinn@gmail.com

Starfsfólk óskast í sal og útkeyrslu á kvöldin og um helgar á BanThai. S. 896 3536.

## Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál



Hilux, ek 70þ sk 11.04. 35"breyttur, uppl. í s. 892 9244, verð 3.5m. Engin skipti.



FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

**Suðurlandsbraut 50**

**Bláu húsin v/Faxafen**

**husid@husid.is**

**Sími 513 4300**

| | |
|---|---|
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur M. Sævarsson | sölumaður |
| Vilborg G. Hansen | sölumaður |
| Heimir H. Eðvarðsson | sölumaður |
| Rannveig Sveinsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |
| Ingvaldur Mar Ingvaldsson | framkv.stjóri |

Frum

**www.husid.is**

Höfum ávallt nóg úrval eigna á skrá

**www.husid.is**

### Einbýli — Mjósund - Hfj



Sérlega kósý og mjög mikið endurnýjað 84,1 fm einbýli á einni hæð með rislofti ásamt kjallara á frábærum stað í einum elsta hluta Hafnarfjarðar. Húsið stendur á 286,2 fm lóð og er komið að því frá Strandgötunni á milli rauða, nýja fallega hússins og blá uppgerða bárujárnsklædda húsinu. Búið er að setja nýja og er mjög fallegt og sjarmerandi. Verð 28,7 m.

### 3ja herbergja — Svöluás - Hfj



Er þetta HÚSIÐ þitt. Sérinngangur. Virkilega falleg, björt og vel skipulögð 3ja herbergja 86,9 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og góðri aðkomu og engum tröppum í litlu þriggja hæða, viðhaldslitlu og klæddu fjölbýli sem var byggt 2002 til 2003. Þvottahús innan íbúðarinnar, tvö stór svefnherbergi, rúmgott baðherbergi með baðkari og góð og björt stofa með útgönguhurð, breiðar viðargardínur fyrir gluggum. Verð 20 m.

### 2ja herbergja — Laugarnesvegur - Rvk



Sérstök og skemmtileg 2 herbergja íbúð á tveimur hæðum með sérinngangi á báðum hæðum í fyrrum verslunarhúsnæði við Laugarnesveg efri hæð 48,1 fm og neðri hæð 39,1 fm alls 87,2 fm. Fjögurra metra lofthæð á efri hæð. Stutt í alla þjónustu. Flott eign á góðum stað. Verð 19,9m.

### 3ja herbergja — Bergstaðarstræti - Rvk



Höfum fengið til sölu tvær 2 herb. 28 fm, samþykktar íbúðir á 1 hæð í þessu fallega húsi á þessum frábæra stað í hjarta borgarinnar, íbúðirnar henta vel til útleigu, fyrir fólk utan af landi eða sem fyrstu kaup og eru íbúðirnar vel skipulagðar. Áhvílandi er á hvorri íbúð um 8,5 m. samt. um 17 m. og verðið er 9,8 m. samt. 19,6 m. Íbúðirnar seljast saman eða sitt í hvoru lagi.

## Rauðavað 13 - 25 110 Reykjavík



- 2ja herbergja íbúð með sérinngangi
- Stæði í bílageymslu fylgir íbúð
- Ísskápur og uppþvottavél fylgja
- Granít á borðum í eldhúsi og baði, einnig í sólbekkjum
- Geymsla og þvottahús innan íbúðar
- Hagstæð áhvílandi lán

## Þórðarsveigur 17 – 21 113 Reykjavík



- 90% lán til 40 ára
- Glæsilegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herb. íbúðir
- Stæði í bílageymslu
- Til afhendingar strax
- Þvottahús og geymslur innan flestra íbúða
- Mynddyrasími í öllum íbúðum
- Fullbúnar án gólfefna

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

MASA INTERNATIONAL

RE/MAX MJÓDD

# SKOÐUNARFERÐIR TIL SPÁNAR FYRIR 15.500-.

**Innifalið**: flug, gisting á glæsilegu hóteli við ströndina í Torreveija, veitingar og leiðsögn með íslenskum fasteignaráðgjafa.



**Eitt mesta úrval fasteigna á**
Costa Blanca North
Costa Blanca South
Costa Cálida
Costa Almería

Einnig bjóðum við uppá sérhannaðar eignir fyrir hreyfihamlaða.
Fjöldinn allur af eignum á golfvöllum.
Glæsilegar íbúðir með líkamsræktaraðstöðu, innisundlaugum, heitum pottum, gufuböðum og nuddaðstöðu.

**Remax og Masa verða með opið hús Sunnudaginn 11. Feb. milli 14 & 17 í húsnæði Remax Mjódd, Þönglabakka 1.**




HÉR ERUM VIÐ TIL HÚSA Í MJÓDDINNI

RE/MAX MJÓDD
520 9550


Jónas Örn
Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550


Jón Bjarni
Sölufulltrúi
896 1067
jonbjarni@remax.is



# Dómurinn í máli Kjarvals

**UMRÆÐAN**
Kjarvalsmálið


INGIMUNDUR KJARVAL

Nýlega féll dómur í erfðamáli Jóhannesar Kjarval heitins listmálara, þann dag og morguninn eftir voru fréttir af því í fjölmiðlum. Síðan ekkert.

Ég fékk sjö mínútur í Kastljósi til þess að skýra málstað fjölskyldunnar sem ég hlýt að vera þakklátur fyrir, átti erfitt með að koma honum á framfæri, jafnvel neyðst til að kaupa auglýsingar undir greinar.

Vafaatriði um eign á meira en 5.000 listaverkum eftir Kjarval og málaferli þess vegna, hljóta að leggja skyldur á fjölmiðla að gera því skil sem þeir gerðu aldrei. Mín skoðun að samsæri sé í gangi að gefa Kjarvalsfjölskyldunni hvorki réttlæti né sanngirni, við ekki talin fullgildir einstaklingar af því að við erum fjölskylda Kjarvals, við aðskotadýrin, óalandi og óferjandi aðeins og eingöngu vegna þess að við erum afkomendur hans.

Sýndi sig einna best á 100 ára afmælissýningu Kjarvals á Kjarvalsstöðum, sendibréf Ásu dóttur hans í sýningarkassa meðan hún var enn á lífi og án leyfis.

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Reykjavíkurborg af öllum kröfum fjölskyldunnar. Þangað til þeim dómi verður hnekkt, sem auðvitað verður, á Reykjavíkurborg óopnaðar jólagjafir frá fjölskyldu minni, sendibréf eiginkonu og móður barna Kjarvals, börnum og barnabörnum, jafnvel handrit eftir ömmu og gamlar biblíur. Reykjavíkurborg á dót og drasl tekið með meira en 5.000 listaverkum úr vinnustofu gamalmennis í 153 kössum, rúmlega 2 mánuðum áður en hann var lagður inn á geðdeild Borgarspítalans þar sem hann lést nokkrum árum seinna.

Dómurinn byggir á frásögn þess starfsmanns Reykjavíkurborgar sem varð forstöðumaður Kjarvalsstaða, sonar hans og leigubílstjóra sem keyrði málarann. Þeir einu (samkvæmt dómnum) viðstaddir meinta gjöf, starfsmaðurinn, sonurinn og Geir Hallgrímsson, þáverandi borgarstjóri. En Geir sagði 1982 að hann myndi ekki hvernig þetta bar að þó hann efaðist ekki um að þetta hefði verið gjöf.

Í rauninni er það sonurinn, þá 18 ára, sem er undirstaða dómsins. Þegar Baldur Guðlaugsson hrl. rannsakaði þetta mál 1982 kom í ljós dagbók eftir hann sem átti að vera skrifuð 7. nóvember 1968. Í henni stendur að afi minn hafi gefið Reykjavíkurborg nokkra tugi teikninga og skissur með öðru dóti þann dag.

Samkvæmt öllum upplýsingum 1982 og skýrslu Baldurs var sonurinn ekki viðstaddur þennan meinta munnlega gjafagerning, sagt að Ólafur Þórðarson, frændi Kjarvals, hefði komið hálftíma seinna.

Það er eimmitt til bréf frá „Óla frænda“ skrifað þá og sent pabba veikum hjá Ásu systur hans. Óli skrifar í löngu bréfi: „Til þess að trufla ekki – þá kom eg ekki fyrren tæpl. 2.30. Borgarstjóri var þar enn, og töluðu Jóhannes og hann saman í góðum og ljúfum tón og spásseruðu fram og til baka, en eg sneri mér að Alfreð sem opnaði f. mér og fórum við út að glugga í einu horninu þar sem minnst bar á okkur. Borgarstj. kom svo til okkar og kvaddi okkur með virtum. Þá vorum við þrír eftir.“ Ólafur skrifar einnig að pabbi eigi ekki að hafa áhyggjur, að þetta sé til geymslu.

Borgin gekk út frá því í vörn sinni að sonurinn hefði ekki verið viðstaddur. En í aðalmeðferð þegar Guðmundur Alfreðsson gaf skýrslu í gegnum síma, sagðist hann hafa verið vitni að meintri gjöf.

Langur tími fór í að komast yfir sjúkraskýrslur afa. Endanlega gaf dómari út úrskurð um að hann ætti að fá þær, en setti þau skilyrði að enginn mætti lesa skýrslurnar nema hann og lögmennirnir, ekki einu sinni fjölskyldan. Samt fékk virtur íslenskur geðlæknir að fara yfir skýrslurnar og gerði skýrslu um hæfni Kjarvals til þess að gefa nær allt sitt munnlega 7. nóvember 1968. Hún var síðan lögð fyrir dómara.

Í dómnum er ekki minnst á þessi gögn. Dómari virðist ekki hafa leitað sérfræðihjálpar til þess að meta þau. Ég spyr, geta samtök heilbrigðisstétta liðið að sérfræðiáliti geðlæknis sé hent til hliðar?

Hvers vegna hafa samtök listamanna á Íslandi aldrei mótmælt því að vinnustofa eins þeirra var tæmd án skjalfestingar, eingöngu orð opinbers starfsmanns um að hann hafi tekið eigurnar með leyfi, ekkert til frá listamanninum sjálfum? Listamaðurinn í hárri elli og örfáum vikum áður en hann er lagður inn á geðspítala? Eru þetta eðlileg eða heiðarleg viðbrögð listamanna eða samtaka þeirra?

Ég hef hugsað um marga sem ættu að segja eitthvað opinberlega, en ekkert nema þögnin, þögn níðinganna að mínum dómi.

Margt hefur farið í gegnum hugann þó ég hafi búist við þessum úrskurði, systkini mín og móðir að því er virðist ánægð með að níðingsverkið er opinbert. Sótt að mér óhugguleg tilfinning sem ég ræð ekki við, að þetta sé þjóðfélagið sem ég ólst upp í og kominn af, partur af mér sjálfum. Þetta fólk eins og ég, fólkið sem treður á sannleikanum og réttlætinu. Þetta er tilfinningin sem er að rífa mig í sundur.

*Höfundur er afkomandi Jóhannesar S. Kjarval*


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.

35% AFSLÁTTUR

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri  Sími 588 0200 | www.eirvik.is



útsala í heima
15-50%
afsláttur



áður 31.000
núna á 19.800



Sófi + stólar 3+1+1, áður 269.800
nú 199.800
Sófi 3ja sæta, áður 129.800
nú 99.800
Leður. Litir: Svart og hvítt.

Stór og glæsileg verslun með fjölbreytt úrval af húsgögnum og smávöru fyrir heimilið að Síðumúla 30

heima
síðumúla 30 - 108 reykjavík - sími 568 4242

# Bónus boðar lægri álagningu á landbúnaðarvörur

**UMRÆÐAN**
Matvælaverð

Um helgina birtist áhugaverð auglýsing frá verslunarkeðjunni Bónus um matvöruverð í „Draumalandinu“. Í auglýsingunni voru myndir af ýmsum landbúnaðarvörum á mjög lágu verði. Fram kom að svona gæti verðið litið út á Íslandi ef innflutningur á landbúnaðarvörum væri heimill án nokkurra gjalda. Samkvæmt þessu þykir greinarhöfundi ljóst að Bónusmenn hafa ákveðið að tími væri kominn til að lækka álagningu á matvörum. Það stenst illa samanburð við verð í nágrannalöndum okkar að raunhæft sé að bjóða landbúnaðarvörur á þessu verði nema gefa verulega eftir í álagninu, afnema hana með öllu eða hreinlega greiða með vörunni. Varla er ætlun þeirra að selja innfluttar landbúnaðarvörur með lægri álagningu en innlendar?

**21 króna álagning á kjúklingabringur?**

Bónusmenn segjast tilbúnir að bjóða neytendum skinnlausar danskar kjúklingabringur á 499 kr/kg. Í „Draumalandinu“ er ennþá 14% virðisaukaskattur og er þá verðið fyrir skatt 439 kr/kg. Meðalinnflutningsverð, CIF, á kjúklingabringum samkvæmt verslunarskýrslum á síðasta ári var nærri 418 kr/kg á frystum bringum (og vatnssprautuðum). Samkvæmt þessu er álagning Bónuss 21 kr eða 5% fyrir að skipa bringunum upp, koma í birgðastöð, keyra út í verslanir, selja og mæta rýrnun. Merkt verð á ferskum kjúklingabringum í Bónus samkvæmt auglýsingu sl. laugardag er 2.565 kr. Bónus gefur 10% afslátt við kassann en bringur eru stundum á tilboði með allt að 37,5% afslætti. Verð án vsk. er því lægst 1.400 kr/kg á tilboði en yfirleitt 2.025 kr/kg. Ekki liggja fyrir upplýsingar um innkaupsverð Bónuss á þessum bringum en ætla má að það sé 1.400 til 1.500 kr/kg. Bónus tekur því nær ríflega 500 kr/kg fyrir að selja innlendar bringur að jafnaði en gefur álagninguna eftir þegar um tilboð er að ræða. Samkvæmt auglýsingunni ætlar fyrirtækið að selja innfluttar frosnar bringur með um 21 kr/kg í álagningu. Það er töluvert lægri krónutala en þeir sætta sig við að leggja á íslensku kjúklingabringurnar.


ERNA BJARNADÓTTIR

**Draumalærið**

Lambalæri frá Nýja-Sjálandi hyggst Bónus bjóða á 499 kr/kg. Verð í Færeyjum á innfluttu nýsjálensku lambalæri er 774 kr/kg út úr búð með virðisaukaskatti. Um helgina bauð Bónus innlent lambalæri á 878 kr/kg sem íslensk afurðastöð afhendir til búðanna. Hyggst Bónus borga með nýsjálensku lambakjöti?

**Nautalundir með lægri álagningu en áður hefur sést hjá Bónus**

Bónus lofar í auglýsingunni að bjóða íslenskum neytendum frosnar ungnautalundir á 1.199 kr. eða 1.052 kr. án. vsk. Innflutningsverð á nýsjálenskum nautalundum er tæpar 900 kr/kg skv. tollskýrslum. Eigum við að trúa því að álagning þeirra fyrir að skipa vörunni upp, tollafgreiða, koma í birgðastöð o.s.frv. muni aðeins nema 150 kr/kg? Í dag selur fyrirtækið nýsjálenskar nautalundir á 2.998 kr/kg og þar af er álagning Bónuss um eða yfir 800 kr. Bónus er því að boða gerbreytta álagningu á kjöt sem ber að fagna.

**Álagning verslunarinnar er um 20-30%**

Viðskiptasamningar afurðastöðva og verslana eru ekki aðgengilegir og vitað að kjör eru misjöfn. Eftir því sem næst verður komist er álagning verslunar á pakkað, frosið og verðmerkt kjöt nálægt 20-30%, stundum minni en hugsanlega meiri í öðrum tilvikum. Í sumum tilfellum er skilaréttur innifalinn og oft fylgir að pakkaðri vöru er raðað í hillur og kæla. Af auglýsingu Bónuss er ljóst að fyrirtækið hyggst stórlækka álagningu sína og getur því lækkað innlendar landbúnaðarvörur um tugi prósenta án þess að komi til innflutnings. Það munar um minna!

*Höfundur er hagfræðingur Bændasamtaka Íslands.*

# Varúð, eldri borgarar og öryrkjar!

**UMRÆÐAN**
Hagsmunamál


ÓLAFUR ÓLAFSSON


EINAR ÁRNASON

Eldri borgari sem býr einn og hækkar í tekjum um t.d. 1.000 krónur á mánuði úr 254 þúsund krónum í tekjuáætlun og reynist svo fá 255 þúsund krónur á mánuði, fengi bakreikning frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) á næsta ári upp á 572.400 krónur eins og reglurnar eru í dag. Þetta er vegna þess að á þessu tekjubili missir hann rétt til grunnlífeyris og þ.a.l. rétt til annarra bóta frá TR.

Hann myndi því, við að auka tekjur sínar um 12 þúsund krónur á ári, missa grunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót upp á 47.700 krónur á mánuði eða yfir 572 þúsund krónur á ári. Hver veit þetta?

**Ábendingar hundsaðar**

Vitað er að sumir starfsmenn TR reyna að vara ættingja sína og vini við þessari gildru. Hvers eiga þeir að gjalda sem ekki vita betur? Þetta hefur ekki fengist lagað þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar bæði frá starfsmönnum TR og fulltrúum Landssambands eldri borgara (LEB) m.a. í nefnd Ásmundar Stefánssonar síðastliðið sumar og ábendingar til Heilbrigðis- og trygginganefndar nú fyrir jól, bæði munnlega fyrir nefndinni og með skriflegum athugasemdum til nefndarinnar. Þetta var hundsað og er til marks um hve ábendingar fulltrúa LEB hafa mátt sín lítils.

**Reiknivél TR**

Þetta getur hver og einn séð með því að slá inn í reiknivél TR á heimasíðu stofnunarinnar www.tr.is. Þá eru settar inn árstekjur af atvinnu, ýmist 3.048.000 krónur(12 x 254.000) eða 3.060.000 krónur(12 x 255.000). Hann fengi 41 krónu í grunnlífeyri, 42.448 í tekjutryggingu og 5.221 krónur í heimilisuppbót eða samtals 47.700 krónur á mánuði í fyrra tilfellinu. Í seinna tilfellinu fengi hann ekki eina krónu frá TR þó hann hækkaði aðeins um 1.000 krónur á mánuði í tekjum. Þetta gerist vegna þess að hann hefur misst rétt á grunnlífeyri og missir því allan annan rétt til bóta frá TR (hefur yfir 254.137 krónur á mánuði í atvinnutekjur). Þannig er þetta bara og ekki enn vilji hjá stjórnvöldum að breyta þessu. Ekki skapar þetta traust á kerfi almannatrygginga.

**Oft ómögulegt að áætla tekjur**

Nú eru stjórnarþingmenn mikið að segja frá frítekjumarki vegna atvinnutekna upp á 25.000 krónur á mánuði og svokallaða 60% reglu. Þetta er vissulega til bóta. Þó mega svona gallar í kerfinu ekki vera fyrir hendi á sama tíma.

Þetta dæmi sem nefnt er er alls ekki það ýktasta sem getur gerst vegna skerðinga á greiðslum TR. Til eru dæmi um hjón sem gætu lent í svipuðu en þar sem annar vinnur fyrir tekjum sem fara svona yfir ákveðið mark en hinn hefur ekki atvinnutekjur. Þá gæti bakreikningurinn orðið enn hærri.

Í mjög mörgum tilfellum er ekki mögulegt að vara sig á þessu jafnvel þó að sérfræðingar TR væru til aðstoðar því örlítil breyting á fjármagnstekjum gæti valdið því að elli- og örorkulífeyrisþegi fari yfir markið og tapaði því öllum bótum almannatrygginga, því fjármagnstekjur er oftast ómögulegt að áætla rétt.

**Getur verið enn verra hjá öryrkjum**

Þetta getur verið mun verra þ.e. bakreikningurinn ennþá hærri ef öryrki hækkar t.d. úr 273 þúsund krónum í atvinnutekjur á mánuði í 274 þúsund á mánuði. Ef hann er 20 ára við fyrsta 75% örorkumat fengi hann í fyrra tilfellinu samtals 66.803 krónur á mánuði í grunnlífeyri, aldurstengda örorkuuppbót og tekjutryggingu, en í seinna tilfellinu fengi hann ekki eina krónu. Þarna gætu komið yfir 800.000 krónur í bakreikning frá TR á næsta ári. Þessi upphæð bakreiknings yrði enn hærri en þetta ef hann nyti uppbótar vegna reksturs bifreiðar því hún félli líka niður við þessar 1.000 króna hækkun atvinnutekna. Þannig gæti bakreikningurinn farið yfir 900.000 krónur vegna 1.000 króna í auknar atvinnutekjur á mánuði. Hvers vegna er þetta ekki lagað? Í vissum tilfellum er því betra að lækka í atvinnutekjum eða vinna minna. Var ekki meiningin að auka hvatann til vinnu?

*Ólafur er formaður Landssambands eldri borgara og Einar er hagfræðingur Landssambands eldri borgara.*

# Hverjir eiga orkuna?

**UMRÆÐAN**
Orkumál


GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Ég hef eins og svo margir Íslendingar ekki velt því mikið fyrir mér hvort orkuframleiðendur eigi að greiða eitthvert gjald fyrir vatnið eða gufuna sem rennur í gegnum virkjanirnar, vegna þess að þetta hafa verið fyrirtæki í eigiu almennings. Undanfarið hefur borið á hugmyndum um að einkavæða orkufyrirtækin, þá staldrar maður við og situr íhugull örlítið lengur með kaffibollann við morgunverðarborðið og spyr sjálfan sig; Er það virkilega möguleiki að skyndilega sitjum við Íslendingar uppi með það að einhver einstaklingur fái gefins öll vatnsréttindi í Þjórsá, gufuaflsréttindin á Reykjanesi, Langasjóinn eða öll orkuréttindi á Torfajökulssvæðinu? Er aðferðafræðin við kostnaðarútreikninga við framkvæmd virkjana rétt? Eru stjórnmálamenn að leiða okkur í sams konar vegferð með orkuréttindin og fiskinn í sjónum? Er skilið nægjanlega vel á milli verðmats á réttindum og kostnaðar við virkjanir? Erum við ekki nægilega brennd þegar fáir einstaklingar fengu úthlutað fiskinum í sjónum umhverfis landið, síðan þá hafa stjórnvöld haldið áfram og hvert opinbera fyrirtækið af öðru einkavætt.

Ein af ástæðunum fyrir mikilli raforkueftirspurn til álframleiðslu hér á landi síðustu ár er, sé litið til þess sem fram kom fyrr í vetur um orkuverð til ALCOA í Suður-Ameríku, að virkjanaréttindin hafi ekki verið réttilega metin til fjár. Sá kostnaður er ekki í raforkuverðinu hér á landi, samkvæmt því sem við best vitum. Margir halda því fram að það sé ástæða þess að stjórnmálamenn halda orkuverðinu leyndi fyrir eigendum orkuveitufyrirtækjanna. Íslensku virkjanafyrirtækin, sem öll eru í opinberri eigu ef einhver hefur gleymt því, hafa hingað til athugsemdalítið eins og ég kom að í byrjun, fengið sjálfsafgreiðslurétt til eignarnáms á orkuréttindum og eignarlöndum.

Hér liggur á að huga vel að því hvort vatnsréttindi eða jarðhitaréttindi sem ríkið á séu metin hæfilega til fjár. Þetta á sérstaklega við um neðri hluta Þjórsár. Þar á ríkið mikil vatnsréttindi. Ástæða er að halda því einnig til haga að þau eru mun verðmætari vegna þess að íslenska þjóðin er búin að byggja vatnsmiðlanir ofar í ánni fyrir milljarða og setja undir það umtalsvert land. Hefur Landsvirkjun verið gert að greiða nægjanlega hátt verð fyrir þessi réttindi? Ég hef ekki séð gerða grein fyrir því. Þetta er veigamikill þáttur í að koma umræðu um nýtingu og náttúruvernd inn á málefnanlegar brautir.

Víða erlendis er búið að einkavæða og selja almenningsveitur. Þeir sem eignuðust fyrirtækin lokuðu viðhaldsdeildum, sögðu upp starfsfólki og stoppuðu viðhald og uppbyggingu. Með því náðu þeir að sýna glæsilega afkomu á ársfundum og hlutabréfin ruku upp. Þeir seldu, en nú er að koma upp að viðhald og endurnýjun hefur verið trössuð í mörg ár og fyrir liggur að fjárfesta þurfi fyrir umtalsverðar upphæðir til að tryggja rennandi vatn og frárennslislagnir. Það er ekki hægt nema hækka afnotagjöld umtalsvert segja núverandi eigendur. Nú blasir við almenningi, sem byggði upp þessi fyrirtæki og gerði þau að verðmætum eignum sem skammsýnir stjórnmálamenn stóðust ekki að selja til að styrkja eigin velgegni, að annað hvort verður almenningur að kaupa þessi fyrirtæki sín til baka eða sætta sig við verulega aukna skattlagningu í formi hækkaðra afnotagjalda.

*Almenningur verður að þvinga stjórnmálamenn til þess að bera virðingu fyrir eignarréttindum þjóðfélagsins.*

Almenningur verður að þvinga stjórnmálamenn til þess að bera virðingu fyrir eignarréttindum þjóðfélagsins. Stjórnmálamenn verða að breyta aðferðafræði, þá getur náðst sátt milli náttúruverndarfólks og ásættanlegrar nýtingar.

*Höfundur er formaður Rafiðnaðarsambandsins.*

# Böðlar eða sálusorgarar?

**UMRÆÐAN**
Kjaramál


BJARNÞÓRA PÁLSDÓTTIR

Það er ljóst að afar erfitt er að setja fram skýra starfslýsingu á starfi fangavarða. Það er vandmeðfarið að setja allt það á blað sem tilheyrir starfssviði okkar.

Almenningur er helst á því að okkar starf snúist um að opna og loka klefum og vera sem verst við skjólstæðinga okkar. Þvert á þessar skoðanir almennings er starfið fólgið í þjónustu við fangana, að vera til taks þegar þeim líður illa, sinna frumþörfum og ýmis konar þjónustu.

Það er ekki lengur nóg að fangi sé kirfilega læstur inni heldur skiptir líka máli hvernig má hjálpa honum að bæta sig. Það þarf að fylgjast með líðan hans.

Það eru ekki mörg ár síðan fangavarðastarfið fór að taka róttækum breytingum, nefna má ný lög um fangelsi og fangavist 1988 og stofnun Fangelsismálastofnunar. Réttindastaða og aðbúnaður fanga varð betri.

Fangelsin breyttust líka með tilkomu samfélagsþjónustu árið 1995. Nú afplánar hópur fólks utan fangelsa sem áður sat inni. Þetta eru gjarnan einstaklingar sem höfðu góð og jákvæð áhrif á samsetningu fangahópsins. Af þessari breytingu leiðir að í dag situr miklu harðari kjarni inni, fyrir alvarlegri brot og oft í mikilli fíkniefnaneyslu.

Þó að vissulega sé til staðar sérfræðiþjónusta í fangelsum er hún langt frá því að vera ásættanleg. Mörg dæmi eru um það að fangar fái ekki sálfræðiviðtal fyrr en eftir marga daga og jafnvel vikur. Því liggur gríðarleg ábyrgð á fangavörðum að sinna sálgæslu og vera til staðar þegar eitthvað kemur upp á í lífi fanga, eins og alvarlegt þunglyndi, sjálfsvígshugsanir eða tilraunir til slíks, kvíði, sektarkennd, svefnleysi, fráhvörf og svo framvegis. Það eru fangaverðir sem bera nánast alla ábyrgð á því að fangi komi þokkalega út úr fangelsinu, því miður gleymist það iðulega þegar rætt er um sérfræðiþjónustu í fangelsum. Fangaverðir eru sérfræðingar í að annast fanga og gegna mikilvægasta hlutverkinu innan veggja fangelsa.

Fjölgun erlendra fanga kallar á góða tungumálakunnáttu og þekkingu á ólíkum trúm og siðum.

Það er erfitt að sinna starfi þar sem maður er bæði sálusorgari og böðull. Ágæt lýsing á þeirri vídd sem fangavarslan tekur yfir.

Á síðustu árum hafa launakjör okkar færst í skelfilegt horf. Sambærilegar stéttir hafa stungið okkur af. Lengi vel voru laun lögreglumanna og fangavarða sambærileg, enda störfin um margt skyld og sambærilegt álag sem fylgdi þeim.

Í dag eru lögreglumenn með meira en 30% hærri laun.

Nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins sem skilaði skýrslu til ráðherra 15.júní 2005 meðal annars um menntun fangavarða ályktar svo: „Í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í evrópsku fangelsisreglunum er mikilvægt að huga sérstaklega að launakjörum fangavarða með hliðsjón af því að störf þeirra eru með þeim flóknustu og erfiðustu í opinberri þjónustu. Góð launakjör stéttarinnar eru forsenda þess að hægt sé að laða að hæft starfsfólk.“ (Bls. 23 í skýrslu nefndar dómsmálaráðherra um menntun fangavarða og athugun á aldurssamsetningu þeirra með hliðsjón af endurnýjun stéttarinnar).

Í dag er þolinmæðin þrotin. Biðin langa eftir viðurkenningu á starfi mínu er senn á enda. Ég kveð fangavörslu með trega og held til móts við betur launað starf innan tíðar.

*Höfundur er fangavörður.*

# VILTU VINNA?

## Við stækkum hratt og vantar því starfsfólk í eftirtalin störf



### Innkaupafulltrúi

Spennandi starf sem felst í vörustjórnun og innkaupum. Góð tölvukunnátta og reynsla af helstu forritum skilyrði

### Sölumaður verslun

Fjölbreytt starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina. Rík þjónustulund og víðtæk þekking á tölvubúnaði skilyrði.

### Fyrirtækjasvið

Sölumaður á fyrirtækjasviði sinnir séróskum stærri viðskiptavina. Rík þjónustulund og víðtæk þekking á tölvubúnaði skilyrði.

### Tæknimaður

Öflugur tæknimaður með reynslu í PC viðgerðum og tölvusamsetningum óskast í öflugan hóp tæknimanna Tölvuteks.

**Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is fyrir 12. febrúar með ferilskrá • Fullum trúnaði heitið**

# TÖLVUTEK

**Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is**

Tölvutek er ört vaxandi fyrirtæki með 12 starfsmenn í dag. Tölvutek er sérverslun með tölvur og búnað og sérhæfir sig í lausnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Tölvutek er dreifingaraðili Gigabyte á Íslandi ásamt því að vera dreifingaraðili fyrir OCZ og Creative er Tölvutek viðurkenndur samstarfsaðili Microsoft með fjölda viðurkenninga og gráða frá Microsoft, CompTIA, Trend ofl.



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Halldóra Sigrún Ólafsdóttir**
frá Lambavatni, Gullsmára 8, Kópavogi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut að morgni 6. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 13. febrúar kl. 15.00.

**Halldór Viðar Pétursson**
**Kolbrún Kristjana Halldórsdóttir Ágúst Pétursson**
**Elín Huld Halldórsdóttir Gunnar Theodór Þorsteinsson**
**Pétur Már Halldórsson Sigurlína Margrét Magnúsdóttir**
**Sigrún Halla Halldórsdóttir og barnabörn**



*Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Teitur Kjartansson**
Vörðum, Landsveit, áður bóndi í Flagbjarnarholti,

lést á Dvalarheimilinu Lundi, Hellu, þriðjudaginn 6. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Brynjólfur Teitsson Guðrún Þorleifsdóttir**
**Margrét Teitsdóttir**
**Kristrún Kjartans Aðalbjörn Þór Kjartansson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför hjartkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Jóhönnu Sveinsdóttur**
Hverfisgötu 99a, 101 Reykjavík.

**Ólafía Sigurjónsdóttir Egill Hallgrímsson**
**Sóley Linda Egilsdóttir Hallgrímur Davíð Egilsson**
**Sigrún Sigurjónsdóttir Frank R. Veeneklaas**
**Jóhanna Noraly Veeneklaas**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Sigurður Sigurðsson**
Torfufelli 31, Reykjavík,

er látin. Útför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Halla Margrét Ottósdóttir.**



*Okkar ástkæra og yndislega*

**Ragna Dagmar Sölvadóttir**
Snægili 23, Akureyri

lést á heimili sínu aðfaranótt 6. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju, föstudaginn 16. febrúar kl. 13.30.

**Guðmundur Logi Óskarsson**
**Tinna Dögg Guðmundsdóttir Bjarki Runólfsson**
**Rakel Ósk Guðmundsdóttir**
**Andrea Rut Guðmundsdóttir**
**Baldvina Gunnlaugsdóttir**
**Anton Sölvason, Margrét Sölvadóttir**
**Gunnlaugur Sölvason, María Sölvadóttir**
**Egill Sölvason, Guðfinna Sölvadóttir**
**og systkinabörn hinnar látnu.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Á TILBOÐSVERÐI
Kíktu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

**LENNOX LEWIS HNEFALEIKAKAPPI ER 42 ÁRA Í DAG**

*„Bardaginn varir jafn lengi og mér sýnist. Þá rota ég andstæðinginn.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 9. FEBRÚAR 1825

## *Forseti með minnihluta atkvæða*



Á þessum degi árið 1825 var John Quincy Adams kjörinn forseti Bandaríkjanna, þrátt fyrir að hafa fengið færri atkvæði en Andrew Jackson, mótframbjóðandi sinn, í forsetakosningunum árið áður. Hvorugur frambjóðendanna tryggði sér hins vegar hreinan meirihluta kjörmanna í kosningunum og því skar fulltrúadeildin úr um hver hreppti hnossið. Fjórir gáfu kost á sér í embætti Bandaríkjaforseta árið 1824 en til að tryggja sér sigur þurfti frambjóðandi að hljóta 131 af 261 kjörmanni. Andrew Jackson fékk 99 kjörmenn og 153,544 atkvæði en John Quincy Adams hlaut 84 kjörmenn og 108.740 atkvæði en hinir frambjóðendurnir tveir fengu afganginn. Eins og kveðið er á um í stjórnarskrá Bandaríkjanna var fulltrúadeildinni því falið að kjósa forseta en deildin má þó aðeins kjósa um þrjá efstu frambjóðendurna. Fulltrúadeildarþingmaðurinn Henry Clay lenti í fjórða sæti í kosningunum og var því dæmdur úr leik. Hann samþykkti hins vegar að beita áhrifum sínum á þinginu í þágu Adams. Báðir voru þeir hluti af lausbeisluðu bandalagi sem árið 1828 varð að Repúblikanaflokknum en stuðningsmenn Jacksons áttu eftir að stofna flokk demókrata.

Hinn 9. febrúar var Adams kjörinn forseti Bandaríkjanna.

HAUKUR INGIBERGSSON: SEXTUGUR Í DAG

# Dustar rykið af dansskónum

Haukur Ingibergsson, lagahöfundur og forstjóri Fasteignamats ríkisins, er sextugur í dag.

Hann ætlar að troða upp með Danshljómsveitinni Klassík í kvöld og hefur boðið vinum og vandamönnum í veisluna. „Við hjónin ætlum að biðja fólk að hafa dansskóna með svo að það geti hreyft sig og rifjað upp danssporin,“ segir Haukur, sem er kvæntur Birnu Bjarnadóttur. Eiga þau alls sex börn. „Við félagarnir leggjum áherslu á að spila danslög fyrir dansfólk. Við höfum mörg af vinsælustu lögum síðustu sex áratuga á efnisskránni sem eru orðin klassísk í vitund fólks.“

Haukur hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tónlist. Spilaði hann m.a. á sínu fyrsta balli aðeins þréttán ára. „Með framhalds- og háskólanámi vann ég fyrir mér með spilamennsku, vinnu í diskótekum og hljómplötugagnrýni fyrir Morgunblaðið. Ég var 26 ára þegar ég fór fyrst í dagvinnustarf og síðan þá hef ég spilað flest ár eitthvað á skemmtunum mér og vonandi öðrum til ánægju,“ segir Haukur. Hefur hann samið á annan tug laga sem hafa komið út á plötum, þar á meðal hið ódauðlega „17. júní“.

Haukur hefur verið forstjóri Fasteignamatsins í sjö ár og segir það mikinn heiður að fá að leiða stofnunina. „Fasteignaskráning hófst 1097 þegar skattlagning fasteigna hófst með tilkomu tíundarinnar. Stofnunin byggir því á 900 ára arfleifð en þarf jafnframt að vera í fararbroddi í upplýsingaöld. Fasteignir eru verðmætasta eignasafn landsmanna og það er mikilvægt að þær séu vel og vandlega skráðar.“

Haukur er hvergi smeykur við að komast á sjötugsaldurinn. „Ég er hraustur, við góða heilsu, á stóra fjölskyldu og er í skemmtilegu starfi í hópi mjög hæfra samstarfsmanna. Ég á gefandi áhugamál og er svo heppinn að hafa fæðst og búið á Íslandi. Það er ekki hægt að hugsa sér að lífið leiki betur við mann. Allur aldur hefur sinn sjarma og hvert tímabil hefur sinn blæ. Fólk verður að nýta það besta úr hverju aldursskeiði sem kostur er á,“ segir hann. **freyr@frettabladid.is**



**HAUKUR INGIBERGSSON** Forstjóri Fasteignamats ríkisins heldur upp á sextugsafmæli sitt í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eggert Reynarð Pálsson**
frá Ólafsfirði,

lést að dvalarheimilinu Hornbrekku Ólafsfirði laugardaginn 3. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 10. febrúar og hefst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á dvalarheimilið Hornbrekku Ólafsfirði.

**Mikael Gestur Mikaelsson**
**Minný Kristbjörg Eggertsdóttir Ari Sigþór Eðvaldsson**
**Margrét Ólöf Eggertsdóttir Pétur Guðmundsson**
**barnabörn, tengdabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug, við fráfall og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jónasar Grétars Sigurðssonar**
múrarameistara, Akureyri,

sem lést á líknardeild Landakots miðvikudaginn 24. janúar.

**Fyrir hönd ættingja og annarra ástvina,**

**dætur hins látna.**



LEGSTEINAR
TILBOÐSDAGAR
allt að 50% afsláttur
af legsteinum og fylgihlutum
Sendum myndalista
*MOSAIK* Hamarshöfða 4 110 Reykjavík
sími 587 1960 www.mosaik.is



*Ástkær eiginkona mín, móðir og systir,*

**Björg Haraldsdóttir**
Breiðvangi 18, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju, mánudaginn 12. febrúar kl. 11.00.

**Jóhann Petersen**
**Katrín Þórhildur Jóhannsdóttir**
**Halldór Þórður Haraldsson**
**Ástbjörg Guðrún Haraldsdóttir**
**Friðrik Haraldsson**
**og aðrir aðstandendur.**

# MARKAÐURINN

# Einfalt mál




## EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.








**Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga** | **Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2** | **Markaðurinn á Vísi alla daga**

**VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR**

Fíton/SÍA F019902




# STUÐ MILLI STRÍÐA Ísland best í heimi

**FREYR GÍGJA** GUNNARSSON VELTIR FYRIR SÉR MÆLINGUM Á GÆÐASTUÐLUM



Íslendingar hafa alltaf verið hræddir um hvaða álit aðrar þjóðir hafa á sér. Kannanir erlendra rannsakenda á því hvaða lönd séu best í hinu og þessu vekja alltaf mikla athygli og enda yfirleitt á forsíðum blaðanna. „Íslendingar eru langlífastir“ eða „Íslendingar njóta mestrar velgengni í viðskiptalífinu“ eru orð sem veita þjóðinni fróun við þjóðarrembingnum. Ekki má gleyma þeirri staðreynd að Íslendingar eru hamingjusamastir af öllum þjóðum og hafa oftar en ekki komist nálægt því að vera meðal þeirra bestu í hinum og þessum íþróttagreinum. Frægast er kannski þegar við næstum því unnum heimsmeistara Frakka og hefðum orðið heimsmeistarar í handknattleik ef Danir hefðu ekki grísast til að vinna okkur.

Og Ísland er ansi merkilegt land þótt ótrúlegt megi virðast. Eyjan er á lista yfir sjö undur veraldar og samkvæmt lista sem Sameinuðu þjóðirnar gáfu út í fyrra þykir næstbest í heiminum að vera Íslendingur. Norðmenn tróna í efsta sæti enda með vasana fulla af olíupeningum.

Íslendingar eru reyndar framarlega á öðrum sviðum. Smokkaframleiðandinn Durex gerði til að mynda könnun meðal hinna vestrænnu þjóða og þar kom fram að Íslendingar standa sig mjög vel hvað fjölda bólfélaga varðar, eru ekkert sérlega mikið fyrir að nota getnaðarvarnir og byrja að stunda kynlíf ansi ungir. Íslendingar drekka líka alveg rosalega mikið af gosi, éta feitan mat og skulda alveg hryllilega mikið. Í það minnsta hinn almenni borgari.

Og þegar allar kannanir eru skoðaðar og settar í samhengi lítur út fyrir að hér búi lauslátir nautnaseggir sem hafi lítið fjármálavit en er alveg slétt sama. Þeir eru nefnilega hamingjusamastir og langlífastir af öllum jarðarbúum. Eða því viljum við Íslendingar að minnsta kosti trúa.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KDL46X2000- Bravia

579.950




Verð áður
~~799.950~~

Best Buy - What Home Cinema
T3 ★★★★★

KDL40X2000 - Bravia

419.950




Verð áður
~~549.950~~

KDL46W2000- Bravia

449.950




Verð áður
~~599.950~~

# Útsala í Sony Center

## Allt að 90% afsláttur

DSCN1
Myndavél
m/snertiskjá

29.950



Verð áður
~~49.950~~

20.000
verðlækkun

CMTDX2D
Hljómtækjasamstæða
DVD spilari

19.950



Verð áður
~~39.950~~

20.000
verðlækkun

KDL32S2510 - Bravia

169.950




Verð áður
~~199.950~~

Editor's Choice
- *What Home Cinema*

STRDB790
Heimabíómagnari

39.950



Verð áður
~~64.950~~

25.000
verðlækkun

DSCT10
Myndavél

29.950



Verð áður
~~45.950~~

16.000
verðlækkun

DSCW30
Myndavél

16.950



Verð áður
~~29.950~~

13.000
verðlækkun

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is • sími 588 7669

**Kl. 21.00**
*Tónlistarfélag Mosfellsbæjar stendur fyrir tónleikum með söngkonunni Andreu Gylfadóttur og Tríói Kjartans Valdemarssonar í Hlégarði. Listafólkið mun flytja fjölbreytta dagskrá, djass, blús, þjóðlög og fleira. Miðar eru seldir við innganginn.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sú bitra bólusótt

Það merka félag, Félag um átjándu aldar fræði, stendur fyrir þingi á morgun í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðu. Þar verður reifuð Stórabóla sem áfell þjóðina 1707-1709. Hefst þingið kl. 13.30 og lýkur um kl. 16.45.

Flutt verða fimm erindi sem hér segir um þessa miklu pest sem hafði gríðarlegar afleiðingar á samsetningu þjóðarinnar, riðlaði fornum ættum og eignarhaldi á jörðum, breytti byggð og umskóp andlegt líf. Ólöf Garðarsdóttir sagnfræðingur, stjórnandi málþingsins, flytur inngangserindi en síðan verður pestin skoðuð nánar af ýmsum sjónarhólum. Margrét Guðnadóttir, prófessor emeritus í læknisfræði, gerir grein fyrir bólusóttarveirunni, Örn Ólafsson stærðfræðingur PhD skoðar breytileika í dánartölum milli hreppa í Stórubólu út frá gögnum manntalsins 1703; Eiríkur G. Guðmundsson, sagnfræðingur og sviðsstjóri í Þjóðskjalasafni Íslands, segir frá bólusóttinni í skjölum embættismanna; Loftur Guttormsson, prófessor í sagnfræði, kallar erindi sitt „Hin bitra bólusótt" en hann skoðar þá látnu í Möðruvallaklaustursprestakalli 1707. Flutningur hvers erindis tekur um 20 mínútur. Um 10 mínútur gefast til fyrirspurna og umræðna að loknu hverju erindi. Ágrip erinda liggja frammi á málþinginu. Þau verða síðar aðgengileg á heimasíðu félagsins: ww.akademia.is/18.oldin.



**HEILBRIGÐISSAGA** Bólusjúklingur okkar tíma í Afríku.

**> Ekki missa af...**

forvitnilegum frumsýningum um helgina. Á sunnudaginn verða frumsýndar tvær nýjar fjölskyldusýningar. Í Hafnarfirðinum fer **Abbababb** á svið í leikstjórn **Maríu Reyndal** en í **Gerðubergi** frumsýnir **Leikbrúðuland** verkið **Vináttu** fyrr um daginn en leikstjóri þess er **Örn Árnason**.

## Nýtt tímarit

Háskólinn á Bifröst hefur hafið útgáfu á nýju tímariti sem hlotið hefur heitið Tímarit um félagsvísindi. Tímaritið verður vettvangur fyrir fræðilegar greinar um ýmis svið félagsvísinda, svo sem viðskiptafræði, lögfræði, stjórnmálafræði, hagfræði og önnur fræðasvið. Í Tímariti um félagsvísindi verða birtar greinar á íslensku og ensku. Greinarnar verða í fyrstu birtar á vef skólans, www.bifrost.is, en verða síðan prentaðar og gefnar út árlega.



**DR. GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON**

Ritstjóri Tímarits um félagsvísindi er dr. Grétar Þór Eyþórsson, prófessor og forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst.



**TÓNLIST** Sverrir Guðjónsson og Ásgerður Júníusdóttir í Skuggaleik.

## Skuggaleik hampað

Breski gagnrýnandinn Hilary French var hér á ferðinni í vetur og sá Skuggaleik eftir Sjón og Karólínu Eiríksdóttur og skrifar um sýninguna og verkið í nýtt hefti Opera. French er farin að verða nokkuð kunnug aðstæðum í íslenskum óperuheimi og er gríðarlegur styrkur að eiga aðgang að gangnrýnanda sem henni, svo mikils álits sem hún nýtur í enskumælandi heimi óperugeirans. Ættu forráðamenn í íslensku óperulífi að nýta sér velvild hennar og skilning á íslensku óperulífi með skipulögðum hætti.

Umsögn hennar um Skuggaleik er skýr: hún gerir glögga grein fyrir efni verksins og stíl tónskálds og umbúnaði öllum sem hún er ánægð með. Hún fer fögrum orðum um hlut söngvara og spáir verkinu góðu gengi á erlendri grund. Umsögn hennar er álitsauki fyrir verkið og sviðsetningu Messíönu Tómasdóttur og gæti dugað Skuggaleik til frekari frama á erlendri grund fáist efni til að hleypa heimdraganum. - pbb

# Vissara að taka vorið frá

**Launþegum er ráðlagt að bóka sumarfríið snemma þetta árið því strax í vor verður þvílíkt hlaðborð af menningarviðburðum víða um land að fá þekkjast þessi dæmi.**



**STÓRKOSTLEGT FRANSKT ÆVINTÝR AF ÓVENJULEGRI STÆRÐARGRÁÐU** Royal de Luxe er óvenjulegt götuleikhús þar sem einnig er notast við strengjabrúður í yfirstærð. Vegfarendur í Reykjavík geta kynnst þeim í upphafi Listahátíðar í vor.

Dagskrá Listahátíðar 2007 var kynnt í gær og þar eru ófáar skrautfjaðrir en raunar mætti kenna komandi mánuði við eitt allsherjar „menningarbuffet" því nú síðar í mánuðinum hefst Vetrarhátíð í Reykjavík og franska menningarkynningin Pourqoui Pas? sem endast mun alveg fram að Listahátíð. Engum ætti því að leiðast agnarögn og um að gera að byrja að merkja í dagatalið.

Listahátíð verður sett óvenju snemma þetta árið eða 10. maí og stendur til 26. maí en hátíðin verður sú stærsta og dýrasta til þessa. Upphafsdagar hátíðarinnar marka lok franska vorsins með glæsilegum götuatriðum hópsins Royal de Luxe, sem sýnir útiatriði af stærðargráðu sem Íslendingar hafa vart kynnst áður. Reykvísk skólabörn munu einnig veita liðsinni sitt og fjölmenna í miðbæinn þennan dag svo þá verður án efa mikið um dýrðir – svo ekki sé minnst á blessaðar kosningarnar og Eurovisionæðið sem mögulega verður runnið á landsmenn þessa helgi. Markmið aðstandenda Listahátíðar verður þó að toppa hvoru tveggja og af orðspori franska götuleikhússins að dæma verður það næsta sjálfsagt mál.

**Sviðslistir í fyrirrúmi**

Margir óvenjulega stórir og glæsilegir viðburðir einkenna hátíðina í ár þar sem sérstök áhersla verður lögð á sviðslistir. Meðal þess sem hæst ber á hátíðinni er heimsókn San Francisco ballettsins og söngvaranna heimsþekktu Bryn Terfel og Dmitri Hvorostovskí en miðasala á þá viðburði er farin af stað fyrir nokkru og fá sæti eftir. Aukinheldur frumflytja Sinfóníuhljómsveit Íslands og einsöngvarar óperu Hafliða Hallgrímssonar „Die Wält der Zwischenfälle" hér á landi en verkið var sýnt í Þýskalandi í fyrra.

Síðan verður leikið víða um land, á götum úti, í heimahúsum, um borð í varðskipi og á sviði



**SÆNSKA DJASSTRÍÓIÐ E.S.T** Þrýðir nú forsíður fagtímarita og félagarnir voru kosnir djassband Evrópu árið 2004.

Þjóðleikhússins en þangað mætir enski leikflokkurinn Cheek by Jowl og frumflytur Cymbeline eftir Shakespeare. Þrjú ný íslensk leikverk verða einnig flutt á hátíðinni auk þess sem boðið verður upp á sérstakar sýningar fyrir yngstu áhorfendurna.

**Músík og meira til**

Af tónlistarviðburðum má nefna flutning kvartetts Kammersveitar Reykjavíkur á strengjakvartettum Jóns Leifs, tónleikadagskrá Áshildar Haraldsdóttur flautuleikara helgaða verkum Atla Heimis Sveinssonar í Þjóðleikhúsinu og tónleika Hljóðkompanísins og íslenskra og erlendra tónlistarmanna í Hallgrímskirkju. Þá má ekki gleyma tónleikaröð ungra tónlistarmanna í Ými, þeirra Tinnu Þorsteinsdóttur, Ara Vilhjálmssonar, Elfu Rúnar Kristinsdóttur og fleiri. Þess má geta að Elfa Rún fékk í síðustu viku Íslensku tónlistarverðlaunin sem bjartasta von landsmanna á tónlistarsviðinu.

Fjörutíu tónlistarmenn frá Balkanskaga, undir forystu hins heimsþekkta tónlistarmanns og tónskálds Gorans Bregovic, flytja fjöruga tónlist „fyrir brúðkaup og jarðarfarir" í Laugardalshöllinni í samstarfi við tónlistarhátíðina Vorblót sem tileinkuð er heimstónlist. Dagskrá þessa fyrrum dáðustu rokkstjörnu Júgóslavíu hefur hvarvetna fengið feykigóða dóma og munu Bregovic og félagar án efa ná að koma Laugardalshöll á ið með spilamennsku sinni og sprelli.

Auk flutnings Sinfóníunnar á óperu Hafliða leikur hljómsveitin með hinum heimsþekkta unga píanóleikara Hélène Grimaud undir stjórn Davids Björkman.

Frá svörtustu Kongó kemur afar sérstök hljómsveit, Konono N°1, sem í sumar hlaut BBC-verðlaunin fyrir heimstónlist. Þessi hljómsveit leikur á hefðbundin afrísk hljóðfæri og notar úr sér gengna hljóðnema frá Evrópu. Félagar úr þessari óvenjulegu sveit munu spila með Björk á plötu sem hún vinnur að um þessar mundir en Konono n°1 hefur verið þekkt víða um heim frá 2005, sérstaklega í Bandaríkjunum og Evrópu þar sem hljómsveitin hefur ferðast um og komið fram. Hún er engu að síður orðin rúmlega 25 ára gömul.

Djassáhugamenn geta fagnað komu sænska tríósins E.S.T. en þeir margverðlaunuðu meistarar leika á Nasa í lok hátíðarinnar. Tríóið skipa frumlegir sænskir tónlistarmenn sem flytja afar skemmtilegan og fremur framúrstefnulegan djass. Tónlist þeirra er líkt við blöndu af djassi, drum'n' bass, rafrænni tónlist, fönki, poppi, rokki og evrópskri klassík.

**Og myndlistin**

Myndlistarverkefni ársins eru fá þetta árið en til mótvægis stór og glæsileg. Opnunarsýningin í Listasafni Íslands verður fyrsta stóra sýningin á verkum Cobralistamannanna hér á landi, daginn eftir opnar stór sýning á verkum Roni Horn í Listasafni Reykjavíkur og sýning á nýjum verkum hins umtalaða Spencers Tunick í Gallerí i8. Verkin sem Spencer sýnir í eru flest ný og hafa fæst þeirra verið sýnd opinberlega áður. Listamaðurinn vann þessi verk að hluta til þegar hann var staddur á Íslandi síðastliðið sumar í tilefni sýningar sinnar í Listasafni Akureyrar.

Umfangsmikil íslensk hönnunarsýning, Kvika, verður á haldin Kjarvalsstöðum, en það er í fyrsta sinn sem Listahátíð kemur að slíkri sýningu. Kvika er ein viðamesta sýning á íslenskri samtímahönnun sem sett hefur verið upp og spannar svið hennar ótal svið listgreinarinnar, svo sem húsgögn, fatnað, ljós, skartgripi, byggingarlist, vefnað, tækninýjungar og matargerð.




**ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR** Listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík kynnti dagskrá ársins 2007 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Vítt og breitt**

Eins og undanfarin ár teygir Listahátíð sig víðar um landið og að þessu sinni verður Tyrkjaránsins minnst með glæsilegri sýningu og tónleikum í Vestmannaeyjum og Vatnasafn Roni Horn verður opnað í Stykkishólmi. Listahátíð verður einnig í Laugaborg í Eyjafirði, þar sem íslensk tónverk verða flutt á þrennum tónleikum.

Miðasala á viðburðina hófst í gær og fer hún fram á slóðinni www.listahatid.is, en þar má jafnframt finna nákvæma dagskrá og frekari upplýsingar um viðburði. Miða má einnig panta í síma 552 8588 milli kl. 10-16 á virkum dögum. Miðasala á tónleika Gorans Bregovic í Laugardalshöll fer einnig fram á www.midi.is. - khh

# Óperustjóri hættir

Bjarni Daníelsson lætur af störfum sem óperustjóri Íslensku óperunnar í lok þessa starfsárs í júní næstkomandi. Bjarni tók við starfinu sumarið 1999 og hefur því gegnt því í átta ár í vor.

Bjarni er menntaður myndlistarmaður, kennari og stjórnsýslufræðingur. Hann stundaði nám við Kennaraháskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands, en þaðan lauk hann myndlistarkennaraprófi 1981. Hann stundaði síðar framhaldsnám í Bandaríkjunum og Danmörku. Bjarni starfaði við kennslu um árabil, meðal annars við Kennaraháskóla Íslands, en hefur síðastliðin 20 ár gegnt stjórnunarstörfum. Bjarni segir að þessi ár hjá Óperunni hafi verið mjög skemmtileg en sér finnist nú tímabært að takast á við ný verkefni.



BJARNI DANÍELSSON

# Uppboðssýning opnuð

Sýning á verkum sem boðin verða á uppboði menningarmiðstöðvarinnar Skaftfells á Seyðisfirði verður opnuð í versluninni Liborius í dag. Uppboðið fer fram laugardaginn 17. febrúar kl. 16 en uppboðshaldari verður Egill Helgason.

Boðin verða upp verk 37 listamanna sem hafa allir komið að sýningarhaldi Skaftfells með einum eða öðrum hætti. Þar á meðal verða verk eftir Huldu Hákon, Björn Roth, Georg Guðni, Hallgrím Helgason, Sirru Sigrúnu Sigurðardóttir og Sigurð Guðmundsson.

Skaftfell er miðstöð myndlistar á Austurlandi en Seyðisfjörður hefur á undanförnum árum fest sig í sessi sem kjörlendi fyrir myndlistarmenn að sýna verk sín eða vinna að list sinni. Árlega eru haldnar á bilinu fimm til sjö sýningar í sýningarsal Skaftfells en að auki eru fjölmargar sýningar haldnar á Vesturveggnum, galleríi í Bistrói Skaftfells. Allur ágóði uppboðsins verður nýttur til frekari uppbyggingar Skaftfells.

Hægt er að nálgast uppboðsskrána á www.skaftfell.is undir dagskrá.




**BRÆÐUR Í LISTINNI** Kristján og Sigurður Guðmundssynir eiga verk á uppboði Skaftfells. MYND/SKAFTFELL

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

6 7 8 **9** 10 11 12

### Föstudagur

### SKEMMTANIR

- 22.30 **DJ Kuggur** spilar soul, funk og hiphop á **Café París** í **Pósthússtræti**.

### SÝNINGAR

- 10.00 Sýning á bókverkum **Sigurborgar Stefánsdóttur** stendur yfir í **Þjóðarbókhlöðunni**. Á sýningunni **Spari bækur** eru myndverk í formi bóka en verkin á sýningunni eru um það bil 30 talsins en hún stendur út febrúarmánuð.
- 11.00 Í **Gerðarsafni** stendur yfir samsýning **Gullpenslanna** svokölluðu. Á sýningunni **Indigo** sýna **Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Helgi Þorgils Friðjónsson, JBK Ransu, Jóhann Ludwig Torfason, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Sigurður Árni Sigurðsson**. Sýningin stendur til 11. febrúar.
- 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá **Musée des beaux-arts** í **Bordeaux** í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.
- 13.00 **Aðalheiður Eysteinsdóttir** sýnir í **Anima gallerí**, **Ingólfsstræti 8,** 101 Reykjavík. Anima er opið þriðjudaga-laugardaga kl.13-17, **www.animagalleri.is.**
- 13.00 **Kristín Guðmundsdóttir** sýnir á **Café Karolínu** á Akureyri. Sýningin **Barnslegar minningar + löstur mannsins** samanstendur af textaverkum á glasamottur og veggi. Verkin sem skiptast í tvo hluta, annars vegar minningar barns um aðvaranir þeirra eldri og svo hins vegar syndir þeirra eldri og hvernig hægt sé að forðast þær. Sýningin stendur til 2. mars.
- 13.00 **Framköllun,** sýning **Haraldar Jónssonar í Skaftfelli**, á Seyðisfirði hefur verið framlengd til 20. febrúar. Sýningin er opin frá kl. 13-17 allar helgar eða eftir samkomulagi. www.skaftfell.is
- 13.00 **Bryndís Brynjarsdóttir** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber yfirskriftina **Hið óendanlega rými og form** og stendur til 17. febrúar.
- 13.00 Í **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast Les yeux de l'ombre jaune eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman**.
- 14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo**, sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT !** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.
- 16.00 Listamennirnir **Hye Joung Park** og **Karl Ómarsson** sýna í gallerí **Suðsuðvestur** í Keflavík. Sýningin verður opin á föstudögum milli kl. 16-18 og um helgar milli kl. 14 og 17.30 til 25. febrúar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



**GERÐUBERG**
www.gerduberg.is





**RÚRÍ Tími - Afstæði - Gildi**
Sýning frá glæstum listferli

**Verið velkomin á þorrafund**
Kvæðamannafélagsins Iðunnar
föstudaginn 9. feb kl. 20

**Leikbrúðuland frumsýnir Vináttu fjögur ævintýri**
Leikstjóri: Örn Árnason
Lau 10. feb og sun 11. feb kl. 14
Miðaverð: kr. 1.000.-
Nánari upplýsingar í síma 895 6151

Sýningarnar eru opnar virka daga frá kl. 11 - 17 og um helgar frá kl. 13 - 16
Gerðuberg • sími 575 7700


# Kjarvalsstaðir opna á ný

**Úff! Í hádeginu á fimmtudegi var allt enn á rúi og stúi á Kjarvalsstöðum og undirbúningur á fullu fyrir opnun á morgun. Skúlptúr Heklu Daggar var enn umvafinn stillansa, gríðarstór málverk Pat Steir af fossum stóðu enn upp við veggina nýkomin úr kassanum, í húsgarðinum mót sól stóð kassaþyrping og beið eftir að vatni væri hleypt á. Kjarvalsstaðir verða opnaðir á morgun eftir nokkurra mánaða undirbúning.**



**MÁLVERK PAT STEIR** Þau eru firnastór enda myndefni þeirra ekki smásmíð, fossarnir.

Þyngst á vogarskálum þess sem mest er mælt á nú um stundir vega breytingar á kaffistofunni – veitingasalan gamla er komin úr eystri forsal aftur á sitt gamla svæði um miðbik hússins og geta gestir Kjarvalsstaða nú sest út í garðinn á sólardögum. Er það í línu við þann mikla áhuga sem borgaryfirvöld hafa sýnt á að Klambratúnið gamla iði aftur af lífi – eftir að það fékk nýtt nafn – Miklatún – og varð að yfirgefnum garði hefur það helst verið gönguleið. Nú verður tækifæri að setjast niður og grípa veitingar á Kjarvalsstöðum – í boði er nýr matseðill. Búið er að endurnýja veggi í forsalnum og þeir verða prýddir nýjum húsgögnum: Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hannaði línu húsgagna og við bætast nýir feltklæddir stólar frá Prologus.

En Kjarvalsstaðir eru meira en matsala. Þar eiga borgarbúar og aðrir gestir að geta sótt sér endurnæringu fyrir andlega sinnið. Er það tímanna tákn á þessari öld virkjana að fyrsta sýningin sem listrænn stjórnandi Listasafns Reykvíkinga hóar í er helguð fossaflinu, hinum óvirkjuðu fossum sem geta svo eðlilega kveikt loga í sálum þeirra sem standa frammi fyrir þeim?

## Virkjun hugarafls og fossandi vatns

Fossar er samsett sýning sem Hafþór hefur sett saman: þar fer mest fyrir málverkum Pat Steir. Steir er fædd 1938 og hefur í nær þrjátíu ár verið í fremstu víglínu bandarískra málara. Hún vinnur jöfnum höndum á striga og í útgáfu printa. Hún vakti fyrst athygli á sýningunni New Image Painters 1978 á Whitney Museum. Í verkum hennar má sjá sterkan bakgrunn í abstraktinu ameríska allar götur aftur í aktion-málverkið, en um leið vísanir í rómantíska hefð, einkum í fossamálverkaröð hennar, og í kínverska málaralist fyrri alda eins og má greina Dragon Teeth Waterfall sem er sýnt á Kjarvalsstöðum.

Steir hefur haldið yfir 120 einkasýningar og tekið þátt i fjölda samsýninga á ferli sínum. Verk hennar eru í söfnum um heim allan: heima í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. Hún hefur sýnt á stóru messunum: Feneyjum, Documenta, tvíæringnum í Sao Paulo. Verk hennar hanga uppi í Museum of Modern Art, Whitney, Philadelphia Museum of Art, Los Angeles County Museum of Art, Musée D'art Moderne de la Ville de Paris, Tate Gallery í London, og mörgum fleirum. Þetta er sem sagt alvöru kona. Gestir geta hitt Pat í listamannaspjalli á morgun kl. 14 þar sem þau Hafþór leiða saman hesta sína.

Hekla Dögg og Ólafur Elíasson leggja hvort sinn skúlptúrinn til Fossa og síðan er innsetning Rúrí helguð Dettifossi í afluktum enda vestursalarins stór. Gestir geta því ekki annað en spurt sig hvað er fossinn í mínu lífi? Fossasýningin eru beint innlegg í umræðu dagsins.

## Norðursalurinn

Á hverjum sunnudegi er opinn norðursalurinn, rétt við aðalinngang Kjarvalsstaða. Þar er tekið á móti börnum og foreldrum kl. 14 og unnið með sjálfsmyndina út frá bernskumyndum Kjarvals. Er ekki betra tækifæri í boði fyrir fjölskylduna að fara í myndatöku: foreldrum eru frjáls teiknitækin rétt eins og börnum.

Kjarvalsverkin eru þannig baklandið í starfi Kjarvalsstaða áfram: þar verður á laugardaginn sett upp sýning á verkum sem Einar Garibaldi Eiríksson hefur valið. Hann segir í sýningarskrá: „Markmið sýningarinnar er að hleypa áhorfendum beint að verkunum, í tímabundnu hléi frá goðsögninni um meistarann og leyfa þeim að heyra rödd málarans Jóhannesar S. Kjarval milliliðalaust í eyrum sínum.

... Sýningin er tilraun þar sem áhorfendur eru hvattir til að taka þátt í samræðu við málarann og líta á sýningarrými Kjarvalsstaða sem áhættusvæði óheftrar hugsunar, fremur en geymslustað ósnertanlegra meistaraverka.

... Virkni verkanna er tekin til endurskoðunar án listfræðilegra útlistinga, staðreynda um lífshlaup hans, lýsinga á líkamsburðum eða sögum af sérstæðu lundarfari hans.“ **- pbb**



**ÖFUGSNÚNIR FOSSAR EFTIR ÓLAF ELÍASSON** Hér er þeim komið fyrir í evrópskum garði en á Kjarvalsstöðum með gras og Miklubraut í baksýn. L08080207 ÓLAFUR EL


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Fös. 9/2 uppselt, aukasýning 23/2. Allra síðasta sýning!

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 10/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 11/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, l**au.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2** kl. 20:00**, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun 4/3 kl. 14:00, sun. 11/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus,** sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus.

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3 **örfá sæti laus**, fös. 2/3 og lau. 3/3. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 10/2 **örfá sæti laus**, lau. 17/2 **kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus, þri. 20/2 örfá sæti laus,** mið. 21/2 uppselt**, lau. 24/2 nokkur sæti laus, fim. 1/3 kl. 13:00** uppselt, **þri. 6/3 kl. 17:00** uppselt.
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kassinn kl. 20:00**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
**Lau. 10/2 nokkur sæti laus, fös. 16/2.**

**Kúlan**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs**
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00 **örfá sæti laus**, sun. 18/2 kl. 13.30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00, lau. 24/2 kl. 13:30 og 15:00, sun. 25/2 kl. 13:30 og 15:00.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**

**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**



„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Í kvöld kl. 20 — Sun 18/2 kl. 20
Fim 22/2 kl. 20 — Fim 1/3 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 10/2 kl. 20 UPPS. — Fös 16/2 kl. 20
Fös 2/3 kl. 20 — Lau 10/3 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. — Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 — Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. — Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**MEIN KAMPF**
Fim 15/2 kl. 20 AUKAS.
Lau 24/2 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Í kvöld kl. 20 UPPS. — Sun 11/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 UPPS. — Lau 17/2 kl. 20 AUKAS.
Sun 18/2 kl. 20 — Sun 25/2 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Lau 17/2 kl. 20 UPPS. — Lau 24/2 kl. 20 UPPS.
Lau 24/2 kl. 22:30 AUKASÝNING
Lau 3/3 kl. 20 UPPS. — Lau 3/3 kl. 22:30 AUKAS
Fim 8/3 kl. 21 UPPS. — Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/3 kl. 22:30 AUKASÝNING

**DAGUR VONAR**
Í kvöld kl 20 UPPS. — Sun 11/2 kl. 20 UPPS.
Lau 17/2 kl. 20 UPPS. — Sun 18/2 kl. 20 UPPS.
Fös 23/2 kl. 20 UPPS. — Sun 25/2 kl. 20
Fim 1/3 kl. 20 AUKAS. — Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Sun 4/3 kl. 20 — Fim 8/3 kl. 20 UPPS.
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin

**LEIKHÚSSPJALL**
Fim 22/2 kl. 20:15 Ókeypis aðgangur
Á Borgarbókasafni Kringlunni. Fjallað verður um verkið Dagur vonar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 11/2 kl. 14 — Sun 18/2 kl. 14
Sun 25/2 kl. 14 — Sun 4/3 kl. 14
Sýningum fer fækkandi

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fös 16/2 kl. 20 — Fim 22/2 kl. 20
Síðustu sýningar

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 11/2 kl. 13, 14, 15, Sun 18/2 kl. 13, 14,15
Sun 25/2 kl. 13,14,15, Sun 4/3 kl. 13,14, 15
Sun 11/3 kl.13, 14, 15, Sun 18/3 kl. 13, 14, 15
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15, Sun 1/4 kl. 13, 14, 15
Uppselt á allar sýningar í febrúar og mars
Sun 15/4 kl. 13 — Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Sun 15/4 kl. 15 — Sun 22/4 kl. 13
Sun 22/4 kl. 14 — Sun 22/4 kl. 15
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**FEBRÚARSÝNING Íd**
Fös 23/2 kl. 20 FRUMS. — Sun 25/2 kl. 20
Sun 4/3 kl. 20 — Sun 11/3 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



Leikhópurinn **Á senunni** og **Hafnarfjarðarleikhúsið** kynna söngleikinn:

**Abbababb!** eftir Dr. Gunna

Forsýning lau 10. febrúar kl. 16.00
Frumsýning sun 11. febrúar kl. 17.00
2. sýning lau. 17. febrúar kl. 14.00
3. sýning lau. 17. febrúar kl. 17.00



HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Forsala hefst mánudaginn 5. febrúar



**Unaðslegar stundir**

**með spennandi fjögurra réttа kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars**

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330



Rauða Húsið · Sími: 483-3330
Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakkka
www.raudahusid.is





**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress**
**Frumsýning sun. 9. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS**
2. sýn: sun. 11. feb.-3. sýn: fös. 16. feb
4. sýn: sun. 18. feb - 5. sýn: fös. 23. feb
6. sýn: sun. 25. feb - 7. sýn: fös. 2. mars
**ALLAR SÝNINGAR HEFJAST KL. 20**
**KYNNING Í BOÐI VÍÓ KL. 19.15**

Landsvirkjun

IGOR STRAVINSKY
Flagari í framsókn

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN



**DÍVAN FRÁ CHICAGO** Zora Young heillaði gesti Blúshátíðar upp úr skónum í fyrra. Líklegt má telja að hún endurtaki leikinn í ár.

# Blúshátíð í Reykjavík

Miðasala á Blúshátíð í Reykjavík hefst á vefsvæðinu midi.is í dag. Hátíðin stendur yfir 3.-6. apríl næstkomandi og er von á fjölda góðra gesta.

Þar á meðal er ungstirnið Ronnie Baker Brooks sem kemur hingað með eigin hljómsveit. Brooks syngur og leikur á gítar af slíku listfengi að gagnrýnendur halda vart vatni af aðdáun. Honum kippir í kynið því faðir hans var blúsgítarleikarinn Lonnie Brooks og stigu þeir feðgar fyrst á svið saman þegar sonurinn var níu ára gamall.

Þá snýr Chicago-dívan Zora Young aftur til landsins og syngur með Blue Ice bandinu, en hún var ein af stjörnum hátíðarinnar í fyrra. Ronnie Baker Brooks og Zora Young eru bæði tilnefnd til alþjóðlegu Blues Foundation verðlaunanna í ár. Norska blúsdúóið Jolly Jumper & Big Moe sækir nú Blúshátíð í Reykjavík í fyrsta sinn. Þeir félagar sækja sinn stíl í gamlar hefðir og leika á gítar og munnhörpu.

Meðal íslenskra þátttakenda verða Andrea Gylfadóttir og Lay Low auk hljómsveitarinnar Kentár sem fagnar 25 ára afmæli sínu. Auk þess mun tónlistarmaðurinn KK koma fram á gospeltónleikum í lok hátíðarinnar . Sem fyrr verður einnig lögð áhersla á að kynna unga og upprennandi blústónlistarmenn.

Tónleikar verða á Nordica hóteli þriðjudags-, miðvikudags- og fimmtudagskvöld kl. 20 og sálmatónleikar í Fríkirkjunni að kvöldi föstudagsins langa, en öll kvöldin verður starfræktur klúbbur Blúshátíðar á Domo, Þingholtsstræti, og hefst dagskrá þar að tónleikum loknum, eða um kl. 22.

# Ólafur og Jóhannes

Í dag verður opnuð samsýning þeirra Ólafs Elíassonar og Jóhannesar Kjarval á Gammel Strand í Kaupmannahöfn. Það er forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, sem opnar sýninguna. Þetta er í fyrsta sinn sem verkum þessara tveggja íslensku myndlistarmanna er skipað saman á sýningu en þeir Ólafur og Erró hafa báðir lýst yfir áhuga sínum á að koma verkum Kjarvals á framfæri erlendis og telja hlut hans í evrópskri myndlistarsögu vanmetinn utan íslenskra skerja.

Verkin eftir Kjarval eru ríflega 30 talsins og mörg verka Ólafs Elíassonar á sýningunni eru ný. Sýningin ber á dönsku heitið Lavaland. Á undan sýningunni munu forsetahjónin sitja hádegisverðarboð í dönsku konungshöllinni Amalienborg.



**ÓLAFUR ELÍASSON** Á sýningunni Hraunlandið eru verk eftir Ólaf og Jóhannes Kjarval.


Krónikan
» NÝTT VIKURIT
KEMUR 15. FEBRÚAR
AUGLÝSINGAR 414 9400 auglysingar@kronikan.is
ÁSKRIFTIR 414 9400 askrift@kronikan.is

KRINGLU KRÁIN
SIXTIES í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

STEPHEN KING
misery
LEIKRIT BYGGT Á SÖGU STEPHEN KING
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR VALDIMAR ÖRN FLYGENRING
Sýnt á NASA við Austurvöll
Miðasalan er opin alla virka daga frá kl. 13 - 16 í síma 511 1302 eða á NASA.is
4. sýning sunnudaginn 11. febrúar kl. 20
5. sýning sunnudaginn 18. febrúar kl. 20




**MYNDLIST DRAFNAR FRIÐFINNSDÓTTUR** Tréristur hennar marka henni sérstöðu í sögu íslenskrar grafíklistar.

# Landbrot og tréristur

Nýlega voru tvær sýningar opnaðar í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, á verkum Drafnar Friðfinnsdóttur og málverkum Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur.

Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Á stuttum en afkastamiklum ferli vann hún fjölmargar tréristur sem marka henni mikla sérstöðu í sögu íslenskrar grafíklistar. Dröfn hélt tíu einkasýningar og tók þátt í fjölda samsýninga. Verk hennar þóttu óvenju heilsteypt og gagnrýnendur sögðu fyrstu sýningar hennar metnaðarfullar og furðulega lausar við allan byrjendabrag. Verkin á sýningunni í Hafnarborg bera sterk höfundareinkenni Drafnar. Það er áberandi sérstakt samband milli náttúruefnis og andlegs lífs, eins konar samruni náttúru og ímyndunarafls sem minnir dálítið á ljóðaheim þulunnar.

Dröfn féll frá langt fyrir aldur fram en hafði þá þegar tekist að setja mark sitt á íslenska listasögu tuttugustu aldar.

Vegleg bók um listferil Drafnar er gefin út í tilefni sýningarinnar en hún ferðast til Hafnarfjarðar frá Akureyri þar sem hún var til sýnis í Listasafni Akureyrar.

Á sýningu Hrafnhildar í öðrum og þriðja sal eru tæplega 40 málverk, máluð á þessu ári og því síðasta og eru öll verkin olíumálverk. Hrafnhildur útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1984. Hún rak eigin auglýsingastofu um 15 ára skeið en söðlaði um fyrir 9 árum og helgar sig nú eingöngu myndlistinni. Málverk Hrafnhildar Ingu eru gjarnan úr íslenskri náttúru. Fossar, lækir og lænur, álar og vötn og aurar eru einkennandi fyrir þessa sýningu sem ber heitið Landbrot. Þar er vísað til breytinga í íslenskri náttúru, bæði af manna og náttúrunnar völdum. Þetta er sjötta einkasýning listakonunnar en að auki hefur hún tekið þátt í nokkrum samsýningum.

Sýningarnar verða báðar opnar til 4. mars, alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11-17 og fimmtudaga til kl. 21. Athygli skal vakin að nú er frítt í hafnfirsk söfn í boði Glitnis.


SÝNINGIN SEM BEÐIÐ ER EFTIR!
SÖNGLEIKURINN LEG
EFTIR HUGLEIK DAGSSON OG FLÍS
HVAÐ ER AÐ GERAST? ER ALLT AÐ VERÐA VITLAUST?

FORSÝNINGAR 1. 2. OG 3. MARS. AÐEINS 1500 KR. FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!
FRUMSÝNING 8. MARS. FORSALA HAFIN!
epal
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



THE ARCADE FIRE



YOKO ONO

### Í SPILARANUM

The Arcade Fire - Neon Bible
The Little Ones - Sing Song EP
Amy Winehouse - Back to Black
Yoko Ono - Yes, I'm A Witch
The View - Hats Off To The Buskers

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Zeitgeist í sumar*

Bandaríska rokksveitin The Smashing Pumpkins gefur út plötuna Zeitgeist þann 7. júlí næstkomandi.

Þetta kom fram í tilkynningu á Myspace-síðu sveitarinnar.

Fimmta og síðasta hljóðsversplata The Smashing Pumpkins, Machina/The Machines of God, kom út í febrúar árið 2000 og í lok sama árs hætti sveitin störfum.

Orðrómur hafði verið uppi um að sveitin væri að vinna að nýrri plötu og hafa aðdáendur hennar því beðið í ofvæni eftir nýjum fregnum af henni.

Vitað er að forsprakkinn Billy Corgan og trommuleikarinn Jimmy Chamberlin taka þátt í gerð plötunnar en óvíst er með þátttöku gítarleikarans James Iha og D'Arcy Wretzky sem spilar á bassa.

The Smashing Pumpkins ætlar að spila á tónleikahátíðum víðs vegar um Evrópu í sumar, þar á meðal á Rock am Ring í Þýskalandi í júní og á Nava Rock-hátíðinni í Austurríki skömmu síðar.





**> Plata vikunnar**
Rock Plaza Central - Are We Not Horses?

★★★★

„Glaðvær og framúrskarandi plata sem erfitt er að taka úr spilaranum.“

SHA



**TÓNNINN GEFINN**
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## *Hátíðir blómstra í Noregi*

Þótt ótrúlegt megi virðast hefur tónlistarlífið í Noregi verið að glæðast gríðarlega mikið á undanförnum árum. Ekki eingöngu hafa verið að koma þaðan frambærilegar sveitir heldur er þar í landi að finna nokkrar afar skemmtilegar tónlistarhátíðir.

Þessa dagana er einmitt í gangi stærsta tónlistarráðstefna Norðurlandanna, by:Larm, í Þrándheimi en auk vinnufunda og fyrirlestra sem þar fara fram eru hátt í 170 tónleikar haldnir handa öllum hátíðargestum. Þarna koma fram margar af helstu vonarstjörnum skandinavísks tónlistarlífs, meðal annars íslensku sveitirnar Reykjavík!, Últra Mega Teknóbandið Stefán og Lay Low. Auk þeirra eru þarna einnig listamenn á borð við El Perro Del Mar, Datarock, Lo-Fi-Fnk, Loney, Dear og Powersolo.

Tvær skemmtilegar sumarhátíðir hafa einnig fyrir löngu stimplað sig rækilega inn, annars vegar Quart hátíðin í Kristiansand og hins vegar hin stórbrotna Øya-hátíð. Quart telst ekki vera stór hátíð á alþjóðlegan mælikvarða en þangað koma um 15 þúsund manns dag hvern, alla sex daga hátíðarinnar. Hátíð er haldin á ótrúlega sjarmer-andi lítilli eyju sem er alveg við höfnina. Síðustu ár hafa meðal annars spilað þar Kanye West, Interpol, David Bowie, Depeche Mode, Muse og fleiri. Øya-hátíðin fer fram í elsta hluta Óslóar í ágúst ár hvert og stendur yfir í fjóra daga. Hátíðin trekkir að sér gríðarlega áhugaverðar hljómsveitir og sem dæmi má nefna að bara í fyrra spiluðu þar ekki ómerkari spámenn en Morrisey, Hot Chip, !!!, Band of Horses, The Knife, The Fall, Liars, The Cramps, The Wrens og Yoko Ono. Þrátt fyrir að enn sé hálft ár í hátíðina hafa samt sem áður Amy Winehouse, Lady Sovereign, Malajube og Boredoms nú þegar staðfest komu sína.

Nýjasta viðbótin við þessa skemmtilegu flóru tónlistarhátíða Norðmanna er Hove-hátíðin sem haldin verður í Arendal í lok júní en hún er sett til höfuðs Quart en á milli hátíðanna tveggja er innan við klukkutíma akstur og ein vika. Í nýlegu viðtali sagði framkvæmdastjóri Hove, sem áður starfaði fyrir Quart, að alls yrði eytt sem nemur um 120 milljónum íslenskra króna í að veiða hljómsveitir á hátíðina. Sem dæmi má nefna að nýlega skrifuðu Reykjavíkurborg og skipuleggjendur Iceland Airwaves að Reykjavíkurborg myndi styrkja hátíðina um samtals 19 milljónir á næstu fjórum árum. Þeir sem ná ekki að svala tónleikaþorsta sínum með því að mæta eingöngu á Airwaves geta því einnig kíkt til Noregs í sumar.



**FLOTT HÁTÍÐ** Quart-hátíðin í Kristiansand var glæsileg í fyrrasumar.





**Glæsilegt sérblað um brúðkaup fylgir Fréttablaðinu 15.febrúar n.k.**



Um 160.000 lesendur

Þar sem fjallað verður um allt sem við kemur Brúðkaupsundirbúningi ásamt öðrum fróðleik.

Auglýsendur athugið nánari upplýsingar veitir Erna Sigmundsdóttur í síma 550-5863 eða ernas@365.is

**Blaðinu er dreift með Fréttablaðinu í 105.000 eintökum um allt land.**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn!


# Mika fetar ótroðnar slóðir

**Fyrsta plata tónlistarmannsins Mika, Life in Cartoon Motion, kemur út hérlendis 26. febrúar. Freyr Bjarnason kynnti sér feril þessa mikla falsettumeistara, sem margir telja björtustu von ársins 2007.**



**MIKA** Tónlistarmaðurinn Mika gefur út sína fyrstu plötu hérlendis 26. febrúar.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Grace Kelly, hefur slegið rækilega í gegn og hefur það setið í þrjár vikur á toppi breska smáskífulistans. Mika samdi lagið sem andsvar til fyrrverandi útgáfufyrirtækis síns þar sem forsvarsmenn þess vildu að hann aðlagaði söngstíl sinn hefðbundnu poppi. Söngstíll Mika er mjög sérstakur þar sem falsettur gegna veigamiklu hlutverki og tók hann ekki í mál að feta troðnar slóðir poppsins. Tommy Mottola, sem áður var yfirmaður hjá Sony Music, tók hann upp á sína arma og nú er hann að slá í gegn.

**Vildi segja sögur**

Mika, sem er 23 ára, fæddist í Líbanon en ólst upp í París og London ásamt fjórum systkinum sínum. Ungur að árum fór hann að semja lög, ekki endilega vegna mikils tónlistaráhuga heldur frekar vegna þess að það var auðveld leið til að segja sögur, brandara og stundum sannleikann. „Ef maður segir sannleikann í lagi verður fólk ekki eins pirrað og ef maður segir fólki hann augliti til auglitis,“ sagði Mika. „Ég sendi sögurnar mínar út um allt en fékk fá svör. Því meira sem ég sökkti mér í tónlistina því meira fór ég að einbeita mér að eigin lagasmíðum. Á síðasta ári ákvað ég síðan að láta til skarar skríða.“

**Líkt við Freddie Mercury**

Mika hefur iðulega verið líkt við Freddie Mercury, fyrrum söngvara Queen, og glyshljómsveitina The Scissor Sisters. „Þegar maður kemur fram á sjónarsviðið alveg upp úr þurru finnst mér ekki skrýtið að fólk vilji líkja mér við aðra listamenn,“ sagði Mika. „Sem betur fer er verið að líkja mér við listamenn sem ég fíla vel.“

**Misjafnir dómar**

Viðbrögð við nýju plötunni hafa verið misjöfn í heimalandi hans Bretlandi. Platan fékk fjórar stjörnur í The Evening Standard en aðeins eina af fimm mögulegum í The Guardian. Mika kippir sér lítið upp við það. „Ég man þegar ég var sjö ára og hélt afmælisveislu. Skólafélagar mínir gerði grín að mér fyrir að fara yfir strikið. Það sama er að gerast í kvöld,“ sagði Mika þegar tilkynnt var um útkomu plötunnar. „Ég er samt að skemmta mér betur en nokkru sinni fyrr og af hverju má ég það ekki?“

**Bjartasta vonin**

Mika hefur verið talinn bjartasta von ársins 2007 að mati BBC og fleiri tónlistarmiðla, en BBC-menn hafa verið óvenju sannspáir hingað til því þeir spáðu bæði Franz Ferdinand og Scissor Sisters miklum frama sem síðar kom á daginn.

**Milljón á Myspace**

Eins og hjá mörgu ungu tónlistarfólki, hefur vefsetrið Myspace hitað vel undir ferli Mika. Á aðeins örfáum mánuðum er spilun á síðu hans komin í yfir eina milljón. Áhugasamir geta kíkt á heimasvæði hans myspace.com/mikamyspace og mikasounds.com og komist að því hvað er svona sérstakt við þennan Mika. Alla vega er ljóst að tónlist hans er uppfull af birtu og léttleika, sem er eitthvað sem okkur Íslendingum veitir ekki af í svartasta skammdeginu.

**BRENNSLAN EBERG**

## Rólegt með smá stuðgír

„Það er ekkert sérstakt þema á þessari ágætu plötu. Þetta er meira svona samansafn af lögum sem mér þykir vænt um. Hún er í rólegri kantinum en rétt ratar í smá stuðgír á tíma,“ segir tónlistarmaðurinn Einar Tönsberg, Eberg, um Brennsluna sína.

**1 Hefner: Another Better Friend**
„Óborganlegt band. Hverjir aðrir komast upp með viðlag sem hljómar: „No matter how you try you'll never be as cheap as me, when people got no one else they can always sleep with me“.

**2. Elliot Smith: Twilight**
„Lag frá „From a Basement on the Hill“. Á það til að hafa það á replay tímunum saman. Endalaust fallegt.“

**3. 7/4: Listakona**
„Hliðarverkefni 7bergs. Hér er á ferðinni greinargóð lýsing á listakonu. Textabrot eins og „ég fæ aldrei að sjá brjóstin þín, nema á listasýningu“ og „leyfðu mér að klippa skakka toppinn þinn“ vekja upp kunnugleg andlit í huga mér.“

**4. Sykurmolarnir: Birthday**
„Popplag Íslands.“

**5. Daft Punk: Aerodynamic**
„Band sem lætur gítarsóló hljóma kúl á skilið allar heimsins medalíur. Brilliant fyrirkomulag, stelpurnar dansa og ég geri lúftgítar.“

**6. Depeche Mode: Shake the Disaese**
„Hljóðgervlakóngarnir verða að fá að vera með.“

**7. Peter Bjorn and John: Young Folks**
„Loksins birtist popplag sem nær að hljóma á öllum útvarpsstöðvum og er bara skínandi skemmtilegt. Fær mann til að blístra alla liðlangan daginn.“

**8. The Smiths: There Is a Light that Never Goes Out**
„Rómantískt lag sem fjallar um að verða fyrir strætó.“

**9. The Shortwave Set: Is It any Wonder**
„Þetta eru vinir mínir frá London. Skemmtilegt band. Minnir mig á góða tíma.“

**10. Tom Waits: I Hope that I Don't Fall in Love with You**
„Um að gera að enda plötuna á smá þunglyndi og hlusta á varnaðarorð meistarans um hættur ástarinnar.“



**EBERG** Brennslan hjá Eberg er í rólegri kantinum en ratar þó í smá stuðgír.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Í BÚNINGSHERBERGINU CLAY AIKEN



Máltíð fyrir Clay má ekki innihalda hnetur, sveppi, kaffi, súkkulaði eða skelfisk.
Niðurskorinn kalkúnn
Græn epli
Kirsuberja- og jarðarberjajógúrt
Dós af perum
Sojamjólk
Koffínlaus Mountain Dew
Te og hunang
Fitulaus vanillurjómi
Nýkreistur appelsínusafi
M&M
Lucky Charms
Kartöfluflögur
Pítsur, ekki Dominos
1 kassi af Heineken
og 1 kassi Coors, ekki fyrir Clay heldur starfsfólk.







**BÍTLARNIR** Miklar líkur eru á því að Bítlarnir komist aftur á topp vinsældarlista. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Veðjað um Bítlana

Vegna sáttasamnings fyrirtækis Bítlanna, Apple Corps, og tölvufyrirtækisins Apple Inc., sem gerður var nýverið, eru taldar miklar líkur á því að tónlist Bítlanna verði loksins fáanleg í stafrænu formi á netinu, þar á meðal iTunes.

Veðbankinn Ladbrokes telur möguleikann fimm á móti einum á að lagið Let it Be verði fyrsta Bítlalagið sem kemst á topp vinsælustu laganna hvað varðar niðurhal á netinu. Næst á eftir koma Hey Jude með sex á móti einum og All You Need is Love.

## > Lög vikunnar

**Klaxons - Golden Skans**
**Just Jack - Starz In Their Eyes**
**Rascal Flatts - What Hurts The Most**
**Kaiser Chiefs - Ruby**
**Peter Björn & John - The Chills**



KLAXONS



PETER BJÖRN & JOHN



KAISER CHIEFS

## NÝJAR PLÖTUR




**Some Loud Thunder**

★★★

Plata sem á nokkra eftirminnilega spretti en þegar á heildina er litið siglir hún einum of lygnan sjó þrátt fyrir tilraunir til annars.
SHA

**BLOC PARTY**
**A Weekend in the City**

★★

Önnur plata Bloc Party stenst ekki væntingar. Sæmileg tilraun sem líður fyrir það að vera allt of mikið á niðurtúrnum auk þess sem hljóðblöndun klúðrar jafnvæginu.
BÖS

**AMY WINEHOUSE**
**Back to Black**

★★★★

Þó svo að þessi plata hafi komið út á árinu sem var að líða, ættu að bíða hennar glæsileg tækifæri á þessu ári. Back to Black er hágæða sálar-popp með innihaldsríkum lögum sem smjúga djúpt inn.
BÖS

**THE SHINS**
**Wincing the Night Away**

★★★

Þriðja breiðskífa The Shins er ágætis viðbót við höfundarverk þeirra. Meira á niðursveiflunni en áður. Afbragðs lagasmíðar en ekki jafn grípandi við fyrstu hlustun.
BÖS

**MÚM**
**The Peel Session**

★★★★

The Peel Session með múm var tekin upp haustið 2002 og hefur að geyma lög af fyrstu tveimur múm-plötunum í nokkuð breyttum útgáfum. Frábær plata sem hljómar jafn fersk og flott í dag og þegar hún var tekin upp.
TJ

**PHARRELL WILLIAMS**
**In My Mind**

★★

Fyrsta sólóplata Pharrells Williams sannar að þessi fyrrum gulldrengur poppsins er að tæmast af hugmyndum. Sérstaklega pirrandi og innihaldslaus frumraun.
BÖS

**SONIC YOUTH**
**Destroyed Room: B-Sides and Rarities**

★★

Sérstæð plata um einstaklega merka sveit en er hálf óheillandi og skilar litlu frá sér.
SHA



fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Brad Pitt vill hætta með Angelinu Jolie

Brad Pitt vill binda enda á sambandið við Angelinu Jolie, samkvæmt National Enquirer. Tímaritið segir Pitt hafa trúað vinum sínum fyrir því að hann sé að gefast upp og þrái frelsi. Á síðustu dögum hefur Pitt tvisvar sinnum misst stjórn á skapi sínu gagnvart paparazzi-ljósmyndurum. Vinir hans segja leikarann ekki lengur þola innrásina í einkalíf sitt og óttast að hann sé að missa tökin. Þeir hafa ráðlagt Pitt að leita sér hjálpar hjá sálfræðingi.

Samkvæmt sömu vinum eru brestir í sambandi Pitt og Jolie, sem orsakast að miklu leyti af afbrýðisemi leikkonunnar og framkomu hennar við Jennifer Aniston, fyrrverandi eiginkonu Pitt. Stöðugt áreiti ljósmyndara, ábyrgðin sem fylgir þremur börnum og leikferillinn eru aðrar orsakir tilfinningalegrar kreppu Pitt, en það var fjölmiðlafárið í kringum dauða Marcheline Bertrand, móður Jolie, sem fyllti mælinn hjá leikaranum.

Eins og kunnugt er lét Bertrand dóttur sína lofa sér því að giftast Pitt áður en hún lest. Miðað við þessar fregnir gæti Angelina þurft að brjóta loforðið.



**BRESTIR Í SAMBANDINU** Afbrýðisemi Angelinu Jolie og framkoma hennar við Jennifer Aniston eru tvær orsakir brestanna í sambandi Jolie við Pitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**TAUGAÓSTYRK** Courteney Cox segir það hafa verið erfiða ákvörðun að notast ekki við staðgengil í nektarsenum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Leikur sjálf í ástarsenum

Courteney Cox ætlar ekki að nota staðgengil í ástarsenum í Dirt, hinni nýju þáttaröð hennar og eiginmanns hennar, Davids Arquette. Cox kveðst hafa verið afar taugaóstyrk yfir nektarsenunum og líkama sínum, en að lokum ákvað hún að vera bara hún sjálf og hætta að hafa áhyggjur. Þetta segir hún vera mikla breytingu.

Það eru þó ekki nektarsenurnar í Dirt sem vekja hvað mest umtal, heldur margumræddur koss þeirra Jennifer Aniston, sem mun birtast í aukahlutverki í þáttunum. Leikkonurnar segja kossinn vera afar saklausan, en heimurinn bíður átekta eftir að fá að berja hann augum.



**UPPGEFIN** Keira Knightley kveðst vera dauðþreytt eftir að hafa unnið linnulaust í nokkur ár og áformar að taka sér pásu.

## Þarf að taka sér frí

Keira Knightley sagði í viðtali við Hello á dögunum að hún þurfi sárlega á fríi að halda. „Eðlisávísun mín segir mér að taka öllum atvinnutilboðum svo að þau hætti ekki að berast,“ sagði leikkonan við Hello. Hún sagðist hafa unnið baki brotnu í nokkur ár, en nú væri svo komið að hún þyrfti að draga sig í hlé og endurheimta líf sitt. Ef það þýði að hún þurfi að byrja upp á nýtt þegar hún snúi aftur í kvikmyndaheiminn verði bara að hafa það.

Í sama viðtali kvaðst Knightley gera sér grein fyrir því að hún væri andlitsfríð. „Ég er fullkomlega meðvituð um að ég fæ vinnu út á andlitið,“ sagði hún.

# Kafteinsfrúin milli tveggja elda

**Færeyingar í Hjálpræðishernum á Íslandi eru tvístígandi um hvort þeir eigi að kjósa kaftein Sigurð eða landa sinn Jógvan í X-Factor. Fyrir Rannvá Olsen er valið auðveldara þar sem hún er gift kafteininum.**

„Sem betur fer er þetta bara skemmtun en ekki upp á líf og dauða,“ segir Rannvá Olsen, eiginkona Sigurðar Ingimarssonar, þátttakanda í X-Factor söngkeppninni sem sýnd er á Stöð tvö.

Þau hjónin eru bæði kafteinar í Hjálpræðishernum og forstöðumenn samtakanna á Akureyri. Rannvá styður sinn mann auðvitað með ráð og dáð en hjarta hennar slær óneitanlega líka með öðrum keppanda, Jógvani Hansen, því bæði eru þau frá Færeyjum. „Þeir eru nú báðir í sama liði hjá Einari Bárðarsyni þannig ég þarf ekkert að gera upp á milli þeirra,“ segir Rannvá og hlær. Atkvæði eru greidd í gegnum síma og má senda alls fimm atkvæði úr hverju númeri. „Hingað til hafa atkvæðin mín runnið óskipt til Sigurðar,“ segir Rannvá en þvertekur ekki fyrir að mögulega muni Jógvan fá einstaka atkvæði frá henni. „En hann fær ábyggilega fullt af atkvæðum frá öðrum Færeyingum, þeir eru svo duglegir við að styðja sína menn.“

Rannvá segir að félagar Sigurðar í Hjálpræðishernum fyrir norðan fylgist grannt með og styðji við bakið á honum. „Krakkarnir eru sérstaklega upprifnir yfir þessu. Það eru reyndar ekki allir með Stöð tvö en fólk safnast bara saman hjá þeim sem eru í áskrift og það myndast skemmtileg stemning,“ segir Rannvá sem er hæstánægð með frammistöðu Sigurðar í keppninni og trúir að hann eigi eftir að ná langt í henni. bergsteinn@frettabladid.is



**STYÐJA SINN MANN** Rannvá Olsen ásamt sonum þeirra Sigurðar, Karli William, Bjarti Loga og Pétri Ingimar. MYND/HEIÐA.IS



**JÓGVAN HANSEN** annvá gleðst fyrir hönd landa síns og býst við að hann njóti stuðnings margra landa sinna.

**SIGURÐUR INGIMARSSON** Er kafteinn í Hjálpræðishernum á Akureyri ásamt Rannvá eiginkonu sinni.

## Tíu flytjendur eftir

Tíu keppendur eru eftir í söngkeppninni X-Faktor á Stöð tvö. Í síðustu viku var dúettinn Já sendur heim og hafa því bæði Ellý og Páll Óskar misst keppendur úr sínum herbúðum en Einar Bárðarson er enn með fullmannað lið. Í kvöld kemur í ljós hvort lánið leikur við hann þriðja skiptið í röð.



**GYLFI**
The Air That I Breath
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: HOLLIES
HÓPUR: ELLÝ
SÍMANÚMER: 900 9007



**SIGURÐUR**
Kyrie
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: MR. MISTER
HÓPUR: EINAR
SÍMANÚMER: 900-9010



**GUÐBJÖRG**
Passenger
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: IGGY POP /SIOUXSIE AND THE BANSHEES
HÓPUR: ELLÝ
SÍMANÚMER: 900 9001



**ALAN JONES**
September
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: EARTH, WIND AND FIRE
HÓPUR: EINAR
SÍMANÚMER: 900 9003



**HARA**
Don't Stop Me Now
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: QUEEN
HÓPUR: PALLI
SÍMANÚMER: 900 9005



**GÍS**
Alone
UPPRUNALEGUR FLYTJANDI: HEART
HÓPUR: PALLI
900 9008

**FJÓRFLÉTTA**
Sway
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: MICHAEL BUBLÉ
HÓPUR: PALLI
SÍMANÚMER: 900 9002



**JOHANNA**
Wonderful World
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: JAMES MORRISSON
HÓPUR: ELLÝ
SÍMANÚMER: 900 9004



**JÓGVAN**
Dancing in the Moonlight
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: TOPLOADER
HÓPUR: EINAR
900 9006



**INGA SÆLAND**
Just When I Needed You Most
UPPH.FLYTJ.: DOLLY PARTON
HÓPUR: EINAR
SÍMANÚMER: 900 9009



# Í hóp flugdólga

Jade Jagger, dóttir rokkarans Mick Jagger, bættist í hóp flugdólga á dögunum, þegar hún flaug frá London til New York. New York Post greinir frá því að Jagger hafi ásamt vinum sínum klifrað yfir sætaraðir, oltið um ganginn og stolið vínflöskum af öðrum farþegum. Dagblaðinu hafði borist tölvupóstur frá reiðum farþega, sem sagði frá því að Jagger og föruneyti hennar hefði verið fylgt um borð sem gestum Richards Branson, en þau hefðu öll litið út eins og þau hefðu ekki þvegið sér í lengri tíma.

Vinahópurinn talaði að auki hátt og ósmekklega um aðra farþega, og Jagger náði að sparka til flugfreyju áður en flugmaðurinn sá sig knúinn til að skerast í leikinn og stilla til friðar. Talsmaður Jagger segir að stúlkan sé illa haldin af flughræðslu og fái sér því oft einn drykk fyrir flug.



**JADE JAGGER** Sparkaði í flugfreyju.

# Spector í sjónvarpi

Svo gæti farið að dómsmáli bandaríska upptökustjórans Phil Spector verði sjónvarpað. Spector, sem er 66 ára, er sakaður um að hafa skotið til bana leikkonuna Lönu Clarkson í Los Angeles árið 2003. Sjálfur segir hann að Clarkson hafi framið sjálfsvíg.

Dómarinn í málinu vill að almenningur geti fylgst náið með dómsmálinu og íhugar því að leyfa sýningu þess í sjónvarpi.

Spector, sem gengur laus gegn tryggingu, á yfir höfði sér lífstíðarfangelsi verði hann fundinn sekur um morð. Réttarhöldin áttu að hefjast í september árið 2005 en þeim hefur þrívegis verið frestað.



**PHIL SPECTOR** Upptökustjórinn frægi á yfir höfði sér lífstíðarfangelsi.

# Hvað er að frétta?




Fréttastofa beintengd við tölvuna þína_

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

www.visir.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE PURSUIT OF HAPPYNESS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| ANNA AND THE MOODS ENSKT TAL | kl. 4, 6 og 7 STUTTMYND |
| ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ÍSL. TAL | kl. 4 og 5 STUTTMYND |
| ROCKY BALBOA | kl. 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| VEFUR KARLOTTU ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| APOCALYPTO | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45 og 8 B.I. 12 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| PAN'S LABYRINTH | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| ANNA AND THE MOODS ENSKT TAL | kl. 6 og 7 STUTTMYND |
| ROCKY BALBOA | kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE CHILDREN | kl. 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 8 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ/COLD TRAIL | kl. 8 ENGLISH SUBTITLES |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| THE PURSUIT OF HAPPYNESS | kl. 8 og 10.20 |
| ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ÍSL. TAL | kl. 6 og 7 STUTTMYND |
| ROCKY BALBOA | kl. 6 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| DREAMGIRLS | kl. 5.40 og 8 |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is

BÍÓ.IS – allt á einum stað







**ERRÓ OG ARI** Listamaðurinn hefur haft mikil áhrif á kvikmyndagerð leikstjórans og þótti honum vænt um hrósið sem Erró sýndi honum.

# Gott að fá hrós frá Erró

**Kvikmyndagerðarmaðurinn Ari Alexander og listamaðurinn Erró ná vel saman og hrífast af verkum hvor annars.**

„Ég var að taka af honum portrett fyrir mynd sem ég er að gera í samstarfi við Hans Ulrich Obrist og sýndi honum Arabískar nætur:



**GUÐ BLESSI BAGDAD** Erró hefur sýnt stríðinu Írak mikinn áhuga og er að leggja lokahönd á stórt verk um það.

1001 nótt seinna,“ segir Ari Alexander Magnússon sem fór til Parísar að heimsækja gamla og gilda fyrirmynd sína, listamanninn Erró.

Listamaðurinn hreifst mjög svo af þessari stuttmynd sem sýnir hryllinginn í Írak að hann skrifaði leikstjóranum bréf þar sem hann lýsti því yfir að myndin væri sú besta sem hann hefði séð síðan Blade Runner. Og þótti Ara vænt um þessi orð. „Þegar þú færð stuðning frá fólki sem hefur haft svona mikil áhrif á þig fyllist þú einhverri von og trúir því að þú sé á réttri leið,“ segir Ari. Ekki skemmdi fyrir að listamaðurinn var að vinna ógnarstórt verk sem ber heitið God Bless Bagdad en þar má glöggt sjá þær tilfinningar sem berast innra með Erró gagnvart stríðinu. „Hann fylgist vel með gangi mála þar,“ segir Ari.

Kvikmyndagerðarmaðurinn upplýsir og viðurkennir að Erró hafi lengi haft mikil áhrif á hann og verk hans. „Ég bjó við hliðina á honum í Frakklandi þegar ég var þar við nám og kynntist honum vel,“ segir Ari. „Síðan endurnýjuðum við kynnin í Hong Kong þegar ég gerði mynd um Sigurð Guðmundsson árið 2000 og hef reynt að mynda hann þegar eitthvað stórt er í gangi hjá honum,“ útskýrir Ari. Hann segir listamanninn síður en svo dauðann úr öllum æðum þrátt fyrir að vera kominn á áttræðisaldur. „Hann heldur áfram að hafa áhrif og er alveg ótrúlega ögrandi í sinni listsköpun,“ segir Ari.

Og kvikmyndagerðarmaðurinn viðurkennir að það sé óneitanlega stór draumur að gera alvöru heimildarmynd um lífshlaup listamannsins. En Ari gerði reyndar sjónvarpsmynd um Erró þar sem stórri sýningu í París um aldamótin var gerð skil. „Slík heimildarmynd hefur aldrei verið gerð en það væri vissulega mjög krefjandi og spennandi verkefni.“ **freyrgigja@frettabladid.is**

# Endurvekja níubíó

**Vefritið Get Reykjavík.com og Barinn hafa tekið höndum saman um að halda regluleg kvikmyndakvöld á Barnum. Fyrsta kvikmyndakvöldið var haldið á mánudag, við góðar undirtektir viðstaddra.**

„Við ætlum að reyna að hafa þetta tvisvar í mánuði, á annaðhvort mánudags- eða sunnudagskvöldum,“ sagði Carmen Jóhannsdóttir, ritstýra Get Reykjavík.com. Stefnan er að sýna myndir sem hafa ekki náð inn á skjái landsmanna áður. „Það er til svo mikið sem maður veit ekkert um og sem hefur ekki verið flutt inn,“ sagði Carmen.

Það var japanska söngvahrollvekjan The Happiness of the Katakuris sem reið á vaðið á mánudaginn, en næsta mynd á dagskrá verður The Shogun Assassin.

Óháð kvikmyndagerð er höfð að leiðarljósi, en Carmen segir það einnig vel koma til greina að taka áhugaverðar heimildamyndir til sýninga. „Svo tökum við líka alveg við ábendingum frá fólki,“ sagði hún.

Þó að dagskráin sé ekki orðin niðurnjörvuð enn er sýningartíminn á hreinu. „Þetta verður alltaf klukkan níu, eins og á gömlu bíótímunum,“ sagði Carmen. „Maður saknar þess að hafa ekki bíó klukkan níu. Ef maður fer á tíusýningu finnst manni alltaf að maður sé of seinn á leiðinni heim, og klukkan átta er maður ekki búinn að borða.“

**sunna@frettabladid.is**



**CARMEN JÓHANNSDÓTTIR** Ritstýra Getrvk.com, sem stendur fyrir kvikmyndakvöldum í samstarfi við Barinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Kleinenberg þeytir skífum í kvöld

Plötusnúðurinn Sander Kleinenberg þeytir skífum á Broadway í kvöld. Kleinenberg er ákaflega virtur á sínu sviði. Kjósendur The Winter Music Conference kusu hann besta evrópska plötusnúð ársins 2006 og Justin Timberlake og Janet Jackson báðu hann sérstaklega um að gera fyrir sig endurhljóðblandanir til útgáfu.

Kleinenberg rekur sitt eigið útgáfufyrirtæki, Little Mountain Recordings, og er fyrsti plötusnúðurinn í heiminum til blanda DVD-mynddiskum inn í tónlistina sem hann spilar.



**SANDER KLEINENBERG** Plötusnúðurinn öflugi mun þeyta skífum á Broadway í kvöld.

Kleinenberg er fastaplötusnúður í borgum eins og New York, París, London, Amsterdam og Ibiza en spilar einnig mikið í Asíu og í Ameríku.

Uppselt er í forsölu á klúbbakvöldið, sem er í boði Techno.is. Miðar verða seldir í kvöld á Broadway og hefst miðasala klukkan 20.00. Miðaverð er 3.000 krónur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýjasta plata **Noruh Jones**, Never Too Late, fór beint á toppinn á bandaríska breiðskífulistanum um helgina. Þetta er þriðja plata Noruh í röð sem fer á toppinn þar í landi. Engu að síður seldist hún helmingi minna en síðasta plata hennar sem kom út fyrir þremur árum. Í öðru sæti á listanum varð Idol-stjarnan **Katharine McPhee**



með samnefnda plötu sína og í því þriðja var önnur Idol-stjarna, **Chris Daughtry**. Næst á eftir kom plata bresku söngkonunnar **Lily Allen**, Alright.




**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| PERFUME | kl. 6 - 9 - 10:30 | B.i.12 | FORELDRAR | kl. 8 | Leyfð |
| DREAMGIRLS | kl. 6 - 9 | B.i.7 | BABEL | kl. 6 - 9 | B.i.16 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 | STRANGER THAN FICTION | kl. 5:50 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ALPHA DOG | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | VEFURINN HENNAR.. M/- Ísl tal. | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| ALPHA DOG VIP | kl. 8 - 10:30 | | BABEL | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 |
| PERFUME | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.12 | BABEL VIP | kl. 5 | |
| MAN OF THE YEAR | kl. 8 - 10:30 | B.i.7 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |

Skráðu þig á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALPHA DOG | kl. 5:45 - 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| MAN OF THE YEAR | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.7 | |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 | B.i.16 | DIGITAL |
| VEFURINN HENN..M/- Ísl tal | kl. 3:50 - 6 | Leyfð | DIGITAL |
| CHARLOTTE´S... M/-Ensk tal | kl. 3:50 | Leyfð | DIGITAL |
| THE PRESTIGE | kl. 10:30 | B.i.12 | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali | kl. 5:50 | Leyfð |
| ALPHA DOG | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5:45 | Leyfð |
| LITLE CHILDREN | kl. 8 | B.i. 14 |
| APOCALYPTO | kl. 10:30 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| VEFURINN HENN..M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| PERFUME | kl 8 - 10:30 | B.i.12 |
| FORELDRAR | kl 6 - 8 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl 10 | B.i.16 |

Skráðu þig á SAMbio.is

# Spears stundar stóðlífi

**Skilnaður Britney Spears og Kevins Federline er að verða að safaríkri steik fyrir slúðurblöðin vestanhafs. Glanstímaritið In Touch Weekly segir Britney vera lesbíu en hún vísar því á bug.**


**VILDI FÁ MARGAR TIL LAGS VIÐ SIG** Britney er sögð hafa átt í tugum ástarævintýra og á að hafa stundað stóðlífi með fjölda kvenna í einu.

Breska götublaðið The Sun birti í gær stóra úttekt á fjölmiðlaumfjöllun bandarískra glanstímarita um kynhegðun söngkonunnar. Hjá The Sun kemur skýrt fram að Spears neiti því alfarið að hafa átt í hvers kyns stóðlífi með fjölda kvenna en In Touch telur sig hafa heimildir fyrir því að Britney hafi átti innilegar stundir með þremur og allt upp í sex konum í einu.

Bandarísku slúðurblöðin hafa farið mikinn í umfjöllun sinni um málið enda var Britney Spears lengi vel táknmynd sakleysis í tónlistariðnaðinum. Henni hefur nú verið kippt ansi snögglega af þeim stalli.

Þessum orðrómi um ástir Spears á konum fékk byr undir báða vængi þegar hún og Madonna kysstust innilega á MTV-hátíðinni árið 2003. Þá hefur samband hennar og Paris Hilton verið umtalað og þær sagðar ástkonur en Britney hló að þessu á sínum tíma. „Við erum bara tvær stelpur sem njótum mikillar velgengni og kunnum að skemmta okkur. Við erum ekki lesbíur,“ sagði Britney.


**KOSSINN FRÆGI** Britney hefur oft daðrað við kynímynd sína og koss hennar og Madonnu fór fyrir brjóstið á ansi mörgum.

Vinur K-Fed, rapparinn Omar Iceman Sharif, tjáði sig við In Touch um samband Britney og félaga síns. Hann sagði að Britney ætti mikið safn af klámmyndum og að þeir vinirnir hefðu margoft horft á söngkonuna gera vel við vinkonur sínar. Í tímaritinu er því einnig haldið fram að Britney hafi margoft haldið framhjá Kevin og ástarævintýrin með konum skipti tugum. „Hún vildi fá Kevin til að vera með en hann neitaði því alltaf. Vildi bara elskast með henni,“ sagði einn náinn vinur Federlines.

Talsmaður Britney hjá plötufyrirtækinu Jive, Gina Orr, neitaði þessu alfarið og lögfræðingur Britney, Laura Wasser, sagðist ekki ætla að tjá sig um málið. Heimildir The Sun segja þetta hins vegar vera eitt af herbrögðum Federlines til að fá meira út úr skilnaði sínum og Spears. „Þetta er bara aðvörun hjá honum. Ef Kevin fær ekki það sem hann vill er þetta það sem koma skal.“

# Urban höfðar mál

Sveitasöngvarinn Keith Urban, eiginmaður leikkonunnar Nicole Kidman, hefur höfðað mál gegn listmálara sem heitir sama nafni og hann.

Urban telur að listmálarinn hafi reynt að villa á sér heimildir á heimasíðu sinni keithurban.com og reynt að telja gestum trú um að hann sé söngvarinn. Á síðunni segir m.a.: „Þið eruð komin á heimasíðu Keith Urban. Fyrir þá sem ekki vita þá er olíumálun eitt af áhugamálum mínum“. Segir Urban að reynt sé að plata gesti síðunnar til að kaupa málverk sem líta út fyrir að vera gerð af honum.

Urban vill að síðunni verði lokað og að hann fái réttinn að henni. Sjálfur rekur hann heimasíðuna keithurban.net.


**URBAN OG KIDMAN** Urban er ósáttur við heimasíðuna keithurban.com.

Sveitasöngvarinn lauk nýverið þriggja mánaða áfengismeðferð og hyggur á tónleikaferð um heiminn á næstunni.

# Rottweiler spila í Eyjum

Rappsveitin XXX Rottweiler heldur tvenna tónleika á Prófastinum í Vestmannaeyjum á laugardag. Með Rottweiler í för verður plötusnúðurinn DJ Danni Deluxe sem mun bæði hita upp og spila á eftir röppurunum.

„Við ætlum að rífa þakið af svíninu,“ segir Þorsteinn úr Rottweiler. „Við eigum góðar minningar úr Eyjum og slæmar einnig. Þessar slæmu minningar eru skemmtilega líka samt sem áður. Það er langt síðan við spiluðum á svona balli þar sem við erum einir. Þetta verður „púra“ djamm þar sem við erum aðalmálið. Danni Deluxe verður með okkur. Hann er einn færasti plötusnúður landsins enda hefur hann spilað á þessum aðalstöðum í Reykjavík.“

Fyrri tónleikarnir, sem hefjast klukkan 17, verða fyrir unglinga yngri en átján ára og kostar 1.000 krónur inn. Miðar eru seldir við innganginn. Síðar tónleikarnir eru fyrir átján ára og eldri og kostar 1.000 krónur í forsölu í Lundanum en annars 1.500 krónur við innganginn

- fb


**ROTTWEILER** Rappararnir ætla að halda tvenna tónleika á Prófastinum á laugardag. MYND/GÚNDI




## > Nýir leikmenn til Keflavíkur

Kristján Guðmundsson sagði við Fréttablaðið í gær að sennilega yrði gengið frá samningum í dag við þá Marco Koitilainen og Nicolai Jörgensen. Þeir hafa verið til reynslu hjá félaginu að undanförnu. Koitilainen er frá Svíþjóð og er uppalinn hjá Gunnelse í Gautaborg. Hann spilar helst á hægri kanti eða í framlínu. Jörgensen er danskur og getur bæði spilað vinstra megin á miðju og í vörn.

**sport**

sport@frettabladid.is

**MAGNÚS ÞÓR GUNNARSSON:** MISSTI ALLT SITT Í HÚSBRUNA Í SÍÐUSTU VIKU

# *Allur bærinn er búinn að vera frábær*

Magnús Þór Gunnarsson, leikmaður Keflavíkur, og kona hans lentu í því áfalli að heimili þeirra brann á dögunum. Þau hafa fengið góða hjálp frá öllum í Reykjanesbæ. Körfuknattleiksdeild Keflavíkur ákvað að stofna styrktarreikning og í kvöld fer fram sérstakur styrktarleikur í Keflavík þegar bikarmeistarar Keflavíkur í knattspyrnu mæta deildarmeisturum Keflavíkur í körfu. Knattspyrnuliðið mun hefja leik með 60-0 forystu og fær að hafa sex leikmenn en leikurinn hefst kl 19.00.

„Þetta er frábært framtak og ómetanlegt fyrir okkur," segir Magnús Þór. „Fótboltinn og karfan eru búin að gera þetta nokkrum sinnum áður og liðin eru bæði búin að mætast í fótbolta og í körfubolta. Guðmundi Steinarsson, fyrirliða fótboltaliðsins, datt síðan í hug að gera þennan leik að styrktarleik fyrst að við lentum í öllum þessum erfiðleikum. Það er ótrúlegt að sjá hvað er verið að gera fyrir mína hönd," sagði Magnús Þór Gunnarsson í gær en þá



var hann að kaupa sér föt í Kaupmannahöfn því hann átti aðeins fötin sem hann stóð í. „Ég kem heim í dag og spila leikinn í kvöld. Það má eiginlega segja að þetta sé einhverskonar stjörnuleikur í Keflavík," sagði Magnús sem lítur á björtu hliðarnar.

„Sem betur fer slapp allt sem skiptir máli, konan, barnið og myndirnar af barninu. Við erum núna hjá mömmu minni og síðan erum við búin að fá íbúð lánaða. Allur bærinn er búinn að vera frábær við okkur," sagði Magnús sem þakkar fyrir að ekki fór verr. „Það var algjört sjokk að koma að íbúðinni sinni svona. Maður hugsaði strax hvaða vitleysingur gerði þetta. Síðan fór maður að hugsa að sem betur fer fóru konan og barnið í Grindavík um morguninn. Þetta hefði getað farið miklu verr."

Númer reikningsins til styrktar Magga og fjölskyldu er 0142-05-3358 og er hann í Landsbankanum í Keflavík. Kennitala Magnúsar er 070281-4309.



**EGGERT MAGNÚSSON** Menn beita ýmsum brögðum til að komast í stól Eggerts. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Formannskjör KSÍ:

## Mikil pólitík í kringum kjörið

**ÁRSÞING KSÍ** Það hefur mikið gengið á síðustu vikur í kringum formannskjör KSÍ. Frambjóðendurnir þrír hafa látið til sín taka í kosningabaráttunni og finnst mörgum nóg um.

Það var misgott hljóðið í þingfulltrúm ársþingsins þegar Fréttablaðið heyrði í þeim í tengslum við könnunina hér til hliðar. Sumum fannst nóg um ágang fulltrúa formannsefnanna og mátti heyra á þingfulltrúum að mesti ágangurinn kæmi úr herbúðum Jafets Ólafssonar. Stuðningsmenn hinna frambjóðendanna væru einnig duglegir að hringja í þingfulltrúa.

Aðrir þingfulltrúar kvörtuðu aftur á móti yfir því að heyra ekki nóg frá frambjóðendum og sumir voru óákveðnir þar sem þeir vissu ekki hvað frambjóðendurnir stæðu fyrir.

- hbg

# Geir með yfirburðastöðu fyrir formannsslaginn á ársþingi KSÍ

**Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins meðal þingfulltrúa á ársþingi KSÍ mun Geir Þorsteinsson hljóta yfirburðakosningu í kjöri á nýjum formanni KSÍ. 81,5% af þeim sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa Geir.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Geir Þorsteinsson verður næsti formaður Knattspyrnusambands Íslands samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins meðal þingfulltrúa á ársþingi KSÍ á morgun. Hefur hann talsverða yfirburði yfir meðframbjóðendur sína, Höllu Gunnarsdóttur og Jafet Ólafsson. Af þeim sem tóku afstöðu í könnuninni sögðust 81,5% ætla að kjósa Geir, 8% studdu Jafet og 2,7% Höllu. 57,5% þeirra sem tóku þátt í könnuninni tóku afstöðu til frambjóðenda.

Stuðningurinn við Geir er yfirgnæfandi. Hann nýtur mikils fylgis hjá félögunum í landinu, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.

Nokkur félög voru búin að lýsa opinberum stuðningi sínum við Geir. Þeirra á meðal eru KR, ÍA, Haukar og félögin á Suðurnesjunum.

Alls 123 fulltrúar eiga rétt til setu á þinginu og þar með rétt til að kjósa í formannskjörinu. Samkvæmt frétt sem birtist á heimasíðu sambandsins 5. febrúar síðastliðinn hafði kjörbréfum verið skilað inn fyrir 116 fulltrúa. Einn þeirra fer sem fulltrúi félags með rétt til tveggja atkvæða.

Alls tóku 112 fulltrúar þátt í könnuninni og veittu 113 svör. Svarhlutfall var því 96,6%

53 sögðust ætla að kjósa Geir, eða 46,9%. Níu fulltrúar sögðu að þeir myndu gefa Jafet sitt atkvæði og þrír það sama um Höllu.

Óákveðnir voru 22 talsins, 19,5%. Tæplega fjórðungur, eða 26 talsins, vildi ekki svara spurningunni.

Spurt var: „Hvern hyggst þú kjósa sem næsta formann KSÍ á ársþingi sambandsins um næstu helgi?" Könnunin var framkvæmd símleiðis dagana 7. og 8. febrúar.

Rúmlega helmingur þeirra sem tóku þátt í skoðanakönnuninni kemur frá landsbyggðinni. Athygli vakti við framkvæmd könnunarinnar að þar nýtur Geir meiri stuðnings en á höfuðborgarsvæðinu af þeim sem svöruðu.

Hlutfall þeirra sem vildu ekki svara eða voru enn óákveðnir var svipað á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar. Hlutfallið var þó lítillega hærra í Reykjavík og nágrenni.

Fulltrúakerfið er þannig byggt upp að hvert knattspyrnufélag í landinu fær ákveðinn fjölda þingfulltrúa eftir stöðu liða þeirra í deildakeppninni. Félög sem eiga lið í efstu deild kvenna eða karla fá fjóra fulltrúa. 1. deildarfélög karla fá þrjá fulltrúa, tveir koma frá 2. deildarfélögum og einn úr félögum sem eiga lið í 3. deild karla, rétt eins og þau sem eiga lið í 1. deild kvenna.

Ef íþróttafélög innan ákveðins héraðssambands ÍSÍ á ekki lið í deildakeppni KSÍ fær viðkomandi héraðssamband engu að síður einn þingfulltrúa.

Eggert Magnússon, núverandi formaður KSÍ, lætur af störfum á ársþinginu á morgun sem fer fram á Hótel Loftleiðum.

Geir Þorsteinsson hefur verið framkvæmdastjóri KSÍ um árabil og því náinn samstarfsmaður Eggerts.

Jafet Ólafsson er viðskiptafræðingur og fyrrverandi framkvæmdastjóri VBS fjárfestingarbanka.

Halla Gunnarsdóttir er blaðamaður á Morgunblaðinu. Hún hefur leikið á Íslandsmóti kvenna í knattspyrnu sem og sinnt þjálfunarstörfum.

Kosið er til tveggja ára í senn til formannsembættis KSÍ.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

**FYLGI FRAMBJÓÐENDA Í FORMANNSKJÖRI KSÍ**
**samkvæmt könnun Fréttablaðsins dagana 7. og 8. febrúar 2007**




Leikmaður 2. flokks Fram:

## Dæmdur í 4 mánaða bann

**FÓTBOLTI** Aganefnd Knattspyrnusambands Íslands kvað upp einn þyngsta dóm sinn í langan tíma í gær og það yfir leikmanni í 2. flokki karla.

Þá var Framarinn Guðmundur Magnússon dæmdur í fjögurra mánaða bann vegna atviks sem í leik Fram og Víkings í 2. flokki þann 4. febrúar síðastliðinn.

Ekki kemur fram í dómnum hvað Guðmundur gerði nákvæmlega af sér en það segir sig sjálft að það hefur verið ansi alvarlegt fyrst hann fékk þetta langan dóm.

Guðmundur verður því ekki löglegur aftur fyrr en 6. júní í sumar.

- hbg

Formannskjör Knattspyrnusambands Íslands:

# Álög á félagi formanns KSÍ?

**FÓTBOLTI** Það verður kosinn nýr formaður KSÍ á Ársþingi KSÍ sem fer fram á Hótel Loftleiðum á laugardaginn. Í kjöri til formanns KSÍ nú eru KR-ingurinn Geir Þorsteinsson og Valsmaðurinn Jafet Ólafsson auk þess að Þróttarinn Halla Gunnarsdóttir berst við þá félaga um hylli þingfulltrúa. Þetta góða fólk hefur örugglega stuðning sinna félaga en að eignast formann KSÍ hefur ekki boðað gott í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn í karlaflokki.

Formaður KSÍ hefur nefnilega ekki afhent Íslandsmeistaratitilinn til síns félags í 39 ár eða síðan Björgvin Schram afhenti KR-ingum Íslandsmeistarabikarinn á sínu síðasta starfsári 1968. Við bikarnum tók þá fyrirliði KR og sonur hans, Ellert B. Schram, sem seinna átti eftir að feta í fótspor hans sem formaður KSÍ.

Eggert Magnússon afhenti sex félögum Íslandsmeistarabikarinn þau sautján ár sem hann starfaði sem formaður KSÍ en aldrei sínum mönnum í Val. Valsliðið komst í raun aðeins tvisvar sinnum í hóp þriggja efstu liða og það var tvö síðustu ár Eggerts sem formanns. Valsmenn urðu enn fremur tvisvar sinnum að sætta sig við að falla úr deildinni. Það gekk ekkert betur hjá KR-ingum í sextán ára starfstíð Ellerts B. Schram sem formanns KSÍ. KR-ingar urðu ekki meistarar og urðu eins og Valsmenn að sætta sig við að falla úr deildinni. Besti árangur KR-inga í tíð Ellerts var annað sætið sem liðið náði 1983 en árið á undan var eina skiptið til viðbótar sem KR-liðið komst inn á topp þrjá þessi formannsár hans.

Þessi svokölluðu álög kristölluðust ekki síst í fimm ára formannstíð Alberts Guðmundssonar en hann var formaður frá 1968 til 1973. Valsmenn urðu meistarar bæði 1966 og 1967 en síðan ekki aftur fyrr en 1976. Hlíðarendaliðið bætti síðan við titlum 1978 og 1980 svona þegar félagið var loksins laust undan álögum formannsstólsins.

- óój



**ENGINN TITILL** Valur vann ekki Íslandsmeistaratitilinn á meðan Eggert Magnússon var formaður KSÍ en hann afhenti FH-ingum hins vegar Íslandsbikarinn þrisvar sinnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

515 6100 I SYN.IS I VODAFONE

TJALDVAGNALAND SEGLAGERÐIN ÆGIR

Iceland Express

Í KVÖLD KL. 18:25

GUMMERSBACH
WILHELMSHAVEN

ÞÝSKI HANDBOLTINN

# BESTI HANDBOLTI Í HEIMI



STÓRLEIKUR

Við fylgjumst með sterkustu handknattleiksdeild í heimi, þar sem fjöldi Íslendinga spilar. Lið Gummersbach er skipað 4 Íslendingum: Alfreð Gíslasyni þjálfara, Guðjóni Vali Sigurðssyni sem valinn var íþróttamaður ársins 2006, Róberti Gunnarssyni og Sverri Jakobssyni. Með liði Wilhelmshaven leikur Íslendingurinn Gylfi Gylfason.

sýn
besta sætið

GOTT FÓLK McCANN



**ELI Á WEMBLEY** Eli Manning, leikstjórnandi Giants, sést hér með Peyton bróður sínum eftir að sá síðarnefndi vann Super Bowl. Eli verður á Wembley í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

NFL á Wembley:

## Slegist um miðana

**NFL** Þann 28. október næstkomandi verður í fyrsta skipti leikið í NFL-deildinni í amerískum fótbolta utan Bandaríkjanna. Þá mætast Miami Dolphins og New York Giants á nýjum og glæsilegum Wembley-leikvangi.

Í kringum 160 þúsund NFL-aðdáendur sóttu um yfir 500 þúsund miða á leikinn aðeins þrem dögum eftir Super Bowl.

„Nærri allar óskirnar hafa komið frá NFL-aðdáendum í Bretlandi,“ sagði talsmaður NFL í Bretlandi. „Þessar áhugi er fyrir utan þann sem síðan mun koma frá Bandaríkjunum. Það verður uppselt um leið og miðar fara á sölu í byrjun mars.“

Hinn nýi og glæsilegi Wembley-leikvangur sem hefur verið í byggingu í langan tíma mun taka á milli 85-90 áhorfendur í sæti. - hbg

Kanamálin í Keflavík:

## Kemur ekki til Keflavíkur

**KÖRFUBOLTI** Jesse King, bandaríska körfuboltamanninum sem Fréttablaðið sagði í gær að væri á leiðinni til Keflavíkur í Iceland Express deild karla, snerist hugur á síðustu stundu og hætti við að koma til Íslands.

King sem lofaði góðu fékk tilboð annars staðar frá og Keflvíkingar sitja því áfram eftir án bandarísks leikmanns en þeir hafa þegar látið þrjá Bandaríkjamenn fara í vetur. - óój



**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** Verður í eldlínunni með Gummersbach á Sýn í kvöld.

Þýski handboltinn:

## Byrjar á Sýn í kvöld

**HANDBOLTI** Það er skammt stórra högga á milli hjá bestu handboltamönnum heims. Þeir eru nýbúnir að ljúka keppni á mjög erfiðu heimsmeistaramóti og aðeins nokkrum dögum síðar hefst þýska úrvalsdeildin á nýjan leik.

Sjónvarpsstöðin Sýn hefur tryggt sér sýningarrétt á þýsku úrvalsdeildinni og fyrsta útsending er í kvöld klukkan 18.25.

Þá mætast Íslendingaliðin Gummersbach og Wilhelmshavener. Með Gummersbach leika markahæsti leikmaður HM, Guðjón Valur Sigurðsson, Róbert Gunnarsson og Sverre Jakobsson. Þjálfari liðsins er síðan landsliðsþjálfarinn sjálfur Alfreð Gíslason.

Með Wilhelmshavener leikur Gylfi Gylfason, fyrrum leikmaður KR og Hauka. - hbg

Enski landsliðsþjálfarinn var með afsakanirnar á hreinu eftir Spánarleikinn:

# Við söknuðum lykilmanna

**FÓTBOLTI** Enski landsliðsþjálfarinn Steve McClaren er enn undir mikilli pressu í starfi eftir mjög slaka frammistöðu enska landsliðsins gegn Spánverjum á Old Trafford. Spánverjar unnu leikinn, 1-0, en það sem stóð upp úr var lélegur leikur enska liðsins en áhorfendur bauluðu á þá í leikslok.

„Það voru nokkrir leikmenn sem spiluðu undir getu í leiknum. Það eru mikil vonbrigði, leikmennirnir vita það og ef þeir vita það ekki verður þeim sagt frá því,“ sagði McClaren sem eðlilega gat ekki neitað því að sóknarleikur liðsins hefði verið arfaslakur. Peter Crouch og Shaun Wright-Phillips þóttu sérstaklega slakir.

„Mér finnst ekki eins og leikmenn séu að bregðast mér. Viðhorfið og vinnslan var til staðar. Gæðin voru því miður bara ekki fyrir hendi og sérstaklega á fremsta þriðjungi vallarins. Það sáu allir að síðasta sendingin var mjög slök, fyrirgjafirnar einnig sem og skotin. Þetta eru hlutirnir sem leikir vinnast á.“

McClaren tók við starfinu af Sven-Göran Eriksson eftir HM en honum hefur ekki gengið vel í starfi þar sem enska landsliðið hefur farið mjög illa af stað í undankeppni EM. Liðið er í þriðja sæti riðilsins og mætir Ísrael og Andorra næst í leikjum sem verða að vinnast.

„Leikurinn gegn Spáni var alltaf erfiður fyrir okkur. Ekki bætti úr skák að lykilmenn vantaði hjá okkur en ég lærði mikið um þá sem fengu tækifæri í staðinn. Okkur vantaði hálfan hópinn, menn eins og Terry, Hargreaves og Rooney. Þetta eru stjörnur sem vinna leiki,“ sagði McClaren. - hbg



**STEVE MCCLAREN** Ekki í góðum málum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Níundi sigurleikurinn í röð var mjög tæpur

**Njarðvík er áfram á toppi Iceland Express-deildar karla eftir sigur á Grindavík í framlengingu, 94-98. Tvítugur Njarðvíkingur, Jóhann Árni Ólafsson, tryggði Njarðvík sigur í þessum fjöruga háspennuleik í Röstinni.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík vann sinn níunda sigur í röð í Iceland Express deild karla í gær þegar þeir lögðu Grindavík, 94-98, í framlengdum leik í Grindavík. Það var hinn tvítugi Jóhann Árni Ólafsson sem kláraði leikinn fyrir Íslandsmeistarana en hann skoraði 14 af 20 stigum Njarðvíkurliðsins í framlengingunni. Leikurinn var æsispennandi baráttuleikur þar sem sóknarleikur liðanna gekk oft illa en fyrir vikið var ekkert gefið eftir í vörninni.

„Ég var búinn að spila eins og asni í venjulegum leiktíma og fékk bara að koma aftur inn á af því að Gummi fékk fimmtu villuna. Svo þegar eitt skot fór ofan í þá fylgdu hin í kjölfarið. Þeir voru að spila hörkuvörn á Brenton og Jeb, skildu mig eftir og það hefur ekkert lið efni á því að skilja mann eftir opinn,“ sagði Jóhann Árni sem nýtti 5 af 6 skotum sínum í framlengingunni og tók síðan sóknarfrákastið af því sem klikkaði. „Það er hörkukarakter í liðinu okkar og við kunnum á svona aðstæður,“ sagði Jóhann að lokum og Einar Árni Jóhannsson þjálfari liðsins var sáttur með strákinn. „Þetta er bara Jói eins og við þekkjum hann. Hann er sigurvegari,“ sagði Einar.

Jeb Ivey tryggði Njarðvík framlenginguna með því að hitta úr öðru víti sínu 7 sekúndum fyrir leikslok en hefði getað tryggt sigurinn með því nýta bæði vítin. Grindavík hafði mest komist sjö stigum yfir í lokaleikhlutanum, 73-66, en fjögurra stiga sókn frá Brenton Birmingham kveikti aftur í Njarðvíkingunum sem tryggðu sér framlenginguna og svo sigurinn.



**BARÁTTA** Það var ekkert gefið eftir í leik Grindavíkur og Njarðvíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Njarðvíkurliðið skoraði 12 fyrstu stig seinni hálfleiks og komst tíu stigum yfir en heimamenn sem mest náðu sjálfir átta stiga forskot í fyrri hálfleik voru ekkert á því að gefast upp. Eins og sást á þessu voru miklar sveiflur í leiknum og liðin skiptust á að eiga góða og slæma kafla.

Einar Árni, var ánægður með níunda deildarsigurinn í röð. „Við eigum helling inni og getum spilað betur en við höfum verið að gera. Sigrarnir okkar hafa ekki allir verið glæsilegir en við erum reynslunni ríkari eftir þrjá mjög bitra tapleiki á heimavelli í Evrópukeppninni. Menn hafa lært af þessum töpum og þau hafa hjálpað þessu liði. Allar þessar raunir okkar í nóvember og desember eiga eftir að styrkja okkur í því sem framundan er og það eru eintómir úrslitaleikir eftir,“ sagði Einar að lokum. ooj@frettabladid.is

Arpad Sterbik markvörður:

## Fær spænskt ríkisfang

**HANDBOLTI** Einn besti markvörður heims, Serbinn Arpad Sterbik sem spilar með Ólafi Stefánssyni hjá Ciudad Real, hefur fengið spænskt ríkisfang og mun því leika með spænska landsliðinu um leið og hann verður löglegur.



**ARPAD STERBIK** Þessi frábæri markvörður spilar ekki gegn Íslandi í sumar.

Þetta eru fín tíðindi fyrir íslenska landsliðið því Sterbik verður þar af leiðandi ekki með Serbum gegn Íslandi í umspili um laust sæti á EM. - hbg

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Iceland Express-deild karla:*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-NJARÐVÍK | 94-98 |

**Stig Grindavíkur:** Calvin Clemmons 18 (16 frák.), Jonathan Griffin 18, Páll Axel Vilbergsson 17 (10 frák.), Þorleifur Ólafsson 15 (5 stoðs.), Páll Kristinsson 11 (9 fráköst, 5 stoðs.), Adame Darboe 8, Björn Steinar Brynjólfsson 5, Davíð Páll Hermannsson 2.

**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 23 (7 fráköst, hitti úr 6 af 9 þriggja), Jeb Ivey 20 (7 stoðs.), Jóhann Árni Ólafsson 17, Guðmundur Jónsson 16, Friðrik Stefánsson 10, Igor Beljanski 9 (9 fráköst, 4 stoðs.), Halldór Rúnar Karlsson 1.

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-ÞÓR Þ. | 86-71 |

**Stig Keflavíkur:** Arnar F. Jónsson 17, Sebastian Hermenier 17, Þröstur Jóhannsson 16, Sigurður Þorsteinsson 14, Gunnar Einarsson 8.

**Stig Þórs:** Robert Hodgson 22, Damon Bailey 22, David Aliu 13, Jason Harden 6,.

| | |
|---|---|
| SNÆFELL-ÍR | 95-72 |

**Stig Snæfells:** Sigurður Þorvaldsson 21, Hlynur Bæringsson 18, Justin Shouse 15, Jón Jónsson 12.

**Stig ÍR:** Ólafur Sigurðsson 12, Sveinbjörn Claessen 11, Keith Vassell10, Fannar Helgason 9.

| | |
|---|---|
| TINDASTÓLL-HAMAR/SELFOSS | 83-94 |

**Stig Tindastóls:** Lamar Karim 24, Milojica Zekovic 20, Ísak Einarsson 15, Svavar Birgisson 10.

**Stig Hamars**: Friðrik Hreinsson 22, Lárus Jónsson 19, Bojan Bojovic 19, Marvin Valdimarsson 15, George Byrd 13, Svavar Pálsson 6.

Körfuboltakappinn John Ameachi kemur út úr skápnum í nýrri ævisögu:

# John Amaechi er fyrsti NBA-leikmaðurinn sem kemur út úr skápnum

**KÖRFUBOLTI** Það telst ávallt til mikilla tíðinda þegar atvinnuíþróttamaður kemur út úr skápnum og segist vera samkynhneigður. Á því varð engin breyting þegar breski körfuboltamaðurinn John Amaechi lýsti því yfir að hann væri samkynhneigður. Það gerir hann í væntanlegri ævisögu.

Amaechi er aðeins sjötti atvinnuíþróttamaðurinn í fjórum stærstu íþróttagreinunum í Bandaríkjunum – körfubolta, amerískum fótbolta, hafnabolta og hokkí – sem greinir frá samkynhneigð sinni opinberlega.

Það eru þrjú ár síðan Amaechi lagði skóna á hilluna en hann lék í NBA-deildinni í ein fimm ár og þá með fjórum félögum. Hann þótti aldrei sérstaklega öflugur leikmaður sem útskýrir af hverju hann var sífellt að skipta um félag.

Tenniskonan Martina Navratilova er líklega þekktasti samkynhneigði íþróttamaður Bandaríkjanna og hún tók ofan fyrir Amaechi í gær. „Það er mjög mikilvægt fyrir ungt fólk í sömu stöðu að fólk komi út úr skápnum svo það sjái að það er ekki eitt í heiminum. Við erum fyrirmyndir og ungir hommar og lesbíur þurfa fyrirmyndir eins og allir aðrir,“ sagði Navratilova. Körfuboltakappinn Grant Hill hjá Orlando Magic þekkir ekkert til Amaechi en hann hrósaði honum eigi að síður.

„Sú staðreynd að John hafi stigið þetta skref gefur kannski öðrum í svipaðri stöðu kjark til að koma einnig út úr skápnum. Skiptir þá engu hvort um er að ræða leikmenn sem eru hættir eða enn að spila,“ sagði Grant en Amaechi er fyrsti NBA-leikmaðurinn sem kemur út úr skápnum. - hbg



**JOHN AMAECHI** Búinn að auglýsa bókina sína vel úti um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




*Gullnu reglur Græna ljóssins*

**1** *Ekkert hlé* Myndin sýnd í einum rykk

**2** *Minna af auglýsingum* Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3** *Engin truflun* Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

**www.graenaljosid.is** – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins



**MIKE TYSON** Í stanslausum vandræðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Mike Tyson:

## Farinn í meðferð

**BOX** Vandræðagemlingurinn Mike Tyson er farinn í meðferð vegna „margs konar fíknar“ og hann mun vera þar til réttarhöld yfir honum hefjast.

„Hann varð að fara og taka á vandamálum sínum,“ sagði lögfræðingur Tysons sem vildi þó ekki segja hvaða fíknir um væri að ræða.

Tyson, sem orðinn er 40 ára, bíður réttarhalda vegna ásakana um að hafa keyrt undir áhrifum fíkniefni sem og að hafa fíkniefni í fórum sínum. - hbg

Knattspyrnulandslið Letta:

## Skora bara gegn Íslandi

**FÓTBOLTI Lettar töpuðu báðum leikjum sínum á Kýpurmótinu sem fram fór í vikunni, fyrst 0-2 fyrir Búlgaríu í undanúrslitunum og svo 0-2 fyrir Ungverjum í leiknum um þriðja sætið.**

**Þar með hafa Lettar ekki skorað í landsleik síðan þeir unnu Íslendinga 4-0 í Riga 7. október síðastliðinn. Þar með er ekki öll sagan sögð því mörkin fjögur sem Lettar skoruðu framhjá Árna Gauti Arasyni í leiknum eru einu landsliðsmörk Letta í síðustu átta leikjum eða síðan að þeir unnu Norður-Kóreu 2-1 á næstsíðasta degi ársins 2005.**

**Lettar hafa því ekki skorað í 680 mínútur gegn öðrum en Íslendingum sem þeir skoruðu fjögur mörk hjá á aðeins 90 mínútum. - óój**



**SAN SIRO** Áhorfendur fá ekki að fara hingað inn á næstunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ítalskir knattspyrnuvellir:

## Sex uppfylla öryggiskröfur

**FÓTBOLTI** Aðeins sex knattspyrnuvellir á Ítalíu uppfylla ströng skilyrði sem hafa verið sett í kjölfar dauða lögreglumanns á dögunum en það andlát var kornið sem fyllti mælinn í ítalska boltanum.

Ólympíuleikvangurinn í Róm er einn þeirra sem uppfyllir öryggiskröfur en San Siro-leikvangurinn í Mílanó gerir það ekki.

Það er ljóst að leikið verður fyrir tómu húsi á þeim völlum sem ekki uppfylla öryggisröfurnar fyrr en búið er að mæta kröfunum.

Aðrir vellir sem eru taldir öruggir eru í Genúa, Síena, Cagliari, Tórínó og Palermo. Þar af leiðandi fara fimm leikir í Serie A um helgina fram fyrir luktum dyrum en áhorfendur verða á fimm leikjum. - hbg

Stanslaus vandræði eru á leikmönnum Indiana Pacers í NBA-körfuboltanum:

# Leikmenn Pacers í knæpuslagsmálum

**KÖRFUBOLTI** Það á ekki af körfuboltaliðinu Indiana Pacers að ganga en hvert leiðindamálið hefur rekið annað hjá félaginu síðustu misseri. Nýjasta nýtt er að þrír leikmenn liðsins lentu í slagsmálum við framkvæmdastjóra knæpu einnar í Indianapolis en átökin áttu sér stað eftir tapleik liðsins gegn Golden State.

Enginn var handtekinn eða ákærður en lögreglan í Indianapolis er engu að síður að rannsaka málið. Leikmennirnir sem tóku þátt í slagsmálunum voru Jamaal Tinsley, Marquis Daniels og Keith McLeod.

Framkvæmdastjórinn er líklegast brákaður á kjálka og svo er hann slæmur í eyrnasneplinum hverju sem um er að kenna. Hann sagði Tinsley hafa hótað að drepa sig.

Vitni hafa sagt að allir leikmennirnir hafi lamið framkvæmdastjórann í andlitið sem segist ekki hafa með nokkru móti getað varið sig gegn körfuboltamönnunum. Vitni óttuðust að maðurinn væri í lífshættu, slíkar voru barsmíðarnar.

Leikmennirnir hafa allir neitað sök í málinu. - hbg



**JAMAL TINSLEY** Lenti einnig í vandræðum í október er félagi hans, Stephen Jackson, skaut úr byssu upp í loftið er þeir lentu í vandræðum á knæpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Tveir æfingaleikir á 15 mánuðum

**Eyjólfur Sverrisson er ekki og sama báti og landsliðsþjálfarar hinna þjóðanna sem eru með Íslandi í riðli í undankeppni Evrópumótsins 2008. Meira að segja Liechtenstein hefur fengið þrefalt fleiri æfingaleiki.**

**FÓTBOLTI** Fjölmargir vináttulandsleikir fóru fram í vikunni og í eldlínunni voru meðal annars fimm af sex þjóðum sem eru með Íslandi í undanriðli Evrópumótsins 2008. Spánverjar mættu Englendingum á Old Trafford og unnu góðan 1-0 sigur. Danir mæltu sér mót við Ástrala á Loftus Road í London og unnu 3-1 sigur og Svíar heimsóttu Egypta til Kaíró en þurftu að sætta sig við 0-2 tap. Þá gerði Norður-Írland markalaust jafntefli við Wales og Lettar tóku þátt í vináttumót á Kýpur og spiluðu því tvo landsleiki í vikunni.

Það voru því aðeins tvö neðstu lið riðilsins, Ísland og Liechtenstein, sem sátu heima og bíða bara eftir næstu leikjum í riðlakeppninni. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem íslenska landsliðið nýtir sér ekki landsleikjadag.

Eyjólfur Sverrisson hefur verið þjálfari A-landsliðs karla í fótbolta í 15 mánuði. Hann tók við af þeim Ásgeiri Sigurvinssyni og Loga Ólafssyni 14. október 2005.

Á þeim tíma hefur Eyjólfur ekki fengið mörg tækifæri til þess að þróa sinn leikstíl eða gefa leikmönnum tækifæri til þess að sýna sig og sanna. Íslenska landsliðið hefur aðeins spilað tvo vináttulandsleiki þessa fimmtán mánuði. Liðið tapaði 0-2 fyrir Trínidad og Tóbagó í London 28. febrúar í fyrra og gerði síðan markalaust jafntefli við Spánverja á Laugardalsvellinum í ágúst.

Liðið hefur síðan spilað fjóra leiki í undankeppninni en árangurinn er ekki glæsilegur, aðeins þrjú stig af tólf mögulegum. Íslenska liðið byrjaði reyndar frábærlega og skoraði þrjú mörk í fyrri hálfleik fyrsta leiksins gegn Norður-Írum en hefur síðan aðeins skorað eitt mark gegn átta á 315 mínútum.

Næsti æfingalandsleikur íslenska liðsins er gegn Kanada á Laugardalsvellinum í ágúst en fram að þeim leik mun liðið spila þrjá leiki í undankeppninni, gegn Spáni í mars og gegn Liechtenstein og Svíþjóð í júní. Fyrir leikinn við Liechtensteina í júní, leik sem verður að vinnast, hefur landsliðið aðeins hist einu sinni á rúmum sjö mánuðum.

Svíar hafa spilað langflesta æfingaleikina en líkt og Spánverjar voru þeir ekki bara að undirbúa sig fyrir undankeppnina því þeir voru með á HM í Þýskalandi. Svíar fóru einnig með landslið til Suður-Ameríku í janúar 2007 og til Sádi-Arabíu 2006 en í þeim fimm landsleikjum sem voru spilaðir í þeim ferðum tefldu Svíar fram mönnum sem spila í Svíþjóð.

Spánverjar eru aftur á móti sú þjóð í íslenska riðlinum sem hefur nýtt alla landsleikjadaga FIFA þessa fimmtán mánuði en FIFA úthlutaði tíu dögum frá nóvember 2005 til febrúar 2007.

Fram undan er eitt stærsta landsliðsárið frá upphafi því karlalandsliðið leikur alls átta leiki í undankeppninni í ár. Ísland spilar fyrst við Spánverja á Mallorca 28. mars næstkomandi. Þá verða liðnir 168 dagar síðan íslenska landsliðið lék síðast leik en hann var gegn Svíum á Laugardalsvellinum 11. október síðastliðinn.

Spánverjar spila hins vegar við Dani í undankeppninni fjórum dögum áður auk þess að hafa spilað þrjá aðra vináttulandsleiki til viðbótar frá því í október. Luis Aragones hefur því fengið 360 mínútur til þess að undirbúa sína menn en Eyjólfur hefur aðeins æfingarnar eftir að hópurinn hittist um það bil viku fyrir leikinn.

ooj@frettabladid.is



**EKKI ÖFUNDSVERÐUR** Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari hefur aðeins fengið tvo æfingalandsleiki frá því að hann tók við sem landsliðsþjálfari í október 2005.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### ÆFINGALEIKIR ÞJÓÐANNA Í F-RIÐLI

**(frá 1. nóvember 2005)**

| | |
|---|---|
| Svíþjóð | 12 |
| Danmörk | 9 |
| Lettland | 9 |
| Spánn | 8 |
| Norður-Írland | 6 |
| Liechtenstein | 6 |
| Ísland | 2 |

### STAÐAN Í F-RIÐLINUM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **SVÍÞJÓÐ** | 4 | 4 | 0 | 0 | 8-2 | 12 |
| DANMÖRK | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-0 | 7 |
| **N-ÍRLAND** | 4 | 2 | 1 | 1 | 4-5 | 7 |
| LETTLAND | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-2 | 3 |
| **SPÁNN** | 3 | 1 | 0 | 2 | 6-5 | 3 |
| ÍSLAND | 4 | 1 | 0 | 3 | 4-8 | 3 |
| **LIECHTENST.** | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-11 | 0 |

Deloitte greinir frá fjármálum stærstu knattspyrnufélaga heims:

# Real Madrid með mestar tekjur en Manchester United græðir mest

**FÓTBOLTI** Tekjur enska stórliðsins hafa dregist nokkuð saman síðustu árin og nú er svo komið að United er „aðeins“ fjórða tekjuhæsta félag í heimi en félagið var efst á þessum lista í átta ár. Það féll í annað sætið í fyrra og er nú komið í það fjórða. Félagið er engu að síður vel rekið og græddi mest allra liða tímabilið 2005-06 eða tæplega 50 milljonir punda. Það gerir tæplega 6,7 milljarða króna.

Tölurnar sem Deloitte styðst við eru tekjur af aðgangseyri, sala á varningi merktum félögunum og sjónvarpsréttur. Tekjur af sölum leikmanna eru ekki inn í þessum tölum. Efstu 20 félögin á listanum seldu leikmenn fyrir meira en 2,1 milljarð punda á þessu tímabili.

Það var Real Madrid sem velti Man. Utd af toppi tekjulistans á síðasta ári og félagið heldur sínu sæti. Real er enn að bæta við sig en tekjur félagsins jukust úr 186,2 milljónum punda í 202 milljónir punda. Barcelona og Juventus eru komin fram úr Man. Utd í öðru og þriðja sæti. Þó að United hafi fallið á listanum jukust tekjur félagsins engu að síður lítillega, úr 166,4 milljónum punda í 167,8 milljónir punda.

Deloitte spáir því að fall United á listanum sé tímabundið þar sem félagið sé enn að bæta við Old Trafford og það muni skila sér í auknum tekjum af aðgangseyri í framtíðinni. Tekjur Chelsea jukust en félagið er samt aðeins í sjötta sæti listans.

Fastlega er búist við því að ensk félög verði í helmingi topp 20 félaganna á næstu árum þar sem tekjur af sjónvarpsrétti aukast gífurlega á næstu leiktíð. Átta ensk félög eru á topp 20 í ár. - hbg

### TEKJUHÆSTU FÉLÖGIN

**Upphæðir í milljónum punda**

| | |
|---|---|
| 1. Real Madrid | 202 |
| 2. Barcelona | 179,1 |
| 3. Juventus | 173,7 |
| 4. Man. Utd | 167,8 |
| 5. AC Milan | 165 |
| 6. Chelsea | 152,8 |
| 7. Inter | 142,8 |
| 8. Bayern München | 141,5 |
| 9. Arsenal | 133 |
| 10 Liverpool | 121,7 |




**GULLKÁLFURINN BECKHAM** Tekjur Real Madrid hafa aukist gríðarlega síðan það fékk Becks í sínar raðir.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**ALAN** 900-9003 / SMS X 3 Í NÚMERIÐ 1918
EARTH WIND AND FIRE „SEPTEMBER"



**JOHANNA** 900-9004 / SMS X 4 Í NÚMERIÐ 1918
JAMES MORRISON „WONDERFUL WORLD"



**JÓGVAN** 900-9006 / SMS X 6 Í NÚMERIÐ 1918
TOPLOADER „DANCING IN THE MOONLIGHT"



**TINNA**
KOSIN ÚR KEPPNI 26. JANÚAR



**SIGGI** 900-9010 / SMS X 10 Í NÚMERIÐ 1918
MR MISTER „KYRIE"



**GÍS** 900-9008 / SMS X 8 Í NÚMERIÐ 1918
HEARTS „ALONE"



**GYLFI** 900-9007 / SMS X 7 Í NÚMERIÐ 1918
THE HOLLIES „THE AIR THAT I BREATHE"



**FJÓRFLÉTTA** 900-9002 / SMS X 2 Í NÚMERIÐ 1918
SWAY



**INGA** 900-9009 / SMS X 9 Í NÚMERIÐ 1918
DOLLY PARTON „JUST WHEN I NEEDED YOU MOST"



**JÁ**
KOSIN ÚR KEPPNI 2. FEBRÚAR



**GUÐBJÖRG** 900-9001 / SMS X 1 Í NÚMERIÐ 1918
SIOUXSIE & THE BANSHEES „PASSENGER"



**HARA** 900-9005 / SMS X 5 Í NÚMERIÐ 1918
QUEEN „DON'T STOP ME NOW"

X FACTOR

# BEIN ÚTSENDING KL. 20:30 Í KVÖLD

MIÐASALA á 9 atriða úrslit 16. feb. hefst á morgun

Esso

## > BRUCE WILLIS



Fæddur 19. mars 1955. Ólst upp í Penns Grove, New Jersey, og útskrifaðist úr skóla þar. Hann fór til New York til að freista gæfunnar. Þangað til hann fékk sín fyrstu hlutverk vann hann sem þjónn og á bar. Þegar hann var að við vinnu sína á barnum eitt kvöldið kom kvikmyndaframleiðandi sem vantaði mann í lítið hlutverk í mynd sína og líkaði við Willis. Þá fóru hjólin að snúast. Þú sérð Bruce Willis í myndinni The Whole Ten Yards sem sýnd er á Stöð 2 Bíó klukkan 20 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON SÉR VERÖLD NÝJA OG GÓÐA

# *Hafa skal það sem betur selur*

Einu sinni var fullyrt í bjórauglýsingu að þegar sú bjórtegund væri borin á borð væri ávallt krafist virðingar. Einhverjir myndu segja að ávallt væri krafist sannleika þegar vörur eru auglýstar, en sú pæling er á hröðu undanhaldi. Auglýsingaheimurinn er orðinn hliðarheimur þar sem venjuleg gamaldags raunsæislögmál eru eins og hver annar hégómi.

Stundum gleymir maður sér nefnilega og festist í fortíðinni meðan allt er morandi í framförum. Var ekki bannað að auglýsa áfengi? Nei, nei, það gera það allir, sérstaklega „léttöl“. Er ekki hægt að hella bjór í glas án þess að einhver standi yfir manni og krefjist virðingar eins og hver annar mafíuforingi? Nei, það er ávallt krafist virðingar og ekkert röfl. Auglýsingar ljúga ekki.




Ég verð samt að viðurkenna að ég varð aðeins að hugsa mig um þegar ég sá auglýsingu fyrir húðkrem, sem fullyrt er feimnislaust að styrki DNA. Ég vil endilega vera víðsýnn og halda öllu opnu, en þarna varð ég að minna sjálfan mig á að ég hef enga prófgráðu í frumulíffræði og þar af leiðandi engar forsendur til að rengja þessa fullyrðingu. Getur það ekki vel verið að húðkremið smeygi sér í frumukjarnann og hlúi að kjarnsýrunum af alúð? Það er sagt í auglýsingunni, þannig að það hlýtur að vera satt.

Nú vil ég að auglýsendur færi listgrein sína á næsta stig. Sýni hvað þeir geta. Hér er áskorun: seljið okkur bjórbætt brennivín með beikonbragði í sex flösku kippum. Eins lítra flöskur. Þið getið bara sagt að það sé ótrúlega grennandi, vinni gegn hægðatruflunum, andfýlu og appelsínuhúð, auki einbeitingu og þol í dagsins önn og styrki kjarnsýrur. Það myndi sko selja. Og það myndi sko krefjast virðingar.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.25** Þýski handboltinn SÝN



▶ **20.00** One Tree Hill SKJÁREINN



▶ **21.55** Punk'D STÖÐ 2



▶ **23.35** Cabin Fever RÚV



▶ **01.00** Cleveland - Miami SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir** (22:28)
**18.25 Ungar ofurhetjur** (14:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins** Flutt verða lögin þrjú sem komust áfram á laugardagskvöld.
**20.25 Einföld ósk** (A Simple Wish) Bandarísk bíómynd frá 1997. Átta ára telpa fær hjálp úr hulduheimum til þess að koma pabba sínum, sem er leigubílstjóri, í aðalhlutverk í söngleik á Broadway. Meðal leikenda eru Robert Pastorelli, Ruby Dee, Francis Capra, Amanda Plummer, Kathleen Turner, Teri Garr og Martin Short.
**22.00 Leikurinn** (The Match) Bresk bíómynd frá 1999. Lið tveggja kráa í bæ í skosku hálöndunum keppa í fótbolta og mikið er í húfi. Leikstjóri er Mick Davis og meðal leikenda eru Max Beesley, Isla Blair, James Cosmo, Laura Fraser og Richard E. Grant.
▶**23.35 Vígamóður** (Cabin Fever) Bandarísk hrollvekja frá 2002. Fimm háskólanemar sem ætla að dvelja í fjallakofa í eina viku komast í hann krappan. Leikstjóri er Eli Roth og meðal leikenda eru Rider Strong, Jordan Ladd, James DeBello, Cerina Vincent og Joey Kern.
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 The Whole Ten Yards**
**08:00 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**09:55 Spider-Man 2**
**12:00 The Big Bounce**
**14:00 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**15:55 Spider-Man 2**
**18:00 The Big Bounce**
**20:00 The Whole Ten Yards** Aðalhlutverk: Bruce Willis, Matthew Perry, Amanda Peet, Kevin Pollak. Bönnuð börnum.
**22:00 Poolhall Junkies** Stranglega b.
**00:00 The Order** Stranglega bönnuð b.
**02:00 Hunter: Back in Force**
**04:00 Poolhall Junkies**

## STÖÐ 2

**07:20 Grallararnir** (Tiny Toons)
**07:40 Taz-Mania 1**
**08:00 Oprah**
**08:45 Í fínu formi 2005**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Related** (5:18) (Systrabönd)
**10:05 Ganga stjörnurnar aftur?**
**10:50 Whose Line Is it Anyway?**
**11:15 60 mínútur**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Nágrannar**
**13:05 Valentín**
**14:35 Joey - NÝTT (e)** (1:22)
**15:00 Jack Osbourne - No Fear** (2:4)
**15:50 Hestaklúbburinn** (Saddle Club)
**16:13 Kringlukast** (BeyBlade)
**16:33 Titeuf**
**16:53 Brúðubíllinn**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Nágrannar** (Neighbours)
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:40 The Simpsons** (13:22)
**20:05 The Simpsons - NÝTT** (6:22)
**20:30 X-Factor** (12:20) (Úrslit 10)
▶**21:55 Punk´d** (4:16) Grallaraspóinn Ashton Kutcher snýr aftur og heldur áfram að hrekkja helstu stjörnurnar í Hollywood og taka allt saman upp á falda myndavél.
**22:20 X-Factor – úrslit símakosninga** Niðurstöður símakosningar í X-Factor kynntar og í ljós kemur hver fellur úr leik og kemst ekki lengra í úrslitakeppninni í X-Factor. 2006.
**22:45 The Life Aquatic with Steve Zissou** (Sjávarlífsævintýri) Útsmogin og margslungin gamanmynd. Aðalhlutverk: Bill Murray, Cate Blanchett, Owen Wilson. Leikstjóri: Wes Anderson. 2004. Bönnuð börnum.
**00:40 Raising Helen** (Vistaskipti Helenu) Gamanmynd með Kate Hudson í hlutverki Helenar, ungrar einhleyprar framakonu, sem lendir í þeirri erfiðu aðstöðu að þurfa að taka að sér þrjú frændsystkini sín.
**02.35 K-19: The Widowmaker** Magnþrungin spennumynd, byggð á sannsögulegum atburðum.
**04:50 The Simpsons**
**05:15 Fréttir og Ísland í dag**
**06:20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Entertainment Tonight (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:30 American Dad 3** Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**19:55 3. hæð til vinstri** (8:30) Í blokk einni í Reykjavík búa vinirnir Bragi og Hrafntinna. Bragi er bókmenntafræðingur sem þráir ekkert heitar en að gerast kennari en Fjóla er listamaður. Dag einn flytur bróðir Braga inn til vinanna og lífið í íbúðinni raskast við það.
**20:00 Sirkus Rvk (e)**
**20:30 South Park (e)**
**21:00 Chappelle´s Show 1 (e)**
**21:30 Star Stories (e)** Gamanþættir þar sem gert er grín að stjörnunum og lífi þeirra. Þættirnir eru byggðir upp eins og þættir þar sem skyggnst er á bak við tjöldin hjá frægu fólki. Allar sögurnar í þáttunum eru sannar en það eru leikarar sem að stíga í fótspor raunverulega fólksins og gera grín að lífi þeirra.
**22:00 Brat Camp USA (e)**
**23:00 9 Songs** Kvikmyndahátíðin „Yfir Strikið“ er á dagskrá Sirkus öll föstudagskvöld klukkan 23. Mynd kvöldsins er Nine Songs. Stranglega bönnuð börnum!
**00:15 Tuesday Night Book Club (e)**
**01:05 Entertainment Tonight (e)**
**01:35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:45 Vörutorg**
**09:45 Melrose Place (e)**
**10:40 Óstöðvandi tónlist**
**14:15 The King of Queens (e)**
**14:45 Vörutorg**
**15:45 Skólahreysti (e)**
**16:45 Beverly Hills 90210**
**17:30 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19:30 Still Standing (e)**
▶**20:00 One Tree Hill**
**21:00 Survivor: Fiji - NÝTT** Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 14. keppnin og nú fer hún fram á Fiji-eyjum í Suður-Kyrrahafi.
**22:00 The Bachelor VIII - Lokaþáttur** Travis verður að gera upp hug sinn og ákveða hvort það er Moana eða Sarah S. sem hefur fangað hjarta hans.
**23:40 Everybody Loves Raymond**
**00:05 Nightmares and Dreamscapes** Saga kvöldsins kallast The Road Virus Heads North og þar leikur Tom Berenger frægan rithöfund sem kaupir dularfullt málverk. Það breytist í hvert sinn sem hann lítur á það og hann áttar sig á því að málverkið er að reyna að drepa hann. Bönnuð börnum.
**00:55 House (e)**
**01:45 Close to Home (e)**
**02:35 Vörutorg**
**03:35 Beverly Hills 90210 (e)**
**04:20 Melrose Place (e)**
**05:05 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**05:55 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Liðið mitt (e)**
**14:00 Middlesbr. - Arsenal (frá 3. feb)**
**16:00 Blackburn - Sheff. U. (frá 3. feb)**
**18:00 Upphitun** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**18:30 Liðið mitt (e)**
**19:30 Tottenh. - Man. Utd. (frá 4. feb)**
**21:30 Upphitun (e)**
**22:00 Liverpool - Everton (frá 3. feb)**
**00:00 Upphitun (e)**
**00:30 Dagskrárlok**





**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### X-factor



Úrslitakeppnin í X-Factor er komin á fullt; tveir keppendur eru fallnir úr keppni og í kvöld fer sá þriðju sömu leið. Úrslitakeppnin fer fram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind og það er á valdi þjóðarinnar hverjir halda áfram og hverjir fara heim. Úrslitin ráðast í símakosningu þar sem áhorfendur velja uppáhaldsflytjanda sinn. Þeir tveir sem fá fæst atkvæði fá síðan eitt lokatækifæri til að syngja og sannfæra dómarana um að þeir eigi að fá annað tækifæri, en dómararnir fá á endanum það erfiða verk að þurfa að velja á milli þeirra.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ SURVIVOR SKJÁREINN KL. 21.00

Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma, Survivor, snýr aftur. SkjárEinn sýnir þættina innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir vestan hafs. Nú fer leikurinn fram á Fiji-eyjum þar sem annar ættbálkanna lifir lúxuslífi meðan hinn fær nánast ekkert. Í fyrsta sinn munu 19 keppendur hefja leikinn. Þessi fjölskrúðugi hópur, sem inniheldur meðal annars hámenntaðan lögfræðing og heimilislausan götulistamann, mun þurfa að berjast af meiri hörku en nokkru sinni fyrr.




### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.00** Fréttir
**07.05** Morgunvaktin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Fréttir
**09.00** Fréttir
**09.05** Óskastundin
**09.50** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Eftir örstuttan leik eftir Elías Mar. Höfundur les. (6:11)
**14.30** Miðdegistónarr
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Sögumenn: Sólin sest að morgni
**22.00** Fréttir
**22.15** Lestur Passíusálma (5:50)
**22.21** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.00** Fréttir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**17:30 Presidents Cup 2007 - Official**
**17:55 Gillette World Sport 2007**
▶**18:25 Þýski handboltinn** (Gummersbach - Wilhelmshaven) Bein útsending. Íslendingaliðinu Gummersbach gekk vel fyrir áramót og spurning hvernig Alfreð Gíslasyni gengur með liðið seinni helming mótsins. Með Wilhelmshaven leikur KR-ingurinn fyrrverandi Gylfi Gylfason, en með Gummersbach leika Guðjón Valur Sigurðsson, Róbert Gunnarsson og Sverre Jakobsen.
**20:00 Spænski boltinn - upphitun**
**20:30 Ameríski fótboltinn**
**21:00 Pro bull riding**
**22:00 World Supercross GP 2006-2007**
**23:00 Football and Poker Legends**
▶**01:00 NBA deildin** (Cleveland - Miami) Bein útsending. Pat Riley er hættur með Miami liðið en liðið hefur átt í basli í vetur.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Skrål **6.30** Gnotterne **7.00** Gurli Gris **7.05** Magnus og Myggen **7.20** Rubbadubbers **7.30** DR1 Dokumentaren - Tragedien i Tonder **8.30** Borneblæksprutten **8.45** Ungdomsprogram **9.00** Viften **9.30** Det store bonnetyveri - en bistandswestern **10.00** Havets Fuldblod **10.30** Kender du typen **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Gron glæde **12.00** Rabatten **12.25** Aftenshowet **13.20** TV for folket - hundrede år med Nordisk Film **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Becoming **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Max **16.30** Hunni*show **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Årkenens Sonner **20.00** TV Avisen **20.30** Beyond Borders **22.30** Last Man Standing **0.05** Den 11. time **0.35** Boogie Listen

### NRK 1

**8.30** Klasse 9a **9.00** Siste nytt **9.05** Schrödingers katt **9.30** Newton **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** VM alpint 2007 **12.00** Siste nytt **12.05** VM alpint 2007 **12.40** Distriktsnyheter **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Åstfold **14.00** Siste nytt **14.05** VM alpint 2007 **15.00** Siste nytt **15.03** VM alpint 2007 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VM skoyter allround 2007 **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Franklin **17.10** Mekke-Mikkel **17.25** Pingvinen Jasper **17.30** Lure Lucy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Melodi Grand Prix 2007 **19.55** Nytt på nytt **20.25** Forst & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.20** Seks fot under **23.10** Vår egen Elvis

### SVT 1

**8.30** Samtal med **8.45** Great thinkers of our time **9.15** Extra **9.40** Born Wild **9.45** Under stjärnorna **10.15** Ramp höjdare **11.00** Rapport **11.05** Myskoxön **11.30** Eila, 80 år ung **14.20** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Wild Kids **17.00** Höjdarna **17.25** Budfirman Bums **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Mitt liv som en Popat **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Erin Brockovich **22.10** Rapport **22.20** Kulturnyheterna **22.30** Nöjesnytt: Melodifestivalen 2007 **23.00** Stockholm live **23.30** Nine Queens **1.20** Sändningar från SVT24




## HRÓSIÐ ...



...fær Gunnar Karlsson, leikstjóri Önnu og skapsveiflanna, sem fékk úrvalslið poppara til að vinna með sér að því að vekja áhuga unglinga á klassískri tónlist.

# Ráðherra og forstjórar leika í auglýsingu

Gestir á Viðskiptaþingi á miðvikudag ráku upp stór augu og hlátrasköll þegar hinni víðfrægu Thule auglýsingu var varpað upp á stórt tjald. En í staðinn fyrir leikarana Gunnar Hansson og Svein Geirsson voru þau Katrín Pétursdóttir og Geir H. Haarde annars vegar og Jón Ásgeir Jóhannesson og Hannes Smárason hins vegar í aðalhlutverkum.

Sævar Guðmundsson, leikstjóri hjá Saga Film, fékk þann heiður að leikstýra þessu valdamikla fólki í viðskiptalífinu. Og segist hafa dottið í lukkupottinn ef hægt er að tala um lukkupott í þessum efnum. „Þetta gekk mjög vel og þau voru ótrúlega móttækileg fyrir þessu þótt þetta sé tímabundið fólk. Og það kannski kom helst á óvart hversu mikinn tíma þau gáfu sér,“ segir Sævar. Hann viðurkennir að forsætisráðherrann hafi komið honum verulega á óvart og hann hafi gaukað að Geir atvinnutilboði ef einhvern tímann skyldi harðna á dalnum. „Hann sagðist myndu skoða það,“ segir Sævar.

Að sögn leikstjórans vann Jón Ásgeir þó mestan leiksigur og Hannes Smárason sýndi mestu hæfileikana með tungumálið. Hannes er þekktur fyrir afburðagóða ensku með amerískum hreim en Sævar segir hann hafa náð að tóna hann alveg niður. „Hannes sýndi mikla hæfileika á þessu sviði,“ segir Sævar.

Þegar sýningum lauk á Viðskiptaþinginu voru sýndar glefsur úr þeim mistökum sem höfðu átt sér stað við gerð auglýsinganna. „Kannski var það fyndnast þegar Geir mismælti sig og sagði að Íslendingar ættu flottustu bílana og „the biggest women“ eða feitustu konurnar,“ segir Sævar og hlær. - fgg



**GEIR H. HAARDE** „Íslendingar eiga flottustu bílana og stærstu konurnar,“ sagði Geir og sprakk úr hlátri.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Telur upp öll fyrirtækin sem hann á í Bretlandi. Listinn var reyndar óendanlegur og því þurfti að klippa.



**KATRÍN PÉTURSDÓTTIR** Forstjóri Lýsis tók vel í að gera góðlátlegt grín að sjálfri sér og þjóðarsálinni.



**LÁRÉTT**
**2** svikull **6** drykkur **8** hljóðfæri **9** þjálfa **11** þys **12** lélegur **14** sítt **16** samtök **17** for **18** fát **20** óreiða **21** stefna.

**LÓÐRÉTT**
**1** tísku **3** kusk **4** sem ber ábyrgð **5** blóm **7** ótvíræður **10** keyra **13** líða vel **15** tryggur **16** ái **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** flár, **6** te, **8** óbó, **9** æfa, **11** ys, **12** lakur, **14** langt, **16** aa, **17** aur, **18** fum, **20** rú, **21** ismi. **LÓÐRÉTT: 1** stæl, **3** ló, **4** ábyrgur, **5** rós, **7** efalaus, **10** aka, **13** una, **15** trúr, **16** afi, **19** mm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Skúli Skúlason
2. 14,25 prósent
3. Frjálslynda flokkinn

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

BIRNA MJÖLL ATLADÓTTIR: FINNUR TIL MEÐ BREIÐAVÍKURDRENGJUNUM

# Staðarhöldurum á Breiðavík hótað líkamsmeiðingum

„Okkur hefur verið hótað og fólk segist vilja koma og rústa okkur, meiða okkur,“ segir Birna Mjöll Atladóttir, staðarhaldari á Breiðavík. Staðurinn hefur verið áberandi í umræðunni eftir að DV og síðar Kastljós greindu frá illri meðferð drengja þar á 6., 7. og 8. áratug síðustu aldar. Frá árinu 1999 hefur þarna verið rekið gistiheimili af hjónunum Birnu Mjöll og Keran Stueland Ólason og hafa þau fengið sinn skerf af athygli og viðbrögðum fólksins í landinu.

„Aðrir hafa sakað okkur um að þetta sé bara einhver auglýsingabrella til að kynna staðinn,“ segir Birna. „Hingað hafa hringt ættingjar, vinir og allir fjölmiðlar landsins vilja koma og tala við okkur,“ bætir Birna við. „Við höfum bara setið hvort í sínu herberginu til að anna öllum þeim fyrirspurnum sem okkur hafa borist.“

Birna og Keran Stueland Ólason höfðu ekki hugmynd um þær hörmungar sem þarna höfðu átt sér stað þegar þau fluttu fyrst á staðinn. Bæði eru þau þó alin upp í grenndinni, Birna á Patreksfirði en Keran á bóndabýli aðeins þrettán kílómetrum frá Breiðavík.

„Við fórum í bíó með þessum drengjum á sínum tíma og okkur grunaði aldrei að þetta væri í gangi,“ segir Birna. En þegar þau sáu fangaklefann og annan hrylling runnu á þau tvær grímur. „Ég hef upplifað það hvert sumar síðan við opnuðum að drengir sem vistaðir voru í Breiðavík hafi komið hingað,“ segir Birna. „Ég hef átt margar mjög tilfinningaríkar stundir með þeim hérna, þeir hafa grátið og maður upplifir þetta einhvern veginn með þeim. Og finnur til með þeim,“ segir Birna og bætir því við að Keran hafi í fyrstu verið mjög tvístígandi í því hvort taka ætti þessi orð trúanleg. „Þeir sem hafa komið hingað voru margir hverjir þjakaðir af samviskubiti og höfðu á orði að kannski hefði þetta bara verið meðferð sem þeir hefðu átt skilið. Þeir hefðu verið svo vondir,“ segir Birna. Þegar eiginmaðurinn fór sjálfur að heyra þessar sömu sögur fór hann að trúa drengjunum. Þau hjónin hafa nú fest sögurnar sem þeim hafa verið sagðar niður á blað og geyma þær í tölvu. „Við megum aldrei gleyma um hvað málið snýst. Þetta er ekki stríð á milli fréttamiðla heldur mannlegur harmleikur sem aldrei má gleymast.“

Fjölmiðlaumfjölluninni um Breiðavík er hvergi nærri lokið. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hefur fyrirskipað rannsókn á málinu og hafa komið um hugmyndir um að borga skaðabætur til þeirra drengja sem þarna voru vistaðir. Birna segist þó vona að málið verði ekki til þess að staðurinn verði dæmdur fyrir það sem átti sér stað hérna. „Þetta er fallegasti staður í heimi og það var ekki hann sem slíkur sem var vondur heldur hluti þeirra sem þarna voru.“ freyrgigja@frettabladid.is



**HÓTAÐ LÍKAMSMEIÐINGUM** Þeim Birnu og Keran Stueland Ólason hefur verið hótað líkamsmeiðingum eftir að umfjöllun um vistheimilið í Breiðavík hófst.



**BREIÐAVÍK** Staðurinn hefur verið mikið til umfjöllunar eftir að upp komst um illa meðferð á drengjum og unglingum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýir samstarfsmenn **Steingríms Sævarrs Ólafssonar**, sem nú stýrir Íslandi í dag, hafa tekið eftir því að hann ber stoltur á fingri hring til marks um að hann sé í Frímúrarareglunni. Vilja margir meina að þarna sé skýringin komin á því að honum hafi tekist svo oft sem raun ber vitni að vera fyrstur með fréttirnar á bloggsíðu sinni: Þræðir leynireglunnar liggja víða og um öll lög samfélagsins.



Hinir blúsuðu kántríboltar í Sviðinni jörð, **Magnús Einarsson** og **Freyr Eyjólfsson**, eru venju fremur ánægðir með sig þessa dagana. Um síðustu helgi héldu þeir tónleika á Akureyri og mættu um 250 manns á Græna hattinn en til samanburðar var þessa sömu helgi sjálfur Bubbi á Sjallanum en til að sjá hann borguðu sig inn um fimmtíu manns.



Aðrir sem eru glaðir eru þeir hjá JPV útgáfunni. Þeir sjá fram á metár með stóru eMmmi og nýverið sást til framkvæmdastjórans, **Egils Arnar Jóhannessonar,** sem gárungarnir kalla Corleone yngri, að prufukeyra 500 týpuna af BMW.



Kaffibrennslunni í Pósthússtræti hefur nú verið lokað. Staðurinn blómstraði um margra ára skeið sem kaffihús þar sem séreinkennið var ótrúlegur fjöldi bjórtegunda sem boðnar voru til sölu. Fasteignasalanum **Andrési Pétri Rúnarssyni** hefur verið falið að selja Kaffibrennsluna en ekki fer sögum af kaupverði. Miðað við þá verðmiða sem settir hafa verið á aðra staði í miðbænum má áætla að Brennslan seljist á yfir 20 milljónir króna. -jbg/óhþ



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14
30% afsláttur af rengi og súrum hval
tilboðið gildir aðeins í dag



# Eurovision ógnar ekki Evróputúr

Fari svo að rokkarinn Eiríkur Hauksson vinni undankeppni Eurovision hérlendis hinn 17. febrúar myndi þátttaka hans í úrslitunum í Finnlandi 10. maí ekki stangast á við Evrópuferð hans með hljómsveitinni Live Fire and the All Viking Band. Sú ferð verður að öllum líkindum farin í lok maí. „Það er reiknað með að þetta verði sautján konsertar á átján dögum en túrinn yrði ekki fyrr en í lok maí,“ segir Eiríkur.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum mun Eiríkur syngja með hljómsveitinni öll helstu lög rokksveitarinnar Uriah Heep. Forsprakki sveitarinnar er fyrrum meðlimur Uriah Heep, hljómborðsleikarinn Ken Hensley.

Hvernig sem fer í undankeppninni hér heima ætlar Eiríkur að halda áfram að syngja lagið Ég les í lófa þínum, sem er eftir Svein Rúnar Sigurðsson. Var það sérstaklega samið með Eirík í huga og heillaðist kappinn af laginu þegar hann heyrði það fyrst.

Eiríkur Hauksson hefur tvívegis keppt í úrslitum Eurovision. Fyrst söng hann Gleðibankann árið 1986 ásamt Helgu Möller og Pálma Gunnarssyni, sem var fyrsta framlag Íslendinga til keppninnar. Síðan söng hann lagið Mrs. Thompson með hljómsveitinni Just 4 Fun sem var framlag Noregs árið 1991. Það lag hafnaði í 17. sæti en Gleðibankinn í því 16. eins og margir muna eftir. - fb



**EIRÍKUR HAUKSSON** Rokkarinn knái mun syngja á sautján tónleikum á aðeins átján dögum á tónleikaferðalagi sínu um Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Gullnu reglur Græna ljóssins**

**1 Ekkert hlé**
Myndin sýnd í einum rykk

**2 Minna af auglýsingum**
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3 Engin truflun**
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ
Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

www.graenaljosid.is – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Í DAG ER FÖSTUDAGUR!

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR FAXE BESTI VINURINN



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

## 19 hið nýja 16?

Nú standa yfir umræður um stöðu Íslands í ímyndarmálum. Við vorum númer 19 af 35 á viðurkenndum ímyndarlista – persónulega hefði mér fundist viðeigandi að vera í 16. sæti, hinu eilífa tapsæti Íslendinga. Þessar niðurstöður ku stjórnast af því hversu lítið þekkt Ísland er úti í hinum stóra heimi. Því beinist athygli stjórnvalda að því hvernig megi sýna umheiminum fram á að Ísland sé í raun og sanni best í heimi.

**NÚ** er þetta feikilega hallærislegt allt saman. Það er erfitt að sjá merki um blómstrandi hugmyndaflug í fyrri aðgerðum stjórnvalda og stórfyrirtækja; staða okkar í heiminum viljum við að sé meðal vopnlausra, óþekktra en afar staðfastra eyjaklasa sem hanga aftan í hælnum á Bandaríkjastjórn, til marks um fádæma framsýni ætlum við að veðja á 21. öldina sem Öld Stóriðjunnar, og auglýsingaherferðir hafa mikið til gengið út á að Reykjavík sé „Bangkok norðursins” svo ungar stúlkur eiga fótum sínum fjör að launa í miðbæ höfuðborgarinnar undan gröðum útlendingum.

**EN** auðvitað eru það ekki bara stjórnvöld og stórfyrirtæki sem skapa ímynd lands og þjóðar. Hinn almenni borgari á ferðalagi erlendis leggur sitt af mörkum í orði og æði. Og hér fer mér að renna kalt vatn milli skinns og hörunds.

**FYRST** af öllu sé ég fyrir mér hópferðir Íslendinga í sólarlöndum, heimilisfeður á leið niður að sundlaug með tvö börn og kippu klukkan ellefu á morgnana eða skaðbrenndar húsmæður í orlofi klípandi suðræna þjóna í rassinn, að kenna þeim að segja, „rassgat í bala“. Svo hristi ég af mér þessa viðurstyggilegu fordóma gagnvart þjóð minni og reyni að rifja upp eigin fullyrðingar um Ísland á erlendri grund.

**ÞAR** tekur ekki betra við. Það er langt síðan ég komst að því að það er miklu skemmtilegra að ýta undir ranghugmyndir en leiðrétta þær. Þegar vongóður útlendingur spyr til dæmis hvort það sé satt að íslenskar konur séu fallegastar í heimi er tilvalið að kalla það áróður stjórnvalda, í raun og veru sé Ísland gömul fanganýlenda Norðurlandanna og bæði karlar og konur afsprengi þess versta í genamengi norrænna þjóða. Þessi skelfilega þjóð búi svo upp til hópa í tveggja hæða snjóhúsum með sleðahunda.

**ÞANNIG** að þegar litið er til ímyndarsköpunar stjórnvalda og almennings á Íslandi held ég að við ættum að prísa okkur sæl fyrir 19. sætið.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# Frábær árangur

Almenni lífeyrissjóðurinn skilaði sjóðfélögum góðu búi í árslok 2006. Ávöxtun sparnaðarleiða var með eindæmum góð sem skilar sér í betri afkomu sjóðfélaga.

| Almenni lífeyrissjóðurinn* | |
|---|---|
| Ævisafn I | 21,8% |
| Ævisafn II | 20,4% |
| Ævisafn III | 13,8% |
| Ævisafn IV | 12,2% |
| Tryggingadeild | 21,3% |
| Lífeyrisdeild** | 13,0% |



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur frá upphafi verið í fararbroddi við að bjóða nýjungar í rekstri og þjónustu við sjóðfélaga.

Almenni lífeyrissjóðurinn er öllum opinn og hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Almenni lífeyrissjóðurinn – enn betri!
Kynntu þér sjóðinn á www.almenni.is
Almenni lífeyrissjóðurinn | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900

* Nafnávöxtun 2006 ** Skuldabréf metin á kaupkröfu.
Almenni lífeyrissjóðurinn er sjálfstæður lífeyrissjóður sem er rekinn af Glitni Eignastýringu.